




**Gjöf frá frú Hólmfríði Pétursson**
**Winnipeg, Canada 1971**

Digitized by the Internet Archive
in 2011

http://www.archive.org/details/ritljodmaeli00jona

JÓNAS HALLGRÍMSSON

Gerð af Ríkarði Jónssyni eftir frummyndum Helga Sigurðssonar.

# RIT

EFTIR

# JÓNAS HALLGRÍMSSON.

---

## I.

### LJÓÐMÆLI, SMÁSÖGUR O. FL.

REYKJAVÍK.
ÚTGEFANDI: ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

JÓNAS HALLGRÍMSSON:

# LJÓÐMÆLI,

## SMÁSÖGUR OG FLEIRA.

REYKJAVÍK.
ÚTGEFANDI: ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

# LJÓÐMÆLI.

# ORT HEIMA

1827 — 1832.

## BATTERÍSKI SYNDARINN.

Hæð veit eg standa, —
það var herborg áður
fleiri en fimm daga, —
þars eg feiknstafi
flesta um leit,
svalri sefströnd á.

Harðan helgaldur
þá er um haf kominn
vindur á vogi blæs,
brimskafl bláfaldinn
buldri þungu
grenjar að grunnsteinum.

Eitt var það undra,
er eg þar eyrum nam,
þá er næddi næturkul;
ungbarns ópi,
sem þess er ófætt dó,
þótti mér hvert strá stynja. —

Hví svo þrungin þú
þungu drepur
höfði moldu mót?
Hví þú in hárfagra,
hrelldum lík,
sóley! sólu flýr?

Hvort þá svo harðráð
og heiftarfull
býr í brjósti lund
hræsvelg hrímþursa,
er í hvirfilbyl
fer of foldar jaðar?

Var það ei ærið,
er þú áður felldir
sólu borið blóm,
þótt ei saklausu
síðan hingað að
feyktir þess frækorni?

Illska, andstyggð
og óþoli,
örgust eiturjurt,
grær hér í grasi,
unz guðs veður
fellir þau fullvaxta.

Syrgir nú einmana
ið unga blóm,
runnið í reit lasta;
hörðum huga
hatar sól og vind
fyrir tilveru tíma.

En Bergur! þú,
sem und bjargstórum
synda þunga þreyr,
höfði hnarreistu, —
svo er hjartað blint, —
apast að óheillum.

Saklaus blóm,
þau er ei synd þekktu,
felast fyrir þér,
þars þú glaður
þeim, er gabbað fékkst,
mætir að munaði.

Ómar mér í eyrum
þitt eymdakvein,
er hörðum heldróma
sveiptur sárlega
um seinan vaknar
fyr nágrindur neðan.

Illar nöðrur,
þær eð æ vaka,
sárt á sálu bíta;
þannig vaknar
sá, er í villu svaf;
æ koma mein eftir munað.

---

## AD MATREM ORBATAM.

Hví grátið þér
þanns í gröf hvílir
ungan elsku-son?
Örðug ganga
var oftar geymd
mörgum mæðu-dögum.

Helgur engill
hjarta saklausu
í yðar faðmi felst;

sá mun trúfastur,
unz tími þrýtur,
lítill verndar-vinur.

Tár þau trúlega,
er tryggð vakti,
söfnuð sjóði í
góðverka yðar
fyrir guð flytur,
sem elskar einlægt brjóst.

Þær munu skærstar,
er þér skýi borin
líðið til ljóss sala,
fagurt skart
yðar friðar-klæðis,
gljáperlur glóa.

---

## TIL KEYSERS,

þegar við vorið 1827 fyrst fundum útsprungin kattaraugu.
In prom.

Þó landa hringur bylgjum blám
ey vora í faðmi feli víðum,
en fjarri þú hjá vinum blíðum
á móðurjarðar kætist knjám,
mundu þá samt, að eitt það er
ígildi snoturt fegri rósa,
*„Gleymdu-mér-ei“*, sem grær eins hér
á grundu kaldri norðurljósa.

---

## IN AQUILONEM NOCTURNUM.

Þegi þú, vindur!
Þú kunnir aldregi
hóf á hvers manns hag;
langar eru nætur,
þars þú, inn leiðsvali,
þýtur í þakstráum. —

## AÐ BÓN JÓHANNS ÁRNASONAR.

Hér liggja sofin
und svarðar-meni
elskuð æsku-blóm;
blíðari blundi
að brjósti móður
svaf ei sonar auga.

Hannes og Pétur!
hnignir moldu að
bræður á barnsaldri!
hvar þið nú sannið,
— því það sannið þið, —
að farsæll er hver saklaus sofinn?

Vonar-stjarna
vandamanna
skundaði að ský-baki;
má-a maður
í moldar-fjötrum
fram yfir líf líta.

## SKRADDARA-ÞANKAR UM KAUPMANNINN.

Breytt kvæði.

Þú, sem daglega líða leið
lífs fram að enda sér,
náungann svíkur samt, um skeið
sama gleyminn að fer;
þinn spillti þanki er
þreföldum gróða-fjötur-svefni bundinn.

Í léttu rúmi liggur þér,
þótt líðir sálar tjón;
ágirnd fíkin, sem brjóst þitt ber,
blindar svo hjartans sjón,
magnaði mammons þjón!
munaðarlausu ekkjuna sem grætir.

Vertu ekki að huga í vettling þinn,
hann verður fullur senn;
þarna vantar í þumalinn,
því mega borga enn
skapþungir skilamenn
skuldina lognu á svikatöflu þinni. —

Fátæktar-tár á frómri kinn
feginn þú renna sér;
að hrekkjum þínum hálf-grobbinn
hlærðu, — sem von til er,
en óbænum árnar þér
auminginn svikni sárt og hyski þínu.

En hvergi hér um hirðir þú,
huggun þín gjaldið er;
þitt öfundaða aura-bú
aldrei samt gleði lér,

enn þótt um eyrun þver
á þér rangfengna dalahrúgan klingi.

Værir þú skynlaus, grimmur ger,
getinn á villustig,
og allt, sem fyrir augun ber,
eyðimörk skuggalig,
enginn áteldi þig,
sem öngvan þekktir guð, og boðorðslausan.

Hitt er undur, hve upp vex nú
illgresi á kristnri grund;
frómlynda landsmenn flettir þú
fé sínu hverja stund.
Klækin er kaupmanns lund,
kæta hana andvörp föðurleysingjanna.

Drottinn bauð, — eitt sinn dynja fer
dóms-lúður skýjum í;
hve mun þá dyggð þín hrósa sér?
hvort muntu sleppa frí?
Magnlausa moldar þý!
muntu þá gulli guðdóms-veldið sigra?

---

## AD AMICUM.

Ár var alda,
þá er endurborin
fold in fjallsetta
í fyrsta sinn
veltast tók völ
um vegu ókunna

að orði alvalds,
sem allt um skóp.

Sveipuð saman
in svása nótt
í ægi faldist,
þá er álfröðull
hóglega hófst
of heiðar-brún,
hlógu hlíðar
við himinljósi.

Þá var gaman,
er um grænan dal
féllu fagrar ár
fiskum kvikar,
en íturfagur
í eyrar-bót
söng svana-flokkur
sætum rómi.

Unað óþekktum
og undran fylltur
maður inn fyrsti
und meiði hám
einn saman stóð,
augum leiddi
nýja náttúru
og nöfnum hét.

Aldin, akur
íturbleikur,
fögur eik,
fugl kvakandi,
fallandi foss

og fjallbuna,
hestur, naut
og heiðar-dýr
hlutu hvert um sig
heiti þaðan.

Einn saman maður,
öngvum þekktur,
unaðs óskifts,
er yfir bjó,
nauðgur um naut
og naut að eins
helftar einnar
þess, er allan hafði.

Fyrir því fór
fjalli gnæfanda
hug sinn telja,
en háðskur mót
ómur orðvani
eyra hrærði,
það var bergmál
frá blám tindi.

Þá sá alfaðir,
sem öllu stýrir,
grát í auga
ins einmana
og af forsælu
fram kallaði
brosfagra brúði, —
þá varð brjósti létt.

Eyddust aldir,
ár um hvurfu,

fjölguðu þá
og færðust út
mennskir megir
und miðgarði,
frændur fjarlægir
að fullu gleymdust.

Þá sá alfaðir,
að ónóg var
brúðar ást
eða blóð-skylda
þungar raunir
þjáðra manna
allar að létta
und oki lífs.

Elskan eilífa,
allt sjáandi,
miskunnar hrærðist
yfir mannsins neyð;
sá var einn,
að hún ofan sendi,
helgur engill, —
það var hulið ráð.

Vindur þagði,
vötn stöðvuðu
beljandi straum;
frá blásölum himins
ský skinfagurt
skærum loga
leið yfir loft
und ljósri mynd.

Það var *Vinátta,*
sem á vængjum friðar
hné frá himni
í helgum blæ;
fagnaði fold,
fylltust gleði
efri loft
og undirdjúp;
sá var fyrstur nefndur
*sumardagur.*

Hreinlynd hjörtu
og hugarprúð
ást einlægri
æðri kynja
ylnuðu þá,
er um aldir síðan
vóx, við hélzt;
þaðan er *vinur* um kominn.

---

Heim sé eg hverfa
á himin-ásum;
rennur sumar-
sól in fyrsta,
umgenginna
sem alda mér
minning vekur
og margs, sem áður
brá minni blíðu
barns gleði.

Ungur var eg forðum, —
fór eg einn saman
föður sviptur,
er mér fremst unni;

þannig liðu
langir dagar,
meini blandnir
á marga lund.

Fluttu mig forlög
um fjöll suður
einn, ókunnan,
alls þurfandi;
máttat eg móður
mál um nema,
máttat eg systur
mína sjá,
þá var mér bróðir
blíður horfinn.

Þá varst það þú,
er eg þegjandi
aðgætnu auga
einatt leiddi;
það sagði mér hugur,
að þar myndi
viður vaxa,
er eg vænti af skjóls.

Sátum við tveir
við sjó löngum
og sáttir á
sundi lékum;
þótti mér þá
sem við þreyta myndum
burt veltandi yfir
bylgjur lífs
einum hug
mót örlaga straumi.

Þá varst það þú,
er eg þegjandi
valdi mér
að vini fyrstum;
síðan eg hefi
sælla stunda
allmargra notið
ama horfinn,
bezti Gísli!
að brjósti þér. —

Þess eg nú minnumst,
er þetta er
sigur-dagur þess,
er sendi himinn
engil ofan
upp að ræta
harma gras
úr hyggju reit
andvarpandi
aumra manna. —

Hvað mér þá fyr
í hug koma
skyldara myndi
eður skapi nær
óskar-orð,
en að árna góðs
þeims mér að vini
veittan hefir?

Má eg alda
ókominna
orð um nema;
en þau að eyrum mjer

berast brotin,
sem brim-hviður
ómi áleggdar
við enda nætur.

Sé eg örlög
ýmisleitan
okkur ókominn
aldur skapa, —
en það óskýrt
að augum mér
kemur líkt sem
á köldu hausti
stjörnu-glampi
af sléttum sjó.

Hlægir mig nú það,
er mig hrelldi áður
ungan of-mjög,
þá er eg fór einn saman;
gott er að ganga
geði kvíðlausu
ófarið, örstutt,
æviskeið. —

---

## KVÖLDDRYKKJAN.

Gelur nú gleði
við glasmunna;
dunar fjöl
und fæti gljáum;
gengur roka,
með rokna blæstri,
níðings nösum frá.

Brettar eru brýr,
bendist ofur-mjög
kátur kúluvambi;
rymur rámur háls
af rembilæti;
það er kaupmanns kunn.

Strax er stafs vant,
er af stað færist,
fara hendur í hlaði;
enni, það er áðan
að ölbollum
laut, er leirugt allt.

Mælir þá munnur,
þótt mál þvæli:
„Veit eg vínkaup
verst í heimi.
Gjalds er vant
við gleði vora; —
skal það bændum
af baki fláð.

End ekki orð þín
né ummæli;
það er gömul
gróða-regla;
sú er og önnur,
þótt örðug sé:
stel ekki svo,
að *stóru* nemi.

Sefur samvizka,
sværði eg hana,

svo hún aldrei
um aldur vakni;
sá var ormur
óduglegum
vörusölum
verst um gefinn.“

Baulaði þá, —
brá upp grönum, —
þjór þverhöfði,
er á þambi stóð,
um fætur hins
að foldu hrotinn:

„Orm þann, orm þann,
óduglegum
vörusölum
verst um gefinn,
samvizku, seldi eg
við silfri fyr. —
H e n n i v a r ð e k k i
v a r i ð b e t u r.“

---

## OCCIDENTE SOLE.

(Ad amicum).

Við skulum sól
sömu báðir
hinsta sinni
við haf líta; —
létt mun þá leið
þeim, er ljósi móti

vini studdur
af veröld flýr.*)

---

## SUMARDAGSMORGUNINN FYRSTA 1828.

(Í rúmi mínu).

Flýttu fjalla yfir brún,
Dagur, þér, það er ei þörf á Kamtschatka bíða
Lengur ligg eg ei á dún,
en læt nú strax fara að hringja til tíða.
Þá skalt þú ei sjá, hvað er
heiðarleg hátíð, sem halda ætla ég núna.
Það er æði asi á mér.
Eg vil fljótt hafa messuna búna.
:,: Veizlu síðan vind eg að,
vertu kominn hér um það;
súpa virðist vera mál
vetrar umliðins burtfararskál. :,:

SUMARDAGURINN:

„Hygg að, — haf þú kyrt um þig, —
senn kem eg, sumarið sendur ykkur að boða.
Hátt á himin-fólgnum stig
hleyp eg skrýddur í morgunsins roða.
Hulinn, — himins er það ráð, —
bind eg á baki þér bagga örlaga þungan.
Gata, grjóti nokkru stráð,
gjörir fótvissan vegfara ungan.
Halt því kvíðlaus áfram enn! —
Oft er jarðnesk gæfa tvenn:

*) Ille dies utramque ducet ruinam. — Horats.

Saklaust sefur auga í værð,
syrgir andvaka á gullbeði flærð.
Halt því hvíðlaus áfram enn!“
Ójá, Dagur, komdu senn!
Súpa virðist vera mál
vinar tryggasta hamingjuskál.

---

## UNDIR ANNARS NAFNI.

Hví und úfnum
öldubakka
sjónir inndælar
seinkar þú að fela,
blíða ljós,
að bylgju-skauti
hnigið hæðum frá?

Hve máttu augum
eymda fjöld
láðbyggjanda líta?
Margir eru menn,
þó er mæða fleiri
hvers und brjósti byrgð.

En þú brosir
og burtu snýr
nýt á niðurvegu,
sól sorglausa!
sofnir eru laukar,
þeirs lifðu ljós þitt við.

Austur sé eg fljúga
að Esju-tindi

hrafn af hús-mæni,
þar er gráföl ský,
golu rekin,
hefjast himni mót.

Bíddu, austankul!
Andvörp mín
máttu ei of bylgju bera
til hinnar ungu,
athvarfslausu,
sem mitt hjarta hlaut.

Hví svo, hugarsteinn,
hulins kvíða
svella sútir þér?
Máttkan engil
sá inn mikli faðir
veikum að vörn léði.

---

## FERÐALOK.

Ástarstjörnu
yfir Hraundranga
skýla nætur-ský;
hló hún á himni,
hryggur þráir
sveinn í djúpum dali.

Veit eg, hvar von öll
og veröld mín
glædd er guðs loga.
Hlekki brýt eg hugar

og heilum mjer
fleygi faðm þinn í.

Sökkvi eg mér og sé eg
í sálu þér
og lífi þínu lifi;
andartak sérhvert,
sem ann þér guð,
finn eg í heitu hjarta.

---

Tíndum við á fjalli,
tvö vorum saman,
blóm í hárri hlíð;
knýtti eg kerfi
og í kjöltu þér
lagði ljúfar gjafir.

Hlóðstu mér að höfði
hringum ilmandi
bjartra blágrasa,
einn af öðrum,
og að öllu dáðist,
og greipst þá aftur af.

Hlógum við á heiði,
himinn glaðnaði
fagur á fjalla brún;
alls yndi
þótti mér ekki vera
utan voru lífi lifa.*)

Grétu þá í lautu
góðir blómálfar,

*) Sbr. Hávamál 98. er.

skilnað okkarn skildu;
dögg það við hugðum,
og dropa kalda
kysstum úr krossgrasi.

Hélt eg þér á hesti
í hörðum straumi,
og fann til fullnustu,
blómknapp þann gæti
eg borið og varið
öll yfir æviskeið.

Greiddi eg þér lokka
við Galtará
vel og vandlega;
brosa blómvarir,
blika sjónstjörnur,
roðnar heitur hlýr.

Fjær er nú fagurri
fylgd þinni
sveinn í djúpum dali:
ástarstjarna
yfir Hraundranga
skín á bak við ský.

Háa skilur hnetti
himingeimur,
blað skilur bakka og egg;
en anda, sem unnast,
fær aldregi
eilífð að skilið.

## GALDRAVEIÐIN.

Hvað mun það undra,
er eg úti sé, —
þrúðgan þrætu-draug
um þveran dal
skyndilega
skýi ríða?

Svartir eru möskvar,
sígur með hálsi fram
slunginn þrætu-þinur;
sé eg á dufli
dökkum stöfum
E. T. illa merkt.

Ertu, afi!
endurborinn
og ferðu kvikur að kyngi?
Illar stjörnur
veit eg yfir þig
ganga grimmlega úr ginu.

Hættu! hættu!
áður að hálsi þér
sjálfum verði snara snúin;
því sá varð fanginn,
er und fossi hljóp,
lax inn lævísi.

## MÖÐRUVALLA-STEINHÚS.

(í byggingu).

Vík hér að, vinur,
sem á vegi fer,
og hygg á haglegt smíði;
þannig verður góðum
góðu bætt
vel um-borið böl.

Gleymdar eru rústir,
er ruku fyr, —
öllum sorgleg sjón, —
þars við fjallbrún
ið fagurgjörva
mælir sig mannvirki.

Stattu, steinhús,
stólpa heilli!
Þökk sé þeim, er vel að vinnur!
Stattu vel, steinhús,
og standi vel
gæfa þíns góða herra!

*

Hver er sjón,
er eg sjá þykjumst?
Mun ei engill
ofan farinn
grandi burt
frá garði snúa?

## NÓTT OG MORGUNN.

Röðull brosti, rann að nætur-hvílu
Ránar til, og fögrum sjónum brá
undan léttri utanbakka-skýlu; —
aldan beið, þar guðinn studdist á. —
Horfðu tindar himinljósi viður,
helgur roði um snjóvgar kinnar flaug.
Íslands verndar-engill, farinn niður,
Ingólfs bjartur stóð á gleymdum haug.

Hreyfðist land af helgum snortið fótum;
hné þá sól um öldugarðsins bak.
Stormkast undan Snæfells köldu rótum
stólpaský að vesturáttu rak.
Ljós var horfið, hrikti í dægurgrindum,
hrímköld nótt um stjörnuhvolfið ók.
„Byrg oss! fel oss!“ brast í jökultindum. —
„Byrg oss! fel oss!“ ströndin endurtók.

Allt var kyrt; — frá utanfjarðar-grunni
einstök vakin bára stundum hvein.
Rödd er heyrð í rökkur-hálfdimmunni,
rödd, sem hrærði klakabundinn stein.
Hún kvað margt um horfinn þjóðar-anda,
hreystibrest og kveifarlíf og neyð;
hræddist Ísland, — heyrði búinn vanda,
harma-stöfum barna sinna kveið.

Rann þá dagur, reis af austurstraumum
röðulskin, og norðar heldr en fyr;
fjör kom nýtt í fætur máttarnaumum,
fýstist enginn lengur sitja kyr.
Hver er gnýr, sem gegnum loftið hleypur
— Garðars-eyjar losna festarbönd —?

„Förum nú og fyrir norðan Greipur
felumst undir Grænlands jökulströnd“.

---

## VIÐ BURTFÖR STIFTAMTMANNS HOPPE FRÁ ÍSLANDI Í ÁGÚST 1829.

(Undir skólans nafni).

Þökk sé þér, vinur,
velgjörari,
skjöldur skóla vors;
oss var ásjá þín
oftar reynd
en að hún oss gleymzt geti,

Glaðir vórum,
og þú gladdist með; —
vórum sjúkir ið sama;
þá kom hönd þín
hjálp að rétta,
fremst sem góður gat.

Höfum-at annað
til endurgjalds
þér en þakkir sýna,
og að brúka,
bezt sem vitum,
allt er veittir vel.

En landsins faðir,
sem lagði þér
verðug völd í skaut,
metur mannkosti

að maklegleikum, —
heiðri og hylli launar.

Spyrnir ey
við ísa-fjötrum;
sér á suðurvegu:
Hví ertu, Fjeldsted,
foldar ljós,
senn af sjónum liðinn?

Má-a landi
löngum tölum
söknuð sárri vekja;
brosa vinir,
þó und brjósti sé
hjarta harmi spennt.

Nú hefir Esja
aldið höfuð
skýja-trefli skautað;
byltast bólstrar,
því á bröttum tind
beina byrir flug.

Ríður Rán
á reyðar baki,
dökkar dætur rísa;
sú skal sveit
yfir svalan mar
leiða landsins vin.

Flokk sé eg annan
til fylgdar þér,
sé eg skærri skara:
Það eru góðverk

gjörð í landi,
þakkir þeirra, er nutu.

Svo hefir gömul
úr garði búa
móðir viljað mög.
Heill far þú, Hoppe!
Hjá oss skal
nafn þitt niðjum gefið.

Líttu mót vestri
yfir ljósum tind
Snæfells stjörnu blika!
Það er orðstír þinn,
hvers aðalskin
bíður betri daga. —

Hann oss lýsir,
meðan land byggist;
en ef það í sjó um sígur,
himinvængjað
man ið helga ljós
til hærri heima fljúga.

---

## LA BELLE.

Mín er meyjan væna
mittisgrönn og fótnett,
bjarteyg, brjóstafögur,
beinvaxin, sviphrein;
hvít er hönd á snótu.
himinbros á kinnum,

falla lausir um ljósan
lokkar háls inn frjálsa. —

---

## SÖKNUÐUR.

(Breytt kvæði).

Man eg þig, mey,
er hin mæra sól
hátt í heiði blikar;
man eg þig, er máni
að mararskauti
sígur silfurblár.

Heyri eg himinblæ
heiti þitt
anda ástarrómi;
fjallbuna þylur
hið fagra nafn
glöð í grænum rinda.

Lít eg það margt,
er þér líkjast vill
guðs í góðum heimi:
brosi dagroða,
blástjörnur augum,
liljur ljósri hendi.

Hví hafa örlög
okkar beggja
skeiði þannig skift?
Hví var mér ei leyft

lífi mínu
öllu með þér una?

Löngum mun eg,
fyr hin ljósa mynd
mér úr minni líði,
á þá götu,
er þú ganga hlýtur,
sorgaraugum sjá.

Sólbjartar meyjar,
er eg síðan leit,
allar á þig minna;
því geng eg einn
og óstuddur
að þeim dimmu dyrum.

Styð eg mig að steini,
stirðnar tunga,
blaktir önd í brjósti;
hnigið er heims-ljós,
himinstjörnur tindra; —
eina þreyi eg þig.

---

## VIÐ DAUÐA FRÚ GUÐRÚNAR STEPHENSEN.

Bláa vegu
brosfögur sól
gengur glöðu skini.
Sérattu söknuð
og sorga fjöld
þeirra, er á landi lifa?

Gróa grös
við geisla þína
liðinna leiðum á; —
en þú brosir
og burtu snýr;
kvöldgustar kula.

Svo frá heimi
til himinsala
frelstar sálir fara;
sýta syrgjendur
sóllausa daga
angur-gusti í. —

Hver er inn grátni,
sem að grafar beði
beygðu höfði bíður?
Elskað lík
undir köldum leir
hvílir feti framar.

Styðst harmþrunginn,
höfðingi,
Stephensen, að steini;
framliðna frú,
föðurlands prýði,
syrgir svo mælandi:

„Sáran lét guð mig
söknuð reyna!
Verði hans vísdóms
vilji á mér!
Syrtir í heimi,
sorg býr á jörðu,

ljós á himni,
lifir þar mín von.

Hvar skal eg léttis
í heimi leita?
Hvar skal eg trega
tár of fella? —
Bíða vil eg glaður,
unz brotnar fjötur
líkams, og laus
líð eg eftir þér". —

*

Ó, þú máttur
og mikla von,
er þá öflgu styður!
Hjörtun hefjast,
er hetju sjá
standa eina í stríði. —

---

## RITAÐ Í MINNINGABÓK N. K.

Sérattu Snæfells
snjóvga tind,
sólu roðinn,
sveiptan þoku,
stjörnu skininn,
á strönd bíða,
björgum studdan standa?

Fyr man inn ljósi
af landtöngum
fjallafoldar
fósturjarðar

vörður víkja
en eg, vinur, þér
hjarta-fólgnum
úr hug sleppi. —

---

# ORT ERLENDIS (OG HEIMA)

1832—1839.

## Í SPÁNSKA SJÓNUM.

31. ág. 1832.

*Skáldið:*

Hví viltu, andsvala
austankul,
svo á segli vaka?
Hví viltu meina
mér að sjá
Dofra sólháu sali?

Hví viltu meina
manni sjóleiðum
hæðir Hertu líta?
Dökkt er á djúpi,
dimmar öldur rísa,
mig langar landsýn í.

*Vindurinn:*

Vegu bláa
vestur um haf
hleyp eg himinborinn,
þangað, sem Garðars
gamla ey
há úr hafi rís.

Langar mig þar
um ljósan tind
gullnu skýi skauta

og í djúpum
dal að kyssa
mundarfagra mey.

Svo á eg heiti,
sem eg um heiminn fer
allan ýmsa vegu:
n æ ð i n g u r kem eg að norðan,
n æ t u r k u l að austan,
v o r g o l a að sunnan,
vestan h a f r æ n a.

*Skáldið:*
Heyr þú, hafræna
in himinborna!
flýt þér Fróns úr dölum;
kysstu samt fyrst,
og kossinn færðu
mér frá dalanna dætrum!

---

## ÍSLAND.

Ísland! farsælda-frón
og hagsælda, hrímhvíta móðir!
hvar er þín fornaldar-frægð,
frelsið og manndáðin bezt?

Allt er í heiminum hverfult,
og stund þíns fegursta frama
lýsir, sem leiftur um nótt,
langt fram á horfinni öld.

Landið var fagurt og frítt,
og fannhvítir jöklanna tindar,
himininn heiður og blár,
hafið var skínandi bjart.

Þá komu feðurnir frægu
og frjálsræðis-hetjurnar góðu,
austan um hyldýpis-haf,
hingað í sælunnar reit.

Reistu sér byggðir og bú
í blómguðu dalanna skauti;
ukust að íþrótt og frægð,
undu svo glaðir við sitt.

Hátt á eldhrauni upp,
þar sem enn þá Öxará rennur
ofan í Almannagjá,
alþingið feðranna stóð.

Þar stóð hann Þorgeir á þingi,
er við trúnni var tekið af lýði.
Þar komu Gissur og Geir,
Gunnar og Héðinn og Njáll.

Þá riðu hetjur um hjeröð,
og skrautbúin skip fyrir landi
flutu með fríðasta lið,
færandi varninginn heim.

Það er svo bágt að standa í stað,
og mönnunum munar
annaðhvort aftur á bak
ellegar nokkuð á leið.

Hvað er þá orðið okkart starf
í sex hundruð sumur?
Höfum við gengið til góðs
götuna fram eftir veg?

Landið er fagurt og frítt,
og fannhvítir jöklanna tindar,
himininn heiður og blár,
hafið er skínandi bjart.

En á eldhrauni upp,
þar sem enn þá Öxará rennur
ofan í Almannagjá,
alþing er horfið á braut.

Nú er hún Snorrabúð stekkur,
og lyngið á Lögbergi helga
blánar af berjum hvert ár,
börnum og hröfnum að leik.

Ó, þér unglinga fjöld
og Íslands fullorðnu synir!
Svona er feðranna frægð
fallin í gleymsku og dá!

---

## VÍSUR ÍSLENDINGA.

Sungnar í Hjartakers-húsum 27. júní 1835.

---

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur,
er gleðin skín á vonar-hýrri brá?
Eins og á vori laufi skrýðist lundur,
lifnar og glæðist hugarkætin þá;

og meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guða-veigar lífga sálar-yl,
þá er það víst, að beztu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.

Látum því, vinir, vínið andann hressa,
og vonar-stundu köllum þennan dag,
og gesti vora biðjum guð að blessa
og bezt að snúa öllum þeirra hag.
Látum ei sorg né söknuð vínið blanda,
þó senn í vina-hópinn komi skörð,
en óskum heilla og heiðurs hverjum landa,
sem heilsar aftur vorri fósturjörð.

Já, heill og heiður, Halldór okkar góður!
Þú hjartans beztu óskum kvaddur sért;
því þú ert vinur vorrar gömlu móður
og vilt ei sjá, að henni neitt sje gert.
Gaktu með karlmanns-hug að ströngu starfi,
studdur við dug og laga-sverðið bjart,
og miðla þrátt af þinnar móður arfi
þeim, sem að glata sínum bróðurpart.

Og heill og heiður, hinir landar góðu,
sem hólmann gamla farið nú að sjá,
þar sem að vorar vöggur áður stóðu
og vinarorðið fyrst á tungu lá.
Hamingjan veiti voru fósturláði,
svo verði mörgum deyfðar-vana breytt,
allan þann styrk af ykkar beggja ráði,
sem alúð, fjör og kraftar geta veitt.

Það er svo tæpt að trúa heimsins glaumi,
því tára-daggir falla stundum skjótt,

og vinir berast burt á tímans straumi,
og blómin fölna á einni hélu-nótt. —
Því er oss bezt að forðast raup og reiði
og rjúfa hvergi tryggð né vinar-koss;
en ef við sjáum sólskinsblett í heiði,
að setjast allir þar og gleðja oss.

Látum því, vinir! vínið andann hressa,
og vonar-stundu köllum þennan dag,
og gesti vora biðjum guð að blessa
og bezt að snúa öllum þeirra hag; —
því meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guða-veigar lífga sálar-yl,
þá er það víst, að beztu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.

---

## UM HANA SYSTUR MÍNA.

Sáuð þið hana systur mína
sitja lömb og spinna ull?
Fyrrum átti ég falleg gull;
nú er ég búinn að brjóta og týna.

Einatt hefur hún sagt mér sögu;
svo er hún ekki heldur nízk:
hún hefur gefið mér hörpudisk
fyrir að yrkja um sig bögu.

Hún er glöð á góðum degi
— glóbjart liðast hár um kinn —
og hleypur, þegar hreppstjórinn
finnur hana á förnum vegi.

---

## HEIÐLÓAR-KVÆÐI.

Snemma lóan litla í
lofti bláu „dírrindí“
undir sólu syngur:
„Lofið gæzku gjafarans,
grænar eru sveitir lands,
fagur himinhringur.

Ég á bú í berja-mó,
börnin smá, í kyrð og ró,
heima í hreiðri bíða;
mata eg þau af móðurtryggð,
maðkinn tíni þrátt um byggð
eða flugu fríða.“

Lóan heim úr lofti flaug
(ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu)
til að annast unga smá. —
— Alla étið hafði þá
hrafn fyrir hálfri stundu!

## SAKNAÐAR-LJÓÐ.

Þá var eg ungur,
er unnir luku
föður-augum
fyrir mér saman;
man eg þó missi
minn í heimi
fyrstan og sárstan,
er mér faðir hvarf.

Man eg afl andans
í yfirbragði,
og ástina björtu,
er úr augum skein.
Var hún mér æ,
sem á vorum ali
grös in grænu
guðfögur sól.

Man eg og minnar
móður tár,
er hún aldrei sá
aftur heim snúa
leiðtoga ljúfan,
ljós á jörðu
sitt og sinna. —
Það var sorgin þyngst.

Mjög hef eg síðan
til moldar ganga
ættmenni bezt
og ástvini séð.
Þá vill hugur
harma telja,
þegar böl búið
er brjósti nýtt.

Sá eg inn góða,
er guði treysti,
ungan og öflgan,
ættjarðar von,
Lárus á bana-
bólstur hniginn,
líki líkan,
er eg land kvaddi.

Sá eg með Dönum
í dauðra reit
Baldvin úr bruna
borinn vera, —
fríða, fullstyrka
frelsis-hetju.
Söknuður sár
sveif mér þá að hjarta.

Sá eg Torfa —
tryggð-reyndan vin,
hraustan, hreinskilinn
og hjartaprúðan —
lífi ljúka
og lagðan vera
ættjörðu fjær,
er hann unni mest.

Átti ég eftir
enn í heimi
ungan og fagran
ættar-blóma;
vel myndi kæta,
vel myndi bæta,
laufgrænn kvistur
lágan runna.

Það man eg yndi
öðru meira,
er við Skafta
skilning þreyttum,
eður á vænum
vina-fundi
góða, geðspakur,
á gleði jók.

Sá eg þig, frændi!
fræði stunda
og að sælum
sanni leita,
þegar röðull
á rósir skein,
og blá-dögg beið
á blómi sofanda —

er þú á hæsta
hugðir speki
og hátt og djúpt
huga sendir.
Of eru myrk
manna sonum,
þeim er hátt hyggja,
in helgu rök.

Brann þér í brjósti,
bjó þér í anda,
ást á ættjörðu,
ást á sannleika.
Svo varstu búinn
til bardaga
áþján við
og illa lygi.

Nú ertu lagður
lágt í moldu
og hið brennheita
brjóstið kalt.
Vonar-stjarna
vandamanna
hvarf í dauða-djúp,
en drottinn ræður.

## MÓÐURÁST.

Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel,
í fjallinu dunar, en komið er él,
snjó-skýin þjóta svo ótt og svo ótt;
auganu hverfur um heldimma nótt
vegur á klakanum kalda.
Hver er in grátna, sem gengur um hjarn,
götunnar leitar, og sofandi barn
hylur í faðmi og frostinu ver,
fögur í tárum? En mátturinn þver, —
hún orkar ei áfram að halda.

„Sonur minn góði! þú sefur í værð,
sérð ei né skilur þá hörmunga stærð,
sem að þér ógnar og á dynja fer.
Eilífi guðs-sonur! hjálpaðu mér
saklausa barninu að bjarga
Sonur minn blíðasti! sofðu nú rótt;
sofa vil ég líka þá skelfingar-nótt.
Sofðu! Ég hjúkra og hlífi þér vel;
hjúkrar þér móðir, svo grimmasta él
má ekki fjörinu farga“.

Fýkur yfir hæðir og frostkalda leið,
fannburðinn eykur um miðnætur-skeið;
snjóskýja-bólstrunum blásvörtu frá
beljandi vindur um hauður og lá
í dimmunni þunglega þýtur.
Svo, þegar dagur úr dökkvanum rís,
dauð er hún fundin á kolbláum ís;
snjóhvíta fannblæju lagði yfir lík
líknandi vetur, — en miskunnarrík
sól móti sveininum lítur.

Því að hann lifir og brosir og býr
bjargandi móður í skjólinu hlýr,
reifaður klæðnaði brúðar, — sem bjó
barninu værðir og lágt undir snjó
fölnuð í frostinu sefur.
Neisti guðs líknsemdar, ljómandi skær,
lífinu beztan er unaðinn fær,
móðurást blíðasta, börnunum háð,
blessi þig jafnan og efli þitt ráð
guð, sem að ávöxtinn gefur.

---

## GUNNARSHÓLMI.

Sunnan á Íslandi, í héraði því sem gengur upp af Landeyjum, millum Eyjafjalla og Fljótshlíðar, er allmikið sléttlendi, og hefir fyrrum verið grasi gróið, en er nú nálega alt komið undir eyrar og sanda af vatnagangi. Á einum stað þar á söndunum, fyrir austan Þverá, stendur eftir grænn reitur óbrotinn, og kallaður Gunnarshólmi, því það er enn sögn manna, að þar hafi Gunnar frá Hlíðarenda snúið aftur, þegar þeir bræður riðu til skips, eins og alkunnugt er af Njálu. Þetta er tilefni til smákvæðis þess, sem hér er prentað neðan við.

---

Skein yfir landi sól á sumarvegi,
og silfurbláan Eyjafjallatind
gullrauðum loga glæsti seint á degi.
Við austur gnæfir sú hin mikla mynd
hátt yfir sveit, og höfði björtu svalar
í himinblámans fagurtærri lind.
Beljandi foss við hamrabúann hjalar
a hengiflugi undir jökulrótum,
þar sem að gullið geyma Frosti og Fjalar.
En hinumegin föstum standa fótum,
blásvörtum feldi búin, Tindafjöll,
og grænu belti gyrð á dala-mótum.
Með hjálminn skyggnda, hvítri líkan mjöll,

horfa þau yfir heiðarvötnin bláu,
sem falla niður fagran Rangárvöll,
þar sem að una byggðar-býlin smáu,
dreifð yfir blómguð tún og grænar grundir.
Við norður rísa Heklu tindar háu.
Svell er á gnípu, eldur geisar undir;
í ógna djúpi, hörðum vafin dróma,
skelfing og dauði dvelja langar stundir.
En spegilskyggnd í háu lofti ljóma
hrafntinnu-þökin yfir svörtum sal.
Þaðan má líta sælan sveitarblóma;
því Markarfljót í fögrum skógardal
duṇar á eyṛum; breiða þekur bakka
fullgróinn akur, fegurst engja-val
þaðan af breiðir hátt í hlíðar-slakka
glitaða blæju, gróna blómum smám.
Klógulir ernir yfir veiði hlakka;
því fiskar vaka þar í öllum ám.
Blikar í lofti birkiþrasta sveimur,
og skógar glymja, skreyttir reynitrjám.
Þá er til ferðar fákum snúið tveimur,
úr rausnargarði háum undir Hlíð,
þangað sem heyrist öldu-falla eimur;
því hafgang þann ei hefta veður blíð,
sem voldug reisir Rán á Eyjasandi,
þar sem hún heyir heimsins langa stríð.
Um trausta strengi liggur fyrir landi
borðfögur skeið, með bundin segl við rá;
skínandi trjóna gín mót sjávar grandi.
Þar eiga tignir tveir að flytjast á
bræður af fögrum fósturjarðar ströndum
og langa stund ei litið aftur fá,
fjarlægum ala aldur sinn í löndum,
útlagar verða, vinar augum fjær;
svo hafa forlög fært þeim dóm að höndum.

Nú er á brautu borinn vigur skær
frá Hlíðarenda hám, því Gunnar ríður
atgeirnum beitta búinn. Honum nær
dreyrrauðum hesti hleypir gumi fríður
og bláu saxi gyrður yfir grund; —
þar mátti kenna Kolskegg allur lýður.
Svo fara báðir bræður enn um stund;
skeiðfráir jóar hverfa fram að fljóti;
Kolskeggur starir út á Eyjasund,
en Gunnar horfir hlíðar-brekku móti;
hræðist þá ekki frægðarhetjan góða
óvina fjöld, þó hörðum dauða hóti.
„Sá eg ei fyr svo fagran jarðar-gróða,
fénaður dreifir sér um græna haga,
við bleikan akur rósin blikar rjóða.
Hér vil eg una ævi minnar daga
alla, sem guð mér sendir. Farðu vel,
bróðir og vinur!“ — Svo er Gunnars saga.

Því Gunnar vildi heldur bíða hel
en horfinn vera fósturjarðar ströndum.
Grimmlegir fjendur, flárri studdir vél,
fjötruðu góðan dreng í heljar böndum.
Hugljúfa samt eg sögu Gunnars tel,
þar sem eg undrast enn á köldum söndum
lágan að sigra ógna-bylgju ólma
algrænu skrauti prýddan Gunnarshólma.

Þar sem að áður akrar huldu völl,
ólgandi Þverá veltur yfir sanda;
sólroðin líta enn hin öldnu fjöll
árstrauminn harða fögrum dali granda;
flúinn er dvergur, dáin hamra-tröll,
dauft er í sveitum, hnipin þjóð í vanda;

en lágum hlífir hulinn verndar-kraftur
hólmanum, þar sem Gunnar snéri aftur.

---

## JÓNAS TÓMASSON.

Horfin er enn,
er unni eg mest,
ættar von
úr alda heimi; —
ennið ásthreina,
augun bláu,
brjóstið barnglaða,
byrgt undir fjöl.

Gott hugði eg til
af guði senda
ylinn að ala,
ást að festa. —
Ættjörðu skyldi
ungur renna
kvistur af stofni
fyrir krepptan reyr.

Gott hugði eg til
af guði senda
neistann að glæða
námsölum í. —
Ungur skyldi,
þau er hinn eldri nam,
fræðin fegurstu
framar styðja.

Réði sá, er ræður
rökum alda,
ástríkur faðir,
alls vitandi.
Því skal traustri trú
trega binda,
frænda sviptur
framar þreyta.

---

## KVEÐJA ÍSLENDINGA TIL ALBERTS THORVALDSENS.

(Haustið 1838, þá er hann kom annað sinn frá Rómaborg til Kaupmannahafnar).

Í höfum norður
við himin gnæfir
eyja ísi skyggnd
og eldi þrungin;
þar rís hin fagra
feðra þinna
móðurmold
úr marar skauti.

Fjöld sá hún frægra
fólkbetrunga;
var-a þeim vizku
vant né snilli;
þó hefir enginn
annar sem þú
frægðar-geisli
yfir fold þá skinið.

Sæl þættist hún,
ef hún sjá mætti
yndi fegurst
augna sinna;
sæl þættist hún,
ef hún sjálf mætti
frægð þá fullþakka,
er hún fékk af þér.

Hver hefir dýrra
af drotni þegið
annar og unnið
erindi þér?
Veitti þér fulla
fegurð að skoða
himna höfundur,
heimi veittir þú.

Ein situr úti
yfir öldu-geimi
fósturfold
feðra þinna;
hefir né eina
augum litið
lífmynd ljúfa,
er þú leiddir fram.

Vittu samt, að þar
á vörum lifir
broshýrra barna
og blíðra meyja
heitið heimfræga,
er heyrir hver
móður marg-nefna
mögur í landi.

Ó, að þú mættir
augum leiða
landið loftháa
og ljósbeltaða,
þar sem um grænar
grundir líða
elfur ísbláar
að ægi fram.

Þar er Heklufjall
og Hofsjökull,
Balljökull, Bláfell,
og Baulutindur,
Hólmur, Hegranes
og Hlíðin góða,
þar sem enn byggja
ættmenn þínir.

Myndi þá hinn mikli
mögur Þorvaldar
kynland sitt kenna
og karlmannlegt þykja;
tign býr á tindum,
en traust í björgum,
fegurð í fjalldölum,
en í fossum afl.

Myndu þá sveinar
og meyjar bláeygar
Snælands hins snjókrýnda
snúast þér í móti,
frænda færandi
frægstum í heimi
barnslegar ástir,
sem beztar kynnu.

Og feður harðhentir
hraustra drengja
og mæður málblíðar
mundhvítra snóta
blessa þann, er bjó
börnum þeirra
fyrirmynd fegursta
frægðar að leita.

Og þó und sólu
suðurheima
eyðir þú ævi
að alföðurs vild,
ann þér um aldur
Ísafoldar
sonur og dóttir,
meðan sær dunar.

---

## TIL HERRA PÁLS GAIMARD.

Í samsæti Íslendinga í Kaupmannahöfn, 16. jan. 1839.

Þú stóðst á tindi Heklu hám
og horfðir yfir landið fríða,
þar sem um grænar grundir líða
skínandi ár að ægi blám;
en Loki bundinn beið í gjótum
bjargstuddum undir jökulrótum. —
Þótti þér ekki Ísland þá
yfirbragðs-mikið til að sjá?

Þú reiðst um fagran fjalladal,
á fáki vökrum, götu slétta,

þar sem við búann brattra kletta
æðandi fossar eiga tal,
þar sem að una hátt í hlíðum
hjarðir á beit með lagði síðum; —
þótti þér ekki Ísland þá
íbúum sínum skemmtan ljá?

Þú komst á breiðan brunageim
við bjarta vatnið fiskisæla,
þar sem vér áður áttum hæla
fólkstjórnar-þingi frægu um heim;
nú er þar þrotin þyrping tjalda,
þögult og dapurt hraunið kalda; —
þótti þér ekki Ísland þá,
alþingi svipt, með hrellda brá?

Nú heilsar þér á Hafnar slóð
heiman af Fróni vina flokkur;
við vitum glöggt, að anntu okkur,
frakkneskur maður, frjálsri þjóð;
því andinn lifir æ hinn sami,
þótt afl og þroska nauðir lami.
Menntanna brunni að bergja á
bezta skal okkur hressing ljá!

Vísindin efla alla dáð,
orkuna styrkja, viljann hvessa,
vonina glæða, hugann hressa,
farsældum vefja lýð og láð;
tífaldar þakkir því ber færa
þeim, sem að guðdóms-eldinn skæra
vakið og glætt og verndað fá
vizkunnar helga fjalli á.

Þvílíkar færum þakkir vér
þér, sem úr fylgsnum náttúrunnar
gersemar, áður aldrei kunnar,
með óþrjótanda afli ber.
Heill sé þér, Páll! og heiður mestur,
hjá oss sat aldrei kærri gestur.
Alvaldur greiði æ þinn stig!
Ísland skal lengi muna þig.

---

## ÍSLANDS-MINNI.

Þið þekkið fold með blíðri brá
og bláum tindi fjalla,
og svanahljómi, silungsá,
og sælu blómi valla,
og bröttum fossi, björtum sjá
og breiðum jökulskalla; —
drjúpi hana blessun drottins á
um daga heimsins alla.

---

## KVEÐJA ÍSLENDINGA TIL SÉRA ÞORGEIRS GUÐMUNDSSONAR

26. APRÍL 1839.

Nú er vetur úr bæ,
rann í sefgrænan sæ
og þar sefur í djúpinu væra;
en sumarið blítt
kemur fagurt og frítt
meður fjörgjafar-ljósinu skæra.

Brunar kjóll yfir sund,
flýgur fákur um grund,
kemur fugl heim úr suðrinu heita;
nú er vetur úr bæ,
rann í sefgrænan sæ,
nú er sumrinu fögnuð að veita.

Verum röskir í dag,
kveðum víkinga-lag,
svo menn viti vér ætlum að berjast;
herjum flöskurnar á,
og það fari sem má,
og þeir falli, sem ná ei að verjast.

Verum glaðir í dag,
er í vinar vors hag
hefir veröldin maklega gengið;
senn er Glólundur grænn,
senn er Grashagi vænn,
þar mun gaman að reika yfir engið.

Þó vér skiljum um stund,
þá mun fagnaðar-fund
okkur fljótt bera aftur að höndum;
því að hjólið fer ótt,
því að fleyið er fljótt,
er oss flytur að Glólundar ströndum.

Þegar lauf skrýðir björk,
þegar ljósgul um mörk
rennur lifandi kornstanga móða,
þá mun farið af stað,
þá mun þeyst heim í hlað
til hans Þorgeirs í lundinum góða.

Þá mun sjón verða að sjá,
hvernig hirðinum hjá
þar í haganum sauða þrífst fjöldinn;
þá mun riðið í lund
til að stytta sér stund,
þá mun staupunum glamrað á kvöldin.

Farðu glaður af stað,
leiði gæfan í hlað
þig á Glólundar hagsæla inni.
Vertu, Þorgeir vor, sæll!
vertu, vinur vor, sæll!
Þetta veri vort skilnaðarminni.

Hafðu þökk fyrir allt,
er þú varst oss ávalt!
Nú mun vandhæfi slíkan að finna.
Veiti hamingjan þér
það, sem hugsum nú vér,
góði hugljúfinn bræðranna þinna!

# ORT HEIMA

1839—1842.

## VÍTI.

(Eldgígur vestan-undir Kröflu-fjalli).

Bar mig á brenndum auri
breiðar um funa-leiðir
blakkur að Vítis bakka,
blæs þar og nösum hvæsir.
Hvar mun um heiminn fara
halur yfir fjöll og dali
sá, er fram kominn sjái
sól að verra bóli?

Hrollir hugur við polli
heitum í blárri veitu. —
Krafla með kynja afli
klauf fjall og rauf hjalla.
Grimm eru í djúpi dimmu
dauða-org, þaðan er rauðir
logar yfir landið bljúga
leiddu hraunið seydda.

## FREMRI-NÁMAR.

Reið ég yfir bárubreið
bruna-sund, en jódunur
(kalt var hregg og átt ill)
ýtum skemmtu dálítið.

Holur nafar grjót grefur;
grunar mig, að seint muni
Úlfur karl, þótt aur skjálfi,
ámur fylla úr þeim nám.

---

## ÞÖKK ÍSLENDINGA TIL ALBERTS THORVALDSENS.

(Vorið 1839, þá er skírnarfontur Thorvaldsens kom til Reykjavíkur-dómkirkju).

„Ein situr úti
yfir öldu-geimi
fóstur-fold
feðra þinna;
hefir né eina
augum litið
lífmynd ljúfa,
er þú leiddir fram“.

Svo kvað á hausti
hrímgrundar sjöt,
kynlanda kærstum
þá er kveðju flutti,
vitandi víst
um vingjöf þína,
dulin, hvað dveldi
dýrgrip á leið.

Nú hefir bætta
sá, er bezt um kunni,
eftirþrá
augna vorra;

samir því að sæma
þann, er senda lét
vonar fylling,
vorþökkum með.

Ungir og aldnir
andvirki frá
gangið að skoða
í guðs musteri!
Skín þar in helga
á höggnum steini —
ljóstær lífsbrunnur —
laug sáttmála.

Hver hefir leiddar
fyrir líkams augu
myndir guðlegar
musterið í?
Hefji höfuð sín
hingað farinn
lýður, og líti
lotningu með!

Sjáið hér fegursta
friðarmynd, —
blíða Maríu
með barnið á skauti;
hallast að góðrar
guðsmóður knjám
ungur Jóhannes
og ástarblíður.

Sjáið ánni í
allra manna

lausnara ljúfan
og líknar-skæran
skírn að skírast,
áður skepnu sína
guði vinni,
þá, er glötuð var.

Sjáið enn fremur
ástvin beztan
barnanna ungu,
er hann blessar þau.
„Leyfið þeim“, segir
hinn líknarfulli,
„öllum hjá mér
athvarfs að leita“.

Hver sá í huga
svo heilög tíðindi?
Hver lét þau stíga
af steininum fram?
Hver hefir leiddar
fyrir líkams augu
myndir guðlegar
musterið í?

Hefji höfuð sín
hingað farinn
lýður og lesi
letur á steini;
englar alskærir
og ástum bundnir
líða þar yfir, —
en letrið greinir:

„Reist smíð þessa
í Róm suður
Albert Thorvaldsen
fyrir árum tólf,
ættjörðu sinni,
Íslandi,
gefandi hana
af góðum hug“.

Albert Thorvaldsen
ættjörðu gaf;
hve skal ættjörð hans
Alberti þakka?
Breiðar eru bárur
að borgum fram,
frændinn fjarlægur
feðra láði.

---

Þá væri launað,
ef þú líta mættir
ásján upp lyfta
ungrar móður,
þar sem grátglaður
guði færir
barn sitt bóndi
að brunni sáttmála.

---

## SÓLSETURS-LJÓÐ.

Hóglega, hæglega,
á hafsæng þýða,

sólin sæla!
síg þú til viðar.
Nú er um heiðar
himin-brautir
för þín farin
yfir frjóvga jörð.

Halla þú, röðull!
höfði skínanda,
bráhýr, brosfagur
að brjósti ránar,
sæll og sólbjartur,
sem þá, er stefndir
bratta braut
á bogann uppsala.

Blessuð, margblessuð,
ó blíða sól!
blessaður margfalt
þinn beztur skapari!
fyrir gott allt,
sem gjört þú hefur
uppgöngu frá
og að enda dags.

Dreifðir þú, dagstjarna!
dimmu nætur,
glöð, af glóbreiðri
götu þinni;
ljós fékkstu lýðum
langar, á gangi,
dagstundir dýrar,
ó dagstjarna!

Vaktir þú fugla
og fögur blóm vaktir,
söng þér að syngja
og sætan ilm færa.
Hníg nú hóglega,
hægt og blíðlega,
vegþreytir vindsala,
ó vegstjarna!

Hníg nú hóglega
í hafskautið mjúka,
röðull rósfagur!
og rís að morgni,
frelsari, frjóvgari,
fagur guðs dagur!
blessaður, blessandi,
blíður röðull þýður!

Hóglega, hæglega
hníg þú að hvílu,
skeiðþreytir skjótur!
en skamma hríð þó
bíð þú, að ástar-
augum hlýjum
bládöggvað brosir
á brjóst jarðar.

Drag nú hið blástirnda,
blysum leiftranda
salartjald saman
yfir sæng þinni,
brosi boðandi,
að af beði munir
bráðlega hresstur
á himin snúa.

Vonin vorblíða,
vonin ylfrjóva
drjúpi, sem dögg,
af dýrðar-hönd þinni,
döpur mannhjörtu
í dimmu sofandi
veki, sem vallblómin
vekur þú á morgni.

Mynd guðs hin máttka!
mjúkir draumar
glaðlega vakna
við geisla þína,
eins og náttöldur
norðurstrauma
bláljósar blika
birtu þína við.

Hníg því hóglega
í hafskautið mjúka,
röðull rósfagur!
og rís að morgni,
frelsari, frjóvgari,
fagur guðs dagur!
blessaður, blessandi,
blíður röðull þýður!

Hæglega, hóglega
hníg þú að hvílu,
skeiðþreytir skjótur!
en skamma hríð þó
leng hinar blíðu,
bjarmaljúfu,
ástarauðugu
aftanstundir.

Skrýð þig svo aftur
skrúða gulldregnum,
morgunskrúða
menn gleðjanda;
bú þig að öllu
upp að koma
fagur og fram bruna
í fullu veldi.

Og bjarma breið
á brúnir fjalla,
áður ljósan dag
leiðir á himin;
leng þú blessaðan
blíðu-roða
uppkomu þinnar
og undirgöngu.

Vekur þú von
og vekur þú bæn,
hvenær sem dapri
dimmu hrindir,
og augu kætir
allrar skepnu;
þökk er og lofgjörð
á þinni leið.

Vekur þú von
og vekur þú bæn,
er þú í ljóma
líður af himni,
aftur í ljóma
upp að renna;
þökk er og lofgjörð
á þinni leið.

Hníg þú hóglega
í hafskautið mjúka,
röðull rósfagur!
og rís að morgni,
frelsari, frjóvgari,
fagur guðs dagur!
blessaður, blessandi,
blíður röðull þýður!

---

## MAGNÚSAR-KVIÐA.

Tvítugur flokkur.

Úti sat und hvítum
alda faldi
fjallkonan snjalla
fögur ofan lög;
sá hún um bláan
boga loga
ljósin öll, er lýsa
leið um nætur-skeið.

Sofinn var þá fífill
fagur í haga,
mús undir mosa,
már á báru;
blæju yfir bæ
búanda lúins
dimmra drauma
dró nótt úr sjó.

Hver er sá, er snörum
hugar augum

skoðar lífs leiðir,
lýð allan og tíð;
vakir og vakir,
vinnu sinnir
hrímkalda grímu
sem hagbjartan dag?

Fár gat svo fyrri
Frónbyggja sjón
glætt, að þeir mættu
geima skoða heima;
fár gat svo fyrri
fornra norna
haftböndum sviftan
huga sent á flug.

Fár gat svo fyrri
fullhugaður bugað
illa villu,
alda-spella gjald.
Legið hefir lygi
og láðbyggja ráð
alla vega spjallað
eitri blend í sveitum.

Fár gat svo fyrri
fjandann anda
lestan og lostið
lygi brott úr vígi;
hrakti sá, er vakti
meðan hölda fjöld
megindofin sefur,
marghöfðaðan varg.

Úti sat und hvítum
alda faldi
fjallkonan snjalla
fögur ofan lög;
sá hún þar, er vá
að vættum hættum
íturdjarfur arfi
Ólafs und sólu.

Róma varð á þröm:
ruddist að studdri
fólkumdjarfur fylking
flokks óþokkans;
hugði sá, er dugði,
fyrir hamar fram
alla saman fella
ókind á sjó.

Hvergi hugðist varga
við snúið lið
berast láta fyrir
bjarga rið niður;
hremmdu þá og klemmdu,
er hrekjast tóku,
stoðir, sem að stóðu
í styrku landvirki.

Hvöt var að sókn hetju,
harðnar enn senna,
ógurlegum augum
á skaut hann þá.
Stóðu þeir við stoðir,
stökk ei né hrökk,
stærri jafnt og smærri,
strjúka vill ei púki.

Magnús gekk af megni
und merki, þjóðsterkur
láðvörður lýða,
ljóss, sér til hróss;
skoðar hann í hraða
högum augum
tjón alt og lán
tigulegs sigurs.

Ríður hinn ráðgóði
á regin lygn-megins,
höggur nú og leggur,
hrekur allt og rekur;
forkunnar forvirki ,
falla um grund alla,
flýja flokkar lygi,
fjandi stökk úr landi.

Skilið á, að skuli
skildi vel halda
maður fyrir móðum
mæringi, nær
aftur sækir eftir
aldyggum hal
flokkur flár nokkur
freka, sem var rekinn.

Skilið á, að skuli
skilja rétt vilja
frónbúar nú,
að hann fremdarheit efndi;
dýrum blóðdreyra,
dörsæfðu fjöri,
oft hafa keyptan
ýtar sigur nýtan.

Úti sat und hvítum
alda faldi
fjallkonan snjalla
fögur ofan lög;
sá hún þar, er lágu
á landi og sandi
fallin með öllu
forvirkin hin styrku.

Hrjáð yfir láð
þás her æstur fer
og bárur brimóra
bandið auka landa,
hver er sá, er þori
heimsóknar þeim
synja, jafnt og dynja
sóttir yfir dróttir?

Þörf er brýn á djörfum
þegnum, er gegn
fara þori fara
flæmings afskræmi;
þörf er og á djörfum
þegnum, er megni
sterkleg vinna stórvirki,
strita samt með viti.

Veit eg eitt, að vitur
vildi hann, skyldi
öll fá margbætt spjöllin
ástland hans. — en brást.
Sá hann, þar er lágu
á landi og sandi
fallin með öllu
forvirkin hin styrku.

Lýður landráður!
láttu sjá, — vel máttu
bæta vígi, brotin
braml það við og svaml.
Lýður landráður!
léttu nú svefnhettu,
enn er nóg að vinna,
einum er starf meinað.

Úti sat und hvítum
alda faldi
fjallkonan snjalla,
fögur ofan lög;
sá hún þar á,
er eybúa grúi
mesta manns að flestu
moldu vígði hold.

---

## ALÞING HIÐ NÝJA.
## (1840).

Hörðum höndum
vinnur hölda kind
ár og eindaga;
siglir særokinn,
sólbitinn slær,
stjörnuskininn stritar.

Traustir skulu hornsteinar
hárra sala;
í kili skal kjörviður;
bóndi er bústólpi
— bú er landstólpi —
því skal hann virður vel.

Fríður foringi
stýri fræknu liði,
þá fylgir sverði sigur;
illu heilli
fer að orustu
sá, er ræður heimskum her

Sterkur fór um veg,
þá var steini þungum
lokuð leið fyrir;
ráð-at hann kunni,
þótt ríkur sé,
og hefðu þrír um þokað.

Bera bý
bagga skoplítinn
hvert að húsi heim;
en þaðan koma ljós
hin logaskæru
á altari hins göfga guðs.

---

Vissi það að fullu
vísir hinn stórráði.
Stóð hann upp af stóli,
studdist við gullsprota:
„Frelsi vil eg sæma
framgjarnan lýð,
ættstóran kynstaf
Ísafoldar.

Ríða skulu rekkar,
ráðum land byggja,
fólkdjarfir fyrðar
til fundar sækja,

snarorðir snillingar
að stefnu sitja,
þjóðkjörin prúðmenni
þingsteinum á.

Svo skal hinu unga
alþingi skipað
sem að sjálfir þeir
sér munu kjósa.
Gjöf hef eg gefið,
gagni sú lengi
foldu og fyrðum,
sem eg fremst þeim ann“.

Þögn varð á ráðstefnu,
þótti ríkur mæla;
fagureygur konungur
við fólkstjórum horfði;
stóð hann fyrir stóli,
studdist við gullsprota;
hvergi getur tignarmann
tígulegri.

---

Sól skín á tinda.
Sofið hafa lengi
dróttir og dvalið
draumþingum á.
Vaki vaskir menn!
til vinnu kveður
giftusamur konungur
góða þegna.

---

## HULDULJÓÐ.

Skáld er eg ei, en huldukonan ķallar
og kveða biður hyggjuþungan þeim;
mun eg því sitja, meðan degi hallar
og mæddur smali fénu kemur heim,
þar sem að háan hamar fossinn skekur
og hulduþjóð til næturiðju vekur.

Þrumi eg á bergi, þýtur yfir hjalla
þokan, að hylja mig og kaldan foss;
nú skal úr hlíðum hárra Tinnufjalla,
svo huldumeyjar þægan vinni koss,
óbrotinn söngur yfir dalinn líða,
eins og úr holti spóaröddin þýða.

Þú, sem að byggir hamrabýlin háu,
hjartanu mínu alla daga kær,
sólfagra mey, djúpt undir bergi bláu,
bústu að sitja vini þínum nær;
döggsvalur úði laugar lokkinn bleika,
ljós er af himni, næturmyndir reika.

Hvers er að dyljast? Harma sinna þungu;
hlægja þeir öld, er ræður þeim ei bót.
Hvers er að minnast? Hins, er hverri tungu,
— huganum í svo festa megi rót, —
ætlanda væri eftir þeim að ræða,
sem orka mætti veikan lýð að fræða.

Að fræða! hver mun hirða hér um fræði?
Heimskinginn gerir sig að vanaþræl.
Gleymd eru lýðnum landsins fornu kvæði;
leirburðar-stagl og holtaþoku-væl

fyllir nú breiða byggð með aumlegt þvaður;
bragðdaufa rímu þylur vesall maður.

Háðungar-orð, sem eyrun Huldu særa,
ei skulu spilla ljóði voru meir;
sendið þér annan, sanninn heim að færa
söngvurum yðar, Njörður, Þór og Freyr!
og hver sá ás, sem ata þeir í kvæði,
eirðinni gleymi og hefni sín í bræði.

Sólfagra mey! eg sé — nú leit minn andi
þanns seglið vatt í byrnum undan Skor
og aldrei síðan aftur bar að landi.
Eggert! ó hyggstu nú að leita vor?
Marblæju votri varpar sér af herðum
vandlætis-hetjan, sterkum búin gerðum.

Hvað er í heimi, Hulda, líf og andi?
Hugsanir drottins sálum fjær og nær,
þar sem að bárur brjóta hval á sandi,
í brekku þar sem fjallaljósið grær,
þar sem að háleit hugmynd leið sér brýtur.
Hann vissi það, er andi vor nú lítur.

Ó Eggert! Þú varst ættarblóminn mesti
og ættarjarðar þinnar heill og ljós;
blessuð sú stund, er fót hann aftur festi
á frjórri grund við breiðan sævarós.
Sólfagra mey! hann svipast um með tárum,
saltdrifin hetja, stigin upp af bárum.

Hví er inn sterki úr hafi bláu genginn
á hauður, sem í nætur faðmi þreyr?
Veit eg, að þegar værðin góða er fengin,
vinirnir gleyma að birtast framar meir;

ó, hve hann hefir eftir þráð að líta
ástarland sitt með tignarfaldinn hvíta.

Tárperlur bjartar titra þér í augum,
tindra þær gegnum fagurt lokkasafn,
sólfagra mey! því sjónar þinnar baugum
séður er aldrei kappi þessum jafn.
Þú elskar, Hulda! Eggert, foldar blóma,
ættjarðar minnar stoð og frænda sóma.

Ó Eggert, hversu er þinn gangur fagur!
Útivist þín er vorðin löng og hörð;
kær er mér, faðir! komu þinnar dagur.
Hann kyssir, Hulda! þína fósturjörð,
Sólfagra mey! hann svipast um með tárum,
saltdrifin hetja, stigin upp af bárum.

Þú elskar hann, — þess ann eg honum glaður;
ástin er rík, og þú ert hennar dís.
Hér vil eg sitja, hér er okkar staður,
ó Hulda! þar til sól úr ægi rís.
Hallaðu lokka-höfði bjarta þínu,
mín Hulda kær! að vinarbrjósti mínu.

Hann svipast um. Nú sefur allt í landi,
svæft hefir móðir börnin stór og smá, —
fífil í haga, hrafn á kletta-bandi,
hraustan á dúni, veikan fjölum á.
Hann svipast um í svölum nætur-vindi,
um sund og völl að háum fjallatindi.

Hallaðu lokka-höfði bjarta þínu,
að hjarta mér, sem nú er glatt og traust;
hallaðu þér nú hægt að brjósti mínu.
Hann hefir ekki starfað notalaust!

Seint og að vonum svo fær góður njóta
sín og þess alls, er vann hann oss til bóta.

Hann líður yfir ljósan jarðar-gróða;
litfögur blóm úr værum næturblund
smá-líta upp, að gleðja skáldið góða;
gleymir hann öðru og skoðar þau um stund;
nú hittir vinur vin á grænu engi:
„Velkominn, Eggert! Dvelstu með oss lengi!“

---

EGGERT:

Smávinir fagrir, foldar-skart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.
Prýðið þér lengi landið það,
sem lifandi guð hefir fundið stað
ástarsælan, því ástin hans
allstaðar fyllir þarfir manns.

Vissi ég áður voruð þér
vallarstjörnur um breiða grund,
fegurstu leiðar-ljósin mér;
lék eg að yður marga stund;
nú hef eg sjóinn séð um hríð
og sílalætin smá og tíð; —
munurinn raunar enginn er,
því allt um lífið vitni ber.

Faðir og vinur alls, sem er!
annastu þennan græna reit;
blessaðu, faðir! blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley! sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig;
hægur er dúr á daggar-nótt;
dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Smávinir fagrir, foldar-skart!
finn eg yður öll í haganum enn;
veitt hefir Fróni mikið og margt
miskunnar faðir; en blindir menn
meta það aldrei eins og ber,
unna því lítt, sem fagurt er,
telja sér lítinn yndis-arð,
að annast blómgaðan jurtagarð.

---

Hulda! Hví grípa hendur þínar ljósu
um hendur mér, og hví svo viknar þú?
Veit eg þú elur eyrar fagra rósu,
alsett er rauðum blómum Huldu bú;
Eggert er þér um ekki neitt að kenna,
annazt hefirðu fjallareitinn þenna.

Sjáðu! enn lengra svífur fram um völlu
svásúðleg mynd úr ungum blómareit,
sterkur og frjáls og fríður enn að öllu
Eggert að skoða gengur byggða sveit;
hann fer að sjá, hve lífi nú á láði
lýðurinn uni, sá er mest hann þráði.

Brosir við honum bærinn heillagóði
í brekkukorni, hreinn og grænn og smár; —
þar hefir búið frændi hans með fljóði
í flokki ljúfra barna mörg um ár;
þar hefir sveita-sælan guðs í friði
og sóminn aukizt glöðu bæjarliði.

Þar hefir gerzt að fullum áhríns-orðum
allt, sem hinn vitri bóndavinur kvað
um dalalíf í Búnaðarbálki forðum, —
um bóndalíf, sem fegurst verður það.
Sólfagra mey! nú svífur heim að ranni
sæbúinn líkur ungum ferðamanni.

---

SMALI

fer að fé og kveður:

Það var hann Eggert Ólafsson,
ungur og frár og vizkusnjall,
stóð hann á hauðri studdur von, —
stráunum skýldi vetrarfall;
meðan að sól í heiði hló,
hjúkraði laukum, eyddi snjó,
kvað hann um fold og fagra mey
fagnaðarljóð, er gleymast ei.

Kvað hann um blóma hindar-hjal
og hreiðurbúa lætin kvik,
vorglaða hjörð í vænum dal
og vatnareyðar sporðablik;
þó kvað hann mest um bóndabæ,
er blessun eflir sí og æ,
af því að hjónin eru þar
öðrum og sér til glaðværðar.

Það var hann Eggert Ólafsson,
allir lofa þann snilldar-mann;
Ísland hefir ei eignast son
öflugri stoð né betri en hann;
þegar hann sigldi sjóinn á,
söknuður vætti marga brá;

nú er hann kominn á lífsins láð
og lifir þar sæll fyrir drottins **náð.**

---

NIÐURLAG:

Sólfagra mey! Nú seilist yfir tinda
úr svölum austurstraumum roði skær;
nú líður yfir láð úr höllu vinda
léttur og hreinn og þýður morgunblær;
svo var mér, Hulda! návist þín á nóttu,
sem nú er ljósið jörð á votri óttu.

Vertu nú sæl! Þótt sjónum mínum falin
sértu, ég alla daga minnist þín.
Vertu nú sæl! Því dagur fyllir dalinn,
dunandi fossinn kallar þig til sín;
hann breiðir fram af bergi hvítan skrúða,
bústaður þinn er svölum drifinn úða.

Vertu nú sæl! Því sólin hálsa gyllir
og sjónir mínar hugarmyndin flýr;
ó Hulda kær, er fjöll og dali fyllir
fjölbreyttu smíði, hvar sem l í f i ð býr
og d a u ð i n n, sem að svo þig löngum kallar
sá, er þig aldrei leit um stundir allar.

---

## HEIMA.

Suður fórumk um ver,
en eg svarna ber
öflga eiðstafi
úr úthafi:

munar-myndum
mjög þótt yndum,
heimrof mig finni
hjá Huldu minni.

Þar er barmi blíður
og blómafríður
runnur í reit,
er eg rökkri sleit;
dalur, sól og sær,
og systur tvær,
einka-móðir
og ástvinir góðir.

Þar er búþegn beztur,
bóndi og prestur,
til þess tel eg vottinn, —
trúir enn á drottin
og á sjálfan sig,
svo sem eg á mig;
þar er líf í landi
og ljóshæfur andi.

---

## EFTIR TÓMAS SÆMUNDSSON.

„Dáinn, horfinn!“ — Harma-fregn!
Hvílíkt orð mig dynur yfir!
En eg veit að látinn lifir;
það er huggun harmi gegn.
Hvað væri annars guðleg gjöf,
geimur heims og lífið þjóða?
Hvað væri sigur sonarins góða?
Illur draumur, opin gröf.

Nei, eg vil ei hæða hinn
lifanda föður allra anda,
ástina þína, verkin handa,
dýrðina þína, drottinn minn!
Fast eg trúi: Frá oss leið
vinur minn til vænna funda
og verka frægra, sæll að skunda
fullkomnunar fram á skeið.

Djúpt í guðs og mannsins mynd,
alið sem að ungbarn þiggur,
eilífur gneisti falinn liggur,
ef að hann kæfir ekki synd.
Sannlega, veit eg, syndgar hver;
þó eru nokkrir, Kristí krossi
og kenning studdir, andans hnossi
vaxnir — og Tómas víst það er.

En þá fósturfoldin hans!
Hví vill drottinn dýrðarríkur
duftinu varpi jafnskjótt slíkur
andi hennar mesta manns?
Hví vill drottinn þola það,
landið svipta svo og reyna,
svipta það einmitt þessum eina,
er svo margra stóð í stað?

Efa, maður, ei það ráð.
Eitt eg veit um alla vegu
alheims speki dásamlegu:
Þeir eru einskær ást og náð.
Felum drottins föðurhönd
harma vora og hjartaþunga, —
hann á sjálfur gamla og unga,
frjáls að leysa líkams-bönd.

Veit eg og, hans verða spor;
svo þótt Tómas frá oss færi,
fullvel er það sem hann væri
enn þá mitt á meðal vor;
lengi mun hans lifa rödd,
hrein og djörf, um hæðir, lautir,
húsin öll og víðar brautir,
er Ísafold er illa stödd.

Sú er hin mikla blessan bezt
allra þeirra, er meira megna
en munninn fylla og sínu gegna,
að þegar þeir deyja, þá er hún mest.
Hver, sem vinnur landi og lýð,
treysta skal, að öll hans iðja
alt hið góða nái styðja
þess fyrir hönd, er hóf hann stríð.

Sízt vil eg tala um svefn við þig;
þreyttum anda er þægt að blunda
og þannig bíða sælli funda; —
það kemur ekki mál við mig.
Flýt þér, vinur, í fegra heim;
krjúptu að fótum friðarboðans
og fljúgðu á vængjum morgunroðans
meira að starfa guðs um geim.

## VIÐBÓT.

Bjarni amtmaður Thórarensen kvað, er hann fór á nefndarfund í Reykjavík 1841, skömmu eftir dauða Tómasar prófasts Sæmundssonar:

Þú, sem fyrir skemmstu
skauzt úr hýði,
er fótum horfir
að fjöllum Eyja,
taktu þér orlof
hjá týri gimla
og auktu afl
alþingis vini.

Hans undir rætur
hverfðu tungu,
svo megi hann mæla
af megni þínu,
að slóðir áa
hinir yngri virði,
að rísi þjóðarþing
á Þingvelli.

Jónas bætti við:

„Hans undir rætur
hverfðu tungu“:
sýndu þeim sandgröf
sögunnar góðu;
sýndu þeim ið snauða,
sópaða brjóst,
illum öndum
opið að byggja.*)

„Hans undir rætur
hverfðu tungu“,
öllum þeim átta
í eyra seg:
landtjón, lýðtjón,
lokinn sóma,
þegnskyldu rof
og þaðan af verra.

*) Athugagrein: „Þegar illur andi fer úr manninum, ráfar hann um þurra staði“, o. s. frv. Þegar við erum að varpa af okkur eymdinni og ómennskunni, en fleygjum jafnframt burt öllu hinu ágæta úr fornöldinni, þá kemur déskotinn og finnur hjarta landsins sópað og prýtt og tekur með sér o. s. frv.

## FJALLIÐ SKJALDBREIÐUR

(Ferðavísur frá sumrinu 1841).

Fanna skautar faldi háum
fjallið, allra hæða val;
hrauna veitir bárum bláum
breiðan fram um heiðardal.
Löngu hefir Logi reiður
lokið steypu þessa við.
Ógna-skjöldur bungubreiður
ber með sóma réttnefnið.

Ríð eg háan Skjaldbreið skoða, —
skín á tinda morgunsól,
glöðum fágar röðul-roða
reiðar-slóðir, dal og hól.
Beint er í norður fjallið fríða,
fákur eykur hófa-skell,
sér á leiti Lambahlíða
og litlu sunnar Hlöðufell.

Vel á götu ber mig Baldur,
breikkar stirðnað elda-sund.
Hvenær hefir heims um aldur
hraun það brunað fram um grund?
Engin þá um Ísafoldu
unað hafa lífi dýr;
enginn leit þá maður moldu,
móðu steins er undir býr.

Titraði jökull, æstust eldar,
öskraði djúpt í rótum lands;
eins og væru ofan felldar
allar stjörnur himnaranns,

eins og ryki mý eða mugga,
margur gneisti um loftið fló;
dagur huldist dimmum skugga,
dunaði gjá og loga spjó.

Belja rauðar blossa móður,
blágrár reykur yfir sveif,
undir hverfur runni, rjóður,
reyni-stóð í hárri kleif.
Blómin ei þá blöskrun þoldu,
blikna hvert í sínum reit,
höfði drepa hrygg við moldu; —
himna drottinn einn það leit.

Vötnin öll, er áður féllu
undan hárri fjalla-þröng,
skelfast, dimmri hulin hellu,
hrekjast fram um undirgöng;
öll þau hverfa að einu lóni,
elda þar sem flóði sleit.
Djúpið mæta, mest á Fróni,
myndast á í breiðri sveit.

Kyrt er hrauns á breiðum boga,
blundar land í þráðri ró;
glaðir nætur-glampar loga,
geislum sá um hæð og mó.
Brestur þá og yzt með öllu
í undirhvelfing hraunið sökk;
dunar langt um himinhöllu,
hylur djúpið móða dökk.

Svo er treyst með ógn og afli
alþjóð minni helgað bjarg;

Breiður, þakinn bláum skafli,
bundinn treður foldar-varg.
Grasið þróast grænt í næði
glóðir þar sem runnu fyr;
styður völlinn bjarta bæði
berg og djúp, — hann stendur kyr.

Hver vann hér svo að með orku?
Aldrei neinn svo vígi hlóð;
búinn er úr bála-storku
bergkastali frjálsri þjóð.
Drottins hönd þeim vörnum veldur;
vittu, barn, sú hönd er sterk; —
gat ei nema guð og eldur
gjört svo dýrðlegt furðuverk.

Hamragirðing há við austur
Hrafna rís úr breiðri gjá;
varna-meiri veggur traustur
vestrið slítur bergi frá.
Glöggt eg skil, hví Geitskór vildi
geyma svo hið dýra þing.
Enn þá stendur góð í gildi
gjáin kennd við almenning.

Heiðarbúar! glöðum gesti
greiðið för um eyðifjöll.
Einn eg treð með hundi og hesti
hraun — og týnd er lestin öll.
Mjög þarf nú að mörgu hyggja,
mikið er um dýrðir hér!
Enda skal eg úti liggja,
engin vættur grandar mér.

## ALDARHÁTTUR.

(Kveðið á reið fyrir neðan Fróðá).

Hingað gekk hetjan unga*)
heiðar um brattar leiðir,
fanna mundar að finna
fríða grund í hríð stundum;
nú ræðst enginn á engi
(í ástarbáli fyr sálast),
styttubands storð að hitta,
stýrir priks yfir mýri.

---

## Á GÖMLU LEIÐI.
1841.

Fundanna skært í ljós burt leið;
blundar hér vært á beði moldar,
blessaðar fært á náðir foldar,
barnið þitt sært. Ó, beizka neyð!

---

Sofið er ástar-augað þitt,
sem aldrei brást að mætti mínu;
mest hef ég dázt að brosi þínu,
andi þinn sást þar allt með sitt.

Stirðnuð er haga höndin þín,
gjörð til að laga allt úr öllu,
eins létt og draga hvítt á völlu
smámeyjar fagur-spunnið lín.

---

*) Björn Breiðvíkinga-kappi.

Vel sé þér, Jón! á værum beð,
vinar af sjónum löngu liðinn,
lúður á bón um himnafriðinn.
Kalt var á Fróni, Kjærnested!

---

Slokknaði fagurt lista ljós.
Snjókólgu-daga hríðir harðar
til heljar draga blómann jarðar; —
fyrst deyr í haga rauðust rós.

---

## BJARNI THÓRARENSEN.

Skjótt hefir sól brugðið sumri,
því séð hef eg fljúga
fannhvíta svaninn úr sveitum
til sóllanda fegri;
sofinn er nú söngurinn ljúfi
í svölum fjalldölum,
grátþögull harmafugl hnípir
á húsgafli hverjum.

Skjótt hefir guð brugðið gleði
góðvina þinna,
ástmögur Íslands hinn trausti
og ættjarðar blóminn!
Áður sat ítur með glöðum
og orðum vel skipti;
nú reikar harmur í húsum
og hryggð á þjóðbrautum.

Hlægir mig eitt, það, að áttu
því uglur ei fagna,

ellisár örninn að sæti
og á skyldi horfa
hrafnaþing kolsvart í holti
fyrir haukþing á bergi;
floginn ertu sæll til sóla,
er sortnar hið neðra.

Glaðir skulum allir að öllu
til átthaga vorra
horfa, er héðan sá hverfur,
oss hjarta stóð nærri;
veit eg, er heimtir sér hetju
úr harki veraldar
foringinn tignar, því fagna
fylkingar himna.

Kættir þú margan að mörgu,
svo minnzt verður lengi,
þýðmennið, þrekmennið glaða
og þjóðskáldið góða!
Gleðji nú guð þig á hæðum
að góðfundum anda!
Friði þig frelsarinn lýða.
Far nú vel, Bjarni!

---

## SÉRA STEFÁN PÁLSSON.

„Móðir og faðir
mjúk og ástríkur
yfirgáfu þig
á æskuskeiði“,
en guð þín geymdi
og gæðafjöld,

lán og lífsfögnuð
ljúflega veitti.

Treystir þú og fólst þig
hans tryggri hendi,
ungur þjónn
hans orða heilagra;
nú ertu leiddur
lífsbraut hreina
alla að morgni
eilífðardags.

Hvað er skammlífi?
Skortur lífsnautnar,
svartrar svefnhettu
síruglað mók;
oft dó áttræður
og aldrei hafði
tvítugs manns
fyrir tær stigið.

Hvað er langlífi?
Lífsnautnin frjóva,
alefling andans
og athöfn þörf;
margoft tvítugur
meir hefir lifað
svefnugum segg,
er sjötugur hjarði.

Vel sé þér, vinur,
þótt vikirðu skjótt
Frónbúum frá
í fegri heima.

Ljós var leið þín
og lífsfögnuður;
æðra, eilífan
þú öðlast nú.

Oft kvaðstu áður
óskarómi
heimfýsnar-ljóðin
hugum þekku;
vertu nú sjálfur
á sælli stund
farinn í friði
til föðurhúsa.

---

## VIÐ JARÐARFÖR JÓNS SIGHVATSSONAR.

Dýrðlegt er að sjá,
eftir dag liðinn,
haustsól brosandi
í hafið renna;
hnígur hún hóglega
og hauður kveður
friðar-kossi,
og á fjöllum sezt.

Stíga þá stjörnur,
stórmargur her,
alskærar upp
af austur-straumum,
blysum blikandi
um boga heiðan
salar sólheima
á svalri nóttu.

Vaka þær og vaka
og veralda fjöld
sáu og sjá munu,
systur álfröðuls;
sofnar ei og sofnar ei,
þótt sígi til viðar,
sælust dagstjarna, —
sést hún enn að morgni.

Svo er um ævi
öldung-manna
sem um sumar-
sól fram runna;
hníga þeir á haustkvöldi
hérvistar-dags
hóglega og blíðlega
fyrir hafsbrún dauða.

Vaka þá og skína
á vonar-himni
alskærar stjörnur,
anda leiðtogar:
traust og trú
og tryggrar speki
augað ólygna,
og andarnir lifa!

Gráti því hjer enginn
göfugan föður,
harmi því hér enginn
höfðingja liðinn;
fagur var hans lífsdagur,
en fegri er upp runninn
dýrðar-dagur hans
hjá drottni lifanda.

Það var Jón Sighvatsson,
sofnaði prúðmenni;
gekk hann til grafar
í góðri elli;
geymd verður minning
göfugs stórbónda
í blessun hjá börnum
búanda lands.

Menjar skulu merkis-
mannsins frábæra
lifa og blómgast
í landi voru;
dáðar og dugnaðar,
dyggðar hvers konar,
frægðar og frama
fyrirmynd hann var.

Stríð er starf vort
í stundar-heimi,
berjumst því og búumst
við betri dögum.
Sefur ei og sefur ei
í sortanum grafar
sálin, — í sælu
sést hún enn að morgni.

---

## SÉRA ÞORSTEINN HELGASON.

Hvarma skúrir harmurinn sári
harðar æsti, minnst er varði;
vakna þeir ei, en sitja og sakna,
segjast ei skilja, hvað drottinn vilji;

þegar í á und ísi bláum
ástarríka hjartað í líki
friðað og kalt er sofið, þeim svíður,
sakna og trega, — en enginn vaknar!

Veit þá enginn, að eyjan hvíta
átt hefir daga þá, er fagur
frelsis-röðull á fjöll og hálsa
fagurleiftrandi geislum steypti?
Veit þá enginn, að oss fyrir löngu
aldir stofnuðu bölið kalda,
frægðinni sviftu, framann heftu,
svo föðurláð vort er orðið að háði?

Veit þá enginn, að eyjan hvíta
á sér enn vor, ef fólkið þorir
guði að treysta, hlekki hrista,
hlýða réttu, góðs að bíða?
Fagur er dalur og fyllist skógi
og frjálsir menn, þegar aldir renna;
skáldið hnígur og margir í moldu
með honum búa, — en þessu trúið!

Veit þá enginn, að eyjan hvíta
átt hefir sonu fremri vonum?
Hugðu þeir mest á fremd og frægðir,
fríðir og ungir hnigu í stríði;
svo er það enn, og atburð þenna
einn vil eg telja af hinum seinni:
Vinurinn fagri oss veik af sjónum
að vonum, því hann var góður sonur.

Og góður sonur getur ei séna
göfga móður, með köldu blóði,

viðjum reyrða og meiðslum marða,
marglega þjáða, og fá ei bjargað.
Guð er á himnum heima faðir
og hrelldra barna, hvað sem veldur.
Særði bróðir, siginn í værðir,
hann sá þig glöggt undir ísi bláum.

---

## GUÐMUNDUR KAUPMAÐUR GUÐMUNDSSON.

Undir nafni Péturs Guðmundssonar, bróður hans.

„Leiður er mér sjávar sorti
og sólgáruð bára“
síðan barma brutu
blíðan mér frá síðu.
Algildum hafa öldur
ótrúar gröf búið;
grimmar djúpt í dimmum
dauðasal hann falið.

„Eigi mega á ægi
ógrátandi líta“
móðir, systur, síðan
sjá ei bróður góðan;
löngum sjá þær lengi
lauguðum sjón-baugum
öldur á og leita
að þeim, er nam staðar.

Einatt úti sýnist
undir land á stundum
seglum skautuð sigla
sæhind þægum vindi.

Það er ei hann, sem fanna
hallar leið að fjalli;
þoka er það, sem rýkur,
þýð, á mari víðum.

„Sól gengur síð undir Múla,
svo langar þig þangað“,
ein sem ástin bezta
ól á föðurbóli.
Hver veit, hve langt leita
leiðar þarf nú arfi
hrelldrar móður, að kveldi
hennar í faðm renna?

Vaið ekki í grænum garði
grafar auðið þeims dauða
greip á dökku djúpi
drómi, lífs úr blóma:
blæju bláa ægir
breiddi yfir þig leiddan,
frændi, fyr sem undir
fold og seimi heima.

Seggir af harmi hyggja
helzt eiga, sem mega,
stutta stund að létta
starfa sinna; en minnast
eg með ástar-trega
ætíð hlýt — því bætist
aldrei það er eg þolda —
þín, minn bróðir góður.

## ÁSTA.

Ástkæra, ylhýra málið,
og allri rödd fegra,
blíð sem að barni kvað móðir
á brjósti svanhvítu;
móðurmálið mitt góða,
hið mjúka og ríka,
orð áttu enn eins og forðum
mér yndið að veita.

Veiztu það, Ásta, að ástar
þig elur nú sólin?
Veiztu, að heimsaugað hreina
og helgasta stjarnan
skín þér í andlit og innar
albjört í hjarta,
vekur þér orð, sem þér verða
vel kunn á munni?

Veiztu, að lífið mitt, ljúfa,
þér liggur á vörum?
Fastbundin eru þar ástar
orðin blessuðu.
Losa þú, smámey! úr lási
lítinn bandingja;
sannlega sá leysir hina
og sælu mér færir.

---

## ÓHRÆSIÐ!

Ein er upp til fjalla,
yli húsa fjær,

út um hamra hjalla,
hvít með loðnar tær,
brýzt í bjargarleysi,
ber því hyggju gljúpa,
á sér ekkert hreysi
útibarin rjúpa.

Valur er á veiðum,
vargur í fugla hjörð,
veifar vængjum breiðum,
vofir yfir jörð,
otar augum skjótum
yfir hlíð og lítur
kind, sem köldum fótum
krafsar snjó og bítur.

Rjúpa ræður að lyngi,
— raun er létt um sinn, —
skýzt í skafrenningi
skjótt í krafsturinn,
tínir mjöllu mærri
mola, sem af borði
hrjóta kind hjá kærri,
kvakar þakkar-orði.

Valur í víga-huga
varpar sér á teig,
eins og fiskifluga
fyrst úr löngum sveig
hnitar hringa marga;
hnífill er að bíta;
nú er bágt til bjarga,
blessuð rjúpan hvíta!

Elting ill er hafin,
yfir skyggir él,
rjúpan vanda vafin
veit sér búið hel;
eins og álmur gjalli,
örskot veginn mæli,
fleygist hún úr fjalli
að fá sér eitthvert hæli.

Mædd á manna bezta
miskunn loks hún flaug,
inn um gluggann gesta
guðs í nafni smaug,
— úti garmar geltu,
gólið hrein í valnum; —
kastar hún sér í keltu
konunnar í dalnum.

Gæða-konan góða
grípur fegin við
dýri dauða-móða, —
dregur háls úr lið;
plokkar, pils upp brýtur,
pott á hlóðir setur,
segir: „Happ þeim hlýtur“! —
og horaða rjúpu étur.

---

## GRÁTITTLINGURINN.

Ungur var eg og ungir
austan um land á hausti
laufvindar blésu ljúfir,
lék eg mér þá að stráum.

En hretið kom, að hvetja
harða menn í byl-sennu;
þá sat eg enn þá inni
alldapur á kvenpalli.

Nú var trippið hún Toppa,
tetur á annan vetur,
fegursta hross í haga,
og hrúturinn minn úti.

Þetta var allt, sem átti
ungur drengur, og lengi
kvöldið þetta hið kalda
kveið eg þau bæði deyði.

Daginn eftir var aftur
upp stytt, svo að menn hittu
leið um snjóvgar slóðir
storðar, og frost var orðið.

En það, sem mest eg unni,
úti, — Toppa og hrútur,
óvitringarnir ungu
einmana kuldann reyna.

Sekur var eg og sækja
sjálfsagt hlaut eg með þrautum
aleigu mína og ala
ötull bæði við jötu.

Hvernig fór? Hér eg gjarna
hjarta mannlegt um sanna,
að, hvað sem hinu líður,
hjartað gott skóp oss drottinn.

Eg fann á millum fanna
í felling á blásvelli
lófa-lága við þúfu
lítinn grátittling sýta.

Flogið gat ekki hinn fleygi,
frosinn niður við mosa;
augunum ótta-bljúgum
á mig skaut dýrið gráa.

Hefði eg þá séð, mér hefði
hundrað Toppum og undrum
ótal hornóttra hrúta
heitið drottinn, eg votta:

Abrahams dýrðar-dæmi
drengur í litlu gengi
aldrei á Ísafoldu
eftir breytir, en neitar.

Kalinn drengur í kælu
á kalt svell, og ljúft fellur,
lagðist niður og lagði
lítinn munn á væng þunnan.

Þíddi allvel og eyddi
illum dróma með stilli,
sem að frostnóttin fyrsta
festi með væng á gesti. —

Gesti yðar! Því ástar
óhvikul tryggð til byggða
vorra leiðir á vorum
vegar-slynga tittlinga.

Lítill fugl skauzt úr lautu,
lofaði guð mér ofar,
sjálfur sat eg í lautu
sárglaður og með tárum.

---

Felldur em eg við foldu
frosinn og má ei losast;
andi guðs á mig andi,
ugglaust mun eg þá huggast.

---

## ANDVÖKUSÁLMUR.

Svei þér, andvakan arga!
uni þér hver sem má.
Þú hefir mæðu-marga
myrkur-stund oss í hjá
búið með böl og þrá,
fjöri og kjark að farga.
Fátt verður þeim til bjarga,
sem nóttin níðist á.

Myrkrið er manna fjandi,
meiðir það líf og sál,
sídimmt og síþegjandi
svo sem helvítis bál
gjörfullt með gys og tál.
Veit ég, að vondur andi
varla í þessu landi
sveimar um sumarmál.

Komdu, dagsljósið dýra!
dimmuna hrektu brott;

komdu, heims-augað hýra!
helgan sýndu þess vott,
að ætíð gjörir gott, —
skilninginn minn að skýra,
skepnunni þinni stýra;
ég þoli ekki þetta dott.

Guðað er nú á glugga;
góðvinur kominn er,
vökumanns hug að hugga;
hristi ég nótt af mér,
uni því eftir fer.
Aldrei þarf það að ugga:
aumlegan grímu-skugga
ljósið í burtu ber.

---

## Á SUMARDAGSMORGUNINN FYRSTA. (1842).

Þökk sé þér, guð, fyrir þennan blund,
er þá eg um síðstu vetrarstund;
hann hressti mig, og huga minn
huggaði fyrir máttinn þinn.
Nú hefir sumar-sólin skær
sofnaðan þínum fótum nær
vakið mig, svo að vakni þín
vegsemdin upp á tungu mín.

Höfundur, faðir alls, sem er
um alheims-geiminn, hvar sem fer,
þú, sem að skapar ljós og líf,
landinu vertu sverð og hlíf;

myrkur og villu og lyga-lið
láttu nú ekki standa við,
sumarsins góða svo að vér
sannlega njótum rétt sem ber.

Vorblómin, sem þú vekur öll,
vonfögur, nú um dali og fjöll,
og hafblá alda og himinskin
hafa mig lengi átt að vin.
Leyfðu nú, drottinn, enn að una
eitt sumar mér við náttúruna;
kallirðu þá, eg glaður get
gengið til þín hið dimma fet.

---

## TIL FINNS MAGNÚSSONAR.

Gleðji þig guðs-stjörnur
sem gladdi bezt
mig, og mörgu sinni,
vegstjarnan fagra
vizku þinnar,
ástjarðar ljúfasta ljós!

---

# ORT ERLENDIS
## eftir 1842.

## ANNAÐ KVÆÐI UM ALÞING.
## (1843).

„Ríða skulu rekkar,
ráðum land byggja,
fólkdjarfir fyrðar
til fundar sækja,
snarorðir snillingar
að stefnu sitja,
þjóðkjörin prúðmenni
þingsteinum á.

Svo skal hinu unga
alþingi skipað
sem að sjálfir þeir
sér munu kjósa.
Gjöf hef eg gefið,
gagni sú lengi
foldu og fyrðum,
sem eg fremst þeim ann".

Alþing hið nýja.
1840.

Það var nú þá; nú er sungið svona:

Drottinn gaf og hann drottinn tók,
drottins nafnið lofað sé.
Einatt það mér yndi jók,
eg er gerður úr steini og tré;
seinast, þegar ég sá í gær
sannlega komna háðung nær
landa mína, — ég lifði samt.
Lítið er lítið, og stutt er skammt.

Og lifði vel — og lízt það sé
löglegt verk, þó að fjórtán manns
þjóðina mína hneppi í hlé;
hún á að vera þrælafans,
og þeir sem að hittu á þennan veg,
þeir eru s i g l d i r eins og ég,
utan þetta einn eða svo,
og á við hina suma tvo.

Hafðu, bóndi minn, hægt um þig!
Hver hefir skapað þ i g í kross?
Dýrðin vor þegar sýnir sig,
þér sæmir bezt að lúta oss.
Á alþinginu áður var
ekki neitt, nema höfðingjar;
bíddu nú við og sjáðu senn:
svona á það að verða enn.

Taktu nú ekki orð mín samt,
sem illu gamni fagni ég,
þegar að svo af skornum skammt
skýlaus rétturinn kemst á veg.
Hefndardagurinn eftir er,
„en enginn veit nær þetta sker“;
samt sem áður held ég hitt,
hver muni seinast éta sitt.

---

## KVEÐJA TIL UPPSALA-FUNDARINS 1843.

„Bræður munu berjast
og að bönum verða“,
ógnar hin aldna spá;
fram komu fyr
(og að fullu sé!)
öll þau orð völu.

Fundist hafa bræður
við Fýrisá,
faðmazt fóstbræður;
tryggðum treystust,

trausti bundust
synir samþjóða.

Ást mætir ást
og afli safnar
meir en menn viti;
margur dropi
verður móða fögur
og brunar að flæði fram.

---

Eldur er í norðri,
ey hefir reista
móðir yfir mar,
beltað bláfjöllum,
blómgað grasdölum,
faldað hvítri fönn.

Búa þar og rækja
bræður yðrir
forna frændsemi;
muna, þótt margt
hafi milli borið,
ættstofn allra vor.

Kveð eg yður, unga
austmenn samhuga,
vel fyrir vora hönd;
kveð eg yður kossi
kærra vona
og handar heitbandi.

Kref eg yður arfs
og ættartrausts,

bróðurbands og tryggða
sem fremst þér vitið,
að föðurleifðar
vorrar vel gættum.

---

Blaðist æ og blómgist
til blessunar
viður vináttu,
sem góður andi
gróðursetti
yðar á Óðinshæð.

Hreysti, ráðsnilli
og hugprýði
vina styðji von;
sigri sannindi
og samheldi;
ást guðs öllum hlífi!

---

## ÚTI Í VESTMANNEYJUM.

Veit eg, úti í Vestmanneyjum
verður stundum margt í leyni;
séð hef eg þar setið vera
Sigmundar á votum steini.

Hárið sítt af höfði drýpur
hafmeyjar í fölu bragði;
augum snéri hún upp að landi
og á brjóstið hendur lagði.

Viti menn, að vogameyjar
vondar sízt eru draugaskottur;
sat hjá henni í síðum klæðum
séra Jón minn píslarvottur.

Sungu þau bæði sætt og lengi,
svo mér yndi var að heyra;
lagið var sem lagargjálfur,
lagði eg við það sólgið eyra.

Þar var margt um Tyrkjann talað;
tókst svo bæn, — sem nú er vandi:
„Vísaðu leið og flyttu, faðir,
f r i ð s a m l e g a sjófarandi“.

Byssumaður, í bragði dimmur,
bjóst þá til að skjóta í leyni;
selir honum sýndust móka
Sigmundar á votum steini.

Um það var svo kveðið:

Selur sefur á steini,
svartur á brún og brá,
dindill aftan á. —
Maður lá í leyni.

Höfuðið hæfa vildi,
hokinn bak við stein
skaut og hátt við hrein
gæfumaðurinn gildi.

Haldið þið ekki hann hitti?
Hinn fór samt á stað,
er kúlan kom honum að —
á dindilinn frá eg hún dytti.

## ANNES OG EYJAR.

Með motto:
„Hann er farinn að laga sig eftir Heine".

1. ÓLAFSVÍKURENNI.

Ríðum við fram um flæði
flúðar á milli og gráðs
fyrir Ólafsvíkurenni
utan við kjálka láðs.

Fjörðurinn bjartur og breiður
blikar á aðra hlið,
tólf vikur fullar að tölu, —
tvær álnir hina við.

Hvort á nú heldur að halda
í hamarinn svartan inn,
ellegar út betur — til þín,
Eggert, kunningi minn?

2. HORNBJARG.

Yzt á Hornströndum heitir
Hornbjarg og Kópatjörn;
þeir vita það fyrir vestan,
þar verpir hvítur örn.*)

Um sumarnótt, er sveimar
sól yfir norðurslóð
og þoka sígur um sjóinn,
hann situr rauður sem blóð.

*) Svo segir Jón lærði: Á mínum dögum hefur hvítur örn verpt etc.

Og örninn lítur ekki
o'n á hið dimma haf,
og horfir í himinljómann*) ; —
hafskipið sökkur í kaf.

3. DRANGEY.

Tíbrá frá Tindastóli
titrar um rastir þrjár;
margt sér á miðjum firði
Mælifellshnúkur blár.

Þar rís Drangey úr djúpi,
dunar af fuglasöng
bjargið, og báðumegin
beljandi hvalaþröng.

Einn gengur hrútur í eynni;
Illugi Bjargi frá
dapur situr daga langa
dauðvona bróður hjá.

4. KOLBEINSEY.

Bræðurnir sigldu báðir
burtu frá ungri mey,
langt burt frá systur sinni,
að sækja í Kolbeinsey.

Þar er svo dúnað í dúni,
að djankinn liggur þar
bara bráðendis hissa
og breiðir út lappirnar.

*) Coelestem adspicit lucem.

Ömurlegt allt mér þykir
útnorður langt í sjá;
beinin hvítna þar beggja
bræðranna klettinum á.

5. MÁNEY.

Ég uni mér ekki úti í Máney,
og er hún þó skemmtileg;
brimaldan ber þar og lemur
bjargið á annan veg.

Og hins vegar ungar hrjóta
úr hreiðrum með nef og stél,
og eggin velta öll o'n í grjótið,
af því hún hristist svo vel.

Ég uni mér ekki út í Máney
(og á þó að dveljast hér),
því ég er bringu-brotinn, —
úr bjarginu hrundi að mér.

6. SKRÚÐURINN.

Austast fyrir öllu landi
af einhverjum veit ég stað,
fjalleyju grænni og góðri,
getið þér, hver muni það.

Hún heitir Skrúður, og skýlir
skrúðsbónda, öldnum hal;
úti fyrir Fáskrúðsfirði
þú finnur það eyjarval.

Og hvenær sem ég hugsa
um hrútinn og pækilinn,
mér er sem ég sjái hann Gísla
og hann séra Ólaf minn.

7. SUÐURSVEIT.

Suður-sveit er þó betri
en Seltjarnarnesið var;
taðan er töluvert meiri
og tunglið rétt eins og þar.

Hitinn úr hófi keyrir,
en honum uni ég þó;
börnin hér bograst í skuggann
og blaðra sem hvolpar í mó.

Og bæjardyra-burstin
ber um, hvað margt sé fé, —
sex þúsund sauðarleggi
er Sigfús minn búinn með.*)

8. RÉTTARVATN.

Efst á Arnarvatns-hæðum
oft hef eg fáki beitt;
þar er allt þakið í vötnum,
þar heitir Réttarvatn eitt.

Og undir norður-ásnum
er ofurlítil tó,
og lækur líður þar niður
um lágan Hvannamó.

*) Hér þarf útskýring, ef nokkur á að skilja.

Á engum stað eg uni
eins vel og þessum mér;
ískaldur Eiríksjökull
veit allt, sem talað er hér.

9. HESTKLETTUR.

Meðan Hestklettur heldur
og hinumegin er ás
og bandi bundið á milli,
er brú yfir þessa rás.

Jökulsárnar, þær æða
ofan á löndin slétt
og velta eins og vitlaus skepna
votan framan um klett.

En Jóni tókst í Tungu
að tölta yfir þessa geil, —
bandspotta batt hann þar yf'r um,
bóndinn, — og kallar það s e i l.

10. ARNARFELLSJÖKULL.

Uppi undir Arnarfelli,
allri mannabyggð fjær,
— það er eins satt og ég sit hér —
þar sváfu Danir í gær.

Og er þeir fóru á fætur,
fengu þeir eld sér kveykt,
og nú var setið og soðið
og sopið og borðað og steikt.

Ókunnugt allt er flestum
inni um þann fjalla geim;
þeir ættu að segja oss eitthvað
af Arnarfellsjökli þeim.

11. SOGIÐ.

Við Sogið sat eg í vindi,
sækaldri norðanátt,
og þótti þurleg seta,
þar var af lifandi fátt.

En sólin reis in sæla,
sveipaði skýjum frá;
upp komu allar skepnur
að una lífinu þá.

Og svo var margt af mýi
— mökk fyrir sólu ber, —
að Þórður sortnaði sjálfur
og sópaði framan úr sér.

12. TÓMASARHAGI.

Tindrar úr Tungnafellsjökli;
Tómasarhagi þar
algrænn á eyðisöndum
er einn til fróunar.

Veit eg áður hér áði
einka-vinurinn minn, —
aldrei ríður hann oftar
upp í fjallhagann sinn.

Spordrjúgur Sprengisandur, —
og spölur er út í haf;
hálfa leið hugurinn ber mig;
það hallar norður af.

---

## EINBÚINN.

Yfir dal, yfir sund,
yfir gil, yfir grund
hef eg gengið á vindléttum fótum;
eg hef leitað mér að,
hvar eg ætti mér stað,
út um öldur og fjöll og í gjótum.

En eg fann ekki neinn,
eg er orðinn of seinn,
þar er alsett af lifandi og dauðum;
eg er einbúi nú
og eg á mér nú bú
í eldinum logandi rauðum.

---

## MÓÐURMISSIR.

(Fyrir J. P. Havstein).

Leiði minnar móður
(mold grær holdi kæru;
andi sæll með öndum
unir) sæt tár væta.
Blessi jörð (en verðum
vinnu dýrri sinna)

hæstur guð, sem mesta
hylur von góðs sonar.

---

## EFTIR MAREN HAVSTEEN.

Sem þá á vori sunna hlý
sólgeislum lauka nærir
og fífilkolli innan í
óvöknuð blöðin hrærir,
svo vermir fögur minning manns
margt eitt smáblóm um sveitir lands,
frjóvgar og blessun færir.

---

## TIL MÓÐUR MINNAR.

Ég veit það eitt, að enginn átti
aðra eins móður; feðra gróða
safnaði guð, af ástar efni
aldin spratt, og feðra valdi.
Svo er orðin í Eyjafirði
ættin mín, að frændur þína
lengi mun, meðan lífið yngist,
landið kjósa sér að hrósi.

Ég þakka þér allt; og enn þótt ekki
alaugun sjái leiðir háar
sonanna beztu, sem að treysta
sannlega verði að þjóðarranni,
veit eg og skil eg samt, í sveitum
svo muni vakna öld, að rakni

hnúturinn versti og börnin beztu
blessi landið, firrist grandi.

---

## DALVÍSA.

Fífilbrekka! gróin grund!
grösug hlíð með berjalautum!
flóatetur! fífusund!
fífilbrekka! smáragrund!
yður hjá eg alla stund
uni bezt í sæld og þrautum,
fífilbrekka! gróin grund!
grösug hlíð með berjalautum!

Gljúfrabúi, gamli foss!
gilið mitt í kletta-þröngum!
góða skarð með grasa hnoss!
gljúfrabúi, hvítur foss!
verið hefir vel með oss,
verða mun það enn þá löngum,
gljúfrabúi, gamli foss!
gilið mitt í kletta-þröngum!

Bunulækur blár og tær!
bakkafögur á í hvammi!
Sólarylur, blíður blær,
bunulækur fagurtær!
yndið vekja ykkur nær
allra bezt í dalnum frammi,
bunulækur blár og tær!
bakkafögur á í hvammi!

Hnjúkafjöllin himinblá!
hamragarðar! hvítir tindar!
heyjavöllinn horfið á,
hnjúkafjöllin hvít og blá!
skýlið öllu helg og há!
hlífið dal, er geisa vindar!
hnjúkafjöllin himinblá!
hamragarðar! hvítir tindar!

Sæludalur, sveitin bezt!
sólin á þig geislum helli,
snemma risin seint er sezt.
Sæludalur, prýðin bezt!
þín er grundin gæðaflest,
gleðin æsku, hvíldin elli.
Sæludalur, sveitin bezt!
sólin á þig geislum helli!

---

## SLÁTTUVÍSA.

Fellur vel á velli
verkið karli sterkum,
syngur enn á engi
eggjuð spík og rýkur
grasið grænt á mosa,
grundin þýtur undir,
blómin bíða dóminn,
bítur ljár í skára.

Gimbill gúla þembir,
gleður sig og kveður:
„Veit eg, þegar vetur
vakir, inn af klaka

hnífill heim úr drífu
harður kemst á garða,
góðir verða gróðar
gefnir sauðarefni.“

Glymur ljárinn, gaman!
Grundin þýtur undir,
hreyfir sig í hófi
hrífan létt mér ettir,
heft er hönd á skafti,
höndin ljósrar drósar.
Eltu! áfram haltu!
Ekki nær mér, kæra!

Arfi lýtur orfi,
allar rósir falla,
stutta lífið styttir
sterkur karl í verki, —
Heft er hönd á skafti,
hrífan létt mér ettir!
Glymur ljárinn, gaman!
Grundin þýtur undir.

---

## ALSNJÓA.

Eilífur snjór í augu mín
út og suður og vestur skín,
samur og samur út og austur;
einstaklingur! vertu nú hraustur.

Dauðinn er hreinn og hvítur snjór,
hjarta-vörðurinn gengur rór

og stendur sig á blæju breiðri,
býr þar nú undir jörð í heiðri.

Víst er þér, móðir, annt um oss;
aumingja jörð með þungan kross
ber sig það allt í ljósi lita,
lífið og dauðann, kulda og hita.

---

## ÉG BIÐ AÐ HEILSA.

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum;
á sjónum allar bárur smáar rísa
og flykkjast heim að fögru landi ísa,
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó, heilsið öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í drottins ást og friði;
kyssið þið, bárur, bát, á fiskimiði;
blásið þið, vindar, hlýtt á kinnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr, sem fer
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin þín,
heilsaðu einkum, ef að fyrir ber
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu;
þröstur minn góður, það er stúlkan mín.

---

## TIL GÍSLA THÓRARENSENS.

Við lát móður hans.

Þá saztu úti undir húsagarði,
en eftir litla stund hún kom í móti
þér, sem að áður varst með sorg í sinni,
og sagði: „Réttu koss að móður þinni“.

Og nú er aftur hryggð í huga þér,
en hversu þyngri léttum drengja tárum!
Nú skilst þér, vinur, „einmana“ hvað er,
þar einn þú hrekst í dimmum harma bárum;
nú veiztu, hvernig hjartað brjóstið ber,
er blóðið logar þar í djúpum sárum,
og aldrei kemur oftar þig að hugga
þín elsku-móðir, falin dauðans skugga.

Það svíður, — aldrei oftar líta fær
þú augna ljósið fyrsta og skærsta þinna.
Ó, hvað er vorið, meðan moldin grær
á móðurleiði? — Til hvers er að vinna?
Það svíður: — aldrei oftar, vinur kær!
þú athvarf skalt í móður skjóli finna.
— Harmaðu þreyttan þig á nótt og degi
í þögn og kyrð, svo hryggðin sigra megi.

## HVÍ SKYLDI ÉG EI VAKNA VIÐ? —

Hví skyldi ég ei vakna við
og verki tömu sinna? —
Veit eg, að stuttri stundarbið
stefin mín engir finna; —
en fyrst þú gazt svo góðs til mín,

get eg þá sleppt að minnast þín,
ættprýði mín og minna?

Man eg þá nefndi máttarbaðm
mætan, er geði ljúfu,
þegar hún hvarf í föður-faðm,
flugmóða varði dúfu;
hann hefir blessað barnið sitt, —
blómin þín skrýða landið mitt,
þegar ég bý í þúfu.

---

## FORMANNSVÍSUR.

### I.

FRAMRÓÐUR.

Hafaldan háa!
hvað viltu mér?
Berðu bátinn smáa
á brjósti þér,
meðan út á máa-
miðið ég fer.

---

Svalt er enn á seltu,
sjómenn vanir róa,
köld er undir-alda,
árum skellur bára;
dylur dimmu éli
dagsbrún jökulkrúna;
svæfill sinnir ljúfum
svanna heima í ranni.

Föður minn á miði
móðir syrgði góðan,
— Köld er undir-alda,
árum skellur bára.
Bræður mína báða
bæjum sneyddi ægir.
— Svalt er enn á seltu,
sjómenn vanir róa.

Einatt ölduljóni
á óalegan sjóinn
hrundu hart um sanda
hraustir menn úr nausti;
heill kom heim að öllu
halur og færði valinn
hlut í háum skuti
hjúa til og búa.

Björgum enn til bjargar
báti, verum kátir!
Sæfill sinnir ljúfum
svanna heima í ranni.
Nótt er enn, þótt ótta
af sé liðin hafi;
dylur dimmu éli
dagsbrún jökulkrúna.

Hræðumst lítt, þótt leiði
löður árarblöðum
eld í spor og alda
úfin froðu kúfist;
rérum fast úr fjöru,
fram gekk tamin snekkja
vel á vogi svölum.
Við erum nú á miði!

II.

SETA.

Mardöll á miði
í myrkbláum sal!
seiddu nú að sviði
sækinda-val;
láttu fara í friði
fengsælan hal.

---

Stjóri sökk að sjávargrunnum,
situr yfir kvikum unnum
veiðimaður á valtri skeið;
förum öngul beittan beita,
báru knýja og fiska leita
þöngli nær á þorska-leið.

Bítur undir borði gráu;
blótaðu ekki seiði smáu,
slepptu því heldur, maður minn!
Ég er að draga þorsk úr þara;
það varð honum feigðar-snara,
að hann gleypti öngulinn.

Hjálpi drottinn höndum öllum!
Hækkar dagur á austur-fjöllum,
senn á báru sólin skín.
Dragðu, sveinn, úr djúpi köldu
dagverð þinn, sem býr í öldu;
hlutartalan hækki þín!

Hvað mun hugsa þessi þorri,
þilju sem að undir vorri
háskatólin hremma fer?
Þótt þeir sjái, séu dregnir

synir þeirra, beitufegnir
gamlir þorskar gleyma sér.

Ég hef varla við að draga;
verði það svona alla daga,
meðan nokkur maður rær!
Nú er hlaðinn bátur að borði,
blessaður unninn nægtaforði.
Þökk og heiður sé þér, sær!

---

III.

UPPSIGLING.

Útrænan blíða,
sem oft kysstir mig!
láttu nú líða
yfir leiftur-stig.
fleyið mitt fríða,
svo faðmi ég þig.

---

Reisum tré, svo renni að ósi
rangajór, því langar stórum
nú að heilsa bæ og búi
báruþegn, er stýri gegnir;
breiðum voð, svo gráan græði
getum kvatt, því nóg er setið.
Sælla vart er eitt að öllu
en að sigla heim til kvenna!

Bíður kona heima á hlaði,
hrædd og fegin seglið eygir,
sér að hleypur, hyggur steypist,
hrannaljón á djúpu lóni;

vonin dregur, óttinn agar,
undan lítur þá og flýtir
sér að kyssa, sinn að blessa
son og minn, á rjóðar kinnar.

Herðið, drengir, hratt á strengjum,
horfði við á goluborða
nú að leystust tengslin traustu,
teygir blakkur sævar makka;
geisa tekur gangi fúsum
gnoðin mín um hvíta boða.
Sælla vart er eitt að öllu
en að sigla heim til kvenna!

Lægjum voðir nú í næði,
nóg er siglt, sem fyr var róið,
knararstefni vel að vörum
víkjum undan sævarríki.
Þökkum drottni, þeim er hlotnast
það oss lét, að allir getum
hraustir borið heim að nausti
hlutarval úr fermdum skuti.

---

## EG ÆTLAÐI MÉR AÐ YRKJA —.

Eg ætlaði mér að yrkja
einhvern fallegan brag,
en þegar til á að taka,
eg tími því ekki í dag.

Eg verð að bera á báru
það bezta, sem mér er veitt,

og seinast sofna eg frá því,
og svo fær enginn neitt.

Og það er þér að kenna,
sem þrái eg alla stund;
þú áttir ekki að eiga
þennan úlfgráa hund.

Þú áttir mig ekki að ginna
á því að fara að segja,
að þá munir þú mig aftur,
þegar þú ferð að deyja.

Nú er þér bregzt í brjósti
blóðið og slokknar fjör,
þá er eg þreyttur að lifa,
á þína kem eg för.

En hvernig heimskir náir,
með hjúp og moldarflet,
„unnast bezt eftir dauðann“,
eg aldrei skilið get. —

---

## Ó, ÞÚ JÖRÐ —.

Ó, þú jörð, sem er
yndi þúsunda,
blessuð jörð, sem ber
blómstafi grunda,
sárt er að þú sekkur undir mér.

Hef eg mig frá þér hér
og hníg til þín aftur,

mold, sem mannsins er
magngjafi skaptur; —
sárt er að þú sekkur undir mér.

---

## STÖKUR.

(21. Desember-m. 1844).

Enginn grætur íslending
einan sér og dáinn;
þegar allt er komið í kring,
kyssir torfa náinn.

Mér er þetta mátulegt;
mátti vel til haga,
hefði ég betur hana þekkt,
sem harma ég alla daga.

Lifðu sæl við glaum og glys,
gangi þér allt í haginn.
Í öngum mínum erlendis
yrki ég skemmsta daginn.

Sólin heim úr suðri snýr,
sumri lofar hlýju;
ó, að ég væri orðinn nýr
og ynni þér að nýju!

---

## SÓLHVÖRF.

(22. des. 1844).

Eilífur guð mig ali
einn og þrennur dag þenna!
Lifa vil eg, svo ofar
enn eg líti sól renna.
Hvað er glatt sem hið góða
guðsauga? Kemur úr suðri
harri hárrar kerru,
hjarðar líkn og jarðar.

## JÓLAVÍSA.

Jólum mínum uni ég enn, —
og þótt stolið hafi
hæstum guði heimskir menn,
hef eg til þess rökin tvenn,
að á sælum sanni er enginn vafi.

## Á NÝJÁRSDAG.
(1845).

Svo rís um aldir árið hvert um sig,
eilífðar lítið blóm í skini hreinu;
mér er það svo sem ekki neitt í neinu,
því tíminn vill ei tengja sig við mig.

Eitt á eg samt, og annast vil eg þig,
hugur mín sjálfs í hjarta þoli vörðu,

er himin sér og unir lágri jörðu,
og þykir ekki þokan voðalig.

Ég man þeir segja: „Hart á móti hörðu“, —
en heldur vil eg kenna til og lifa,
og þó að nokkurt andstreymi ég bíði,
en liggja eins og leggur uppi í vörðu,
sem lestastrákar taka þar og skrifa,
og fylla, svo hann finnur ei, af níði.

---

## AÐ VAÐI LIGGUR LEIÐIN —.

Að vaði liggur leiðin,
lífs á fljótið, en brjóta
háa bakka hvekkir;
hafurmylkingar fylkja;
yfir ættum að klifa
ofar þá, ef guð lofar;
drögum ei þar að duga,
og dengjum oss í strenginn!

---

## VORVÍSA.

(A la Jón Þorláksson).

Tinda fjalla,
áður alla
undir snjá,
sín til kallar sólin há;
leysir hjalla,
skín á skalla,

björgum á,
og sér fleygði frá.

Tekur buna
græn því una grundin má;
skýi sem að brá
breið að duna
viður hruna
vatna funa
vakna lauf og strá; —
seinna seggir slá.

Snjórinn eyðist,
gata greiðist,
gumar þá,
ef þeim leiðist, leggja á,
hleypa skeið
og herða reið
og hrinda vetri frá; —
hverfur dimmu dá.

Prúðir sækja
lón og læki
laxar þá;
sumir krækja silungsá; —
veiðitækir,
sporðasprækir,
spretti hörðum á
fjalli fýsast ná.

Fjaðraléttir
flokkar þéttir
fugla þá
synda ettir sumará,

eða mettir
strönd og stéttir
stika til og frá,
kæta loft og lá.

Ærin ber
og bærinn fer
að blómgast þá,
leika sér þar lömbin smá.
Nú er í veri
nóg að gera,
nóttu bjartri á
hlutir hækkað fá.

Grænkar stekkur, —
glöð í brekku
ganga kná
börnin þekku bóli frá;
kreppir ekki
kulda-hlekkur,
kætist fögur brá, —
búa blómum hjá.

Rennur sunna, —
sveinn og nunna
sér við brá,
sízt þau kunna sofa þá;
sælt er að unnast, —
mjúkum munni
málið vaknar á,
fegurst höldum hjá.

Ekkert betra
eg í letri

inna má; —
svo er vetri vikið frá;
uni fleti
hver, sem getur,
heimskum gærum á. —
Önnur er mín þrá.

---

## LÍKUR SÍNUM.

Allt hef ég af öfum mínum,
illt er að vera líkur sínum,
annar kvað og annar saup;
ég á að heita barnið beggja,
búinn að stökkva hvorutveggja
grárra manna Grettis-hlaup.

Ólukkinn skal yrkja lengur,
enginn til þess finnur drengur,
og þó miklu minnur fljóð;
ólukkinn skal oftar súpa.
Eg er fótaloðin rjúpa;
plokkið þér mig nú, Gunna góð!

---

## HELVÍTI.

Mér finnst það vera fólsku-gys
að fara niður til helvítis
og eyða aldri sínum
innan-um brennu illan geim,
ólíkan drottins sólarheim,
svo hrollir huga mínum.

Skötubarðvængjuð fjanda-fjöld
flaksast þar gegnum eilíft kvöld,
glórir í glóðir rauðar;
þar er ei nema eldur og ís;
allt í helvíti brennur og frýs,
Satan og sálir dauðar.

---

## LEIÐARLJÓÐ

til herra Jóns Sigurðssonar, alþingismanns.

Byr um gráð þig beri
bugþægur, flugnægur;
frói þér á flóa
fundur Ísagrundar.
Sjáðu land, er leiðir
ljós um bláa ósa
glöðust sól, og glæðir
G l á m u t i n d í vindum.

Tygja þá, og teygja
tá láttu jó gráan,
(hvítur hæfir snotrum
hestur framagesti);
móður fyrst og föður
finndu, — svo í skyndi
reið um háar heiðar
hertu slyngur að þingi.

Hyggjum víst, að vestan
ver ókunnan beri
(járnum jörðu spornar
jór) að klifi stóru;

þá er sem að sjáum:
sveif bifan þig yfir
hvarma-hreggs, á barmi
háum A l m a n n a g j á a r.

Breiðir kvöldið blíða
bláan yfir sjáinn
ljósa blæju, hýsa
hængir í marsængu;
hátt um hraunið kletta
hylja runnar, dylja
kjarngrös kaldar firnir,
knýr ramur foss hamar.

Búðafjöldinn báða
bakka fríða skrýðir
Ö x a r á r; — en vaxa
eina þar um steina
möðrur mjög, og öðrum
mjúk túnblæja hjúkrar,
hunangsfluga holu
hyggin marga byggir.

Autt er enn að mönnum
A l þ i n g i, — talslyngra
hölda, (hvað mun valda?),
hafa reiðir tafizt.
Nei, ef satt skal segja,
sunnanfjalls þeir spjalla;
þingið fluttu þangað
þeir á kalda eyri.

Hlýjan bústað býja
biðjum þér að liði

verða; — þiggðu værðir
værar á grund kærri.
Elt svo hina! haltu
hugprúður til búða
V í k u r. — Við þig leiki
völin á m ö l i n n i.

# GAMANVÍSUR.

## FYRSTU VÍSURNAR.

Ortar á barnsaldri.

1. ÉG Á ÞESSI FÖT:

Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka, nýta,
húfu-tetur, hálsklút þó,
háleistana hvíta.

2. MÁL ER Í FJÓSIÐ.

Mál er í fjósið! Finnst mér langt.
Fæ ég ekkert o'n-í mig?
Æi, lífið er svo svangt.
— Enginn étur sjálfan sig!

---

## DALABÓNDINN Í ÓÞURKNUM.

Hví svo þrúðgu þú
þoku-hlassi,
súldanorn,
um sveitir ekur?
Þér mun eg offra
til árbóta
kú og konu
og kristindómi.

---

## SKÓLAGLETTUR.

UM BENEDIKT SCHEVING.

Benedikt Scheving skæður,
við skötuhryggja glæður
á kakalón klakinn út
úr eitruðu hana-eggi,
ekki er furða, þó leggi
lykt af þér eins og lút.

CURA TIL MAGNÚSAR FRATERS.

Magnús vinur, legg og lið
leggjum saman bæði.
Þú ert linur, færð þó frið
fyrir þolinmæði.

TIL BÚA JÓNSSONAR.

Skeifi skollafótur,
skankalangi Búi,
leiði leppaþór,
— æði augnaljótur, —
enginn bið eg þér trúi,
kauði kampastór!
Þrumir þú í hanabjálka-hreysi,
Hræsvelgur um telgda fjöl þó geisi,
vappa tekur Valgerður með keisi.
— Vont er að sitji fleiri en einn á meisi.

HJÖRLEIFS REIÐI —.

Hjörleifs reiði ríður mér á slig;
svo ég fjúki ei flatur út í haga,

fyrstu átta hvassveðursins daga,
Öxndælingar á mig reyri sig.

---

Ef hann sendir engla mergð
einum móti skratta,
andskotinn fer fýluferð
og fjóra missir hatta.

---

## UM STÚLKU, SEM REIÐ MEÐ SKUGGHATT.

---

Æ, hvað níðir svanna sá
Satans hattur ljótur!
Undir honum er auðar-gná
eins og bullufótur.

---

## SNÍKJUDALLURINN.

(„Snyltegæsten").

---

Hérna er ótækt heima að sníkja,
helzt mun því ráð á Nesið víkja,
þar er svo mikill maturinn.
Komist eg það með kröftum slökum
af curu, sulti og næturvökum,
eg skal heita á þig magi minn!

---

## STAKA.

Skjambi meður skolla-nef,
skrýtilegi frændi minn,
hefðirðu líka rófu af ref,
Robbur keypti belginn þinn.

---

## LÆKNIRINN.

„Hér sé friður! Með heilsu þín
hvernig gengur?“ . . . „O, ég held ver, —
höfuðverkur og hósta-pín
hafa svo dregið kraft úr mér“.

„O jæja. — Og það er heldur hart,
hvernig útreið að Tyrkinn fær;
það er mannhatur mestan part; —
mikið er Rússans grimmd frábær!“

„Svo get ég ekki sofið vel,
svíður brjóstið, ef hræra skal.“
„Ja so? — Og víst mun Emanúel
ofan á verða í Portúgal“.

---

## MARSVÍNAREKSTURINN.

(Sem reyndar voru steinar).

„Missum ei það mikla happ;
maginn kann þess gjalda!“
Heldur var í körlum kapp;

þeir köstuðu grjóti, — ekkert slapp;
samt mun Hallur hlutnum sínum valda.

---

## SKIPKOMA

1830.

Við Lárus (Sigurðsson) biðum skipkomu og leiddist eftir bréfum vina okkar í Höfn. Sumardags-morguninn fyrsta var ég snemma á fótum og sá kaupfar undir uppsiglingu. Þegar ég kom heim, spurði L., hvort „skáldið" hefði ekki séð skip.

---

„Sér ei skáldið skip á öldu
skautum búið að landi snúa?
Er ei þys við þorskakasir?
Þóttast ekki búðadróttir?"
„Harður byr að hafnavörum
húna rekur jóinn lúna;
glatt er lið á götustéttum,
glápa sperrtir búðaslápar".

---

## ÓSKARÁÐ.

(Vinnukona kvartaði um, að hún fengi ekki þjónustukaup).

---

Ég skal kenna þér að þjóna
þrælnum fyrir ekki neitt;
settu fyrst upp svarta skóna,
svo hann fari á þá að góna,
gerðu honum síðan helið heitt.

Ef hann mýkist ei á þessu,
eins og stundum verða kann,
farðu þá sem fyrst til messu,
færðu þig í „bombasessu"-
kjólinn þinn og kveddu hann.

En, ef færðu ekki taman
annað hann við ráðið þitt,
þvoðu þjer þá fyrst í framan,
farðu svo úr öllu saman; —
það mun heppnast, hróið mitt!

---

## TIL BRYNJÓLFS PÉTURSSONAR.

Mér er glatt í geðinu mínu, góðkunningi;
í huga datt mér hátt að syngja
og hörpu-skrattann láta klingja.

Ég veit þú býrð í hefðar-háu heppnisstræti
og hálfu öðru hundrað götum,
hafandi nóg af mat og fötum.

Samt að bjóða þori eg þér af þagnarlandi
— og líklega með mér sjálfum senda —
staklega nettan vísu-enda.

Mansöngs-hjali hætti eg nú, því höfuðið titra
á mér fer af orðum vitrum,
sem ólmast fram úr þanka-kytrum.

---

Ég með göldrum get að sjá
grundar völdu smíði,
jarðar öldrum inna frá
oft á kvöldum verð eg þá.

Sagt er að skitu Sauríar,
sundur bitu stikla;

seinna litu þegnar þar
þetta dritið mikla.

Þar af ráða mengið má
muni láðin þengla
guðs fyrir náð í gömlum sjá
geymd að ráðum engla.

Hreyfði sporðinn, fór á flug,
úr flæðum þorði svamla; —
nú er hún orðin ómáttug
ættarstorðin gamla.

Þó skal greina þessu frá,
þundur fleina mætur,
náttúrusteina að hún á,
eru það meina bætur.

Kímur af fleó, karlinn minn!
krímur af Leó hrósi,
grímur af reó rek ég inn,
rímur af Geógnósi. —

Orðin flugu fjaðralaus
fram af þagnar-ranni,
sem að smugu úr sálar-daus:
sona er gagn í manni.

Virtu hróður vel um sinn
í vænu ljóða smíði.
Þú ert, bróðir! meistari minn
og mikil óðar-prýði. —

Hlaupa fer um Hafnar-slóð
Hallgríms-arfa kundur

eins og mjólk og meyjarblóð. —
Mikil heimsins undur!

Einatt hefi eg átt við skarn,
ekið á völl og legið á slóða,
rekið á fjöll og búið til barn,
blessaður, góða hringa-tróða!

---

## KVEIFAR.

Dönum verður hér allt að ís, —
undir eins og dálítið frýs
botnfrosinn belgur hver
kúrir, þar sem hann kominn er,
kútveltist og formælir sér.

---

## NIÐURLAGSORÐ ÚR BRÉFI
FRÁ HÖFN.

Efnið fór, en andinn þraut,
ekki er hægt að tala.
Við erum allir orðnir naut,
einn hefir horn og hala.

---

## VERZLUNARÓLAGIÐ.

Íslendingurinn ætla ég sé
illa fær til að „drífa handel“,

þótt sumir heiti Xavier,
sumir Höjsgaard, Herman, Peer og Wandel.

---

## AFMÆLISVÍSUR TIL BRYNJÓLFS PÉTURSSONAR.

Við, sem annars lesum lögin
og lítil höfum vængja-slögin,
opna gerum hróðrar-hauginn, —
Herjans-uglan sat þar á.
Fagurt galaði fuglinn sá.
Síðan kvæða sendum drauginn
séra Péturs kundi.
Listamaðurinn lengi sér þar undi.

Sá hann eitt sinn sitja á ljóra,
svo sem gerði bólan stóra,
ofurlítinn nöldurs-nóra,
sem naktar voru klærnar á.
Fagurt galaði fuglinn sá.
Hann hugðist gera gys að Móra,
en greip í skott á hundi.
Listamaðurinn lengi sér þar undi.

Fýsi þig að frétta meira,
freilich kann ég segja fleira:
uppi í háum hamra-geira
honum skruppu tærnar frá.
Fagurt galaði fuglinn sá.
Hann hékk þar sona á hægra eyra,
hvergi frá ég hann stundi.
Listamaðurinn lengi sér þar undi.

---

## BORÐSÁLMUR.

*Forsöngvarinn:*

Það er svo margt, ef að er gáð,
sem um er þörf að ræða;
ég held það væri heillaráð
að hætta nú að snæða.

*Fólkið:*

Heyrið þið snáða!
Hvað er nú til ráða?
Það mun bezt að bíða
og hlýða.

*Forsöngvarinn:*

Á einum stað býr þrifin þjóð,
með þvegið hár og skjanna,
við húsbændurna holl og góð,
sem hundrað dæmi sanna.

*Fólkið:*

Hvað er að tarna?
Hvað sagðirðu þarna?
Mættum við fá meira
að heyra!

*Forsöngvarinn:*

Mér hefir verið sagt í svip,
að sig hún taki að ygla
og ætli nú að eignast skip,
þótt enginn kunni að sigla.

*Fólkið:*

Við litlu má gera;
látum svona vera;
þeir ýtast þá með árum
á bárum.

*Forsöngvarinn:*

Nú eru líka níu menn,
sem nóttina eiga að stytta,
þó varla nokkur viti enn,
hve vænlegt ráð þeir hitta.

*Fólkið:*

Segðu ekki lengur!
Seinna veit, hvað gengur.
Mættum við fá meira
að heyra!

*Forsöngvarinn:*

Á einum stað býr einnig fólk,
sem alt af vantar brýni;
það lifir þar á mysu og mjólk,
en mest á brennivíni.

*Fólkið:*

Æ, hvaða skrambi!
Ætli þeir standi á þambi?
Mættum við fá meira
að heyra!

*Forsöngvarinn:*

Þar hefir verið sofið sætt,
en sungið nokkru miður,

og ullin fremur illa tætt,
en allra bezta fiður.

*Fólkið:*

Ætli það sé undur,
þótt á þá renni blundur!
Mættum við fá meira
að heyra!

*Forsöngvarinn:*

Þar eru blessuð börnin frönsk,
með borðalagða húfu,
og yfirvöldin illa dönsk
á annari hverri þúfu.

*Fólkið:*

Hættu nú, herra!
hér mun koma verra,
sem þér er betra að þegja um
en segja um.

---

## SÉRA BESSI.

Bessi á sér berhross,
breiðir snoturt áreiði,
gæsarham, og guðvís
getur fettur rétt setið,
skeiðar svo, og lífs leið
lýðum kennir dag þenna;
gumar, sem hans gabb nema,
grýtast til helvítis.

## BÓSI.

Bósi! geltu, Bósi minn!
en bíttu ekki, hundur!
ella dregur einhver þinn
illan kjaft í sundur.

Hafðu ekki á þér heldra snið
höfðingja, sem brosa,
en eru svona aftan-við
æru manns að tosa.

---

## SUNNAN-PÓSTURINN.

*Pósturinn* er sáladur *Sunnan-*,
syrgir bæði halur og nunnan,
af því hann var allra ánægja,
utan lands og innan „að sægja“.

„Fóta gat ei fram róið árum“,
forarhlandsins sökk hann í bárum,
liggur þar í leðju á botni.
— „Lifir dyggð, þó fjöræðar þrotni“.

---

## HALLGRÍMUR VESLINGUR.

Halli vesli, heyrðu mér,
hér er ég með busa
og ætla að sníða eyra af þér
eins og Malakusa.

Holur lækur grefur gróf;
grynnist flæður hafin.
Veit ég öngan verri þjóf
en Vesling bólugrafinn.

Þegar hangir Hallgrímur,
hrafnar snauðir skoppa:
„Heimskur búkur, hangdu kjur!“
— og hætta í þig að kroppa.

Uppgangsfífl, sem áður var,
allt í flærð og prettum,
heimskur búkur hangir þar,
hrafna gæddur slettum.

---

## FINGURBJÖRGIN.

Á ég mér kvæða efni mörg,
— þótt engum manni fríum. —
Ég réðist í að reisa hörg,
regin! yður og díum,
sem eilíflega eruð fjörg
og á það setið dæmaförg, —
en þessi fagra fingurbjörg
flytur mig ofar skýjum.

---

## BÁGINDI.

„Illa er mér við óleik þinn,
eta máttu pútuskinn,

en láttu vera líkama minn.
lifandi sálar kroppinn!“
Eg hefi fundið arga kind,
á henni var háðsleg mynd;
það var líkast lús eða synd; —
ég lagði hana í koppinn.

---

## SPARNAÐUR.

Eg er kominn upp á það,
— allra þakka verðast, —
að sitja kyr í sama stað,
og samt að vera að ferðast.

Ef enginn talar orð við þig,
— á það skylduð hlýða! —
þá er að tala við sjálfan sig,
og svo er um það að ríða.

---

## VALDI.

Valdi! virztu nú halda
vel mér í stél, séra!
Eg skal gefa þér afar-
ætilegt sælgæti:
lambasteik, svo þér líki,
ljómandi skyr og rjóma,
Valdi! viljirðu halda
vel mér í stél, séra!

---

## MÁLSVÖRN.

Feikna þvaður fram hann bar, —
fallega þó hann vefur!
Lagamaður víst hann var,
varði tófu refur.

---

## UM MOSFELLINGA.

Bóndinn situr á bæjarstétt,
bindur hann reipi, hnýtir hann hnúta;
heyið er upp í sæti sett,
konan ætlar að kaupa sér fyrir það klúta.

---

## SKÁLDIÐ MITT —.

Skáldið mitt var skjótt í leik,
skauzt úr eldhúss brælu
líkt sem flygi langt frá reyk
ljóss í veldis sælu.

---

## RÍMNA-STÆLINGAR.

### 1. MEYJAR-HJARTA.

Yndis bezta elskan mín,
ástum festa baugalín!
Hjartað góða þekki eg þitt,
það er ljóða-efnið mitt.

Það er hreint, sem bregði blund
blómstur seint um morgunstund,
djúpt sem hafið heims um hring
heitri kafið tilfinning.

Það er gott, sem gaf það þér
guð, og vottinn hans það ber;
engum skugga á það slær,
auma huggað bezt það fær.

Það er hlýtt af ástar-yl,
öllum blítt og mest í vil;
logann ól það elskunnar
undir skjóli miskunnar.

Það í heima horfir tvo.
huganum sveima leyfir svo;
það er gefið og þó sig á.
. . . . . .

2. HÁRIÐ.

Fagurljósa lokka safni,
litla Rósa!
þínu hrósa hafnanafni*)
helzt man kjósa.

Móinsbóla morgunsólu
mærð að góla.

*) Hafna-nafni er sjálfkenning, eins og séra Eiríkur heitinn í Vogshúsum myndi hafa búið hana til, og þýðir einhvern fjörð, svo sem Breiðfjörð, Hestfjörð, Skötufjörð, Fáskrúðsfjörð eða Arnarfjörð, o. s. frv. — Eins vel hefði mátt standa hrafnajafni = „kramsi“ (samanber Tístransrímur). Svona má sjá, hvernig skáldin geta velt orðunum fyrir sér.

tel eg ólag eftir jól
og utan tóla.*)

---

## RÍMNAERINDI.

Vona eg dúna dreka lín
á Dáins fleyi náms um haf
við gull-húna hengi fín
hýru-þvegið náðartraf

---

## NÝHENDA.

Er hann að syngja enn sem fyr,
arnar-vélið sá hann — attan:
„klingling“ hringja kleprarnir
við karlinn hélugráan — skrattann.

---

## ÞORKELL ÞUNNI.

Friðar biðjum Þorkeli þunna,
þagnar er hann seztur við brunna;
óskemmtileg ævi mun vera
ekkert sér til frægðar að gera.

Fyrrum hann í söngmanna sessi
sagt er gæti tekið á vessi:

---

*) Ég bið forláts! Þetta erindi er svo gott sem stolið allt úr eldri mansöngvum.

há-beljandi glumdi við gleði,
golufylltur naumast sér réði.

Uppstigningar æðstum á degi
engin von er söngmaður þegi.
Hermdu, Bragi, höfðingi ljóða!
hvernig gekk þá „skrímslinu góða“?

Að er komið útgöngusálmi; —
eins var það sem gneistar í hálmi,
þegar rauðum þeytir upp glóðum:
Þorkell verður allur að hljóðum.

Hausinn upp að kórstaf hann keyrir,
kúgast, svo úr nefinu dreyrir,
úr sér másar óskapa-roku,
álíkt dimmri leirhvera-stroku.

Eins og þegar flugdrekar forðum
fleyttu um loftið glóandi sporðum,
skyggðu fyrir sólina sælu,
sátu menn í gjörninga-brælu. —

Svo var inni í kórnum að kalla;
kreppist hý á öldruðum skalla;
sumir hættu sjálfir að drynja,
sumir fóru að emja og stynja.

Allir snéru augum frá jörðu,
upp í rjáfrið grátandi störðu;
skalf og sveigðist þakið út þanda
Þorkels fyrir losnuðum anda.

Geggjast allur guðsorða lestur,
á grátunum tvístígur prestur,

hleypir nú í hempuna vindi,
hrökkur út úr kirkjunni í skyndi.

Í sama bili er sálmurinn búinn,
situr Keli móður og lúinn;
öllum finnst sem eitthvað sig dreymi,
aldrei meiri þögn varð í heimi.

Djákni fyrstur raknar úr roti,
rann sem mús úr nauðungar-skoti,
fær sér bók og hættir að hrína,
herðir sig með bænina sína.

En á meðan út er að klykkja,
á er komin söguna lykkja. —
Þorkell æpir: „Hættu að hringja!
Hef ég ekki lof til að syngja?“

Að svo mæltu aftur hann byrjar,
upp og niður gengur og kyrjar;
flýr þá, eins og fæturnir toga,
fólk, sem stæði kirkjan í loga.

Seinna var hann sóttur í kórinn
(svartur var þá á honum bjórinn)
örendur og oltinn á hnakkann; —
á útgöngu-versinu sprakk hann.

---

## TÍKAR-MANGI.

Tíkar-Mangi! Tíkar-Mangi!
tveir eru hérna menn á gangi,
og eru svona aumir snáðar,

ekkert vita þeir fáráðar.
Gaman, gaman, gleðjumst nú,
gott er að koma á prófasts-bú.

---

## LITLA DÓRA.

Litla Dóra, litla Dóra!
lengur megum við ei slóra,
en við skulum áfram halda
út í veðrið hvassa og kalda.
Allur lifnar andi minn,
er ég hugsa um kaupstaðinn.

---

## VEÐURVÍSUR.

1 HART VOR.

Hóla bítur hörku-bál,
hrafnar éta gorið,
tittlingarnir týna sál; —
tarna er ljóta vorið!

2. VORNÆÐINGUR.

Út um móinn enn er hér
engin gróin hola;
fífil-tóin fölnuð er —
farðu í sjóinn, gola!

3. SUNNANVINDUR.

Sunnanvindur sólu frá
sveipar linda skýja;

fanna-tinda, björgin blá,
björk og rinda ljómar á.

4. SUMARHRET.

Nú er sumar í Köldukinn, —
kveð eg á millum vita; —
fyr má nú vera, faðir minn!
en flugurnar springi af hita.

5. MOLLA.

Veðrið er hvorki vont né gott,
varla kalt, og ekki heitt;
það er hvorki þurt né vott,
það er svo sem ekki neitt.

6. NIÐAÞOKA.

Búðaloka úti ein
er að gera á ferðum stanz; —
úðaþoka, hvergi hrein,
hún er úr nösum rækallans.

7. RIGNING.

Skuggabaldur úti einn
öli daufu rennir;
skrugguvaldur, hvergi hreinn,
himinraufar glennir.

8. ÚTSYNNINGUR.

Útsynningur yglir sig,
eilífa veðrið skekur mig;
ég skjögra eins og skorinn kálfur, —
skyldi ég vera þetta sjálfur!

## ROBB OG GRÍMUR.

Öllum fyrir Ingólfur sér opinn geiminn,
þegar teiknin taka heima
tvíræð yfir landið sveima.

Robb og Grímur rogast nú með rauða hettu.
— Engill verndar, allra gættu
ólærðra í nýrri hættu!

Robbur gamall rauna fer að rétta helsi;
yngra teiknið, Grímur, í galsa
guð og menn er nú að falsa.

Ideuna — eða hvað hún annars heitir —,
svo fjárinn sig ei fyrirliti,
fundu þeir í hverju riti.

Þegar skröggur skeggið helga skekur á bringu
— skegglaus enn — og skatnar þinga,
skapar hann heillir Íslendinga.

Tímarímu-teiknin standa tvö í vindum,
sitt yfir hvoru líða landi,
lafa samt á einu bandi.

Annað þeirra áðan heyrðum eitthvað grenja:
„Bosje, tsarja, blessaður, chrani!“
Beljaði annað: „Rule, Britannia!“

Meistarar tveir á mesta lofið manna stunda;
annar vegur vit í höndum,
vörur hinn á reizluböndum.

## SKRÆLINGJA-GRÁTUR.

Ein sorgleg vísa útaf alþingi,
samansett
af
Ívari Bárðsyni.
Viðeyjar-Klaustri.
Þryckt seinast af öllu, þegar bókþryckiríið niðurlagðist.

---

Naha, naha!
Báglega tókst með alþing enn,
naha, naha, naha!
Það eru tómir dauðir menn;
naha, naha, nah!

Það sést ekki á þeim hams né hold,
naha, naha, naha!
og vitin eru svo full af mold;
naha, naha, nah!

Og ekkert þinghús eiga þeir,
naha, naha, naha!
og sitja á hrosshaus tveir og tveir;
naha, naha, nah!

Þeir hafa hvorki kokk né pott,
naha, naha, naha!
og smakka hvorki þurrt né vott;
naha, naha, nah!

Og hvergi fá þeir kaffibaun,
naha, naha, naha!
og eru svangir og blása í kaun;
naha, naha, nah!

Og bragða hvorki brauð né salt,
naha, naha, naha!

og þegja allir og er svo kalt;
naha, naha, nah!

Þeir deyja aftur úr kulda og kröm,
naha, naha, naha!
Og holtið er grátt og kvölin söm;
naha, naha, nah!

---

Ein nýgjörð og gamansöm
bindindisvísa,
er heitir:
„VESTURFÖR VELBORINS HERRA
BRYNJÓLFS SÝSLUMANNS P. S.“
og öðru nafni

## KAUPFARAR-SKÁL.

Að utan og sunnan og austan eg spyr,
að á séu vestrinu stóreflis-dyr,
og eins langt og mannsauga út um þær sér
sé ekkert af neinu og í hurðinni gler.

Hann Brynjólfur veltist um bárur á kút
að búðarhurð þeirri og gægðist þar út
og kallar og segir: „Eg kom hér um sinn
að kaupa mér seytil á legilinn minn“.

Og svo er mér frá skýrt, að lýður þess lands
það léti, sem til var, á pyttluna hans;
og svo valt hann aftur og settist í bú
og segir: „Guð-velkomnir! Drekkið þér nú!“

Vér lofum og prísum þann metnaðarmann;
til mikilla stórlauna kaupför hans vann;

því ókeypis veitir hann öllum og jafnt,
og aldregi lækkar á pyttlunni samt.

Hann lifi og ríki nú leglinum á!
Vér lofum og prísum hann héðan í frá;
en tappann úr vestkútnum taka er mál
og tæma svo höfðingjans kaupfararskál.

---

## ÓLUND 2 OG ÓLUND 3 OG 15 ERU NÚ.

Svarblá alda sogar mig,
samt er eg enn á floti;
skrúðafaldi skreytir sig.
— Skyldi eg aldrei kyssa þig?

Gott er að búa geddum hjá;
gleymir lúa nárinn;
heimi frúa horfnum frá
að honum snúa sílin blá.

Einhver kindin óþekkt mér
að sér vinda myndi;
þær eru að synda þar og hér;
— það er yndi Cuvier!

---

## GAMANVÍSUR TIL BRYNJÓLFS PÉTURSSONAR.

### I.

ALLSHERJARGOÐINN.

Smámey, fegursta bæjarblóm,
brosið þitt glatt og fjörið unga,
hjartað þitt sælt og tárhrein tunga,
það er nú „öll þín eigindóm“. —
Svo ætla ég hann orði það,
allsherjargoðinn, hágrátandi,
þegar hann „ellers er í standi“
að biðja þig „að tiggja það“.

### II.

UM ÞAÐ HVERNIG ALLSHERJARGOÐINN SKRIFAR MÓTI ÞÉR Á 20 ÖRKUM.

Aldrei sá eg mjórri mann
meira hlassi aka;
í tuttugu berum togar hann
taðið út á klaka.

---

## TIL GÍSLA.

Hundskinns-bjálfa-herðari!
(Fluga kom og truflaði mig;
hún settist á pennann minn).
Heimdals-álfa-serðari!
koðuvandur, kvæðasár!
klofaþandur, æðablár!

Markaði ljótum eg var á,
arkaði blótum meður,

sparkaði grjótum stinnt með stjá,
slarkaði fótum til og frá!

Klifraðist ég um klettaris
og klungrin hörðu,
leirskálpotta-dyngjudys
á danskri jörðu.

Hvað er dyngja? hermdu mér
í hróðrarblandi;
(öngvir syngja utan vér
á Ísalandi!).

Duggálsblossadyngjufress
við dyngjur kúra,
þiggja kossa, kveða vess
og koðrann púra.

Hvað er að púra? hermdu mér;
heimsins skúra nauðsynjar,
því bezt er að lúra gegnum gler
gleði súra hér og hvar.

Margt er fleira úr ferð að segja
furðanlegri;
en nú skalt heyra aðra, eia!
öllu fegri.

Rask að skoða fór eg frjáls
fram á Niðjaleysu.
Þar var Koð og þundur stáls
að þæfa voð í húsi báls.

Báls í húsið brá eg sjónar-tíru;
þar var drós og þornagrér
að þæfa hósur, sýndist mér.

Rekkurinn þessi, Rask, var ekki í ranni góðum,
en húsfreyjan með horsklegt æði
heima kúrði fyrir þau bæði.

Höfuðstóran darradör, ef dreng má kalla
ársgamlan, eg sá á svelli
sitja niðrá þúfnavelli.

Málfræðingurinn mælti fátt úr munnagreyi.
Konan heldur Konráð eigi hann,
Kristján heiti og bráðum deyi hann.

Háttalykil hendi
hnísunárafló,
sem að henni sendi
suðrúr Kúrriró
saura-paura-þoku-þór,
skörðóttur í skeggstæðið,
skáldaður á bjór.

---

## HUGNUN.

Nautgæfa fóðurgrasið grær
á leiði móður þinnar þjáðu.
Því ertu hljóður, frændi? Sjáðu,
hvar bóndi góður björg sér fær.

Þúfu, sem slær hann, undir er
sú ein, sem kæran haft þig hefur,
í hjúpi væran dúr hún sefur.
— Heytuggu nær hann handa sér.

Þar er nú prýðin fljóða frægst,
móðurorð blíð á mjúkum vörum,
málfærið þýða, ljúft í svörum,
upplitið fríða, ástarnægst.

Seinna meir skaltu sama veg;
raunar er kalt í rúmi þröngu,
og rökkrið svalt, — en fyrir löngu
veiztu það allt eins vel og ég.

Nú færðu ekki að sjá um sinn
meira af rekkju móður þinnar,
maðkurinn þekkir skrautið innar. —
Því hlærðu ekki, herra minn?

---

## GAMANVÍSUR

TIL HALLDÓRS KR. FRIÐRIKSSONAR.

Dóri litli, dreptu yður
í dag eða gær, sem nú er síður;
enginn kveður þig upp né niður,
ef þú ferð að lifa mig;
vonin okkar! vara þig!
Eg skal gera átta kviður,
ef yður væri dáinn.
Komdu á skjáinn! Komið þér á skjáinn!

Það er illt að læra lengi,
létt er þaufið heimsku mengi;
sá sem rær og ristir þvengi
af ræfli þeim, sem heitir trú,
japlar eins og ég og þú;
hinir lifa í góðu gengi,

gotuna sem að snapa
undir Stapa, undir Vogastapa.

Hvað er þetta? Boli eða bokki,
bukkur eða hjól í rokki?
Eða skyldi skekið í strokki
í skjólinu við gluggann minn?
Ekkert vit ég í því finn.
Nú er eins og *h*nældu-hnokki
*h*nerti lær á kellu!
Skotið mellu! Skotið eins og mellu.

Myndi það vera illur andi
eða sál úr dauðra landi
eða sjálfur svarti fjandi
syngjandi við þetta lag
raunalegan rellubrag? —
Ég er ær og ekki í standi
að yrkja um þetta meira;
leggst á eyra, leggst á kalið eyra.

---

## EIN VELMEINT BÆNARÁMINNING

TIL G. M.

Með lag: „Við urðar situr uppi brunn", eða þó fremur: „Nú bið eg, guð, þú náðir mig".

---

Þegar þú kemur þar í sveit,
sem þrímennt er á dauðri geit,
og tíkargörn er taumbandið
og tófuvömb er áreiðið,
og öllu er snúið öfugt þó
aftur og fram í hundamó,
svo reiðlagið á ringli fer
og rófan horfir móti þér, —

veittu þeim draugi blundar-bið,
bölvaðu ei né skirptu við;
en signdu þig og seztu inn
sunnan og fram í jökulinn;
lúttu þar að, sem loginn er,
og láttu bráðna utan-af þér,
og seinna, þegar sólin skín.
sendu geisla með boð til mín.

# BROT.

## IÐRUNARVÍSUR

TIL GÍSLA ÍSLEIFSSONAR.

Eg á bágt,
mér er amað allt um kring,
innra lágt
einhver hulin tilfinning:
Gísli minn,
get ég hafa gjört þér mót?
Æ, minn vin,
eg vil gjöra yfirbót.

— — — —

## ÓLÁN!

Hraparlegt ólán, að á hvítasunnu
einhver mannskratti segir fyrst í hljóði,
— taktu það ekki illa upp, karl minn góði! —
ég vilji ólmur eignast hana Gunnu.

Svo er nú kann-ske kallað o'n-í tunnu,
svo fregnin berist fljótt um Víkur stræti;
svo kom upp óp og ys og borgalæti,
rétt eins og þegar Barnhýsingar brunnu.

En það kom í mig hræðsla, og fór að hrína; hefði það svo sem verið eitthvað — — — —

---

## GRENIÐ.

Komið er að dyrum,
kallað er úti,
skotmaður spyr:
Er skolli heima?
Lambsfót sé eg liggja
og legg úr sauði,
ræfil af rjúpu; —
reiður er eg þér!

*Tófa* (inni fyrir):
Heima segi eg mig.
Heill og sæll, vinur!
gestur inn göfugi,
gakk nú til stofu.
Dyr eru lágar,
dimmt er í húsi
fáráðs frumbýlings;
fyrirgefðu það.

*Skotmaður:*
Út er að ganga
og undir renna
vopn voveifleg
og að velli falla;
báðu mig bændur
belg þinn að hrjá
og blóðdrekki
að bana verða.

*Tófa:*

Annt er mér inni
í ofan hrundum
urðar hóli
orpnum moldu;
margs ber að gæta
móður ungri
sona fjögra
og sex dætra.

Ein sit eg inni
og annast hlýt
kafloðna hvolpa
í krá dimmri;
hlaupa þeir um holur
hrökklast þeir í gjótur,
steðja þeir um steina,
stunda á útkomu.

Höfuðlaust heita
heimili má,
er bóndinn er
á burtu genginn;
rann refur minn
til rjúpna-veiða,
búi sínu
bjargir að fá.

---

## AUGUN ÞÍN.

Kærðu þig ekki neitt um neitt,
þó nú sé farið að verða heitt;
brenndu mig upp til agna.
— — — —

Augun raunar eru þín,
upplitsbjarta stúlkan mín,
hitagler, ef hlýna;
sólargeislum innan-að, —
eg er búinn að reyna það,
safna þau, svo bríma-það
brennir vini þína.

---

## ÚR KVÆÐI UM VÍKINGAFERÐIR.

*R.:*

Seg oss lengur sögu;
sælt er á að hlýða
þrautafarir þínar,
þrekverk öll að vita,
meðan sólin sígur
sæl í djúpar unnir
og á heiðum himni
hvítur lýsir máni.

*Á.:*

Skemmtir það litlu lambi,
líti það varga bítast?

*R.:*

Ojú, Ásmundur,
ef það stendur
óhult innangarðs.
Óhultur nú
héðan af ertu,
því héztu mér,
aldrei að velkjast
í víkingu framar.

## Í ÖXNADAL.

Þar sem háir hólar
hálfan dalinn fylla,
þar sem hamra-hilla
hlær við skini sólar
árla, fyrir óttu,
enn þá meðan nóttu
grundin góða ber
græn í faðmi sér.

# ÞÝÐINGAR.

## UPPHAFIÐ AF „CARRIC-THURA“.

EFTIR OSSIAN.

(Breytt).

---

Hvort ertu hniginn
af himin-stöðvum,
gullhærði röðull,
og götum blám?
Nú hefir vestur
votum hjörum
svefngrindum snúið
og sæng þér gjörva.

Velta öldur
að veðhlaupi,
fýsast þig allar
fyrstar um sjá;
hægt þær hefjast
með hafriðu
og halla höfðum
að helgri sjón.

Fagurt er að líta
á ljós-geislum
hvílu hafða,
hægt blundandi,
brosfagra sól,
bregður öldum,
bráð er burtför,
brennur ísgrá kinn.

Fellur þá faldur
inn fagurreifði
hallur af höfði
hafi bornri mey;
þýtur í flótta
þrungin mæði,
felmtruð áður felst
í faðmi móður.

Blunda þú vært
í blæjum svölum,
ylsköpuður!
und unnum blám;
hafin er höll þín,
hvílir þögn yfir,
en aldin værð vakir
að védyrum.

---

Heim sé eg hverfa
á himin-ásum,
daprar eru stjörnur,
dagsbrún veldur;
nú muntu, ljósfari,
á loft um stiginn;
leiddu þá und armi
unað, — hár glóa.

---

## PHYSICA NECESSITAS.

Má-at inn megin-
máttki guð
vindi valda,
þeim er fer vog yfir;

né um varnað fær
vetrar-stundum,
þeim er í árdaga
áður skóp*).

---

## KVÆÐI EFTIR HORATIUS.

### I.

CUR ME QUERELIS etc.
(Upphafið).

Hví með sárum þú
sorgartölum
dapran dauða
dregur mér um höfuð?

Er-a það goða
né mín eigin vild,
að þú mér fyr úr heimi hallist,
Mæcenas!
minn mikli sómi,
vernd og styrktar stoð.

Helft míns hjarta!
hrífi þig á braut
skjótar skapadægur,
hve um skerður
þann skilnað lifa
minnur ástsæll má eg?

---

* Vide Plutarchi Cæsar, cap. 37: ὥραν δὲ χειμῶνος καὶ πνεύματος ἐν θαλάττῃ καιρὸν οὐδὲ θεῷ βιάζεσθαι δυνατὸν.

Ótrúan eið
hefi eg ei svarið;
nær þú burtu býst,
förum og förum
fúsir ganga
helveg að hlið vini.

Er-a sú vættur,
að mig af þér slíti; —
svo hafa okkur sköp á skilið; —
ekki eldgálkn
eða, upp þótt rísi,
hundraðhentur þurs.

## II.

QUIS MULTA GRACILIS.

Hver er hinn ungi,
ilmsmurði sveinn,
er á rósa-reit
ríkum og mjúkum
faðmar þig fast,
undir fögrum skúta,
svölum og sælum?
Seg mér það, Pyrrha!

Lokka ljósgula
leysir þú, honum
skemmtunar skoðun,
skart þitt óbrotið.
Ó, hve oftlega
ástir rofnar
og gremi goða
hann gráta skal!

Dynjandi dröfn
fyrir dimmum vindi
undrast hann, úfnum
óvanur sjó,
sá er nú nýtur
náveru þinnar
og gulli hreinni
þig getur vera.

Einum hann vonar
þú unir sér
æ, og aldregi
öðrum sinnir;
veit hann víst eigi,
að veður hvikult
skamma stund skipast
í skýlofti.

Aumir eru allir,
óreynd er þú
ástar alglæst
í augu gengur.
Forðað hef ég feigu
fjörvi mínu,
sem á hám, helgum
hofsvegg má sjá.

Hangir þar heitspjald
hermandi svo:
að ég efnt hafi
upp að festa
sjóföt mín samtöld,
salti drifin,
drottni djúps
til dýrðar ríkum.

## LOFSÖNGUR.

EFTIR CLAUS FRIMANN.

Líti ég um loftin blá
skýin, sem sigla fram silfurglitaðan boga,
hálftungls gullnu hornin á,
herinn stjarna, þann tindrandi loga,
þrungna þrumu-heimkynnið,
þar sem að skruggan skæð skekur dunandi hamar,
rekur fjalli högg á hlið,
hittir skóginn og stórviðu lamar:
Þú ert mikill, hrópa eg hátt
himna guð! ég sé þinn mátt;
fyrir þinni hægri hönd
hnígur auðmjúk í duftið mín önd.

Líti eg langt um útþönd höf,
þar er skjót skipamergð skundar vængjuðum húnum,
sökkur djúpt í sjávar gröf,
sést svo aftur á aldnanna brúnum,
þar er sé ég sverðfiskinn,
hnúðurbak, hrosshvelið hart við stökkulinn glíma,
þar er flögur-flokkurinn
ferðast rjettum á vegi og tíma:
Þú ert mikill, hrópa eg hátt
hafsins guð! ég sé þinn mátt;
sjór og hvað þar inni er
órækt vitni um guðdóm þinn ber.

Líti eg liljum skrýdda jörð,
skoði ég skóg og strönd, skoði eg dali og fjöllin;
skoði eg bugðu-breyttan fjörð,
breiðar elfur og vatnsbunu-föllin,
skoði eg skepnufjöld ótal,
allt frá þeim ormi, sem undir duftinu skríður,

yfir féð í fögrum dal
fjær til himins þar beinfleyg örn líður:
Þú ert mikill, hrópa eg hátt
heimsins guð! ég sé þinn mátt;
lofið, himnar, haf og jörð,
hann, hvers mætti þið af eruð gjörð!

---

## Í KIRKJUGARÐINUM.

ÚR „ALADDIN".

EFTIR ADAM OEHLENSCHLÄGER.

Bíum, bíum,
barnið góða!
sofðu nú sætt
og sofðu lengi,
þó að höll
og hægindislaus
og grafkyr
í grundar skauti
vagga þín standi;
vertu í ró.

Heyrirðu stynja
storminn úti
yfir mínum
missi þunga,
og átfreka
yrmlinga-fjöld
furu-kistu
kroppa þína?

Nú kemur inn hljóðfagri
næturgali.

Verð ég að víkja
vöggu þinni frá;
kalt er að búa
við brjóst þitt, móðir,
og ég á mér
ekkert hæli
aftur að verma
inni mig.

Bíum, bíum,
barnið góða!
sofðu nú sætt
og sofðu lengi,
þó að höll
og hægindislaus
og grafkyr
í grundar skauti
vagga þín standi;
vertu í ró.

---

## KVÆÐI EFTIR SCHILLER.

### I.

DAGRÚNAR-HARMUR.
(Die Kindesmörderin).

Heyri eg kirkju
klukkur dimm-gjalla;
vísir er runninn
vegu sína alla.
Sé það svo, — sé það
svo í guðs nafni!
Líkmenn! leiðið mig
á legstað aftöku.

Heyrirðu mjúkan
munaðarklið?
Var það áður,
er þú vaggaðir mér;
nú skal ég, veslingur!
vagga þér aftur.

Hresstu huga þinn
hans við söng;
allt skal eg þér
til yndis velja;
heyrirðu dimma
við dauðans hlið,
barn mitt, hringja
bjöllu þína?

Sé ei hjarta þitt
hart sem steinn,
sjáðu, móðir,
mína iðju:
ég skal af grátviðar
grein þessari
hljóðpípu smíða
handa þér.

Hresstu hug þinn
við hennar róm,
er hún einmana
úti kvakar
eins og vindur
á vetrarnótt
villur vakandi
í votum greinum.

Kyssi eg þig hinstum
kossi skilnaðar,
veröld! ó veröld!
væti eg þig tárum.
Sætt var eitur þitt,
er það nú goldið,
eiturbyrla
ungra hjartna!

Kveð eg yður, geislar
guðs sólar!
flý eg yður frá
í faðm dimmrar móður;
kveð eg þig, blómævi
blíðra ásta,
mey sem margblindar
munaðs töfrum.

Kveð eg yður drauma,
dregna gullstöfum,
himinbörn fögur,
hugarburði smáa,
dána blómknappa
í dagsljósi skæru,
aldrei um eilífð
aftur að gróa.

Sat eg fyr hvítbúin
sakleysis klæði,
rauðum reifuðu
rósa böndum:
brostu í ljósu
lokka safni
fögur blóm;
þá voru friðar-dagar.

Hræðilegt, hræðilegt!
helvítis fórn
situr enn í hvítu
sakleysis-klæði;
en í hinna rauðu
rósa stað
hrafnsvart líkband
er að höfði snúið.

Grátið mig, meyjar,
er guð veitti
sakleysis
síns að gæta,
er hin mikla
móðir léði
afl til að kefja
ólgu veiks hjarta.

Mannlega hrærðist
hjarta mitt áður;
nú skal mér blíða þess
banasverð vera.
Fláráðum manni
í faðm eg hneig;
dó þar Dagrúnar
dyggð í tómi.

Nú er eg úr höggorms
hjarta slitin,
þess, er aðra
ástum glepur;
veit eg hann brosir
og veigar kýs.
meðan eg geng
til grafar minnar.

Leikur hann að lokkum
ljósrar meyjar
kjassmáll og kyssir
og kossa þiggur,
meðan að bunar
blóð mitt unga
á hörðum höggstokki
hálsbenjum úr.

Friðþjófur fagri!
Á fjarlægri strönd
duni þér Dagrúnar
dauða hljómur,
gjalli ógnefldar
um eyru þér
söngdimmar bjöllur
úr sálarhliði, —

svo, er af mjúkum
meyjar vörum
ástar orð
þér unað færa,
særi hann harðri
helvítis und
yndis blóm ykkar,
svo þau öll hjaðni.

Hrærir þig að engu
harmur Dagrúnar —
svívirt meyja,
svikarinn vondi?
— barn okkar beggja?
eg bar það undir hjarta, —
allt, sem vargs vanga
væta mætti tárum?

Siglir hann, siglir, —
svífur skip frá landi,
grátþrotin augu
grimmum manni fylgja;
fláráður heilsar
á fjarlægri strönd
heitmey nýrri.
Svo er hjörtum skift.

Barnunginn blíði
bjó á móður skauti
ástfalinn ungri
algleymis-værð;
brostu björt augu
bláfögur móti
móður augum
morgunrósar.

Og ástfagur
allur svipur
auma margminnti
á mynd hins horfna;
varpar hann í brjóst
vesalli móður
ástar óviti
og örvæntingar.

„Hermdu mér, kona!
hver er faðir minn?“
svo spyr hin þögla
þrumurödd ómálgans.
„Hermdu mér, kona!
hver er maður þinn?“
Hló við helvíti
í hjarta mínu.

„Skelfing! ó skelfing!
skal til háðungar
föðurlaus sonur
að föður spyrja?
Bölva muntu
þínum burðardegi,
saurlífis sonur! —
ó svívirðu-nafn!

Brennur mér í hjarta
helvítis glóð,
einmana móður
í alheimi víðum;
sit eg síþyrst
að sælu-brunni,
er eg aldrei má
augum líta.

Æ! því eg blygðast
barn mitt að sjá;
rifjar upp rödd þín
raunir allar mínar,
barn! og úr blíðu
brosi þínu
hel-örvar harðar
á hjarta mínu standa.

Helvítis kvöl
er mér hann að þrá;
vítiskvöl verri
verða þig að skoða;
vondir eru kossar
vara þinna,
hans er af vörum
mér að hjarta streymdu.

Eiðar hans allir
í eyrum mjer hljóma, —
meineiðar allir
margfaldlega,
— allir um eilífð!“ —
Andskotinn þá
þreif mér þjófs-hönd lífs,
að þjakaði eg syni.

„Friðþjófur! Friðþjófur!
á fjarlægri strönd
elti þig vofan
hin ógurlega,
hrífi þig hvarvetna
helköldum greipum,
svifti þér sárlega
úr sælum draumi!

Stari þér í augu
úr stjörnu skínandi
helbrostið auga
hnigins sonar!
elti þig ógnmargt
um alheim víðan,
hneppi þig burtu
frá himindyrum!“

Sjáið og skiljið!
sonur mér að fótum
dauðsærður lá
og dreyra roðinn;
sá eg blóð blæða; —
blæddi þá ei minnur
fjör úr æðum
fáráðrar móður.

Harðlega knúðu
hurðir mínar
dólgar dýflissu;
dimmt var mér í hjarta;
flýtti eg mér fegin
í faðm dauða
sálar-bruna
sáran að slökkva.

Friðþjófur fagri!
faðirinn góði,
mildur miskunnar,
mannkindum vægir;
bið eg þann föður
þér fyrirgefa,
syndum særð,
sem eg sjálf það vil.

Gefa vil eg jörðu
grát minn og harm,
hefnd mína alla
og hjarta-þunga.
Nú hefi eg ljósan
loga kyntan,
fórn að færa
sem eg fremsta má.

Vel er og vel er!
vafin eru loga
bréf hans, og eiðar
eldi gefnir;
hátt loga kossar
heitir og sætir!
Hvað var mér á foldu
forðum kærra!

Trúið þér ei yðar
æsku-blóma, —
aldregi, systur!
eiðum manna.
Fegurð varð að falli
farsæld minni;
bölva verð eg henni
á blóðstöð aftöku.

Hvort er þér nú, böðull!
hungur í augum?
Bregðið mér bráðlega
bandi fyrir sjónir.
Hikarðu, böðull!
blómknapp að slá?
náfölur böðull!
neyttu karlmennsku.

## II.

### MEYJAR-GRÁTUR.

(Der Eichwald brauset).

Dunar í trjálundi, dimm þjóta ský; —
döpur situr smámeyja hvamminum í;
bylgjurnar skella svo ótt, svo ótt; —
öndinni varpar á koldimmri nótt
brjóstið af grát-ekka bifað.

„Heimur er tómur og hjartað er dautt,
helstirðnað brjóstið og löngunarsnautt.
Heilaga! kalla mig héðan í frá,
hef eg þess notið, sem jarðlífið á;
því eg hefi elskað og lifað“. —

„Tárin að ónýtu falla á fold,
fá hann ei vakið, er sefur í mold;
segðu, hvað hjartanu huggunar fær,
horfinnar ástar er söknuður slær, —
guðsmóðir vill þér það veita“.

„Tárin að ónýtu falli á fold,
fái hann ei vakið, er sefur í mold;
mjúkasta hjartanu huggunin er,
horfinnar ástar er söknuður sker,
á harminum hjartað að þreyta“.

## III.

### ALHEIMS-VÍÐÁTTAN.

(Hugmyndin er eftir Schiller).

Eg er sá geisli,
er guðs hönd skapanda
fyr úr ginnunga
gapi stökkti;
flýg eg á vinda
vængjum yfir
háar leiðir
himinljósa.

Flýta vil eg ferðum, —
fara vil eg þangað,
öldur sem alheims
á eiði brotna,
akkeri varpa
fyrir auðri strönd
að hinum mikla
merkisteini
skapaðra hluta
við skaut alhimins.

Sá eg í ungum
æsku blóma
stjörnur úr himin-
straumum rísa,
þúsund alda
að þreyta skeið
heiðfagran gegnum
himinbláma.

Sá eg þær blika
á baki mér,
er eg til heima
hafnar þreytti;
ókyrt auga
sást allt um kring. —
stóð eg þá í geimi
stjörnulausum.

Flýta vil eg ferðum, —
fara vil eg þangað,
e k k e r t sem ríkir
og ó s k a p n a ð u r;
leið vil eg þreyta
ljóss vængjum á,
hraustum huga
til hafnar stýra.

Gránar í geimi, —
geisa eg um himin
þoku þungaðan
þjótandi fram;
dunar mér á baki
dökknaðra sólna
flug-niður allra,
sem fossa deyjandi.

Kemur þá óðfluga
um auðan veg
mér í móti
mynd farandi:
„Bíddu, flugmóður
ferðamaður!
Heyrðu! hermdu mér, —
hvert á að leita?“

„Vegur minn liggur
til veralda þinna;
flug vil eg þreyta
á fjarlæga strönd,
að hinum mikla
merkisteini
skapaðra hluta
við skaut alhimins“.

„Hættu! hættu!
Um himingeima
ónýtisferð
þú áfram heldur;
vittu, að fyrir
framan þig er
ómælis-undur
og endaleysa“.

„Hættu! hættu!
Þú, sem hér kemur,
ónýtisferð
þú áfram heldur;
belja mér á baki
bláir straumar,
eilífðar ógrynni
og endaleysa.

Arnfleygur hugur!
hættu nú sveimi;
sárþreytta vængi
síga láttu niður;
skáldhraður skipstjóri,
sköpunar-magn!
fleini farmóður
flýttu hér úr stafni“.

---

## KVÆÐI EFTIR JOSEPH ADDISON.

Festingin víða, hrein og há,
og himinbjörtu skýin blá,
og logandi hvelfing, ljósum skírð,
þið lofið skaparans miklu dýrð.
Og þrautgóða sól, er dag frá degi
drottins talar um máttar-vegi,
ávalt birtir þú öll um lönd
almættis-verk úr styrkri hönd.

Kvölda-dimman er kefur storð,
kveða fer máni furðanleg orð
um fæðingar-atburð, heldur hljótt,
hlustandi jarðar á þögulli nótt;
og allar stjörnur, er uppi loga
alskipaðan um himinboga,
dýrðleg sannindi herma hátt
um himinskauta veldið blátt.

Og þótt um helga þagnar-leið
þreyti vor jörð hið dimma skeið,
og öngva rödd og ekkert hljóð
uppheima-ljósin sendi þjóð,

skynsemi vorrar eyrum undir
allar hljómar um næturstundir
lofsöngur þeirra, ljóminn hreinn:
„Lifandi drottinn skóp oss einn!“

---

ÚR LEIKRITINU

## CARL DEN FEMTES DØD.

EFTIR CARSTEN HAUCH.

---

5. þáttur.

Snemma morguns, í birtingu, úti, nálægt Klöru-klaustri í Valladolid.

Gonzales. Alonzo.

*Alonzo:* Hver er þar?
*Gonzales:* Einn, sem
þig engu varðar!
*Alonzo:* Gonzales, heyri eg,
mér gegnir nú.
*Gonzales:* Hann að vísu.
En hver ert þú?
*Alonzo:* Vinur keisarans.
*Gonzales:* Vitum hann dauðan.
*Alonzo:* Svo er það sagt
og sízt að dylja,
hentleg að heimför
hans er orðin.
*Gonzales:* Ert þú hér kominn
Alonzo?
*Alonzo:* Heyrðu! —
*Gonzales:* Nú grær grund
yfir gröf vors herra.
*Alonzo:* Heyrðu, Gonzales,
hún er mér sögð

ekki auðfundin
undir moldu.
*Gonzales:* Ég við skiljumst.
*Alonzo:* Ég held það með.
*Gonzales:* Ætlan okkar
er upp að vekja
grafbúa dauðan,
get eg að sé?
*Alonzo:* Það er og mest
mér í skapi.
*Gonzales:* Full hef eg fimm hundruð
fylgdarmanna,
einbeitt lið
allt að reyna.
*Alonzo:* Þei, þei, einhver
er hér á slóðum.
Gætum vor, Gonzales,
göngum úr vegi.

(Þeir skýla sér bakvið klausturmúrinn).

Filippus. Carranza erkibiskup.

*Carranza:* Herra konungur!
Hvort má nú dirfast
eg að trúa
augum mínum?
Svo er mér hugtítt
um heilsu yðra,
að eg í auðmýkt
andsvars að leita,
dýrstur einvaldur,
dirfast hlýt:
Hvað hefir úr húsum
höfðingjann þjóða,
aldrei sem áður
var einn á ferð, —
hvað hefir úr húsum

höfðingjann góða
langt of leitt
lífvarða sinna
dökkum alfalinn
dularklæðum,
kallað út svo,
að koldimmri nótt
og flærða-fullri
sér fyrir trúir?
Virðist, ó virðist
hinn vegsamlegi
satt mér að segja
það er sízt eg skil.

---

## SMÁKVÆÐI EFTIR HEINE.

### I.

Ómur alfagur,
ómur vonglaður,
vorómur vinhlýr
vekur mér sálu;
ljóðið mitt litla,
léttur vorgróði!
lyftu þér, leiktu þér
langt út um sveit.

Hljóma þar að húsum,
er heiðfögur
blómin í breiðri
brekku gróa;
lítirðu ljósasta
laukinn þar,

berðu, kært kvæði!
kveðju mína.

II.

Berst mér þá hjarta,
hugur er á reiki,
þá er mál munni
mínum horfið,
bláeyg, bjarteyg,
brosfögur mær,
inndæl, ástúðleg
er á mig lítur.

Augun þín blá
fyrir augum mér
sædjúp og hrein
sí og æ standa;
bláöldur blíðastar
blárra drauma
hjartað mitt ungt
yfir haf bera.

III.

ÁLFAREIÐIN.

Stóð ég úti í tunglsljósi, stóð ég út-við skóg; —
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg;
blésu þeir á sönglúðra og bar þá að mér fljótt
og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund, —
hornin jóa gullroðnu blika við lund, —
eins og þegar álftir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiði með fjaðraþyt og söng.

Heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin, sem kallar að mér?

## IV.
### NÆTURKYRÐ.

Ganga gullfætt
um götur bláar
og læðast léttfætt
ljósin uppsala;
varast smástjörnur
að vekja sofandi
foldina fögru
faðmi nætur í.

Hlustar hinn dimmi
Dalaskógur,
öll eru lauf hans
eyru grænlituð;
sefur nú Selfjall
og svarta teygir
skuggafingur
af Skeiðum fram.

Hvað er það er eg heyri? —
Hljómur ástfagur
og blíðmælt bergmál
í brjósti mínu.
Eru það orð
unnustu minnar
eður sælla
söngfugla kvak?

## V.

STRANDSETAN.

Hvítur í lofti ljúfu
líður í næturblæ
már yfir myrku djúpi;
máninn er hátt yfir sæ.

Hákarl úr hafi lítur
og horfir upp að bæ;
már yfir miði grúfir;
máninn er hátt yfir sæ.

Sálin mín *h*vikula, kæra!
þú kvíðir sí og æ;
mundar-nær mari þú situr;
máninn er hátt yfir sæ.

## VI.

MÁRINN FORVITNI.

Márinn, hann vita vildi, hvað
af vörum fögrum streymir þér,
þig er hann sér á þessum stað
þrýsta þeim fast á eyra mér.

Márinn flögrar við fjöruborð,
forvitinn spyr hið ljósa kvöld:
„Mundu það vera eintóm orð,
eða brennandi kossafjöld?“

Sízt veit nú, kæra, sálin mín,
hvað svo mér friðar hug og geð;
orðin kossunum eru þín
svo undarlega vafin með.

VII.

Hispursmey stóð við ströndu
og stundi þungt og hátt;
því sólin var að setjast
við svala vesturátt.

Hispursmey, verið hressar!
hér á ég góð kann skil:
röðullinn rennur frammi
og rís hér baka til.

VIII.

Fegin í fangi mínu
felur þú augun þín;
þinn er ég himinn og þú ert
þekkasta stjarnan mín.

Djúpt undir okkur iðar
ósnotur manna her,
aggast og æðir og blótar
og allt hefir rétt fyrir sér.

Í fíflúlpum þeir flaksast
og finnast, og allt í einu
hlaupast á eins og hrútar,
svo höfuðin verða ekki að neinu.

Sæl erum við í sóla-
-sali þeim látum fjær;
þú hylur í himni þínum
höfuð þitt, stjarnan mín kær!

## IX.
VORVÍSUR.

Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn;
allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.

Kveður í runni, kvakar í mó
kvikur þrasta-söngur;
eins mig fýsir allt af þó
aftur að fara í göngur.

## X.

Lán, er vilt ei láta mér,
leikinn vil eg skakka þér; —
gríp eg þig með hörðum höndum,
hertek þig og reyri böndum.

Fella skal eg ok þig á,
erja og sveitast skaltu þá;
loks úr mæddri mundu fellur
mækir þér, — en und mér svellur.

Blóðrás döpur mæðir mig,
mitt á köldum banastig
hlýtur að slokkna lífið ljósa;
læzt eg í því eg sigri hrósa.

## XI.
Kveðið í útlegð.

Hlegið var og sungið, —
úr heiði skein,

lék að ljósgeislum
á legi sunna;
bárur fluttu bát
borða milli
vonglöðum varinn
vinum mínum.

Brotnaði bátur
í bermola; —
var lítt lagið
lagsmönnum sund; —
fórust þeir farvana
á fósturjörðu.
Sveif mig úr svaki
að Seinar-strönd.

Nú er eg stiginn
á nýja súð
öðrum með ýtum;
öldur mig bera
ókunnar allar
aftur og fram;
harla fjær heimkynni
að hjarta þröngir.

Hlæjum enn og syngjum
og á haf leitum!
Belja brimhviður,
brakar í kili;
slokknar á himni
stjarnan seinasta;
þröngir að hjarta
heimkynni fjær.

## XII.

STRIT.
(Brot úr kvæði).

Sól rís sæl
úr svölum straumum
austurdjúps,
að eyða dimmu;
leiðinda langverk
á ljósgjafi:
heimskan hnött
úr húmi að slíta.

Er þú glöðum
geislum hefir
hálfan heim
himni unnið
og skundar skært
skin margauka,
æ og sí austræn
þig eltir nótt.

Stritar við stein
sterkur Sisýfus,
dætra Danausar
drýpur æ úr keri,
svo veltir sífelt
sér úr ljóma
sjálfri fold
í sorta nætur.

## XIII.

SÆUNN HAFKONA.

Þokan yfir vík og vogi
votu fangi þögul grúfir,

gnauðar fyrir svölum sandi
sjór, en þegja vindar ljúfir.

Báran smáa strýkur steini
(steinn er fyrir þangi bleikur)
eins og sér á köldum karli
konan ung að hári leikur.

Hvað er á vogi? Hafmey fögur!
Hratt hún fer og snýr að landi,
leika fyrir björtu brjósti
bárur ungar síkvikandi.

*Skáldið:*
Hafmey fögur! Hvaða, hvaða!
hárið bleikt af salti drýpur;
vel skal strjúka vota lokka
vinur þinn, sem hjá þér krýpur.

*Sæunn:*
Djúpt á mjúkum mararbotni
marbendlar mér reistu höllu;
hingað svam eg hafs um leiðir,
hárið er því vott með öllu.

*Skáldið:*
Hafmey fögur! Hvaða, hvaða!
hönd og fótur, — aldrei slíka
sá eg mynd í sólarheimi;
sinn þau eiga hvergi líka.

*Sæunn:*
Ein er gyðjan öllum fremri,
áður löngu úr hafi gengin,

fljóða prýði, fíra gleði,
fegri mér, og síðan engin.

*Skáldið:*

Hafmey fögur! Hvaða, hvaða!
háls og brjóst að þúsundföldu
álitlegri eru og skærri
en Albert hjó úr steinum völdu.

*Sæunn:*

Ástarguð við brjóst mér beygði
boga sinn í fyrri daga,
fyrirmynd því fann hann enga
fegri; — það er gömul saga.

*Skáldið:*

Hafmey fögur! *H*vaða, *h*vaða!
köld ert þú sem mjöll á ísi;
enginn roði kviknar á kinnum,
kærum yl þótt augun lýsi.

*Sæunn:*

Bý ég undir kristalls-krossi,
kaldri skemmu straumar svala;
bleikar eru báru dætur,
blóðið er rautt í þernum dala.

*Skáldið:*

Hafmey fögur! Hvaða, hvaða!
hjartað slær og berst af mæði;
hallaðu að mér höfði þínu,
hvíldu þig svo og þiggðu næði.

*Sæunn:*
Hjartað berst og hjartað titrar,
hjartað slær og berst af mæði;
því eg ann þér miklu meira,
mannsmynd kær, en um eg ræði.

---

## ILLUR LÆKUR!

Kveðið eftir þjóðkunnu, spánsku kvæði.

---

Lækur rennur í lautu,
liggur og til þín sér:
Allt af eftirleiðis
eg skal gá að mér.

Nú fór illa, móðir mín!
mér var það samt ekki að kenna;
sástu litla lækinn renna
græna laut að gamni sín,
breikka þar sem brekkan dvín,
bulla þar og hossa sér?
Vertu óhrædd, eftirleiðis
eg skal gá að mér.

Lækur gott í lautu á,
leikur undir sólar-brekkum,
faðmar hann á ferli þekkum
fjóla gul og rauð og blá;
einni þeirra eg vil ná
og svo skvettir hann á mig.
Illur lækur! eftirleiðis
eg skal muna þig.

Klukkan mín svo hvít og hrein,
hún er nú öll vot að neðan;

hefðirðu þá heyrt og séð 'ann,
hvernig ertnin úr honum skein;
ég hef orðið ögn of sein,
og svo skvetti hann á mig.
Illur lækur! eftirleiðis
eg skal muna þig.

Lækur fer um lautardrag, —
leikur sér að væta meyna,
þegar hún stígur þar á steina;
það er fallegt háttalag!
Ég fer ekkert út í dag,
uni, móðir góð! hjá þér.
Vertu óhrædd, eftirleiðis
eg skal gá að mér.

---

## ÉG VIL KYSSA!

EFTIR ADELBERT von CHAMISSO.

Ljúfi! gef mér lítinn koss,
lítinn koss af munni þínum!
Vel eg mér hið vænsta hnoss, —
vinur! gef mér lítinn koss!
Ber eg handa báðum oss
blíða gjöf á vörum mínum.
Ljúfi! gef mér lítinn koss,
lítinn koss af munni þínum!

Leikur kossa lipur er,
lætur þeim, er á kann halda,
listin sú ei leiðist mér,
leikur kossa fimur er,

einatt reyni eg það hjá þér, —
þiggja, taka, endurgjalda.
Leikur kossa lipur er,
lætur þeim, er á kann halda.

Vinur! gef mér enn þá einn
ástarkoss af ríkum vörum!
— einn fyrir hundrað, ungur sveinn!
einn fyrir þúsund, — réttan einn!
Einn enn! þú ert ofur seinn,
eg er betur greið í svörum.
Vinur! gef mér enn þá einn
ástarkoss af ríkum vörum!

Rétt sem örskot tæpur telst
tíminn mér við kossa þína;
tíminn, sem ég treindi helzt,
tæplega meir en örskot dvelst;
sárt er að skilja, gráti gelzt
gleðin, — þiggðu kossa mína!
Rétt sem örskot tæpur telst
tíminn mér við kossa þína.

Kossi föstum kveð ég þig,
kyssi heitt mitt eftirlæti,
fæ mér nesti fram á stig, —
fyrst ég verð að kveðja þig.
Vertu sæll! og mundu mig,
minn í allri hryggð og kæti!
Kossi föstum kveð ég þig,
kyssi fast mitt eftirlæti.

## NIHILISMI.

Brot eftir Ludwig And. Feuerbach.*)

Ó mikli guð!
ó megn hörmunga!
ekkert að ending,
eilífur dauði;
sálin mín blíða
berðu hraustlega,
sárt þótt sýnist,
sanninda ok.

Eilífð á undan
og eftir söm, —
orðinn að engu
og ósjölfur!
Það getur þér augu
þvegið hrein,
ljós veitt og lá
og litu góða.

Ljós er alls upphaf,
ekkert er bjart,
ljóstær er þeirra
lífs uppspretta;
upphaf er ekkert,
ekkert er nótt,
því brennur nótt
í björtum ljóma.

*) Gedanken ueber Tod und Unsterblichkeit. Aus den Papieren eines Denkers.

## UPPHAFIÐ AF „ABELS DØD“.

EFTIR FR. PALUDAN-MÜLLER.

Uppi stóð Kain
og á hlýddi
grama guðs dóma,
glataður, rekinn,
útskúfaður einn
öllum í heimi.
Skalf hann og skarst hann
og skyggndist um,
og á frám fótum
flótta sinn hóf.

En á græna
grundar hvílu
bleikur bróðir
var í blóð hniginn;
Abel að annast
ástúðleg kom
móðir manns sona
mjúkhent sjúkan.

Álengdar hún sá,
að upp lyfti
hjartkærum syni
hennar í móti
heiftar hendi
hárri bróðir;
að kom þar Eva,
er hann öndu sleit.

Farið er fjörvi; —
fagur titrar,

ungur ástarson
andar þungan;
rennur rautt blóð
úr rofnum vanga,
lokki ljósgulum
lit festir á.

---

## ARNGERÐAR-LJÓÐ.

EFTIR P. L. MÖLLER.

### I.

Fædd er eg þar sem fjallatindur
fólgið ylgott hreiður ber,
skjótt inn hvassi hvirfilvindur
hossaði mér í fangi sér;
breiðir og greiðir vængir verða,
væn úr hreiðri móðir sá
mig að fara minna ferða
megni vinda ósamgerða
hátt yfir ský að heiði blá.

Dunaði loft um dökkar fjaðrir,
dimmum stormi fló eg gegn,
sólin há, og engir aðrir,
augna minna glæddi megn;
þekkti eg hættu ei né ótta,
æ á flugi glöð og hlý,
lítið hremmdi eg lamb á flótta,
lyfti því upp til sólar-gnótta,
drakk þar barka-blóð úr því.

Einhvern daginn ofan fló eg
ilskuramma jörð að sjá;

eldur og hvellur — og svo dó eg,
allt varð dimmt, eg féll í dá;
lík hef eg verið lágt á jörðu,
legið í rauðu blóði þar;
vaknaði svo til harma hörðu,
hjarta mitt er sundur mörðu.
Hví dó eg ei til eilíðar?

Vaknaði eg í hörmum hörðum;
heil var sál, en megni stytt;
hnjúkur minn með hamragörðum!
hvar eru skýin, yndið mitt?
hvert er horfin gleði geima,
góði fjaðurhamurinn?
Eg, er svam um sólarheima,
sit nú, orðin stúlkufeima,
eins og gimbur grannvaxin.

Hrynur mér af höfði niður
hárið sítt og mjúkt og ljóst,
varla þolir veðrahviður
varið líni meyjarbrjóst;
fyrir háan himinboga
hef ég fengið bæ og fjós,
fyrir bláa bergið troga-
-búr, og dapran hlóðaloga
fyrir skærust skrugguljós.

II.

Ó, að þeir fjötrar aftur brystu!
Ó, eg lifði þá sælutíð,
að mig vindarnir aftur hristu
eldinga gegnum dyn og stríð!
Ó, að flugvana fjaðrir spryttu

fram um mjallhvíta öxl og háls!
Ó, að vindar mig aftur flyttu
upp yfir höfði glaðrar skyttu,
skundaði ég um skýin — frjáls!

Ónýtis til mín löngun leitar
ljósu heimkynni mínu ná,
vart yfir mínar varir heitar
veldur hún sér í skýin há,
flugsterka vængi fyrir, greiða,
fékk eg handleggi mjúka, smá,
sem megna eg ekki móti breiða
manni kærum og sælan neyða
mínum að brenna munni á.

Frjálsa lofthafið, föðurbólið,
fríðan og breiðan himingeim,
mist hefi ég og móðurhólið;
mannkinda hrakin niður í heim
hlýt eg að sitja í svartri treyju
saman við smá og huglaus börn
og kúra hér á kaldri eyju,
kalla mig allir fagra meyju
og vita ekki, að eg er örn.

# A DÖNSKU.

## DEN 19DE JUNI 1829

(da det regnede).

Hvi saa mørk, o Himmel, hvorfor græde? —
Hoppe gaar dog ikke straks i Dag. —
Klar din Bue! Kom, o Vind, med Glæde,
kom at vifte gennemblødte Flag.
Maa du end din Æt, din Hoppe, savne,
ikke derfor svandt, o Land, dit Haab!
Han, som kom, han ved og vil os gavne.
Vi modtage ham med Fryderaab.

Gammel Ø, med isbesatte Kroner,
Ingolvs kolde, bølgeskyldte Strand,
fjernet langt fra hine hede Zoner,
hilser da sin nye Stiftamtmand.
Dig, o Krieger, dig os Kongen giver;
du os lette Hoppes tunge Savn;
vær os Kriger, værn om os med Iver,
og vi skal nævne en Klippe ved dit Navn.

---

## VED EN FEST I REIKEVIG

I ANLEDNING AF PRINS FERDINANDS FORMÆLING.

Ensom, halvset af Himlens Sol,
højt under Nordens kolde Pol

Bjergøen frem af Bølgen rager,
den barske Storm i Fjældet knager
fra kolden Pol.

Ned fra knejsende Klipperad,
hvor Kæmper ofte i Natten sad,
tordnende Elv saa traurigt bruser,
og tungt genstønne vilde Sluser
et Oldtids Kvad.

Og tit en Aand ved ukendt Navn,
som ensomt vogter Fødestavn,
set gennem Taagesvøb, begræder
den svundne Styrke, glemte Hæder,
det faldne Navn.

Men tit der ruller Tordenbrag,
der truer alt med sidste Slag;
en himmelsk Lue højt sig tænder,
se Haabets Ild paa Fjældet brænder, —
en Højtidsdag!

Se, Glædens Lys fra Strand til Strand
straaler over det elskte Land.
Saa kær er nu de Klippers Susen,
saa klar er dine Elvers Brusen,
vort elskte Land.

Og højt i alle ædles Bryst
i Øens Dal. paa Fjæld og Kyst
staa Hjerter fulde af Fryd og Ære
for Frederik den ejekære,
de danskes Lyst.

Ren er den Fryd, som Strand fra Strand
nu straaler over elsket Land!
Alle for Folkets Fader bede,
for Frederiks Datter, Landets Glæde,
for Ferdinand.

Ja, Himmel, du har hørt vor Bøn!
Himlen velsigner Christians Søn;
giv Kongehuset glade Dage,
giv Danmark alt sit Ros tilbage
til Retfærds Løn.

---

## JULESANG FOR BØRN

ved Bal 1829.

Festlige, favre Dage,
saa fulde af Munterhed
I svandt! I svandt saa fage
og sank i Vesten ned!
Nu stimle op af østlige Vover
alle Stjerner smaa;
de vil mens Dagen sover
danse paa Himlens Blaa.

Men Julens stille Stjerne
den staar i delte Sky
og smiler fra det fjerne
henover Land og By;
langt udi Østerlande
den søger paa Bjerg og Skov
og vil over Hytten stande
hvor Julebarnet sov.

Smil ned, du Nattens Lue,
smil ned til dunkle Jord
fra Himlens høje Bue,
hvor Herren oppe bor,
hvor snehvide Englebørn danse
paa Maanens gyldne Rand
og række Stjernekranse
til Jordens frelste Mand.

Blandt dem skal alle komme,
som elsked Far og Mor,
var glade, gode, fromme
og gavned her paa Jord.
Der faar de paa Sølv-vinger svæve
i Solens Flammeskær
og danse, og lege og leve
hos Lysets Fader kær.

Du skønne, skyldfrie Glæde,
som skænktes Jordens Søn,
lad ingen, — ingen græde,
lad ingen sørge i Løn!
Luk trættes Øjenlaage,
o, lad dem slumre i Fred. —
Men vi skal danse og vaage;
værn om vor Munterhed!

*Pigerne:*
Vi gaa mod Glædens Alder
ved gode Mødres Haand.

*Drengene:*
Did hvor hen Kærlighed kalder
og knytter Rosenbaand.

*Pigerne:*
Se, Uskylds-englen smiler;
vi ane vor Fremtids Glans. —

*Drengene:*
O, kommer, kommer, iler! —
vi klappe op til Dans.

---

## IMPROMTU PAA. BAL.

Vil du bytte Himlens Hal,
hvor de Stjerner ile,
med vort raske, muntre Bal,
hvor de skønne smile?
Himlen har vel smukke Ting, —
men Jorden har ej færre.
Tag kun Glasset, kom og kling,
tak saa glad din Herre. —

---

## SERENADE.

Skønne Pige,
hulde, elskelige,
tør jeg bringe dig en lille Sang?
Tør jeg røre
Strengen for dit Øre,
vil du gerne lytte til dens Klang?

Vil du lytte? —
Klage uden Nytte
skal ej sitre gennem Harpens Guld.

Hjertet bæver
vel, men Sangen hæver
sig fra rørte Hjerte, ren og fuld.

Rørte Hjerte,
med din søde Smerte,
med din bange Fryd, — o Hjerte, sig,
tør du tale? —
Tør du dristigt male
hendes Billed, som er alt for mig?

Hendes Billed, —
o, den Dag, som stilled
dette himmelskønne Ideal
for mit Øje —.
Engel fra det høje,
vandrer du i Jordens mørke Dal?

Skønne, blide!
Vaarens Liljer hvide,
Sommerrosen kan ej ligne dig;
smal i Midje,
rank som Skovens Vidje
svæver du ad Markens Blomstersti.

Som dit Øje
Stjernen i det høje
smiler ikke blidt i natlig Dans.
Lasten bæver,
naar du Blikket hæver,
Sorgen flygter for dets muntre Glans.

Glans, sem blænder, —
Jomfrukinden brænder.
Blide Toner hæve kyske Bryst; —

søde Stemme,
lad, o lad mig glemme
al min Smerte, aande salig Lyst. —

Hulde Engel!
Blomsten paa sin Stængel
ser dig venlig, bly og undselig.
Skønne, blide!
Vaarens Liljer hvide,
Sommerrosen kan ej ligne dig.

---

Strengen bæver —.
Hvi mon Sukke hæver
saa mit Bryst ved Harpens sidste Klang?
Skønne Pige!
Hulde! Elskelige!
Har du gerne lyttet til min Sang? —

---

## DEN 26DE MARTII 1831.

Vi her Anledning ser til Glæde
ved Mindet om en Fødselsfest. —
O, Munterhed, kom, tag du Sæde
og vær en ret velkommen Gæst.
Vor Stemme højt maa høres naar
vi nævner U l s t r u p fylder Aar.

I dig, o Ulstrup, har vi fundet
en ædel Ven, paa Glæder rig;
du Venskabs Baand med os har bundet
og elskes af os inderlig.
Oprigtighed i Ordet bor;
bliv længe her hos os i Nord.

O, kære Ulstrup, vi udraabe,
dig møde mange glade Aar;
vi ønske, som vi ogsaa haabe,
du Livets Bane heldig gaar.
Lad Lykke, Munterhed og Fred
omslynge hvert af dine Fjed.

Ved Glassets Klang vor Tone lyder,
vi nævner end vor Ulstrups Navn.
Vist Venskab jo os alle byder
at yde Bidrag til dit Gavn.
Thi tømme vi ved bredfuldt Maal
vor Ven, den kære Ulstrups, Skaal!

---

## SOLHVERV

DEN 21. DECEMBER 1831.

Frøken Wilhelmine Kriegers Fødselsdag.

---

Dagens Herre, stolt og skøn,
var mod Syden dragen,
Flora sørged dybt i Løn,
tavs og mørk svandt Dagen;
Lunden fryded ingen Sang, —
liden Fugl i Dvale; —
Natten ruged kold og lang
over Herthas Dale. —

Se, da stod en Blomst saa blid
mellem Danas Høje;
Rosen rød og Liljen hvid
maa sig for den bøje. —
Stille smiled liden Stund
Dagens stolte Herre,

styred saa mod Herthas Lund
paa den gyldne Kærre.

Siden er den elskte Sol,
som har Børn saa mange,
draget hen mod Sydens Pol
vel en tyve Gange;
dog — hvert Aar i samme Stund,
som først Blomsten smiled,
saa den henmod Herthas Lund
og tilbage iled.

Dana-Rose, underskøn,
for din Glans at skue
stiger Lysets unge Søn
alt paa højen Bue. —
Kraft og Liv og Lys i Nord
ved dens Blik sig vise,
derfor skal den halve Jord
Dana-Blomsten prise.

Dana-Rose, hulde Mø,
skønne Wilhelmine!
Nordens vide, vilde Sø, —
uhørt Grænseline!
gamle Thules Bølgestrand
langt fra Sjølund skilled,
dog vi har vor første Mand,
har dit kære Billed. —

## TIL LILLE MARIE MAACK.

3. April 1840.

Husker du Vaaren i al dens Pragt,
søde Marie? Saa giv da Agt:
nu er det snart, at den kommer;
den bringer dig alle de Blomster smaa;
svulmende Knopper i Græsset staa
og vaagne til duftende Blommer.

Smaa Alfer sidde paa Blomsterblad
og vugge sig muntert i Solens Bad,
mens Stænglen mod Lyset stræber;
da kommer den liflige Foraarsvind
og køler min Piges Rosenkind
og kysser de yndige Læber.

Og du min egen Pige for sand,
din herlige Fader, den lange Mand,
højtidelig lovet det haver,
og siden det er nu en afgjort Sag,
vil jeg paa denne din Fødselsdag
bringe dig prægtige Gaver.

Saa være da dine de Blomster smaa,
som svulmende rundt paa Marken staa,
Sommerens yndige Terner;
dertil den herlige Himmelsøn,
den fulde Maane, saa underskøn,
og ti af de største Stjerner.

Gaar du om Dagen i Mark og Eng,
saa finder du redt din Blomsterseng
i Vaarens duftende Have;

gaar du i Nattens stille Fred,
saa smile dig Maane og Stjerner ned
din Digters prægtige Gave.

Lille Marie, min sødeste Skat,
— vel kunde den blinkende Stjernenat
vinke din Digter til Graven;
vil du da stedse, naar du bliver stor,
frede din venlige Blomsterflor
og glædes ved Digtergaven? —

---

## Den 28DE JUNI 1840.

Du lille Flok i fjerne Nord,
trofaste Folk blandt Sagas Fjælde!
Lad højt din Stemmes Strøm fremvælde
fortrøstningsfuld i Jubelkor!
Hist under Templets høje Bue
med Barmen fyldt af hellig Lue
din Konge knæler for sin Gud.

Kong *Christian* sværger hellig Ed
ved Altret for den evighøje,
og Tillid straaler i hans Øje,
paa Panden hviler Kraftens Fred:
*„Til Lykken jeg mit Folk vil føre.*
*Kun Sandhed ønsker jeg at høre.*
*Jeg elsker eder en og hver“.*

Kong *Christian* rækker ud sin Arm
og griber kæk det tunge Smykke. —
Hans Stjerne spaar ham Held og Lykke
og mandigt slaar hans stærke Barm. —

Nu pryder Danmarks Kongekrone
en Tinding værd den største Trone,
den vise Faders for sit Land.

Hil dig, o Drot, paa Kongestol!
Er herligt end dit gyldne Smykke,
Gud gav dig dog en bedre Lykke,
din Smertes Trøst, din Glædes Sol;
han gav dig mild den favre, blide,
den ædle Kvinde ved din Side,
din elskede *Amalia*.

O Dronning, i din Højheds Glans!
Vær hilset, milde Herskerinde!
Mer yndigt dufted ingensinde
en Blomst i Fromheds rene Krans.
Gud give dig den Fryd at smage,
ret mange skønne Fødselsdage
at leve lykkelig som nu!

---

## KONGENS MINDE

i Reikevigs Klubselskab den 28de Januar 1841.

Det var sig engang en gammel Mand,
han bar sine Aar med Ære;
„*Folkets Fader*", saa kaldtes han
og alle hans Børn var ham kære.
Den Konge mindes med Kærlighed af alle.

Ej altid han bar det Sølverhaar;
han var baaren til Riger og Lande,
med straalende Øje i Ungdoms Vaar,
med guldgule Lok om Pande.
Den Konge mindes med Kærlighed af alle.

Da jubled han selv ved sin Fødselsfest
og svinged sig lystig i Dansen,
hvad heller han tumled den vælige Hest
og drømte om Laurbærkransen.
Den Konge mindes med Kærlighed af alle.

Han blev prøvet som faa i de Alvors Aar,
naar Dagens Byrde vi møde;
da bleged Sorgen det guldgule Haar;
hans Hjerte det maatte bløde.
Den Konge mindes med Kærlighed af alle.

„Jeg kæmper for Gud og den gode Sag". —
Det Ord maa vi højlig hædre.
Thi signed Folket hans Fødselsdag. —
Nu hviler han blandt sine Fædre.
Kong Fredrik mindes med Kærlighed af alle.

Og længe vi fejre hans Fødselsstund,
mens Aarene snelt henile.
Vor Fader sover sin sidste Blund;
blid være den trættes Hvile!
Kong Fredrik mindes med Kærlighed af alle.

---

## PETER ANDREAS MAACK.

Naar Gravens Lynglimt om vor Isse blinke
og Tord'nen gaar paa Herrens Himmel frem
vi skælve, indtil Aft'nens Stjerner vinke
vort Øje højt til Lysets fjerne Hjem;
da, — Livets Ophav, du unævnelige
og albarmhjertige, vi se dit „Bliv!".

Ja, Døden er kun Aandens Himmelstige
til Evighedens rene, fulde Liv.

---

## VED EFTERRETNINGEN OM MAG. S. DREJERS DØD.

Saa glæd dig ved din Himmelblomst, o Ven,
den dunkel-dybeblaa, i Evigheden,
og fryd dig ved den Fylde, som igen
du ser af alt, der aned dig herneden,
af alt, som tænkte og som vidste du
om Livets Tragten og dets skjulte Strømme,
du Seer af den Elv, som faa kun drømme,
saa fryd dig højt ved Sandhedskilden nu.

Thi du var Sandheds Kæmpe, ung og fri
og kraftig, rask og modig som de bedste,
og var *dit eget Værk,* og dette i
dit mandig-sikre Blik jeg ofte læste.
Med al din Sjæl du søgte og du fandt
det høje, skønne, rene, guddomlige,
og svang dig Trin fra Trin paa Sandhedsstige.
Hvo tør vel sige, det er stakket Tant?

Og dog, — hvis nu i Livets lyse Hjem
dit frelste Blik mod Strømmen du ej vendte,
den Livets Strøm, som evigt iler frem,
og saa den *selv* og *dig* og den erkendte,
da, — hvorfor tale Ordet ikke ud?
(min Tro forkaster det, min Sjæl det hader),
da var ej Livets *Herre* Livets *Fader,*
da var, o Drejer, ikke Gud *vor* Gud.

Farvel, o se, vi sidde her igen
i brusten Kreds, hvor Tabet alle saarer
og mangen Taare falder for vor Ven,
skønt der er ikke megen Tid til Taarer.
Il du forud, bevinget Aand, o il,
frigjort fra Støvets Brøst og Gravens Dvale,
sku Herrens Herlighed i Frelsens Sale
og mød der engang os med venligt Smil.

---

## MATHIAS, MIN UNGE TALER —.

Mathias, min unge Taler
fra de kolde Vinterlunde,
fra de mørke Vinterbøge
Valløs Søstre gæste vilde.

Gamle Väinamöinens Frænde,
Loughis gamle Søn, ham fulgte,
til de vilde Danseheste,
drukne Folk med røde Øjne.

Postens Folk med skæve Hatte
brede Fødder, lange Hæle,
slentrede paa Ringsteds Gader
her og der med onde Fagter.

„Aldrig hentil Valløs Jomfru'r,
aldrig til de skønne Søstre
køre vi den Skalk fra Byen,
Stadens Skalk med røde Læber".

Stak da op af Kælderhalsen,
op af Hulen under Huset,

Hestetyv de lange Øren,
mælede et Ord og sagde:

„Jeg vil køre dig til Vallø,
til de skønne Klosterpiger,
til de unge Valløs Jomfru'r,
o, du Skalk med røde Læber!

Giv mig nu din brune Vadsæk
med de glatte Søndagsklæder,
med de hvide Højtidsflipper
og de blanke Nytaarsstøvler.

Gak du siden ud paa Marken,
følg med Kvæget, pas paa Stien,
sæt dig siden op paa Vognen,
unge Taler, kør til Vallø".

Gik han siden udpaa Marken,
fulgte Kvæget, løb paa Stien,
Väinamöinens Søn ham flugte,
Loughis gamle Søn fra Lunden.

Steg da hastig op af Grøften,
op af Renden nær ved Stien;
Postens Folk med skæve Hatte,
brede Fødder, lange Hæle.

Hestetyv med lange Øren
nærved Møllen skimtes kunde,
tæt ved Zampos høje Værksted
set og stedt i svarlig Vaande.

Väinamöinens gamle Frænde
saa de onde Tegn fremdrage,

saa de fjendtligstemte Magter,
højnede sin Røst og sagde:

„Stakkels unge Ven fra Staden,
Broder af min kære Broder,
hvorfor græder du min Taler,
o, du Skalk med røde Læber?“

„Aarsag har jeg nok til Taarer,
mister nu min brune Vadsæk
med de glatte Søndagsklæder,
med de hvide Højtidsflipper,
med de blanke Nytaarsstøvler
og med andre smukke Sager,
som jeg ved at skulde glæde
skønne Piger udi Vallø,
Jomfruklostrets unge Søstre,
ranke Børn som Liljens Stængel,
hvide saasom Liljens Blade,
røde som min unge Læbe;
aldrig Valløs ranke Jomfru'r,
aldrig mine skønne Søstre
skue faa de tabte Sager,
se min brune Vadsæks Indhold“.

Postens Folk med skæve Hatte,
brede Fødder, lange Hæle,
stode nu paa Stiens Midte
mellem Vadsæk, Grøft og Vandrer.

Satte sig min unge Taler
ned paa Stenten, tæt ved Vidjen,
ved den glade, ranke Vidje,
glad og ung som Valløs Piger.

Og han græd saa Taarer trilled
ned paa redelige Brystet,
og fra Brystet ned paa Livet,
og fra Livet ned paa Knæet,
og fra Knæet ned paa Foden,
og fra Foden ned paa Marken,
og saa langs ad Markens Grøfter
ned til Havets dybe Bølger,
bittersalte Taarer hede.

---

## EFTER ASSEMBLÉEN.

Ja, vidste min Moder, hvor mangefold
man prøver i fremmede Lande!
„Han kastede med en gylden Bold
og traf min glødende Pande".

Og nu jeg ved hverken ud eller ind
og styrter igennem Skoven,
og søger min hvide, min dejlige Hind. —
Stjernerne blinke foroven.

O Guder! saa skuer jeg Jagtens Mø
i Søen bag dunkle Lunde —.
Hallo! — Det er ude, — ak, jeg maa dø! —
nu jage mig Nymfernes Hunde.

---

## GRAVSANG.

Oversat fra det islandske.

Af Vejen, høviske Piger og Mænd;
vi trække et Skrog i Dalen hen,
i Hundedalen til de andre
maa den Stakkel vandre.

Hvad søgte han her paa fjerne Kyst?
Nu har han styret sin Rejselyst.
Han tænkte det var kun liden Vande,
at presse Skat af Lande.

Og da han kom til Hitterfjæld,
saa gjorde ham ingen Pige Skel.
Saa sad han ved det dybe Hav
og slog den gamle af.

Og kommer de end i Tusindtal,
saa skal de med ud i Hundedal;
en Samling i Sandet er anlagt der
af gode Hoveder.

## BLOMSTERKAMPEN I SORØ.

Vi sad om Aftensbordet
i Kreds og dyrked vort Fag;
de venlige Damer smilte
og Herrerne uddanned sin Smag.

Jeg tav som en Sten paa Marken,
det giver mig størst Respekt,

mens Blomstergartnerens Kunster
blev drøftede frit og kækt.

Man stredes om Blomsternes Skønhed
og regnede mange op,
enkelte, dobbelte, fyldte,
og Rosens drømmende Knop.

Naturens værdige Tolker
gjorde sig yderste Flid;
ogsaa den ædle Digter
gik tappert frem i den Strid.

De søgte helt klart at vise
med Grunde fra Syd og Nord,
at Gud har stedse været
den bedste Gartner paa Jord.

Det var den unge Mathilde,
hun slog saa det var en Gru,
og priste de fyldte Roser, —
se saa! Der stode de nu.

Og fire brændende Kerter
belyste den hele Plads
fra skinnende blanke Lyrer,
hvorpaa de stode for Stads.

Men jeg, som alt dette skued
og sad og uddanned min Smag,
ved at den enkelte Rose
har vundet det hele Slag.

## DÆMRINGEN ER VELGØRENDE —.

Dæmringen er velgørende for Øjnene.
*Schwarz* und *Weiss,* das sind Extreme.
*Grau,* das ist das angenehme.

## FUGLEN OG MYGGEN.

Der sang en Fugl bag Skyens Ryg
og raabte ned paa Jorden:
„Tag dig i Agt, du usle Myg,
nu kommer der en Torden!"

Da svarte den Myg saa usselig smaa:
„Du kan os ikke skræmme!
Tror du at Zeus vil Fluer slaa,
du kaade Fuglestemme?"

## TAK FOR „SNEDRONNINGEN".

Til Hr. H. C. Andersen.

Til dig, o elskelige,
hvis gyldne Harpe klang
i min Sjæl,
jeg gerne gav en Sang.

Du stolte Mand, du rige,
jeg fulgte tro din Gang.
Farvel!
Ak, thi du er for *lang!*

„Kun en" Pige.

# SMÁSÖGUR O. FL.

## SÝN.

Þú varst að spyrja, af hverju renni svona mikið úr augunum í mér. — Orsökin var þessi:

Í nótt eð var, ég held klukkan 2, kvaldist ég ofan að sækja ljós; — ég man nú hvað illt mér var í höfðinu, af því sem ég barði í það í gærkveldi, þegar ég var að læra *Schva.* Þegar ég kom upp aftur með ljósið, snérist allt fyrir augunum í mér og ég var allur einhvern veginn ekki almennilegur; samt lagðist ég aftur upp í og fór að blaða þarna í miðri Rasmussens grammatík. Jæja! Þar sem ég átti von á *Silluk* og *Athnach* var allt orðið öðruvísi; ég las, og þar stóð þá eftirfylgjandi:

*Dári, þú sem með degi löngum*
*dillini-sveittum yfir mér vöngum*
*veltir, rétt eins og vitlaus sért,*
*hættu rabbinskum hugleiðingum,*
*hyggðu heldur að, hvað þarna er kringum*
*hálsinn á þeim, mig hefir gert!*

Ég rak upp augun, — það, sem ég sá, ætla ég ekki að segja þér í þetta sinn. — Þú sérð bara hvað gott mér er í augunum. —

## LEMURIBUS SACRUM.

(Framhald).

Á meðan rann tunglið upp í há-austri; dagsbjarminn var horfinn með öllu og Arcturus blikaði við hafsbrúnina. Allt í einu lagði kuldagufu um hann allan; hún var lík dauðans kulda. — Skyndilega hóf hann upp augu sín; — stóð þá frammi fyrir honum mannsleg mynd, — hún var kona; andlitið var fagurt, en náfölt, og svipurinn alvarlegur. Hún var klædd í hvítt, með dökku bandi um sig miðja; sitt hrafnsvarta hár hafði hún bundið upp með himinbláum silkidregli, og fölnuð eyrarrós stóð haglega fram úr barminum. Við þessa sjón fylltist sál hans skelfingu; hann stóð upp skyndilega, en í því hann vildi snarast burtu, var sú fagra, aðkomna, komin upp í tröppurnar, tók í hönd hans og mælti svo: „Geir! þú hefir yndi af skoðun náttúrunnar, fylg mér og sjá!“

(Framhaldið síðar).

## SKEMMUÞJÓFURINN.

Séra Jón Brynjólfsson í Kálfholti skrifaði Páli sagnfræðingi Melsteð 10. VIII. 1882 bréf um Jónas Hallgrímsson, og nokkrar gamanvísur frá skólaárum þeirra fylgdu með á sérstöku blaði, smáörk. Á eftir vísunum bætir hann við: „Ég vissi líka, að til var eftir hann skáldsaga, sem hét Skemmuþjófurinn. Hún byrjaði svona:

Stjarnan var rúmlega komin í hádegisstað, þegar herra administrator Álfur Snjólfsson á Nóatúnum fór að hátta. Guðrún, kona hans, var þá líka búin að rekja af og fór ofan að loka bæinn. Hún sér að stóra skemman á hlaðinu stendur opin.

Í bréfinu sjálfu skrifar séra Jón enn fremur: „Til uppfyllingar innlögðu blaði skal ég setja hér framhald af þræðinum í skáldsögunni:

Guðrún kemur inn með öndina í hálsinum og segir: „Skemman stendur opin og ég held það sé þjófur í henni“. — „Það getur ekki skeð“, segir Álfur. — „Hvernig talarðu, maður; sem jeg heyrði skurkið til hans“. — Álfur var kominn úr annari skálminni og stökk upp og hleypur út, og dregur buxurnar á eftir sér, en flækist í þeim og dettur á arinhellunni; brýzt samt í ofurhuga út að skemmudyrunum og kallar inn og spyr: „Er hér nokkur?“ — Og svarað er: „Hér er enginn“. — „Ég vissi það gat enginn verið“, segir Álfur og læsir skemmunni; staulast síðan draghaltur inn í bæinn og sezt á rúmið sitt. — Þá segir Guðrún: „Var nokkur í skemmunni?“ — Álfur svarar: „Þar sagðist enginn vera“. — „Ertu vitlaus, maður?“ segir Guðrún; „hver gat sagt það, nema þjófurinn?“ — Álfur sansar sig, stekkur út aftur og hittir þá svo á, að þjófurinn er, með peningakistil í fanginu, að troðast út um skemmudyrnar. Álfur ræðst á hann og rekur hann undir. Í þessu bili hefur frá tunglinu og sér Magnús (þjófurinn) í augu Álfi og æpir upp yfir sig: „Hvaða bölvuð augu!“ — Álfur kreistir þá að kverkum hans og segir: „Alls kosti á ég við þig, en ligg nú hérna kyr á meðan ég sæki ólarreipi inn í eldhúsið til að binda þig með“. — Hann fer og kemst nú varla fyrir helti, því blástur hafði hlaupið í hnéð. Þegar hann kemur út aftur, er þjófurinn allur á bak og burt, og peningakistillinn með. — Svo var gerð þjófaleit, þýfið hittist, maðurinn meðgekk, er dæmdur til hýðingar og sgr. Álfur leggur sjálfur á hýðinguna.

„Svona hér um bil var gangurinn í sögunni“, bætir séra Jón við.

## BROT ÚR GAMANLEIK.

*(Prestur:)* „... hold", segir Job. Kennið þér ekki í brjósti um gamlan manninn? Kyssið þér mig nú einu sinni, madama Anna! — (Vill láta vel að henni).

*Anna* (í því hún slítur sig af honum): — Ef þér ekki látið mig grafkyrra ... (Afsiðis): - Ég er þá komin í ljótu vandræðin með karlskrattann. (Gengur að glugganum og horfir út): — Hér kemur maður ríðandi, séra Bessi; nú er yður eins gott að fara á stað.

*Prestur:* Hægt um það, mín kæra; ég fer ekki eitt fet, segi ég enn. (Gáir út). Það er þá déið hann Egill skáldi! Hann vil ég ekki sjá og héðan vil ég ekki fara. Hvern andskotann —? — Þér megið til að fela mig, Anna.

*Anna:* Að fela yður? — (Lítur snögglega á dragkistuskúffuna stóru, sem er dregin fram). — Ja, séra Bessi, ef þér getið komizt fyrir í skúffunni þeirri arna á meðan, þá er yður það velkomið. —

*Prestur:* Ó, mín góða Anna, mitt bezta barn! Er yður það alvara? — (Hann leggst fljótt niður í skúffuna). — Svona! — Svo það var allt saman gaman! — (Í því Anna er að læsa). — En leyfið mér, að ég offereri yður deshúsi Höllu minnar.

*Anna* (við sjálfa sig): — Frá er hann! Væri nú Egill skáldi eins laglega kominn í handraðann. —

---

## GRASAFERÐ.

„Systir góð! sérðu það, sem ég sé?" Það var eitt kvöld um vorið, að við komum af stekknum, að ég

sagði þetta við systur mína, fimmtán vetra gamla, og klappaði saman lófunum af gleði. „Ég veit ekki, við hvað þú átt, drengur!“ — „Hvað á ég að sjá?“ sagði hún rétt á eftir og snéri sér við, því ég var orðinn aftur-úr og horfði þegjandi ofan í jörðina. „Hér hefir rignt ormum í skúrinni, en það var ekki það, sem ég átti við“. „Þú ert skýrleiks-barn“, sagði systir mín hlæjandi, „og kemur allténd upp með eitthvað nýtt; við skulum tala um ormana þína seinna; en hvað var hitt, sem ég átti að sjá?“ Ég var einatt vanur við að hún leiddi mig, á meðan ég var yngri; en nú var ég orðinn 13 vetra gamall og þótti vera of stór til þess; samt sem áður fannst mér það allténd mesta skemmtun, og vann ég mér það stundum inn með alls konar gamni og vinalátum, þegar við vorum einhvers staðar á gangi. „Leiddu mig dál'tið“, sagði ég og tók í höndina á henni, „annars kostar sérðu ekki það, sem ég bendi þér á. — Þú sérð fjallið hérna fyrir ofan okkur, gáðu nú að“. „Nei, ég sé ekki fjallið, frændi minn góður! var það ekki annað en fjallið?“ — „Og sérðu bunurnar bláu, sem steypast fram af Bröttuskeið; það er eftir regnið áðan; lækirnir hafa allir vaxið og eru sumir mórauðir. Hvernig lízt þér núna á fjallið?“ „Ekki nema vel“, sagði systir mín, „það er fallegt og farið að verða sumarlegt; en svona lítur það út á hverjum degi; þú verður að sýna mér eitthvað meira“. „Ég er að draga þig dál'tið á því, sem bezt er; sérðu nú rindana þarna uppi á Bröttuskeið sunnanverðri? Þeir eru fagurbleikir; manstu, hvernig þeir eru að sjá í þurki?“ Þetta seinasta sagði ég svo borginmannlega og með svo miklum spekingssvip, að það var auðséð á öllu, að ég þóttist hafa sagt eitthvað merkilegt. Systir mín horfði stundarkorn á rindana, og sá ég, hvernig hýrnaði yfir henni. „Þú ert mesta

gersemi“, sagði hún þá, „og bezti frændinn, sem ég á; — það eru allt saman grös, það er ógn af blessuðum grösum!“ Nú líkaði mér fyrst, hvernig gekk. Systir mín leiddi mig við hönd sér, lagaði á mér hattinn og strauk hárið frá enninu á mér, en ég hristi það jafnótt niður aftur, og horfði ýmist á hana eða tórnar bleiku, og bað með öllu móti, að hún þegði um grösin, og tæki mig svo einhvern tíma einan með sér upp á Bröttuskeið, svo við hefðum bæði tvö sómann af þessari uppgötvun, og grösuðum meira en dæmi væru til. Hún lofaði mér því loksins, og þá var ég í mínum augum sæll eins og kóngssonur, og hugsaði til grasanna með hreinni og vonarfullri gleði. Þess háttar tilhlökkun verður valla lýst, og engum getur auðnazt að njóta hennar fyllilega, nema unglingum á mínu skeiði.

Þessi systir mín, sem ég kallaði, hét Hildur Bjarnadóttir, og var einkabarn prestsins á B.... Við höfðum alizt upp saman, frá því ég var 4 vetra; þá missti ég foreldra mína, hvort á eftir öðru. Séra Bjarni tók mig þá í fóstur, og ól hann mig upp, eins og ég væri hans sonur. Hann hafði átt móðursystur mína, en missti hana, þegar ég var barn. Frá þeim tíma bjó hann allt af með bústýru, og bar ekki á öðru, en það færi nógu vel. Hann var líka ríkismaður, og fluttust honum föngin víða að, svo enginn gat vitað, nema kunnugir, þó eitthvað þryti á heimabúinu. Ráðskonan var allt af heldur ill við mig, og kallaði ég hana digru Guddu, þegar ég var reiður, en Hildi, prestsdótturina, kallaði ég aldrei annað en systur mína, og prestinn fóstra minn, eða þá stundum séra Bjarna, þegar ég átti tal við ókunnuga. Hann var aldrei harður við mig, og ekki man ég til hann ofbyði mér nokkurn tíma, hvað sem ég átti að nema eða vinna, en heldur var hann strangur í útliti, og

aldrei svo blíður eða eiginlegur í máli, að ég gæti fest ást á honum; mér lá allt af við að hræðast hann, og aldrei var ég eins glaður eða upplitsdjarfur og ég reyndar átti að mér, þegar ég sá hann einhvers staðar í nánd við mig. Samt sem áður virti ég hann, eins og hann væri faðir minn, og vildi honum vel af heilum hug. Ég var svo lánsamur að koma mér vel við fólkið á bænum, og hafði það sumt eftirlæti á mér, en enginn horn í síðu minni, nema ráðskonan. Bezt féll mér samt ævinlega við hana Hildi systur mína, og henni var ég þægari en nokkrum manni öðrum á heimilinu.

Það var einn dag fyrir sláttinn, að ég var kominn á hvíta brók og ljósbláa sokka, og saumaði þá upp um mig fyrir neðan hnéð. Að ofanverðu var ég snöggklæddur, á grænum bol og dúkskyrtu, með nýlegan hatt, sem ég hafði keypt fyrir lamb, og þótti mér það vera fallegur hattur. Sona stóð ég úti á hlaði með hárband og ljósgráan tínupoka, og þar að auki var ég vel útbúinn að snærum. Ég hafði tekið með mér peysuna mína bláu, og var að búa mig til að binda bagga úr henni og pokanum, en dró það samt, og horfði heim til dyranna, hvort enginn kæmi út. Það leið ekki heldur á löngu, fyr en systir mín kom með samanbrotinn tínupoka og snjóhvíta rósavettlinga á höndunum, en hversdagsbúin að öðru leyti, hreinlega og létt, en þó hlýtt, svo kunnugum var hægt að sjá hún ætlaði í grasaferð. Ég kallaði til hennar og sagði: „Fæ ég að bera pokann þinn, systir góð!“ og leit svo um leið niðrá mig, því aldrei þóttist ég hafa verið eins karlmannlegur í vexti, né meira mannsefni að sjá, en núna á hvítu brókinni. „Heyr á endemi! ætli þér veiti af að bera þig sjálfan?“ sagði digra Gudda; „það situr á þér, pattanum, að þykjast vilja láta eins og fullorðnir menn!“ Hún stóð

rétt fyrir aftan mig, og hafði ég ekki fyr tekið eftir henni. „Ég anza þér ekki“, sagði ég í hálfum hljóðum, en systir mín fékk mér pokann sinn brosandi, og sagðist ekki efast um, að ég bæri hann með heiðri og sóma, ekki sízt, ef hún leiddi mig upp á móti brekkunni. „Það er allténd léttara“, ætlaði ég að segja, en digra Gudda stóð við hliðina á mér og brosti svo hæðnislega, að ég beit á vörina og hnýtti baggann minn þegjandi. „Mundu mig um það, Hildur!“ sagði ráðskonan, „að færa mér dálítið af helluhnoðra í kvöld, hann vex nógur í fjallinu, og allténd er hann blessaðasta gras að drekka af“. Mig langaði til að svara einhverri óþægð, en þorði það ekki, fyr en ég var albúinn. „Ég skal muna til þín, Guðríður!“ sagði systir mín, „verið þið sæl öll!“ „Og ég skal færa þér einn eða tvo skollafingur, eða þá dálítið af tófugrasi“, sagði ég og hljóp á stað með sama, því ég vissi að digra Gudda myndi hafa orðið reið.

Veðrið var blítt og hreint, en ekki sá til sólar, því skýjadrög voru um himininn, og hrannaði austurloftið. Það var eins og sveitin hefði sniðið sér stakk eftir veðrinu: allt var svo kyrt og blítt yfir að líta, túnin græn og glóuðu í fíflum og sóleyjum; engjarnar líka grænar, en þó nokkuð ljósbleikari, og sumstaðar hvítir fífublettir, tárhreinir, eins og nýfallinn snjór. Búsmalinn dreifði sér um haga og hlíðar, og ekkert var að heyra, nema einstaka lækjarbunu og árniðinn í dalnum, eða þá stundum fugla, sem flugu kvakandi í loftinu, ellegar sátu á einhverri hæð og sungu sér til gamans í morgunkyrðinni. Lengra í burtu var að sjá fagurblá fjöll með sólskins-blettum, og það breiddi nokkurs konar gleðiblæ yfir allt hitt, eins og þegar vonin skín yfir rósama lífstund góðs manns.

Þetta sagði systir mín á einum stað í fjallinu,

þegar við stóðum við og horfðum yfir dalinn og sveitina; og hún sagði það satt, því að ég sá, hvernig hýran skein á andlitinu á henni. En ég var mest að hugsa um grösin, og svaraði heldur óþolinmóðlega: „Ég held það hafi verið fallegt, sem þú sagðir, en illa er mér við sólskinið, ef það kemur hingað í dag; mér þætti miklu betra, að við fengjum duglega skúr". „Vertu óhræddur", sagði hún, „grösin þín á Bröttuskeið verða varla svo smá, að við sjáum þau ekki nema í vætu; láttu mig nú leiða þig stundarkorn, litli frændi minn góður!" Ég þekktist það að sönnu, og tók þegjandi í höndina á henni, en illa féll mér samt, að hún skyldi kalla mig „litla frænda". Hún var farin að taka upp á því stundum, eftir að hún óx svo mikið yfir mig; enda var hún orðin fulltíða kvenmaður, og fermd fyrir meira en ári, en ég var barn, að kalla, og ekki stór á mínum aldri. Þetta vissi ég allt saman dável, og sárnaði mér því heldur, að hún skyldi sona ósjálfrátt vera að minna mig á það. Við gengum nú áfram þangað til við komum undir skeiðina; ég var þá orðinn dauðþreyttur, og settumst við niður á grænni tó og horfðum aftur ofan yfir dalinn. Nú var hann enn þá fegri að sjá en áður, þegar við stóðum lægra í fjallinu; allar ójöfnur voru horfnar á láglendinu, og ekkert var að sjá nema litaskiftin. Áin kom nú öll í ljós, og leið hún fram í bugðum og kvíslum, eins og heiðbláir þræðir, ofnir í fegursta glitvefnað. Í þetta sinn gaf ég samt lítinn gaum að fegurð náttúrunnar; mér gat ekki liðið úr minni „litli frændinn", það lá hræðilega illa á mér, og loksins sagði ég upp úr miðju kafi: „Ég er ofurlítill, Hildur mín góð! aldrei held ég að ég verði að manni". Systir mín hló hátt og horfði til mín svo kátbroslega, að ég vissi varla, hvaðan á mig stóð veðrið. Það var eins og ég heyrði óminn í

loftinu, hvað aumingjalega skringilegur ég hefði verið í rómnum, og fór það eins og stundum ber við, að hugur minn komst í aðra stefnu og hló ég þá dátt að sjálfum mér. „Þetta var það skrýtnasta sem ég hefi nýlega heyrt“, sagði systir mín; „blessaður vertu, segðu það aftur í sama róm og áðan; reyndu nú til!“ Ég færðist undan fyrst í stað; en það fór eins og vant var, þegar Hildur var annars vegar, mér var ekki hægt að synja henni lengi um það, sem hún bað um; ég varð þá að fara að herma eftir sjálfum mér, og þó það tækist ekki sem bezt, varð okkur það samt báðum nægilegasta hlátursefni. Hún var þá svo blíð og hló að mér svo dátt og græskulaust, að mér kom ekki til hugar að fyrtast við það minnsta grand. Þegar við stóðum upp, sagði hún og var nokkuð alvarlegri: „Ef þú vilt, skal ég aldrei kalla þig litla frænda meir; þú munt líka bráðum vaxa, ef þú lifir, og þegar þú ert orðinn stór, mun ég verða að venja mig af því, hvort sem ég vil eða ekki“. Ég varð einhvern veginn undarlegur, þegar talið snérist svona við; mér fannst nú lítið til þessa loforðs, og vissi ekki vel, hverju ég átti að svara. „Kallaðu mig hvað sem þú vilt“, sagði ég þá heldur lágt, „ég skal kalla þig systur mína samt“, — og sona klifruðum við upp á skeiðina. Ég var að hugsa hitt og þetta, og tók lítið eftir veginum, hann var ekki heldur mjög voðalegur; við fundum á einum stað klettaskoru, og komumst þar upp, án þess okkur vildi nokkurt slys til; en svo var hún þröng, að við urðum sumstaðar að renna okkur á rönd, og sáum við glöggt, að hún varð ekki farin aftur, ef við fengjum nokkuð í pokana.

Ég vonast til, að sumir af lesendum mínum muni til sín, þegar þeir hafa í fyrsta sinni fundið svo mikil grös, að þeir væru vissir um að geta tekið þar

byrði sína fyrirhafnarlaust að kalla. Því er svo varið með áhugann, að hann þróast því meir, sem meiri er óvissan, og þetta veldur ákefð allra veiðimanna og annara, sem afla sér fjár úr skauti náttúrunnar. Með handiðnirnar er allt öðruvísi ástatt; þeir, sem eiga að vinna að því, sem aflað er, og endurbæta það og ummynda, vita oftast nær fyrirfram, hvað miklu þeir muni fá afkastað, og gerir vinnan þeim langtum minni áhuga en hinum; enda lifa þeir minna á voninni, og búast ekki á hverri stundu við einhverjum feng. Ég var í þetta sinn í þeirra tölu, sem gleðjast við að sjá von sína rætast, og þarf ég ekki að lýsa huga mínum fyrir þeim, sem hafa reynt eitthvað líkt því á mínu reki. Undir eins og við systir mín komum upp á skeiðina, sáum við, að litaskiftin á tónum bleiku höfðu ekki dregið okkur á tálar; þær voru allar þaktar í grösum, og lágu þau í stór-eflis-flekkjum, og svo þétt, að ekkert strá og öngvar mosategundir voru vaxnar upp á milli þeirra. Það var auðséð á öllu, að þar höfðu ekki verið tekin grös í margt ár. Við bárum ekki við að binda á okkur pokana; því ekki þurfti langt að ganga eftir tínunni. Við kipptum því upp skúf og skúf, en grösin lágu laus, að kalla, og bárum við þau saman í smáhrúgur, þangað til við héldum, að við myndum ekki koma meiru heim. Við höfum varla verið að þessu lengur en svari einu dagsmarki, og þegar öllu var lokið, og við búin að troða í pokana, hefir varla verið kominn miðmundi. „Þetta eru nógu laglegir pokar!“ sagði ég þá, „en ógn verður eftir af grösunum; seztu nú við og saumaðu fyrir peysuna mína, hún tekur þó ekki svo lítið, og það er líka mannalegra, að koma heim með bagga í fyrir“. „Þú verður þá að segja mér sögu á meðan, fyrst ég er sona eftirlát við þig“, sagði systir mín um leið og hún fór að þræða

saman peysuna. Ég var fús til þess og settist ég við hliðina á henni, en þó svo, að ég sæji vel framan í hana, því þá gekk mér allténd betur að segja frá. Sona sat ég stundarkorn og hugsaði mig um. Því næst spurði ég systur mína, hvort það ætti að vera eitthvað um hann séra *Eirík í Vogshúsum,* eða þá saga af útilegumönnum. En hún hélt, að lítið yrði úr öllum þess háttar sögum í björtu, og bað mig að finna eitthvað hentugra. „Þá muntu ekki heldur", sagði ég, „vilja heyra neitt um hann *Björn í Öxl,* eða þá ferðasöguna hans *Lalla,* þegar þau *Skotta* og hann sátu saman á húðinni og óku fram endilanga *Fnjóská,* en *Þorgeirsboli* dró, og það var húðin af honum sjálfum. En áður en ég gleymi því, systir góð! hvað eru þær margar — *skotturnar?*" „Það á ég bágt með að segja þér", sagði hún; „þær hafa verið sín í hverri sveitinni; þó eru tvær merkilegastar, að ég held, *Húsavíkurskotta* og *Hvítárvallaskotta,* en þær eru nú báðar dauðar". „Þá þekki ég mann, sem hefir séð hana Húsavíkurskottu", sagði ég; „manstu ekki eftir lækninum, sem var að segja honum fóstra mínum frá, þegar hún kastaði selnum í hann Lalla? — En var hann dauður, selurinn? því er ég nú búinn að gleyma". „Það verður ekki talað við þig", sagði hún, og heldur óþolinmóðlega; „þú ert með tóma útúrdúra, og enginn maður getur séð, hvort þér er alvara eða gaman". „Mér er þó alvara stundum, en núna getur mér ekkert dottið í hug, sem vit er í; þú verður að gera þig ánægða með nokkrar vísur; það eru tvö kvæði eftir mig sjálfan, og tveimur er snúið". „Ég fer sem næst um skáldskapinn þinn", sagði systir mín, „það er sjálfsagt eitthvað fallegt, en þó ætla ég að biðja þig að hafa hinar yfir fyrst". „Öðru kvæðinu er snúið úr dönsku", sagði ég þá; „það er munaðarlaus ungling-

ur, sem búinn er að missa alla hluti, auð og metorð, og unnustu með glóbjart hár og fagurblá augu; það var um kvöldtíma, að hann settist einsamall á leiði móður sinnar, og þá kvað hann þetta:

Bíum, bíum,
barnið góða!
sofðu nú sætt
og sofðu lengi,
þó að höll
og hægindislaus
og grafkyr
í grundar skauti
vagga þín standi;
vertu í ró.

Heyrirðu stynja
storminn úti
yfir mínum
missi þunga
og átfreka
yrmlinga-fjöld
furu-kistu
kroppa þína?

Nú kemur inn hljóðfagri
næturgali.
Heyrirðu mjúkan
munaðarklið?
Var það áður,
er þú vaggaðir mér;
nú skal ég, veslingur!
vagga þér aftur.

Hresstu hug þinn
hans við söng;
allt skal eg þér
til yndis velja;
heyrirðu dimma
við dauðans hlið,
barn mitt, hringja
bjöllu þína?

Sé ei hjarta þitt
hart sem steinn,
sjáðu, móðir!
mína iðju:
ég skal af grátviðar
grein þessari
hljóðpípu smíða
handa þér.

Hresstu hug þinn
við hennar róm,
er hún einmana
úti kvakar,
eins og vindur
á vetrarnótt
villur vakandi
í votum greinum.

Verð ég að víkja
vöggu þinni frá;
kalt er að búa
við brjóst þitt, móðir!
og ég á mér
ekkert hæli
aftur að verma
inni mig.

Bíum, bíum,
barnið góða,
sofðu nú sætt
og sofðu lengi,
þó að höll
og hægindislaus
og grafkyr
í grundar skauti
vagga þín standi;
vertu í ró.

„Ég þekki þessar vísur", sagði systir mín; „en þeim er ekki vel snúið, þú hefðir ekki átt að hafa

fornyrðalagið, og ....“. „Hitt var ekki vinnandi vegur“, sagði ég í mestu ákefð og gleymdi mér öldungis; „hefði ég átt að fara eftir frumkvæðinu og hafa sömu stuðlaföll, þá hefði mér tekizt enn ver; en hver hefir sagt þér, að ég hafi snúið því?“ „Nú hefirðu sagt það sjálfur“, svaraði hún mér brosandi; „en svo ég gegni því, sem þú ætlaðir að segja, þá held ég leikinn maður hefði getað haldið hvorutveggja, bragarhættinum og efninu. Þegar snúið er í annan bragarhátt, fær skáldskapurinn oftast nær annan blæ, þó efnið sé reyndar hið sama; og víst er um það, að þetta kvæði hefir dofnað, ég veit ekki í hverju; það er nokkurs konar inndæl og barnaleg angurblíða í öllu frumkvæðinu, og hennar sakna ég mest hjá þér, frændi minn! enda tekstu of mikið í fang, að reyna þig á öðrum eins skáldskap og þessi er“. „Það held ég nú líka“, sagði ég; „en þó hefi ég vitað suma takast meira í fang; það er nú til að mynda hitt kvæðið, sem ég ætlaði að hafa yfir; má ég lofa þér að heyra það?“ Hún gegndi mér öngu og horfði ofan í saumana, eins og hún hefði ekki heyrt, hvað ég sagði. „Hana grunar eitthvað“, hugsaði ég með sjálfum mér, en lét samt ekki á mér bera og fór að þylja kvæðið. Það er svona:

Dunar í trjálundi, dimm þjóta ský; —
döpur situr smámeyja hvamminum í;
bylgjurnar falla svo ótt, svo ótt;
öndinni varpar á koldimmu-nótt
brjóstið af grát-ekka bifað.

„Heimur er tómur og hjartað, það deyr;
hvergi finnst neitt, að ég æski þess meir.
Heilaga! kalla mig heim, ég er þreytt,
hefi eg þess notið, sem jörðin fær veitt;
því eg hefi elskað og lifað“.

„Tárin að ónýtu falla á fold,
fá hann ei vakið, er sefur í mold.

Segðu hvað hjartanu huggunar ljær,
horfinnar ástar er söknuður slær;
á himnum þess hygg eg að leita.“

„Tárin að ónýtu falli á fold,
fái hann ei vakið, er sefur í mold;
mjúkasta hjartanu huggun það ljær,
horfinnar ástar er söknuður slær,
hennar að minnast og harma.“

Systir mín sat kafrjóð og kepptist við að sauma. „Þessu er, held ég, betur snúið“, sagði ég þá, „og þú hefur náð bragarhættinum dável; það hef ég séð, þó ég skilji ekki sjálft kvæðið. Þú átt gott að geta skilið þjóðverskuna, og það væri vel gert af þér að kenna mér dálítið líka. Mér er kvöl í að skilja ekkert af því, sem þeir hafa gert, hann *Schiller* og aðrir á Þjóðverjalandi“. „Hvar hefirðu náð þessum vísum?“ sagði systir mín, og sá ég hún var bæði sneypt og reið; „ég hefi allt af haldið mér væri óhætt að trúa þér, og þú myndir ekki taka neitt í leyfisleysi“. Mér varð bilt við þetta. „Það hefi ég ekki heldur gert“, sagði ég og var stuttur í svari; „þú gafst mér um daginn nokkrar sveskjur, eins og þú líklega manst, og vafðir kvæðinu utan um þær; það var að sönnu uppkast, en ég hélt mér væri leyfilegt að lesa það, fyrst þú leyndir því ekki meir en sona. Ég hefi aldrei haft það yfir fyr en núna, og því síður hefi ég sagt frá, að þú hafir snúið því“. „Blessaður! ég ætla að biðja þig að gera það ekki heldur. Mér er ekki mikið um það breiðist út, að ég sé að fást við þess háttar; það hefir aldrei þótt mikil prýði á kvenfólki“. „Vertu öldungis óhrædd“, sagði ég svo blíðlega, sem ég gat; „en takist þér ekki ver í annað sinn, held ég þú ættir að bera það oftar við; ég skal hjartansfeginn eigna mér allt, sem þú gerir, — en það er samt reyndar skömm; þessu ráði verð ég að sleppa“. „Þér er það held ég óhætt“, sagði systir mín, og var

nú orðin eins hýr og áður. „Ég yrki varla svo mikið, að okkur verði vandræði úr skáldskapnum mínum. En þú hafðir eitthvað eftir sjálfan þig, það held ég verði gaman að heyra“. „Já, það er satt“, sagði ég; „það voru tvö smákvæði; annað er síðan í hittifyrra, og það er um þig, en hitt gerði ég um lóu í gær eða fyrradag; það eru nógu falleg kvæði, sér í lagi endinn á þínu“. „Ég held ég muni úr þér bullið“, sagði systir mín; „lof' mér samt að heyra það seinna“. „Mig langar til að heyra hitt fyrst“, sagði ég; „það er bezt ég fari með þau bæði“. Hildur gat ekki gert að sér að hlæja, en ég gaf mig ekki að því og fór að þylja kvæðið það í hittifyrra:

Sáuð þið hana systur mína
sitja lömb og spinna ull?
Fyrrum átti ég falleg gull;
nú er ég búinn að brjóta og týna.

Einatt hefir hún sagt mér sögu;
svo er hún ekki heldur nízk:
hún hefir gefið mér hörpudisk
fyrir að yrkja um sig bögu.

Hún er glöð á góðum degi,
— glóbjart liðast hár um kinn —
og hleypur, þegar hreppstjórinn
finnur hana á förnum vegi.

„Gaman hafði ég af þér þá“, sagði ég kankbrosandi, og byrjaði undir eins á hinu kvæðinu; það var reyndar ekki merkilegt; það er sona:

Snemma lóan litla í
lofti bláu „dírrindí“
undir sólu syngur:
„Lofið gæzku gjafarans,
grænar eru sveitir lands,
fagur himinhringur.

Ég á bú í berja-mó,
börnin smá, í kyrð og ró,

heima í hreiðri bíða;
mata eg þau af móðurtryggð,
maðkinn tíni þrátt um byggð
eða flugu fríða".

Lóan heim úr lofti flaug,
(ljómaði sól um himinbaug,
blómi grær á grundu)
til að annast unga smá. —
— Alla étið hafði þá
hrafn fyrir hálfri stundu!

„Það er nú svo", sagði systir mín; „sástu til lóunnar, sem þú gerðir þetta um?" „Það trúi ég ekki", svaraði ég henni, „en sona mun það hafa farið samt, annars hefði mér varla dottið það í hug". „Þú talar svo undarlega, frændi!" sagði Hildur; „en nú er peysan búin; við skulum fara og tína í hana, alt hvað við getum". Þetta starf var skjótt af hendi leyst; við fylltum peysuna með grös, bundum hana við annan pokann, og að svo búnu settumst við niður aftur. Þá var komið sólskin niður um dalinn, en uppi hjá okkur bar skugga á; hægur blær á sunnan rann um fjallið og flutti með sér líf og yl. Við sátum þegjandi og skemmtum okkur við að sjá skuggana, sem liðu í ýmsum myndum yfir engjar og haga, eftir því sem skýin losnuðu og bárust á burt um himininn.

„Vildirðu ekki vera svo léttur", sagði systir mín, „að þú gætir sezt á einhvern fallegasta skuggann þarna niður frá, og liðið svo yfir landið, sveit úr sveit, og séð það, sem fyrir ber?" „Ekki væri það óskemmtilegt", svaraði ég; „en ef skýin þarna uppi eyddust, þegar ég væri kominn norður á Sléttu, þá færi, held ég, skugginn líka, og svo hefði ég ekkert að sigla á aftur heim til þín". Systir mín leit við mér einhvern veginn skrýtilega, að mér þótti, eins og hún væri að virða mig fyrir sér, og sagði heldur

seint: „Þá gætirðu sezt að á Sléttunni, þangað til þú ert orðinn nógu stór til að geta gengið heim aftur og vaðið árnar á leiðinni“. Þetta svar sárnaði mér, eins og von var til, og ætlaði ég mér að borga það með einhverjum meinyrðum; en í sama bili heyrðum við voðalegan dynk, rétt fyrir ofan okkur, og síðan hvern af öðrum, svo fjallið skalf og titraði. „Guð varðveiti mig!“, sagði systir mín; „varaðu þig, blessaður! það er grjóthrun“. Ég rauk á fætur og ætlaði, held ég, að flýja, en þegar mér varð litið upp, fleygði ég mér í fangið á henni, og sagði með öndina í hálsinum: „Ég er hræddur við steininn, systir góð!“ Í þessu vetfangi flaug stóreflis-bjarg fram hjá okkur; það hófst í háa loft og hjó upp torfur úr rindanum, þar sem við stóðum, og fyr en augað eygði, var það horfið fram af skeiðinni, en dynkirnir ukust nú um allan helming og gráblár reykur og eldlykt gusu upp. „Tarna er óttalegur skruðningur“, sagði systir mín og hélt fast utan um mig; en þó ég raunar væri hræddur, sá ég samt, að steinninn var floginn fram hjá, og fór mér þá að sýnast ráðlegast að bera mig karlmannlega. „Heyrist þér það?“ sagði ég, „en þér er samt óhætt að sleppa, því þær eru allar í skeiðinni fyrir neðan okkur; — þú varst býsna hrædd“. Í því ég sagði þetta, snéri ég mér undan um leið, til þess að þurka af mér svitann og lofa guð í hálfum hljóðum; því ég sá glöggt, að við höfðum verið í lífshættu. „Þarna ertu kominn!“, sagði systir mín, og vissi ekki, hvort hún átti að fyrtast eða hlæja; „hleypur fyrst í fangið á mér af hræðslu, og segir svo ég skuli vera óhrædd og mér sé óhætt að sleppa, þegar hættan er um liðin“. Ég lét eins og ég heyrði ekki þetta, en bar mig að snúa talinu við. „Veiztu þá af hverju grjóthrunið kemur?“ sagði ég, og var býsna spekingslegur; „það

eru sumir steinar, sem sitja framan í brekkunni og tolla ekki á neinu, nema leir og sandi, sem runnið hefir í kring um þá. Nú þegar regnið kemur, skolast allur leirinn í burtu, og þá losnar steinninn og fer á stað, eins og þér gefur að skilja". „Allténd ertu nógu skýr", sagði systir mín; „það hefir sjálfsagt verið regnið í dag, sem losaði bjargið áðan". „Eða þessi þá", sagði ég, og benti upp fyrir okkur; þar stóð maður á klettasnös, og bar við himininn. Nú fengum við nóg að hugsa um annað en grjóthrunið. Við gátum ekki gizkað á, hvaða maður þetta gæti verið, og hvað hann væri að gera upp um tinda. „Það getur varla verið útilegumaður", sagði ég, og fór að halda mér í handlegginn á systur minni; „fjallið hérna liggur milli sveita, og er ekki, svo ég viti, áfast við jöklana eða Ódáðahraun. Vilt' ekki koma, systir góð! við skulum flýta okkur á stað!" Í þessu bili fór maðurinn aftur í hvarf, eins og hann hefði gengið til fjalls. „Þér er, held ég, óhætt að sleppa", sagði systir mín, og hermdi eftir mér; „útilegumaðurinn þinn er farinn". ....

---

## SALTHÓLMSFERÐ.

Sendibréf herra Jónasar Hallgrímssonar til sinna samferðamanna.

Hæstvirtu herrar og meðb....r!

Ég er nú á ferðinni til *Salthólms* og verð að rita ferðabók, sosem eins og við værum allir á inni miklu ferð til *Hveneyjar*. Ég er nú á ferðinni til Salthólms, og rita þetta, eins og þið getið nærri, úti hjá fagurri kvinnu í gulu húsi, eins og þið getið nærri. Ég lagði

á stað úr Khfn. um miðdegi og nú er varla ein stund til náttmála, enda hefi ég náð 3 eða 4 dauðum dýrum af ættstofni lindýranna, sem ég hefi aldrei áður séð. Þau sátu föst á kalksteini gráum og fornum, rétt fyrir utan skemmuna, sem meistari Lindberg prédikar í. Hvur em eg, að eg líki mér við Lindberg? — Piltar góðir, þetta ætlar að verða undarleg sjóferð. Ég er búinn að reykja tvær tóbakspípur og drekka sosem hálfan pela af frönsku brennivíni, en vindurinn hefir verið á móti mér, so ég er ekki kominn lengra en þetta. Áður en ég fór af stað, taldi ég í sjóðnum, eins og *Hindenburg* hefir fyrir mælt.

| | | |
|---|---|---|
| Þar voru ..... | 3rd. | 68 sk. |
| Þar að auki í pjáturstokki brauð og smér fyrir ..... | ” | 18 |
| frakkneskt brennivín fyrir ..... | ” | 16 |
| tóbak fyrir ..... | ” | 11 |
| tinnur og tundursvampur fyrir ..... | ” | 2 |
| með öllu og öllu | 4rd. | 19 sk. |

Þetta hafði ég til ferðarinnar og er nú farinn að eyða af því öllu saman; þegar ég kem í náttstað í kvöld, skal ég reyna til að virða það og rita ykkur greinilega, hvað mikið hefir eyðzt. Ég hefi ekkert séð merkilegt, nema hjólskip mikið og fagurt (líklega svenskt), og mórauðan sauð, íslenzkan, sem stappaði niður fætinum, þegar hann sá mig. Ég hefi líka reynt að geta mér til, hvað margir faðmar af eldiviði væru í trjánum á leiðinni, það hafa verið tveir og þrír faðmar og mest 6 og hálfur, eins og þið getið nærri. Ég gleymdi að bera tólg á *posteriora*, áður en ég fór á stað. Hvur em eg, að ég líki mér við Hindenburg?

Skrifað á Táralæk, 27. Júlí 1836.

Nóttin er liðin, herra, og morgunroðinn ljómar þarna úti. Ég hefi sofið vært í 4 eða 5 tíma, nema hvað bræður okkar vöktu mig, svínin á Táralæk, mikil og feit og gullfallegt búsílag. Sængurkonan eða konan, sem þjónar mér til sængur, hún er so góð í sér og viðkunnanleg, að ég get ekki gert gys að henni í þessum reikningi. Reikningurinn er 36 skl. með öllu og öllu, mjólk og brauð og sætt kaffi; stallmeistarinn á Táralæk segir að það sé gott. — 12 skl. handa Bagge á Bellevue og skammir um landið! Það var nóg handa honum! So hefi ég séð Markús guðspjallamann og undarlegan kola í fjörunni, en hafði ekki tíma til að kryfja hann.

---

Geologisk Excursion, safnað steinum og skeljum og skoðaðir bakkarnir frá Táralæk og út undir Strandmyllu. *Galerites albogalerus* í mergillagi fyrir ofan *bláleirinn*.

*Strandmyllan* er hefðarhús;
hriktir þar allt og skrjáfar;
ég sá fló og færilús
á fuglinum honum Láfa.

„Du slaaer ikke 4—5 Kegler!“ sagði Ólafur; „þú hnekkir trauðlega 7 ballarstrýtum í högginu“, sagði ég. Þá kom hugur í báða og fórum að hnekkja strýtunum; — einn skl. fyrir höggið, og sona vann ég 42. Því næst át ég sauðarkjamma og blóðrauðan graut hjá Þórði mínum Daníelssyni, horfði yfir landið og sjóinn, sá pappírinn verða til, — að ógleymdri fjölinni, sem álabörnin skríða á. Strandmyllan er hefðarhús, hriktir þar alt og skrjáfar!

Geologisk Excursion. Kalkhellur og mergillög í sandgröfinni fyrir sunnan Vedbekk og fallegt dýr í tinnu (galerites?).

---

*Vedbekk* — um nónbilið; — lærðar viðræður, falleg stelpa og kaffi á 8 skl. Berfættur samferðamaður. Æfintýrið í Fuglehave-gaard og gryfjurnar þar í skógnum.

---

*Hirschholm.* Brauð og tevatn fyrir 11 skildinga (Thevandsknegten!). Kirkjan og ekkjan. Geologisk Excursion til mógrafanna. Þaðan ók ég spölkorn með bónda og gaf honum 8 skl. Skógurinn.

Gekk ég í Gribbskógi,
gola þaut í blöðum,
örn flýgur yfir,
ormur skríður í mosa;
þá var dauflegt,
er dagskvöldi á
vargar góu
hjá viðarrótum.

Ein sat hún úti
augna-hýr
og mjúkhent
á mosaþúfu,
þar sem lambkind
lék sér í rjóðri;
kyssti ég kotbarn,
það kostar ekki par.

---

*Friðriksborg* 28. júlí um morguninn. Þetta er undarleg sjóferð, piltar góðir! Ég er nú á ferðinni til Salthólms, so það er ekki að kynja, þó ég væri votur eins og skolaköttur, þegar ég kom hingað í gærkvöldi. Ég ætlaði að finna herra Ulriksen, en villtist inn í sjónarleikahúsið hans herra Bekkers. Þar var verið að ljúka við „Kotzebues Mord, Mimisk-plastisk Forestilling i 12 Billeder". Guð sé oss næstur! Ég hefi sofið í alla nótt og hér er falleg stelpa, en ég hefi ekkert að kalla getað talað við hana. Nú fer ég að borða árbitann minn og so að skoða bæinn. Veðrið er mesta óhræsi.

---

Veðrið er að skána, ég er búinn að borða og herra Ulriksen hefir fengið hjá mér 85 skl. Það var of mikið handa hönum og nóg handa mér. Nú fer ég að skoða bæinn, og þyrfti þó, ef vel væri, að bíða dál'tið enn, til að erta herra Ulriksen, hann er hræddur um konuna sína eins og ég væri tigris aspera Gaetulusve leo, síðan hann heyrði ég væri *íslendingur*. Ólafur karlinn mun hafa hvekkt hann, vesaling. Konan er hér um bil 17 vetra, lítil og snyrtileg og glaðleg; ég uppgötvaði hana í morgun í eldhúsinu. Múrmeistarinn segir um Ólaf vorn „han rendte bestandig her over til *os;* — det er en munter Herre, den samme Johnsen; hils ham ellers meget flittig fra mig, naar de kommer til Kjøbenhavn."

Ólafur sjóli einn í borg
alla verta þreytir.
Ólafur rólar einn um torg
Afmors kerta beitir,
Ólafur tóla einn með dorg
æðir í sterta leitir,

Ólafur stólar upp á Borg*)
. . . . . .

Ég hefi reynt til að ná í jómfrú Lichtenstein, en það var ekki hægt.

---

Sólin upprunnin er
á austursíðu,
fjalltinda forgyller,
með hálsahlíðum.

Fjalltindarnir eru turnarnir hérna í *Baksverði,* (því nú er ég hér kominn) og hálsahlíðarnar, þær eru líklega rassinn á vertinum, sem stendur álengdar og snýr að mér bakinu, en gefur mér samt auga við og við, af því hann sér ég er að rita í dagbókina mína. Hindenburg segir, að króarvertum sé ekki um það. Þetta er um morguninn 29. júlí. Ég hefi ekki komið því við, að skrifa neitt fyrr en hér. — So ég víki aftur til Friðriksborgar, þá skoðaði ég borgina utan vel og vandlega. Utan! Aumur maður, komst ekki inn fyrir peningaleysinu. So spurði ég mig fyrir um kalknámurnar og fór af stað.

---

Lítill jarðfræðingur 4 vetra og mjólkin hans Povelsens. Upplýsingar um herra Ulriksen. Ég gekk nefnilega sama veg og ég kom, gegnum „Prestevangen" og „Frederiksborg-Dyrehave" til Paulsens, skógarfógetans. Þaðan gegn um *Lilleröd* til *Lynge* og á króna til Madömu Andersen, því maðurinn var ekki heima; brauð og brennivín og kaffe fyrir 18

*) Crediten leve!

skl. Upplýsingar um herra Ulriksen og Slotsforvaltarann. Christjana með óyndið, og eitt lítið eldhúsæfintýri. Forstraad Lund.

---

Geologisk Excursion í Þorkelskóg; tveggja eykta bið. Kalkofnarnir; samanburður milli kalksins í „Therkelskow“ og Salthólma-kalksins. *Efunarmál, hvurt Forchhammer segir satt.*

---

*Farum-kró.* Rom og sykur, vatn og mjólk fyrir 10 skl.; — vitlaus stelpa og bölvandi kerling, feitari en djöfullinn. Skógurinn prestsins, ágætlega fallegur og skemmtilegur.

Nóg er í Nörskógi,
nýtar gæsir,
prjónameyjar
og píknafjöld.

Barnið á skógarhorninu, sem hafði brotið ölglasið.

Sá ég í Hárskógi
hindir bíta
grasið væna
og gullinknappa;
þá voru blöðrur
á báðum fótum
og iljar illsárar
á aumum mér.

Þá kom ég til Baksvarðar og beiddist gistingar. Fegursta kvöld eitt fyrir sig, sem ég man til ég

hafi lifað. Meðallagi vinnukonur, tevatn, brauð og brennivín. *Jómfrúin og Øretvisten.*

Undur og skelfing! Voldugur frúkostur og hestalæknir, manna mestur og kátastur, að skemmta mér. Hann minntist á Magnús Hákonarson, fullur af lotningu, og segir, að þá hafi sér verið mest skemmt á ævi sinni, þegar Magnús hafi verið að hvolfa úr herra Sörensen. „Han vendte ham, Gud straffe mig, saa pænt, at det var en Lyst at se paa". Reikningurinn minn er 1 rd. og 5 skl., með tóbaki fyrir 6 skl. Guð sé oss næstur! og þó veit ég ekki, hvurt það er of mikið. Þetta er undarleg sjóferð, piltar góðir! Ég er nú á ferðinni til Salthólma.

---

Fjárkonu hjá —
fjárkonu hjá
að fara av,
ekki munu það allir fá;
illt er mér í stóru-tá,
ég ligg á legustóli,
hann er so rauður, hann er so rauður;
hvað það er bágt að vera dauður!
því sætt er að liggja Schäffer hjá
á sona mjúku bóli.

Þetta l i g g j a h j á má ekki misskiljast, því það þýðir ekki nema að l i g g j a eins og ég lá um árið, þegar ég stóð í panti, vesalingur.

Ég fór á stað úr Baksverði um dagmál, og skoðaði sandgrafirnar fyrir norðan bæinn. Þaðan fór ég til Friðriksdals og Lyngbæjar, þaðan til Jægersborgar og Ordrups, og drakk á leiðinni mjólk og rommblöndu fyrir 10 skl. Á þessari leið talaði ég við nokkura bændur um vegabæturnar. Þeir mega hafa

á spöðunum og mæta með hesta og vagn, hvur aumingginn 8—12 daga á ári, eftir því sem þeir sögðu mér.

„Ormurinn kemur, — ekki má!“ hér koma bölvaðir gestir, so ég verð að fara á fætur og hætta að skrifa og reykja, og nú hefi ég ekkert að gera, nema ef það skyldi vera að skoða gatið, sem þjófarnir skáru á tjaldið hans herra Nielsens í nótti var. Þá var Ari of fjærri að gæta tjaldsins. Madama Schäffer hefir nálgazt hund, og lætur hann vera í sínu tjaldi, so enginn grandar því eða neinu, sem hún á. — Hvur em eg, að ég líki mér við madömu Schäffer? (Kaffi 10 skl.).

---

Þarf eg einn að arka
á utanfótar-jarka
yfir leið [og laut],
þó að blöðrur bláar
á belli minnar táar
kenni kvala[-þr]aut.

Laufin gr[ænu gróa]
og grösin [út um móa];
háar eikur [una sér],
og litlar [liljur dey]ja,
láta mig [einan] þreyja,
— ef að [hæli] eg hefði mér.

Bezt er [heim] að halda;
huldar gættir tjalda,
so ekkert úr þeim næst.
[Eg] kann ekki að stela
og illt er mér í bela,
því ekkert í hann fæst.

Þetta er undarleg sjóferð, piltar góðir! Nú er klukkan ... og ég er aftur kominn í gula húsið og lýk þar við ferðabókina, sem ég byrjaði.

---

## HREIÐARS-HÓLL.

Á einum stað í Norðurlandi stendur haugur fram til dala, og er ýmist kallaður Hreiðarshóll eða Hreiðurhóll. Það hefir farið með nafnið á þessum haugi, eins og vant er að fara með örnefni, að þegar þau fyrnast, og það er gleymt, sem þau voru við kennd, þá ruglast örnefnin, og enginn maður veit, hvað þau merkja. Sumir segja Hreiðarshóll sé réttara, og sé nafnið dregið af fornmanni, sem þar hafi verið heygður; aftur segja sumir, að þetta sé rangt, og færa það til síns máls, að á hverju sumri verpi sólskríkjur og steindeplar í urðinni fyrir ofan hólinn, svo hitt sé réttnefni, að kalla hann Hreiðurhól. Höfundur þessara blaða er ekki fær um að skera úr svo mikilvægri þrætu, en lætur sér nægja að skora á alla fornfræðinga, að þeir noti þetta tækifæri, til að reyna skarpleikann og sýna lærdóminn, og eyða þessu þrætuefni fyrir þeim í Grímstaða*)-hrepp, svo þeir fái tíma til að keppa um eitthvað, sem þeim er nákomnara og sveitinni gæti orðið hagur að. Tilgangur þessara blaða er einungis að segja rétt og

*) Þessu bæjarnafni er breytt, og eins verður gert á hverjum stað í þessari sögu, þar sem nefna þarf menn, sem annaðhvort eru lifandi eða nýdánir; þetta þótti varlegra, til að komast hjá að styggja neinn. Íslendingar eru, enn sem komið er, svo óvanir við að sjá nafn sitt nefnt eða gjörða sinna getið á prenti, að þeir fælast bækurnar, eins og „gapastokk", en vara sig ekki á, að tungurnar allt í kring um þá eru bæði fjölmæltari og verri viðfangs en bækurnar; því bækurnar geta ekki borið á móti því, sem þær hafa sagt, heldur verða að ábyrgjast það.

einfaldlega frá nokkrum viðburðum, sem orðið hafa í manna minnum og eru svo eftirtektarverðir og að nokkru leyti svo hryggilegir, að ég vona lesandinn virði mér til vorkunnar, þó ég hafi í upphafinu staldrað við nafnið á Hreiðarshól; því þessi „bústaður enna dauðu“, hvað sem þeir hafa heitið, er feður vorir lögðu þar til hvíldar, hann er undarlega riðinn við forlög þeirra manna, sem mest verða nefndir í sögunni.

Það var um sumarið 1817 — þegar hið danska stjórnarráð var búið að lýsa friðhelgi yfir legsteini Kjartans Ólafssonar, og öðrum fornmenjum á Íslandi, og verið var að hvetja prestana til, að grennslast eftir öllu þess konar í sóknum sínum og senda skýrslur um það til nefndarinnar í Kaupmannahöfn, sem á að varðveita fornleifar ríkisins —, að farið var að minnast á Hreiðarshól, og hvort það myndi vera áræðandi að grafa í hann. Hóllinn stendur í Grímstaða-landareign, og það var alkunnugt í sveitinni, að hinn forni eigandi Grímstaða hafði selt undan sér jörðina 1783, og dáið rétt á eftir, og um sama leytið þóttust menn hafa séð vegsummerki, að reynt hefði verið til að grafa í hauginn; en enginn vissi meira um þetta efni, né hvernig á því hefði staðið. Einhvers konar óskýr grunur hafði samt tengt alla þessa atburði saman, og upp frá þeim degi lék það orð á, að enginn myndi komast klaklaust af, sem dirfðist að brjóta Hreiðarshól, og sækja haugbúann heim eða „vekja Hreiðar undir viðarrótum“. Sumir sögðu um þær mundir, að presturinn í sveitinni hefði líka snefil af þessari almenningstrú, en sumir báru á móti því, og kölluðu hann vera hyggnara prest en svo, að hann hræddist moldir dauðra manna, en gátu hins til, að honum myndi þykja of mikil fyrirhöfn og tímatöf, að grafa sundur hóla. og fá

svo ekkert í ómakslaun, nema, þegar bezt léti, afgamla öxi eða ryðgað sverð, er varla yrði notað í tálguhníf. Mér þykir samt líkast til, að hvorugir þessara manna hafi verið svo heppnir að geta sér rétt til um, af hverju presturinn hafi ekki viljað láta ónáða Hreiðarshól. Þetta ræð ég af ýmsum atvikum, sem getið skal verða seinna, þar sem bezt á við. En skjátlist mér í þessu efni, þá er samt eftir að vita, hvort aðrir hvorir hinna hafa rétt fyrir sér að heldur; að minnsta kosti þykir mér líklegt, að hafi presturinn verið „hygginn“, eins og þeir segja með berum orðum, er geta til þess, að hann hafi séð í tímatöfina, þá skjátlist þeim í því, hvað sem öðru líður, að hann hafi haldið fornleifar vor Íslendinga væru ekki dýrmætari en svo, að þær væru helzt notandi til að smíða úr þeim eitthvert áhald, til að mynda hníf eða ljá, því slíka fásinnu get ég varla ætlað neinum bónda um þessar mundir; miklu fremur býst ég við, að hver íslendingur, sem annað hvort hefir nú að varðveita einhvern fornan grip, eða kynni að eignast hann eftirleiðis, muni meta allt þess háttar svo sem dýrmætar menjar feðra vorra og þjóðareign, er ekki má selja úr landi, þó gull væri í boði, og því síður glata því eða spilla svo — —*).

Veleðla herra stúdíósus!
ástar heilsun.

Nú er einasta efni miðans, að þakka yður fyrir allt gamalt og gott og góða viðkynning, mér auðsýnda, sem ég jafnan vildi minnugur vera til hins bezta. Fátt er nú í fréttum að segja, utan mína bærilega vellíðan, l. s. g. Og þó hefði ég ekki núna farið að tefja mig frá heyinu, ef öngvar væru fréttirnar

*) Hér vantar í söguna.

að skemmta yður með. Nóg er í fréttum, vinur minn! og svo fáið þér sendingu þar á ofan, ef kaupmaðurinn tekur hana af mér, og kynlega sendingu, sem enginn veit hvað þýðir, fyr en ég er búinn að skýra frá því öllu saman, og þér eruð búinn að brjótast fram úr tilskrifinu, því það má segja um mig: „betur rita krummaklær“, o. s. frv., eins og kveðið var á Bægisá einhvern tíma. Þér munuð hafa heyrt, að faðir minn er nú dáinn, og að ég hefi tekið við búinu eftir hann. Það gengur svona og svona; árferðið er svo bágt, að ég hefi lítið getað aðhafzt, sem framtak sé í, og veit ekki, að kalla má, enn sem komið er, hvort ég fyrir nokkurn hlut megi teljast dugandi bónda-efni. Hann bróðir minn, sem guð tók, var í öllu mér fremri, og hefði hann lifað, þori ég að segja Knappstaðir hefðu bráðum orðið bezta jörðin í þessari sveit; en nú ætla ég hún muni níðast, eins og aðrar fleiri. En því ætli ég sé að minnast á missinn, fyrst hann verður ekki bættur; mér datt hann sona í hug, hann Sigurður heitinn, út úr því, sem ég ætlaði að fara að segja yður frá. Þér munið eftir Hreiðarshól. Í ungdæmi mínu fórum við bræður einu sinni að grafa í hann. Fólkinu á bænum var ekki um það, og faðir minn taldi okkur af því, en bannaði það samt ekki með öllu, því hann var enginn hjátrúarmaður; en vildi heldur láta okkur vinna fyrir gýg, en vekja okkur grun um, að hann væri hræddur um, að reiði haugbúans yrði okkur að grandi. Við fórum þá að grafa, og gekk það slysalaust fyrsta daginn. Um kvöldið töluðum við bræður um, að nú myndi haugbúi birtast okkur í draumi um nóttina, og líklega hóta okkur reiði sinni. Ekkert varð samt af því. Þegar við vöknuðum um morguninn, hafði okkur ekkert dreymt, og fórum við til verks okkar, eins og fyrra daginn. En þegar leið að dagmálum,

kom maður ríðandi, og þekktum við bráðum, að það var presturinn. Hann heilsaði okkur vinsamlega, og sagðist vera kominn að finna okkur. Við hættum þá að grafa, og settumst við allir niður, sunnan undir hólnum. „Ég vissi ég myndi hitta ykkur að þessu verki“, sagði presturinn, „og er nú kominn til þess að biðja ykkur að hætta því; ætlið þið munið láta það að orðum mínum?“ Sigurður varð fyrri til svars; hann var líka eldri: „Ég veit ekki, prestur góður!“ sagði hann, dálítið kímilega; „það held ég samt varla, nema ef þér gjörið svo vel að segja okkur, hvers vegna þér beiðizt þess“. „Það geri ég þess vegna“, sagði presturinn, „að ég veit víst, að ykkur er til einskis að rjúfa hauginn; þið finnið ekkert í honum, því haugurinn er rændur áður“. Þetta þótti okkur kynleg saga. „Hvernig farið þér að vita það?“ sagði bróðir minn; „það verðið þér að segja“. Prestur svaraði því ekki, en spurði aftur á móti: „Hvernig haldið þið ég hafi vitað, hvað þið voruð að hafast að? Enginn hefir farið á milli síðan í gær, og getað sagt mér frá því“. Þetta áttum við bágt með að skilja, því við vissum, að presturinn sagði satt; við gegndum honum engu. „Mig dreymir stundum“, sagði hann þá; „í nótt til að mynda dreymdi mig mann; ég þarf ekki að lýsa honum fyrir ykkur, því ég ætla hvorugan ykkar að hræða; en útlit hans bar allt saman með sér, að hann var kominn þaðan, sem enginn hverfur aftur til vakandi manna; hann gekk að rúminu, þar sem ég lá, og kvað þessa vísu:

Heygður var eg í haugi,
hægir mundu draugi
draumar um dimma grímu
og dags-höfginn þungi.

Nú er eg barinn af báru,
baugum er stolinn haugur,
horgreip og hryggur er barinn.
Hreiðar á sér ekki leiði,
Hreiðar á sér ekki leiði.

Aftur vil eg hverfa,
sem eg áður var,
undir græna
grundar skýlu;
beri, beri
bleikar kjúkur
Hreiðars í haug
að höfði mínu, —

og þarf ekki að brjóta tóman haug", sagði myndin; „en gjarna vildi ég vera heim borinn. Nú gjör fyrir mín orð, og bið þá hina ungu menn, að þeir láti kyrt um sinn, en rjúfi þá hauginn, er þeir hafa fundið mig áður; mun þeim vænna til hamingju að bera bein mín til moldar en brjóta nú híbýli mín með ránshug og fíkjast þar til fjár, sem ekki er". „Þetta dreymdi mig", sagði prestur, „og vildi ég þið létuð nú að orðum mínum, og hættuð þar sem komið er, en segðuð ekki öðrum frá viðtali okkar fyrst um sinn; því mér kunna að verða lagðar misjafnt út tillögur mínar; skuluð þið mega biðja mig bónar aftur á móti einhvern tíma, þegar ykkur lízt". Við bræður vissum ekki, hvað við áttum að hugsa um sögu prestsins en létum samt að orðum hans; mokuðum við þá moldinni ofan í gröfina, og var það ekki langrar stundar verk. Prestur þakkaði okkur auðsveipnina og fór nú aftur heim til sín; við fórum líka heim, og sögðumst hafa hætt, af því við hefðum komið ofan á grjót og möl; en aðrir sögðu,

við hefðum hlaupið burtu, af því okkur hefði sýnzt bærinn vera að brenna. Nú leið og beið —; presturinn fór í burt á annnað brauð, bróðir minn varð úti, faðir minn sálaðist, og ég er orðinn bóndi á Knappstöðum. Einu sinni í sumar var ég að vitja um silunganet í ánni, skammt fyrir neðan Hreiðarshól. Straumurinn hafði borið það upp undir bakkann og fest það um hnaus. Ég reyndi að kraka netið upp með stöng, og gekk það ekki greitt; því eitthvað þungt var í því, og hélt ég fyrst það væri hnaus eða steinn; en þegar það kom upp, sá ég, að þetta var beinabaggi, vandlega reyrður með snæri, og var svo fúið, að bagginn losnaði allur í sundur, þegar ég fór að hrófla við honum. Jeg sá, að þetta voru mannsbein gömul og skinin, og vantaði höfuðið. Þetta þótti mér kynleg veiði, og gat ég með engu móti skilið í, hvernig á henni stóð. — — — —

---

## KLAUFLAXINN.

„Sjö sinnum sjö eru 49“, sagði Hallur í Skollafit; „það er föstutíminn, og þá má enginn nefna kjöt; — varaðu þig, maður, á að syndga!“

Ég hefi komið að honum í tunglsljósi, þar sem hann sat á eldhúsglugga og seildist inn á rárnar, og talaði við sjálfan sig í hálfum hljóðum. — Hann sagðist liggja á dorg og vera að veiða og hélt það væri hverjum manni heimilt. —

Og þegar hann kom á þingið og sýslumaðurinn sagði hann hefði stolið, þá bar hann ekki á móti því, nema hvað hann neitaði, það hefði verið kjöt. „Ég hefi tekið klauflax“, sagði þjófurinn, „og

býst við að verða hýddur; en það er bezt að bera sig karlmannlega!“

Það bar ekki heldur á honum, að hann væri sérlega daufur. En þegar honum var lesin upp þingbókin og hann heyrði þar stóð „fimm fjórðungar af kjöti“, þá fór hann að gráta og sagði við dómarann: „Krofið var fimm fjórðungar; en hitt voru ekki mín orð; skrifið þér heldur 6 fjórðunga og setjið þér klauflax“.

---

## AÐ TYGGJA UPP Á DÖNSKU.

Nú er orðinn siður fyrir austan að tyggja með framtönnunum; en það eru ekki allir, sem vita, af hverju það kemur til.

Mér var sagt á einum bæ, þetta héti að tyggja upp á dönsku, og þá fór ég að reyna það líka; þá varð ég allt í einu þolinmóður og iðinn að nema, og þó ég væri lúinn í kjálkunum og yrði að éta hálftuggið á daginn, þá bættist mér tvöfalt upp á nóttunni. Mig dreymdi þá, ég væri kominn á kjól og kynni að tyggja upp á dönsku, og hló þá stundum hátt upp úr svefninum, þegar ég sá hunda bíta bein, eða bændur á peysu, sem tuggðu með jöxlunum.

Prestsdóttirin átti bágara en ég: hún var bæði ung og fríð, og hafði viðkvæma samvizku, en þrekið vantaði og styrkleika sálarinnar til að leggja hart á sig og læra það, sem mest á reið: að tyggja upp á dönsku, eins og faðir hennar; þegar hún hugsaði út í það, flóði hún stundum öll í tárum og sagði, guð hefði ekki gefið sér jaxlana til annars en syndga. Þá kom Hjörleifur sterki á mórauðri úlpu og hafði bundið reipi um sig miðjan. Hann

kenndi í brjóst um stúlkuna og huggaði hana, eins og hann gat. Hann stakk atgeirnum á kaf ofan í jörðina, setti frá sér 50 fjórðunga kistu, sem hann bar á bakinu, og stökk upp á bæjarkampinn, þar sem við sátum, prestsdóttirin og ég, og tók svo til orða: „Þú átt ekki að gráta, fuglinn minn! þó þér hafi orðið það á að tyggja með jöxlunum; ég skal segja þér, hvernig þessi hinn nýi siður er kominn upp í sveitinni. Hér kom maður útlendur og hafði misst jaxlana í Danmörku; hann varð þá að nota framtennurnar, vesalingur, og tyggja með þeim, eins og hann gat. En svo komu prestar og sáu það til hans og tóku það eftir honum, og síðan hver af öðrum. Þessum mönnum hefnist nú fyrir, og hafa gjört sig að athlægi, af því að þeir fóru að tyggja upp á dönsku".

## STÚLKAN Í TURNINUM.

Einu sinni var fátækur fiskimaður og átti sér dóttur; hún var ung og fríð. Eitt kvöld gekk hún niðrí fjöru, til að vita, hvort hún sæi föður sinn koma að. Þá spruttu þar upp víkingar og ætluðu að taka hana og hafa hana á burt með sér. En stúlkan flýtti sér og hljóp undan, eins og fætur toguðu. Skamt í burtu þaðan var gamall turn, og farinn víða að hrynja. Enginn maður þorði að koma nærri honum, af því menn héldu hann væri fullur með drauga og forynjur. En stúlkan var svo hrædd, að hún hugsaði ekki eftir því, og hljóp inn í turninn, og ofan stiga, þangað til hún kom niður í jarðhús. Þar voru blóðslettur um gólfið og járnhlekkir í veggjunum. Hún hljóp í ósköpum fram

hjá þessu öllu saman, og upp einn skrúfstiga, og inn um dyr inn í klefa í turninum. Þar sat stór og hræðileg ugla og starði á hana og brann úr augunum. Stúlkan snéri við og ætlaði að flýja; en í því bili datt stiginn niður. „Þú verður nú að vera hér“, segir uglan, „og þú skalt eiga fullgott. Ég ætla að kenna þér að una betur nóttunni en deginum. Hér liggja nokkur epli; þegar þú borðar eitt þeirra, þá fer af þér hungur og þorsti; og hérna er rúm, sem þú getur sofið í, þegar þú vilt. Ég sef allan daginn, og þá máttu ekki bæra á þér, svo ég hrökkvi ekki upp; ellegar ég steypi þér út um vindaugað“. Síðan flaug uglan í burt, en stúlkan sat eftir grátandi.

Skömmu síðar kemur uglan aftur og hefir með sér mikinn hóp af leðurblökum. Þær fljúga allar fram hjá stúlkunni og inn um vegginn, rétt á móti vindauganu. Hún stóð upp og fann á veggnum átthyrnda smugu og ofinn yfir dordingulsvef. Hún gægðist inn um þetta gat og sá þaðan langt í burt, eins og í þoku, bjartan sal, og allt ljómandi, eins og sæi á silfur og gull, og margar myndir í skínandi klæðum bæra sig til og frá. Á þetta starði hún langa stund, þangað til að dimmdi allt í einu; síðan settist hún niður og hugsaði um þennan fyrirburð. Litlu síðar flýgur aftur uglan og leðurblökurnar fram hjá henni út um vindaugað. Þegar dagaði, kemur ugla heim, sezt út í horn og fer að sofa. Stúlkan var að horfa út í dagsbirtuna; en svo var hún hátt uppi, að ekki sá til jarðar, heldur að eins loftið og ólgusjóinn.

Þegar hana svengdi, borðaði hún dálítið epli, og varð södd af því. Síðan varð hún syfjuð og hallaði sér út af. Að aflíðandi hádegi vaknaði hún aftur, og horfði á loftið og sjóinn og illfyglið, þar sem hún svaf. Hún sat grafkyr og þorði ekki á sér að bæra

og þótti þetta leiðinleg ævi. Uglan vaknaði, þegar fór að dimma, og tók svo til orða: „Hvort unir þú betur nóttunni eða deginum?“ Deginum“, sagði stúlkan; þá flaug uglan út og sótti leðurblökurnar. Síðan fór allt fram eins og hina fyrri nótt, og gekk svo nokkrar nætur, nema hvað allt var að færast nær, og verða skýrara fyrir henni, salurinn með ljósunum og fallegt fólk á björtum klæðum, sem borðaði dýrar krásir við fagurt borð og ríkulega búið. Á hverju kvöldi spurði uglan hana, við hvort henni væri betur, nóttina eða daginn; en hún sagði allt af, að sér væri betur við daginn. En þó fór hún að hika sér meira og meira, eftir því sem á leið, þangað til uglan segir við hana: „Undir eins og þú svarar mér því, að þér sé betur við nóttina, þá skaltu komast í veizluna með okkur og sitja þar við borðið hjá skrúðbúna fólkinu og fá eins fögur klæði eins og það“.

Morguninn eftir gat stúlkan ekki sofið og var einlægt að hugsa um, hverju hún ætti að svara uglunni um kvöldið. Þá heyrði hún á baki sínu vera sagt í hálfum hljóðum: „Stúlka litla! unntu meir deginum, eins og þú hefir gjört“. Hún vissi ekki, hvað þetta var, snéri sér við og spurði, hver talaði. „Þei, þei“, sagði röddin, „vektu ekki ugluna“. Þá sagði stúlkan í hálfum hljóðum: „Segðu mér, hver þú ert“. Þá segir röddin: „Ég hefi verið ungur maður og varð fyrir því óláni að villast hingað inn, eins og þú; ég var nærri dauður af leiðindum og fór út með uglunni eina nótt, en um morguninn varð ég að þessari leðurblöku, og þoli nú ekki framar að horfa í blessaða dagsbirtuna. Mig langar til að frelsa þig; þess vegna hefi ég nú falið mig; — hafðu ekki hátt! nú vaknar ókindin“.

Uglan varð bálreið, þegar stúlkan svaraði henni því, að sér væri betur við daginn. Hún skók að henni vængina, og eldur brann úr augum hennar. Þegar allur hópurinn var floginn inn um veggginn, þá kom leðurblakan aftur út úr skoti sínu. „Ætlar þú ekki inn líka?“ sagði stúlkan. „Nei“, sagði leðurblakan, „þangað ætla ég ekki oftar að fara, og gerðu það fyrir mig, að fara ekki að smugunni til að horfa inn“. Stúlkan sagði þá: „Getum við með engu móti losnað?“ „Jú“, sagði leðurblakan, „þú getur losnað, ef þú hefir hug til að drepa ugluna. Þegar hún sefur, verðurðu að læðast aftan að henni, taka báðum höndum utan um hálsinn og kyrkja hana; en það er þinn bani, ef hún vaknar, áður en þú nærð utan um hálsinn“. Stúlkan svaraði: „Mér leiðist þessi ævi; þess vegna ætla ég að reyna það“.

Morguninn eftir, meðan uglan svaf, stóð hún hægt á fætur, en skalf þó af hræðslu, að uglan myndi vakna. Hún gat komizt aftan að henni og tók utan um hálsinn báðum höndum eins fast og hún gat. Óvinurinn hamaðist, þandi út klærnar, barðist um með vængjunum og ranghvolfdi í sér augunum svo voðalega aftur á bak, að stúlkan var nærri búin að sleppa henni af hræðslu. Þá kom leðurblakan og breiddi vængina yfir augun á henni, þangað til hún var kyrkt. Stúlkan var svo máttfarin, að hún gat ekki staðið fyrir þreytu; en í sama bili hrundi turninn og varð að engu. og þegar hún vaknaði við, stóð hún á grænu grasi í björtu sólskini; við hliðina á henni stóð ungur maður, og sagði við hana: „Ég er leðurblakan, sem talaði við þig, og þú hefir frelsað mig; faðir minn er ríkur konungur; förum til hans og gerum brúðkaup okkar“. Síðan gengu þau fyrst heim í kofann, til for-

eldra hennar, og beiddu að lofa sér að eigast, og þaðan heim í kóngsríki og fengu góðar viðtökur, eins og þið getið nærri.

---

## FÍFILL OG HUNANGSFLUGA.

Einu sinni var hunangsfluga og bjó í veggjarholu, og fífill og bjó í hlaðbrekku. Hunangsflugan vissi, hvað lífið var; hún hafði einhvern tíma verið ung og fríð og unað við blóm og grænan völl og aldrei dreymt á nóttunni, nema um sumar og sólskin; en nú var hún orðin sett og reynd kona, eða, réttara sagt, ekkja og einstæðingur, og átti mörg börn fyrir að sjá; nú var hún vakin og sofin að draga til búsins og safna vaxi og hunangi. Fífillinn var nýsprottinn út; hann hafði dreymt morgunroðann, og vaknað, þegar sólin kom upp, en aldrei séð kvöld og forsælu; hann leit ekki í kring um sig, en horfði brosandi í sólina, og sólin kyssti hann þúsund sinnum, eins og móðir kyssir nývaknað barn; og hann roðnaði af gleði í sólarylnum og hlakkaði til að lifa og verða stór. Þá kom flugan út í holudyrnar og skoðaði til veðurs. „Ósköp eru á mér“, sagði flugan; „hvað ætli ég hugsi, að vera ekki komin út; völlurinn glóir allur í blómum, sem lokizt hafa upp í blíðviðrinu; ef ég væri yngri og minna farin að þreytast, þá gæti mér orðið björg að slíkum degi; rækarls mæðin og fótadofinn! — en blessuð börnin spyrja ekki að því!“ Nú þandi flugan út vængina og snaraðist fram yfir hlaðið — brumm birr bumm — og svo var hún komin í hlaðbrekkuna, saug blómin í óða-kappi, og safnaði vaxinu í bolla, sem hún hefir innanvert á

fótunum, þangað til hún var orðin svo afturþung, að henni þótti vanséð hún kæmist heim, og hugsaði sér að hvíla sig. Hún hafði öngvar sveiflur á því, nema settist á fífilinn unga; lét fæturna hanga út af röndinni á fífilshöfðinu, baðaði vængjunum og suðaði. Það má nærri geta, hvernig aumingja fíflinum hafi orðið við, þegar skyggði fyrir sólina, og hlassið settist á hann, svo blöðin svignuðu fyrir undir þessum ofurþyngslum. Þegar mæðin rann af flugunni, þefaði hún úr kollinum á fíflinum, og sagði svo hátt, að hann heyrði: „Hvaða blessaður ilmur! ekki get ég setið á mér að sjúga þig, karlkind! svo litlu er mér óhætt að bæta á mig". „Gerðu það ekki, fluga mín góð!" sagði fífillinn og skalf og titraði af hræðslu, „sjúgðu mig ekki, blessuð mín! ég er svo ungur og langar til að lifa og verða stór". „Ekki get ég gert að því", sagði flugan; „ég er að draga til búsins og verð að sjá um mig og börnin mín; ég sýg blómin, af því jeg þarf þess með, en kvel þau ekki eða drep að gamni mínu; við segjum, hunangsflugurnar, að þið séuð sköpuð handa okkur, og förum þó betur með ykkur, en mennirnir fara með dýrin og hverjir með aðra". „Ég er svo einfaldur og ungur", sagði fífillinn, „og get ekki borið neitt á móti því, sem þú segir, en mig langar ógn til að lifa; ég hefi aldrei séð kvöld né forsælu". „Þú talar eins og barn", sagði flugan, „og veizt ekki hvað það er, sem þú hlakkar mest til; en ég er harðbrjósta að bæla þig niður — brumm birr bumm — og svo lagði hún á stað með byrði sína, og fífillinn horfði aftur í sólina, og hún kyssti hann þúsund sinnum, eins og móðir kyssir nývaknað barn. Skömmu seinna kom flugan aftur fljúgandi og suðandi að sækja meira til búsins; fífillinn kallaði þá til hennar og sagði:

„Kærar þakkir, fluga mín góð! fyrir það þú vægðir mér og saugst mig ekki svo ungan; ég skal bera mig að borga þér einhvern tíma, og blessuð sólin vermi þig!“ „Ég tek viljann fyrir verkið, vesalingur!“ sagði flugan; „ en með hverju ætli þú getir borgað mér? þú ert fastur á rótinni, og verður að standa þar sem þú ert, þangað til bóndinn fer að slá, eða börnin slíta af þér höfuðið“. „Æ, ég veit ekki, hvað þú talar um“, sagði fífillinn, „en mig langar til að lifa“.

„Sæll vertu, fífill minn!“ sagði flugan morguninn eftir; „nú hefirðu séð kvöld og forsælu, hvernig lízt þér á?“ „Minnstu ekki á það“, sagði fífillinn; „mér ógnar, þegar ég hugsa til þess! Þegar sólin blessuð hvarf og forsælunni skelldi yfir, — þá kom yfir mig hrollur og dauðans þungi; ég lagði þá saman blöðin og lokaði höfðinu og sofnaði; en mig hefir dreymt í alla nótt ljósið og sólarylinn; tefðu mig nú ekki, meðan sólin er á lofti; en ég má ekki hugsa til kvöldsins; — samt langar mig til að lifa, svo ég geti borgað þér“. Flugan brosti við og flaug lengra ofan á völlinn.

Nú leið lengi og þau heilsuðust á hverjum morgni, þegar flugan fór út. Fífillinn eltist fljótt og var loksins orðinn að gráhærðri biðukollu og meir en fullsaddur á lífinu, en samt sem áður sagði hann allt af sig langaði til að lifa, til að geta borgað flugunni, og stóð nú á því fastara en fætinum, að hann skyldi gera það, áður en hann skildi við; en flugan gerði ekki nema hló að honum og kallaði hann örverpi og biðukollu, og ráðlagði honum að leggjast út af og deyja. „Hafðu þolinmæði, heillin góð!“ sagði fífillinn; „þakklátsemin heldur mér við; þó ég sé köld og grá biðukolla, og sólin gleðji mig ekki meir, og forsælan og myrkrið hræði

mig ekki, af því ég er tilfinningarlaus, þá langar mig samt til að lifa; og nú vaki ég bæði dag og nótt og sofna aldrei dúr, og er allt af að hugsa um þetta sama. „Vertu sæl, biðukolla!“ sagði flugan. „Vertu sæl, fluga mín góð! og blessuð sólin vermi þig!“

---

## FUNDURINN.

(Eftir J. P. HEBEL).

Það eru nú meir en sjötíu ár síðan ungur járnnemi í Falúnum kyssti unnustu sína, unga og fríða stúlku, og sagði við hana um leið: „Á Lúsíumessu skal presturinn lýsa yfir okkur blessuninni; svo verðum við hjón og komum upp kofa yfir höfuðið á okkur.“ „Og ást og eindrægni skulu búa undir því þaki“, svaraði stúlkan brosandi; „því þú ert mér fyrir öllu; og heldur vildi ég liggja í gröfinni en eiga að lifa þar, sem þú ert ekki“. En þegar presturinn kallaði í annað sinn af stólnum og sagði: „viti nokkur meinbugi á þessari giftingu, segi hann til í tíma, eða þegi síðan“, — þá kom dauðinn og sagði til; því morguninn eftir, þegar ar ungmennið gekk um hlaðið hjá unnustu sinni, klappaði hann að vísu á gluggann og bauð henni góðan dag, en hann kom aldrei síðan og heilsaði henni að kvöldi dags. Hann kom aldrei framar upp úr námunum; og það var til lítils, þó hún væri um morguninn að falda svartan klút með rauðum teinum handa unnusta sínum á brúðkaupsdaginn; því þegar hann kom aldrei aftur, lagði hún klútinn afsíðis og grét unnusta sinn og gleymdi honum aldrei. Sona liðu stundir. — Lissabon féll í

jarðskjálfta, sjö ára stríðið var háð, Pólínaríki var skift í parta, Teresía drottning andaðist og Strúensee var hálshöggvinn. Vesturálfan náði frelsi sínu og frakkneskur og spánskur her varð að hverfa aftur frá Gibraltarkastala. Tyrkjar byrgðu Stein hershöfðingja inni í Kappahelli á Ungaralandi og Jósep keisari andaðist, Gústaf Svía-konungur lagði undir sig Finnland, frakkneska stjórnarbyltingin hófst og langvinn stríð og mörg, sem þar af leiddi, og Leópold keisari annar lagðist í gröfina, Napóleon herjaði á Prússaveldi og Englendingar skutu sprengikúlum á Kaupmannahöfn; akuryrkjumennirnir sáðu og skáru upp, mylnumaðurinn malaði, smiðurinn smíðaði og málmnemarnir leituðu að auðæfum í skauti jarðarinnar. En sumarið 1809, um jónsmessuleytið, þegar járnnemarnir í Falúnum voru að grafa göng undir jörðunni, þrjú hundruð álna djúp eða meira, fundu þeir fyrir sér unglings líkama, hulinn sandi og viktrilsvatni; hann var óskaddaður, svo hver maður gat séð svip hans og andlitsfall, og á hvaða aldri hann var, eins og hann væri dauður fyrir stundarkorni, eða hann hefði sofnað út af frá vinnu sinni. En þegar komið var með hann upp í birtuna, sáu menn, að faðir hans og móðir og vinir og kunningjar voru allir dauðir; enginn gat kannazt við ungmennið, sem svaf, og enginn vissi neitt um slysför hans, þangað til stúlkan kom þar að, sem fyrrum var lofuð járnnemanum, er eitt sinn gekk til náms og kom þaðan aldrei síðan. Nú kom hún gráhærð og hrum og gekk við hækjur, og þekkti þar unnusta sinn. Þá hallaðist hún niður að líkinu, og fremur þó af gleði enn trega; og þegar hún kom til sjálfrar sín, svo að hún gat farið að tala, sagði hún: „Það er unnusti minn, sem ég hef syrgt í fimmtíu ár og guð

leyfir mér nú að sjá aftur áður en ég dey; viku á undan brúðkaupi sínu fór hann niður í jörðina og kom aldrei upp aftur þaðan í frá“. Þá viknuðu þeir, sem við voru staddir og táruðust, þegar þeir sáu brúðina, sem nú var fölnuð og ellihrum, og brúðgumann ungan og fagran, og hvernig ástin var aftur vöknuð eftir full fimmtíu ár; en hann lauk ekki upp munninum til að brosa, né augunum til að sjá unnustu sína, og allir grétu, þegar hún bað málmnemana að bera hann inn í húsið sitt; því hann átti ekkert annað heimili og ekkert tilkall til hælis, þangað til honum yrði grafin gröf í kirkjugarðinum. Og þegar gröfin var albúin daginn eftir og málmnemarnir sóttu líkið, lauk brúðurin upp fallegum kistli og tók upp svartan silkiklút með rauðum teinum og hnýtti um hálsinn á unnusta sínum, sem væri það hennar brúðkaup, en ekki greftrun hans; því þegar menn lögðu líkið í gröfina, sagði hún: „Sofðu nú sætt einn eða tvo daga í þinni köldu brúðarsæng og láttu þér ekki leiðast; ég á nú lítið eftir að gjöra og kem bráðum, og bráðum fer aftur að birta af degi“. Og enn fremur sagði hún, um leið og hún gekk frá gröfinni og leit aftur á hvíldarstað unnusta síns: „Því sem jörðin hefir eitt sinn skilað, skilar hún líka í annað sinn.“

---

## LEGGUR OG SKEL.

(Æfintýri, nokkurn veginn eftir H. C. Andersen).

Einu sinni voru leggur og skel; þau lágu bæði í gullastokki innan um barnagull, og svo sagði

leggurinn við skelina: „Eigum við ekki að taka saman, fyrst að við á annað borð liggjum hér í sama stokknum?“ En skelin var úr sjó og þóttist töluvert, rétt eins og ung heimasæta, — en hún var samt ekki heimasæta, — og vildi ekki gegna því neinu. Þar var líka í stokknum gömul gjarðarhringja, slitin og fornfáleg; en hún var samt úr eir. Hún sagði við skelina: „Ekki vænti ég þú viljir heyra mér út í horn?“ og skelin sagði „jú“, og svo fóru þau bæði út í horn. Þá sagði hringjan: „Ekki vænti ég þú viljir eiga þér mann, ríkan og forstöndugan, ekki svo mikið upp á bókarament?“ En skelin var úr sjó og skildi ekki þessa kurteisi, þóttist líka töluvert, rétt eins og ung heimasæta, og þagði eins og steinn. Þá sagði hringjan: „Æ! segðu nú já, hjartans lífið mitt góða!“ En skelin sagði ekki annað en „nei“, og svo töluðu þau ekki meira saman.

En nú kom drengurinn, sem átti gullastokkinn, og tók legginn og batt um hann rauðum þráðarspotta og reið honum um pallinn, og seinast tók hann látúnsbólu og rak í endann á honum; það var ekki mjög ljótt að sjá skína á bóluna, þegar leggnum var riðið. „Líttu nú á mig“, sagði hann við skelina; „hvernig lízt þér nú á? ættum við nú ekki að taka saman? hjónasvipur er með okkur; þú ert úr sjó, og ég úr lambsfæti; ég sé ekki betur, en það geti farið vel á með okkur“. „Á! haldið þér það?“ sagði skelin; „þér munið líklega ekki eftir, að ég er rekin á fjöru, og er orðin forfrömuð; kaupmaðurinn hefir fundið mig sjálfur og étið úr mér fiskinn, og ég hefi komið á meir en einn postulíns-disk“. „Satt er það“, sagði leggurinn; „en ég er líka úr golmögóttum lambsfæti, og hefi verið súrsaður, blessuð mín! og presturinn hefir borðað

af mér sjálfur, og nú er búið að setja bólu í endann á mér, eins og þú getur séð". „Er það nú víst?" sagði skelin. „Svei mér, ef, — fari ég þá sem, — skammi mig, ef ég skrökva", sagði leggurinn. „Þér getið komið fyrir yður orði", sagði skelin, „en ég má það ekki samt; ég er hálflofuð, að kalla má; það er fífill í hlaðbrekkunni, eins og þér vitið, og þegar drengurinn ber okkur út, gullin sín, hefir hann oftar en einu sinni lagt mig niður hjá fíflinum, og þá hefir fífillinn sagt: „Viljið þér koma til í það?" og ég hefi þá sagt „já" svona í huga mínum innanbrjósts, og það álít ég hálfgildings lofun. En því lofa ég yður, að ég skal aldrei gleyma yður". „Það er nú til nokkurs", sagði leggurinn, og svo töluðu þau aldrei saman.

Daginn eftir kom drengurinn, sá sem átti gullastokkinn, og tekur hann og fer með allt saman út í hlaðbrekku. Þá var sólskin og sunnanvindur, skýskuggar flugu yfir engin, og fífan hneigði sig á mýrinni í hvert sinn og hún dökknaði, og það gekk eins og bárur yfir puntinn á túninu, dalurinn skein allur í grösum og blómum. Skelin lenti hjá fíflinum, eins og vant var, því börn eru oft vanaföst í leikum; hann leit á hana stundarkorn og sagði: „Viltu eiga mig, hróið mitt?" „Það vil ég fegin", sagði skelin. En fífillinn sagði: „Þú færð það nú samt ekki, góðin mín!" og svo horfði hann aftur í sólina, nærri því eins brosandi og áður. Þá kom sláttumaðurinn með orf og ljá og fór að bera út. Drengurinn varð að flýta sér burtu með gullin sín, og skelin varð óvart eftir í hlaðvarpanum.

„Hvað er orðið af skelinni minni?" sagði drengurinn; „ég var með hana úti í varpa, þegar farið var að slá". En fólkið sagði: „Hún hefir farið í heyið; hún finnst, ef til vill, þegar gefið er kúnum, eða þá

í moðinu í vor“. En leggurinn heyrði allt, sem fólkið sagði, og honum sveið það sárt. Hann hugsaði með sér: „Nú hefir skelin átt fífilinn í heyinu; það er útséð um það“. Og því lengur sem hann hugsaði um þetta, því meira sárnaði honum, og það kom til af því, að hann gat ekki fengið skelina sjálfur; svo óx ástin dag frá degi; þetta: að eiga annan, það var svo óbærilegt. Leggurinn lá og kúrði, og vildi feginn geta sofið, en það gat hann ekki, og ekkert nema hugsað um skelina; allt af varð hún fallegri og fallegri; veturinn leið, og svo voru það orðnar fornar ástir; því leggurinn hafði elzt og var nú farinn töluvert að framast; drengurinn hætti einu sinni að ríða honum og fleygði honum út í skot; en ein vinnukonan fann hann og litaði hann fagurgrænan, eins og við þekkjum, og vatt svo upp á hann þráð; og nú fjekk hann bæði embætti og nafnbót, og var kallaður þráðarleggur; það var nú ofurlítill munur! En svo hvarf hann um vorið, og enginn vissi, hvað af honum varð; það var leitað og leitað, af því hann var þráðarleggur, en hann fannst hvergi. Hvað var þá orðið af þessum embættislegg með nafnbót, sem enginn lifandi maður gat fundið? Það skal ég segja þér: hann lá úti á haugi; hann hafði óvart verið borinn út í sorpinu. Þar var lítið um dýrðir, gamlir íleppar og skóvörp og annað þaðan af verra. Leggurinn gaut hornauga til þessa samsafnaðar, og sagði eins og von var: „Jú, jú! ég er fallega settur innan um allan þennan hroða!“ En svo sér hann skel, ef svo mætti kalla, kolmórauða og skörðótta, og gott ef ekki rifna, og það var sama skelin, sem árinu áður hafði legið í sólskininu frammi í varpa, og ætlað sér að eiga fífilinn, og farið í heyið. „Fegin verð ég“, sagði skelin, „að einhver kemur hér, sem talandi er við.

Komið þér sælir!“ sagði hún, og virti legginn fyrir sér; „ég er raunar úr sjó og rekin á fjöru og hefi verið forfrömuð; kaupmaðurinn hefir fundið mig sjálfur og borðað úr mér fiskinn, og ég hefi komið á meir en einn postulíns-disk; nú er það ekki á mér að sjá; ég var rétt komin að því að eignast fífil; en svo var slegið túnið, og ég lenti í heyinu, og svo í moðinu og fjóshaugnum, og var borin á völl og borin af aftur, þegar hreinsað var; það er löng bið, eins og þér skiljið, fyrir unga stúlku“. En leggurinn svaraði engu; hann var að hugsa um unnustu sína, sem verið hafði; og eftir því, sem hann heyrði skelina tala lengur, sá hann allt af betur og betur, að þetta væri sama skelin, og sé nú þar komin. Þá kom vinnukonan að kasta úr sorptrogi. „Hér er þá leggurinn minn“, sagði hún, og svo tók hún hann upp og bar hann inn í bæ; og hann var allur þveginn og þótti fallegur enn, og varð aftur þráðarleggur og var geymdur lengi, og bólan sat allt af í endanum á honum, sem drengurinn hafði rekið í; en skeljarinnar er ekki getið, og leggurinn nefndi hana aldrei á nafn. Ástin fyrnist, þegar unnustan hefir farið í moðið og fjóshauginn, og verið borin á völl; maður þekkir hana ekki aftur, þegar maður rekst á hana í sorpinu.

---

## MARÍUBARNIÐ.

(Úr þjóðversku).

Einu sinni var fátækur kolamaður. Hann bjó úti við skóg og átti sér konu og eitt barn; það var þrevetur stúlka. Þau áttu svo bágt, að þau höfðu ekki málungi matar, og vissu ekki, hvað þau áttu

að gefa barninu. Þá gekk kolamaðurinn út í skóg til vinnu sinnar, áhyggjufullur í huga. En meðan hann var að kurla, sá hann konu mikla og fagra standa fyrir sér; hún hafði á höfði sér skínandi stjörnuhring og mælti svo til hans: „Ég er María mey, móðir guðs-sonar; þú ert fátækur og hjálparþurfi; færðu mér dóttur þína; ég ætla að taka hana með mér, og vera henni í móður stað og annast hana.“ Kolamaðurinn sótti barnið heim og fékk það í hendur Maríu mey; en hún tók við því og fór með það upp til himna. Þar átti barnið gott og borðaði sætabrauð og drakk nýmjólk og var í gull-legum klæðum og lék sér við englana. Þegar það var orðið fjórtán vetra gamalt, kallaði María mey einu sinni á það og sagði: „Barnið gott! ég á langa för fyrir höndum. Geymdu þessa lykla, — þeir ganga að þrettán sölum himnaríkis; þú mátt ljúka tólf af þeim upp, og horfa á þeirra fegurð og dýrð, en þrettándu dyrnar, sem litli lykillinn gengur að, eru þjer bannaðar, og varastu að ljúka þeim upp, eða það verður þér til óhamingju.“ Stúlkan lofaði að vera henni hlýðin; og þegar María mey var komin af stað, fór hún að skoða bústaði himnaríkis, og lauk upp einum á dag, þangað til tólf voru búnir. Í hverjum sal sat einn postuli, og þar var svo mikill ljómi, að hún hafði ekki á ævi sinni séð slíka dýrð og prýði, svo hún var frá sér numin af gleði, og englarnir voru allt af hjá henni og samfögnuðu henni. Nú voru ekki eftir nema þrettándu dyrnar, sem henni voru bannaðar, og langaði hana ógn til að vita, hvað þar væri inni fyrir, og sagði við englana: „Jeg ætla ekki að ljúka þeim upp til fulls, en opna ofur-lítið svo við getum horft inn um rifuna.“ „Æ, nei“, sögu englarnir, „það væri rangt; María hefir

bannað það, og það getur orðið þér til óláns.“ Þá þagnaði hún, en löngunin og forvitnin þögnuðu ekki; og einu sinni, þegar englarnir voru ekki við, hugsaði hún með sér: „Nú er ég alein og engin sér til mín“, og sótti lykilinn og stakk honum í skráargatið og sneri honum. Þá hrökk hurðin upp og hún sá heilaga þrenningu sitja þar í eldlegum ljóma og snerti ljómann að eins með einum fingri, en fingurinn fékk á sig gullslit. Þá varð hún dauðhrædd og skelldi aftur hurðinni og hljóp burt. Hræðslan gat ekki farið af henni; hvað sem hún gerði til, barðist í henni hjartað og gat ekki verið kyrt, og gullið sat á fingrinum og fór ekki af, hvernig sem hún þvoði hann.

Að fám dögum liðnum kom María mey heim aftur, kallaði á stúlkuna og sagði: „Fáðu mér aftur himinslyklana.“ Um leið og hún rétti henni lyklakerfið, horfði María á hana og sagði: „Hefirðu ekki lokið upp þrettándu dyrunum?“ „Nei“, sagði hún. Þá lagði María höndina á brjóstið á henni og fann, hvernig hjartað barðist, og sá, að hún hafði brotið boðorðin og lokið upp dyrunum. Þá sagði hún aftur: „Er það víst, að þú hafir ekki gert það?“ „Nei“, sagði stúlkan í annað sinn. Þá varð Maríu litið á gullroðna fingurinn, sem komið hafði við himinljómann, og sá hún þá fyrir víst, að stúlkan var sek, og sagði í þriðja sinn: „Hefirðu ekki gert það?“ „Nei“, sagði stúlkan í þriðja sinn. Þá sagði María mey: „Þú hefir ekki hlýtt mér og skrökvað; þú verðskuldar ekki að vera lengur í himnaríki.“

# ATHUGASEMDIR OG SKÝRINGAR

*Bls. 3.* — ORT HEIMA 1827—32. — Á að vera 1826—32. — Kvæðunum er í þessari útgáfu skipt í 5 deildir, þannig, að gamanvísurnar eru sér í deild, brot, þýðingar og kvæði á dönsku sömuleiðis. Jafnframt er gerð tilraun til að skipa kvæðunum í aðaldeildinni, fyrstu deild, hinum frumsömdu, heillegu og alvarlegu kvæðum á íslenzku, í 4 flokka eftir aldri. — Kvæðin í fyrsta flokki, sem munu ort heima á Íslandi áður en höfundurinn sigldi til Kaupmannahafnar sumarið 1832, eru til með hans hendi, hreinrituð í lítið kver, og eru þau þeirra, sem sett eru í þennan flokk, tekin hér eftir sömu röð og þau eru þar, í kverinu; eru líkur til, að þau séu mestmegnis ort í þeirri röð. Einungis eitt kvæði, „Ferðalok", er tekið hér með, auk þeirra, sem eru í þessu litla ljóðakveri; verður gerð grein fyrir því hér á eftir. — Af kvæðinu „Nótt og morgunn" er einnig til annað eiginhandarrit. — Ljóðakverið litla mun vera frá síðustu skólaárum Jónasar, 1826—29, og fyrstu stúdentsárum hans, er hann dvaldi í Reykjavík, 1829—32. Hann hefir skrifað kvæðin í það smátt og smátt, og er rithöndin ekki eins á þeim öllum. Einkum skiptir um, er byrja kvæðin, sem hafa orðið til eftir að skólaverunni á Bessastöðum var lokið. Kverið er í litlu 8 bl. broti (14,4 × 9 cm), bundið í alskinn. Á fremsta blaði (skjólblaðinu) og þrem öftustu blöðunum eru athugasemdir og kvæða-uppköst eftir Jónas frá síðustu árum hans; sumt skrifað fám vikum áður en hann dó. Kvæðin eru á 2.—49. blaði, og eru þau blöð helmingur kversins; hin blöðin eru auð. — Þegar Jónas var fallinn frá, tóku vinir hans, þeir Brynjólfur Pétursson og Konráð Gíslason, „þau ljóðmæli, sem fundust eftir hann".*) Árið 1847 gáfu þeir flest ljóðmælin út, og settu þau frumsömdu kvæði fremst (bls. 1—46; sbr. bls. III), sem eru í þessu kveri, og þó ekki í sömu röð. Það var síðan í vörzlum Konráðs og er nú nr. 31 b I í handritasafni því, er hann ánafnaði gjafastofnun Árna Magnússonar eftir sinn dag.

*) Sjá ritið „Skírslur og Reikningar vidvíkjandi hinu íslenzka Bókmentafélagi 1845", sem fylgir 20. árg. Skírnis, 1846, bls. XI; sbr. bls. VIII.

*Bls. 5–7.* – BATTERÍSKI SYNDARINN. – Ehr. í G. K. 31 b I, 1. kv. — 1. útg. í Ljóðm. 1847, bls. 10—13. — Yfirskriftin er greinileg í ehr., ekki „Baktriski"(!), eins og er í 1.—3. útg. Í yfirskriftinni og 1. er. er átt við „Batteríið", er svo hét, litla grasi vaxna hæð við sjó frammi, fyrir norðan Arnarhól í Reykjavík.*) „Herborg" sú, sem átt er við í 1. er., var virki („batterí"), sem Jörgen Jörgensen lét hlaða þar í Júlí 1809 („Fort Phelps") og rifið var í næsta mánuði.**) Þjóðfundarsumarið 1851 hlóðu danskir hermenn, er hingað voru sendir þá, virkið að nýju.***) Stóðu rústir þess, vallgrónar, enn hina fyrstu tugi þessarar aldar.

Svo er sagt í 2. (og 3.) útg.****), að kvæði þetta sé „um verzlunarmann í Reykjavík, sem ekki þótti sem siðferðisbeztur" (2. útg., bls. 389), og í Almanaki Þjóðvinafélagsins 1925, bls. 97, er sagt berum orðum, að það sé ort um Edvard Thomsen, er síðar varð verzlunarstjóri í Vestmannaeyjum. Ekki munu þó neinar sönnur á þessu og líklega er enginn fótur fyrir því, að kvæðið sé ort um hann. Hann var 19 ára, er það var gert, að líkindum, og mun ekki hafa verið í Reykjavík á þeim árum (1825—28), heldur búðarmaður hjá T. Thomsen, kaupmanni í Hafnarfirði. Í kvæðinu, 9. er., nefnir Jónas þann mann Berg, sem hann yrkir það til eða um og gefið hefir tilefni til þess. Minnir það nafn á annan danskan verzlunarmann, búðarmann, sem var hjá Th. H. Thomsen, verzlunarstjóra við Flensborgar-verzlunina í Reykjavík. Hann var frá Flensborg og 21 eða 22 ára vorið eða snemma sumars 1826, er kvæðið virðist hafa verið ort. Í lok næsta árs var hann farinn frá Reykjavík; hefir sennilega horfið utan aftur sumarið 1827. En nú verður ekkert fullyrt um það, hvort átt sé við hann í kvæðinu.

Rithátturinn á þessu kvæði í ehr., og sömuleiðis á fleiri kvæðum í sama hr., er fornlegur; upphafið t. a. m. svona: Hæþ veit ec standa — þat var Herborg áþur. Verður því ekki, né rithætti handritanna yfirleitt, fylgt algerlega í þessari útgáfu.

1. er., 3.—5. l., sbr. Grímnismál, 12. er., 3.—5. l. — 3. er., 3. l., „Þá er", ehr. „þá". — 5. er., sbr. Vafþrúðnismál, 37. er. — 9. er., 6. l. er tekin óbreytt úr Sólarljóðum, 62. er. — 11. er., 5. l., „er", , ehr. „þá"; 6. l., „fyr", ehr. „for"; ljóðlínan tekin úr fornkvæðunum, Skírnismálum (35. er.), Lokasennu (63. er.) og

---

*) Arnarhóll sjálfur var aldrei nefndur „Batteríið", eins og stendur í Eimreiðinni, 6. ár, bls. 82—83.

**) Sbr. sögu Jörundar Hundadagakóngs, eftir Jón Þorkelsson, Kh. 1892, bls. 50 og 82.

***) Sbr. t. a. m. Eimr., 6. ár, bls. 82—83.

****) 2. útg. í Kh. 1883, 3. útg. í Rv. 1913.

Fjölsvinnsmálum (26. er.). — 12. er., 5. l., „sá er", ehr. „sá". 6. l. er tekin óbreytt úr Sólarljóðum, 68. er.

*Bls. 7–8.* – AD MATREM ORBATAM. – Ehr. í K. G. 31 b I, 3. kv. Þessi latínska fyrirsögn er þar, en í 1.—3. útg. er þýðing af henni sett í staðinn: *Til konu, sem misst hafði barn sitt.* — Réttara væri: Til móður, sem misst hafði son. — Kvæðið er vafalaust ort haustið 1826 til frú Ragnheiðar Bjarnadóttur í Sviðholti, konu Björns Gunnlaugssonar; þau misstu (úr kíghósta) 1. Nóv. 3 vikna gamlan dreng, sem Helgi hét (f. 10. Okt.).

*Bls. 8.* – TIL KEYSERS. – Ehr. í K. G. 31 b I, 5. kv. – Jakob Rudolf Keyser prófessor, sagnfræðingurinn norski (f. 1. Jan. 1803, d. 9. Okt. 1864), dvaldi hér frá því um vorið 1825 þangað til í Ágúst 1827.*) Þeir Jónas og Keyser hafa orðið góðir vinir; sbr. II. b., bls. 3 og 5, og V. b., bls. XXXVIII. — Blómið Kattarauga (Katteøje, *mysosotis)* kallast stundum á dönsku Forglemmig-ej eftir þeirri merkingu, sem það hefir fengið; sbr. nýja, íslenzka heitið munablóm. — „In prom.", skammstöfun fyrir in promtu, merkir, að vísan sé mælt af munni fram.

*Bls. 9.* – IN AQUILONEM NOCTURNUM. – Ehr. í K. G. 31 b I, 6. kv. Fyrirsögnin er þar svo, á latínu, þ. e.: Til landnyrðings að næturlagi. Vísan hefir verið nefnd „Vindvísa" í útgáfunum. — Síðar gerði Jónas margar veðurvísur; eru þær hér aftar, bls. 173—74. — 4. l., „langar eru", í ehr. „langarro".

*Bls. 9.* – AÐ BÓN JÓHANNS ÁRNASONAR. – Ehr. í K. G. 31 b I, 8. kv. Uppskrift í hrs. Jóns Sigurðssonar, 129 fol., gert fyrir 1. útg., en þó sleppt úr henni og 2. útg. einnig; er í 3. útg., bls. 29–30, með fyrirsögninni „Eftir börn". – Jóhann Árnason var skólabróðir og jafnaldri Jónasar, sonur Árna stúdents Davíðssonar í Belgsholti, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1826. Hann var skrifari hjá Hoppe stiftamtmanni næsta ár og þá hefir hann beðið Jónas um að yrkja þessi eftirmæli, eflaust eftir tvo drengi, sem Ólafur Hannesson Finsen sýslumaður missti haustið 1827; eldri drengurinn hét Hannes Christian Steingrímur, og dó hann 3. Okt., sex ára gamall, en hinn yngri hét Ole Peter, og dó hann 9. s. m., tveggja ára; báðir jarðaðir í Reykjavík 13. s. m.**) — Jóhann Árnason varð síðar sýslumaður í Þingeyjarsýslu. Hann dó 26. Marz 1840. — 2. er., 4. l., „hvar", í 3. útg. „þar", og „?" sleppt á eftir 6. l., en í ehr. er „hvar" og „?". — 4.—5. l., „þið",

*) Sbr. t. a. m. Afmælisrit til drs. Kr. Kålunds, Kh. 1914, bls. 16—17.

**) Sbr. e. fr. Sýslumannaæfir, IV., 185—87.

ehr. „þér“. — 3. er., 1.—2. l., sbr. 5.—6. l. í síðasta er. í Saknaðarljóðum, bls. 48; þær eru eins.

*Bls. 10—11.* — SKRADDARA-ÞANKAR UM KAUPMANNINN. — Ehr. K. G. 31 b I, 10. kv. Fyrir neðan fyrirsögnina stendur: („En Variation“), sem merkir sama og „breytt kvæði“, eins og Jónas orðaði það síðar um sum önnur kvæði (útlögð og breytt). Ókunnugt er, hvaða kvæði hefir legið til grundvallar. — Heyrzt hefir það haft eftir dr. Jóni Hjaltalín, landlækni, að hann hafi gert kvæðið. Þó mun lítið mark takandi á þessu, og vissulega hefir hann ekki gert það svo sem það er í þessu ljóðakveri Jónasar, K. G. 31 b I. Jón var raunar jafnaldri og skólabróðir Jónasar, og Halldór Kr. Friðriksson telur hann hafa verið „skáldmæltan vel“ og lagt allmikla stund á það í æskunni.*) Kvæðið er prentað hér eftir ehr. Þar eru endurtekningarmerki sett um 5. l. í hverju er., — með tilliti til lagsins, sem er alkunnugt enn. — Í fyrri útgáfum hefir nokkrum orðum verið breytt, sbr. 3. útg., bls. 12—13; fyrir „mega“ í 3. er., 4. l., er þar sett „hljóta að“, fyrir „klingi“ í 5. er., 6. l., er þar sett „gjalli“ og fyrir „landsmenn“ í 7. er., 3. l., er þar sett „bændur“. Í 8. er., 6. l., er í ehr. „guðdóms veldið gulli“, en hér er farið eftir 1.(—3.) útg.

*Bls. 11—18.* — AD AMICUM. — Ehr. í G. K. 31 b I, 11. kv. Fyrirsögnin er útlögð í 1.—3. útg.: „Til vinar síns“ („míns“ í 3. útg.). Jónas nefnir þennan vin sinn *Gísla* (í 20. er.), og er sagt í 3. útg., bls. 40, að kvæðið sé ort til Gísla Hjálmarssonar, síðar læknis. Jónas hefir þó ekki getað verið búinn að kynnast honum, er kvæðið virðist hafa orðið til;**) það mun ort sem sumarkveðja eða sumargjöf á sumardaginn fyrsta 1828, sbr. 15. er. (3. er. á bls. 15) og 21. er (2. er. á bls. 17), og til Gísla Ísleifssonar (yfirréttardómstjóra Einarssonar). Gísli var venjulega nefndur Gísli Einars (fyrir Einarsen), og af sumum „junkerinn“, eflaust í spaugi, er rætt var um foreldra hans og fjölskyldu.***) Hann var skólabróðir Jónasar og mikill vinur hans; hann var rúmum 2 árum yngri, f. 31. Jan. 1810. Jónas minnist á vináttu þeirra í bréfum til Tómasar Sæmundssonar, dags. í Febr. 1828 og Marz 1829 (sbr. II. b., bls. 3 og 9), og til Gísla orti Jónas, sennilega vorið 1829, „iðrunarvísur“, sem til er 1 er. af (sjá bls. 187). Gísli útskrifaðist ári síðar en Jónas, sigldi til háskólans og lagði stund á lögfræði, og þá voru þeir Jónas sam-

*) Andvari, XI., 12. — Sbr. nú e. fr. Vísi, 24. ár. 3. tbl.

**) Nægir að vísa til æviminningar Gísla; hún kom út 1880; prentuð í Kh.

***) Sbr. Dægradvöl, bls. 38.

býlismenn á Garði, sbr. V. b., bls. LX. Er faðir Gísla dó, árið 1836, hætti Gísli námi og kom aftur til Íslands 1837. Næsta ár fór hann að búa á Selalæk, en 10 árum síðar vígðist hann prestur að Kálfholti, 1848, og þar dó hann 10. Júlí 1851.*)

Í 1.—3. útg. eru nokkur orð breytt; í 1. er., 5. l., „veli“ f. „völ“, 2. er., 3. l., „falst“ f. „faldist“, og í 6. l. „um“ f. „of“; Jónas hefir fyrst skrifað „um“, en síðan strikað yfir það og sett „of“. Í 6. er., 5. l., er „nauðugur naut“ f. „nauðgur um naut“, og í 7. l. „helmings eins“ f. „helftar einnar“, en í 8. l. „þar“ f. „þess“; í 9. er., 2. l., er í ehr. „hvurfu“. — 14. er.; móðir Jónasar var Rannveig Jónasdóttir, en systur átti hann tvær, Rannveigu og Önnu; hann mun eiga við hina fyrri hér. Bróðir hans var Þorsteinn, síðar bóndi á Hvassafelli. Sjá um þau mæðgin öll í ævisögu Jónasar í V. b., bls. VII—IX, XXIV, XXVI, XLVII og víðar. — Í 18. er., 8. l., er í ehr. „hvaðan væntak“ f. „er eg vænti af“. Í 20. er., 9. l., er í 1. og 2. útg. „vinur“ f. „Gísli“. Í 21. er., 1. l., er „minnist“ f. „minnumst“, og í 22. er., 1. l., „Hvert“ f. „Hvat“, og er sú breyting ekki til bóta.

*Bls. 18—20.* — KVÖLDDRYKKJAN. — Ehr. í K. G. 31 b I, 14. kv. — 3. er., 4. l., „það er“, ehr. „þat“; 5. er., 1. l., „End ekki“, ehr. „Endattu“, og 7. l. „stel ekki“, ehr. „stelattu“; víðar eru fornar orðmyndir í ehr., „Brettarro“ í 2. er., 1. l., „sæfðak“ í 6. er., 2. l., o. s. frv. Í 6. er., 4. l., er í ehr. skrifað „vaki“ í ljóðlínuna, en „v. vakni“ („v.“ = vel, þ. e. eða) skrifað aftanvið línuna. Í 8. er., 6. l., er í ehr. „mót“ f. „við“.

*Bls. 20.* — OCCIDENTE SOLE. — Ehr. í K. G. 31 b I, 15. kv. Fyrirsögnin svo, á latínu, í ehr.; í 1.—3. útg. þýðing: „Við sólsetur, til vinar míns“. 6. l. „þeim er“, ehr. „þeim“. — Tilvitnunin neðanmáls (á bls. 21) er tekin úr 2. bók kvæða Horatíusar, 17. kvæði, 8.—9. l., og merkir: „Sá dagur hvorttveggja flytur fall, þ. e. „dauðadagur þinn verður okkar beggja banadægur“. — Horatius orti kvæðið til Mæcenasar, vinar síns, er Mæcenas var veikur.

*Bls. 21.* — SUMARDAGSMORGUNINN FYRSTA. — Ehr. í K. G. 31 b I, 16. kv. 1. er., 3. l., „ligg eg ei“, ehr. „eg ei ligg“, og 2. er., 5. l. „himins er það“, ehr. „það er himins“, og 11. l. „sefur auga“, ehr. „auga svaf“, og svo í 12. l. „syrgði“. Breytingarnar hafa verið gerðar vegna lagsins („Movits blåste en konsert“).

*Bls. 22—23.* — UNDIR ANNARS NAFNI. — Ehr. í K. G. 31 b I, 17. kv. — 2. er., 4. l., ehr. „margirro“; 3. er., 4. l., ehr.

*) Sbr. e. fr. Bréf Tóm. Sæm., Rv. 1907, bls. 20.

„sorgfría“, og í 5. l. „sofniro“; 4. er., 4. l., „þar er“, ehr. „hvarum“; 5. er., 3. l., „máttu ei“, ehr. „máattu“. — Í 2. er., 3. l., er í 1.—3. útg. „láðbyggja“, en í ehr. „láðbyggjenda“.

*Bls. 23—25.* — FERÐALOK. — Ehr. í nr. 13 fol. í hrs. Bókmfél.; er það, nr. 13 fol., safn af ýmsu óskyldu, bréfum til Jónasar, drögum til Íslands-lýsingar, kvæðum o. fl. Hafa þeir Konráð Gíslason og Brynjólfur Pétursson hirt þetta eftir Jónas dáinn og komið því í hendur forseta Bókmenntafélagsins, ásamt fleira slíku, eins og rétt var. — Það, sem nú er í K. G. 31 a–b, og ýmislegt, sem varð innlyksa hjá Jap. Steenstrup, hefði helzt einnig átt að ganga til Bókmentafélagsins. Í þessu safni, Bmf. 13. fol., er m. a. hefti í 4. bl. br. með ýmsum kvæðum, alls 11½ blað. Hefir Jónas skrifað kvæðin, flest eða öll, í heftið síðasta veturinn, sem hann lifði; sum voru þá gömul, t. a. m. Skipkoma, frá 1830 (sjá bls. 157), sum ný, t. a. m. Stökur og Sólhvörf, frá 21. og 22. Des. 1844 (bls. 141—42).

Ferð þá, er Jónas á við í kvæðinu, fór hann sumarið 1828, og af því að líkur eru til, að hann hafi ort kvæðið heima á Steinsstöðum skömmu eftir að þeirri ferð var lokið, eins og hann lætur sjálfur í ljós í 1. og 10. er., er það sett hér í flokk. — Bragarhátturinn bendir einnig öllu fremur til þess, það sé frá hinum fyrri en frá hinum síðustu árum Jónasar, þótt það kæmi að sönnu fyrir, að hann notaði ljóðaháttinn þá. E. fr. virðast hinar lifandi lýsingar frá ferðalaginu, sem eru aðalefni kvæðisins, og allur andi þess, eðlilegri að þeim atburðum ný-afstöðnum en hefðu þeir gerzt fyrir 16 árum. — En Jónas hefir, ef til vill, breytt kvæðinu, eitthvað meira en nú verður séð, frá því, sem það var í fyrstu; um það verður ekkert fullyrt.

Stúlkan, sem hann yrkir til, var Þóra, dóttir séra Gunnars Gunnarssonar í Laufási. Þau feðgin og Jónas urðu samferða frá Reykjavík norður í Eyjafjörð. Fengu þau Jónas og Þóra ást hvort á öðru, en faðir hennar vildi ekki heita honum dóttur sinni þá þegar, enda var hún þá aðeins 16 ára að aldri, og Jónas ekki útskrifaður úr skóla. — Sbr. e. fr. ævisögu Jónasar í V. b., bls. XL—XLI og víðar.*)

Fyrst hefir Jónas gefið þessu kvæði sínu yfirskriftina „Ástin mín“. Hann hefir síðan strikað yfir þá fyrirsögn, ekki kunnað við hana að svo komnu sem var, er hann skrifaði kvæðið upp, það ehr., sem til er af því. — Þóra var þá orðin prófastsfrú norður í Þingeyjarsýslu fyrir tíu árum, og liðin voru 16 ár, síðan þau Jónas urðu samferða um sumarið. Hann gaf nú kvæðinu

*) Einnig Iðunni 1925, bls. 169—74, og 1928, bls. 277—80.

heitið „Gömul saga“. — En endurminningin var enn svo lifandi að þessi „saga“ var enn sem ný. Hann skrifaði þriðju fyrirsögnina: „Ferðalok“. Hún átti við, og það í fleiri merkingum en einni.

Kvæðið kom út í Fjölni, VIII. árg.; er þar á bls. 54—57. — Enn var það „Ferðalok“; æviferðinni mun hafa verið nær því lokið, þegar það kom út. — Sjálfsagt er að hafa það óbreytt svo sem höfundurinn gekk frá því í Fjölni, hvað sem ehr. líður. Sama máli gegnir um önnur kvæði hans, er hann hafði látið prenta. Þó ber að taka tillit til orða þeirra Brynjólfs og Konráðs í formálanum fyrir 1. útg., þar sem þeir taka það fram, að þeir hafi vitað til, að Jónas hafi, eftir að kvæðin voru prentuð fyrst, verið búinn að breyta þeim sumum áður en hann dó. — Hér skal þó bent á ýmislegt í ehr., sem ekki kemur fram í útgáfunum: 7. er., 3. l., „okkarn skildu“, ehr. „skildu vorn“; 8. er., 5. l., „varið“, ehr. „friðað“; í 4. l. hefir Jónas breytt „gæti“ í „geti“, en haft þó „gæti“ í útg. í Fjölni; 11. er., 6. l., „að skilið“, ehr. „aðskilið“. — Jónas hefir gert fáeinar breytingar í ehr.; hann hefir t. a. m. breytt „hvert“ í sérhvert“ í 3. er., 4. l., „brostu“, „blikuðu“, „roðnaði“ í „brosa“, „blika“, „roðna“, og „stjörnur“ í „sjónstjörnur“ í 9. er.; og í 10. er., 4.—6. l., hefir hann fyrst sett 1.—3. l. af 1. er. óbreyttar; fyrir ofan orðið „kalda“ í 7. er., 5. l., hefir hann skrifað „hreina“, en dregið yfir það aftur.

Þess skal getið, að Galtará, sem nefnd er í 9. er., fellur í Blöndu að austanverðu á Eyvindarstaðaheiði. Sbr. IV. b., bls. 220 og 257. Hafa þau Jónas farið norður Sand, eins og venja var til (sbr. IV. b., bls. 260). Jónas fór norður að Steinsstöðum í Öxnadal; þar bjó þá móðir hans. Hann á við þann dal í 1. og 10. er.; há fjöll eru beggja megin dalsins. Hraundrangi er upp af Hrauni; hann ber við himin í suð-vestur að sjá frá Steinsstöðum.*) Í ritgerð sinni um Jónas, sem er framan-við 2. útg. ljóðmæla hans, komst Hannes Hafstein svo að orði um Hraundranga: „Þegar menn koma framan Öxnadal, sjá þeir dranga bera við himin, háan og snarbrattan, eins og turn. Það er sagt, að gullkista sé uppi á honum, og sá megi eiga, sem nái. Þegar lengra dregur út-eftir, sést tún og bær innan um grjótið undir fjallinu. Það er Hraun, fæðingarstaður Jónasar. Og þegar ferðamanninum verður svo litið upp til Hraundranga, sem gnæfir beint upp undan bænum, dettur honum ósjálfrátt í hug: Náttúran sjálf hefir reist elskhuga sínum þennan minnisvarða. Landar hans hafa engan reist honum“.

Þetta kvæði hefir verið lagt út á dönsku af Olaf Hansen

*) Sbr. e. fr. V. b., bls. XIII—XIV.

(Isl. Renæssance, 116—17, Ny-isl. Lyrik, 48—51, Udv. isl. Digte, 160—62) og á þýzku af J. C. Poestion (Isl. Dichter d. Neuzeit, 362—64, Eislandblüten, 45—47) og Margr. Lehmann-Filhés (sbr. Valt. Guðm., Island, 175—76).

*Bls. 26.* — GALDRAVEIÐIN. — Ehr. í K. G. 31 b I, 18. kv. — Óvíst mun, við hvern Jónas hefir átt með stöfunum E. T. í 2. er., 6. l. — Í 3. útg., bls. 19, er fullyrt, að E. T. merki E. Thomsen, þ. e. Edvard Thomsen, verzlunarstjóra síðar á Vestmannaeyjum, sbr. bls. 318 hér að framan. Kona hans var Christiane, dóttir Laurits kaupmanns Knudsens í Reykjavík. Giftust þau 29. Okt. 1832, en sagt var, að Jónas hefði viljað fá hennar, og hefir það þó ekki komið til mála fyr en 1831—32. En kvæðið mun Jónas hafa ort 1828, sennilega um sumarið, norður á Steinsstöðum í Öxnadal (sbr. 1. er.); munu tildrögin nú ókunn og við hvað eða hvern hann hefir átt með kvæðinu eða stöfunum E. T. — Að vísu má benda á mann í héraðinu, sem átti sömu upphafsstafi og var systursonur afa Jónasar (sbr. 3. er.), enda átti afi þess manns (langafi Jónasar) í ærnum þrætum og málavastri. Eigi að síður verður allt óljóst um það, sem Jónas á við. — Í síðara hluta 4. er. á hann við frásögnina í Gylfaginningu, um það, er Loki hinn lævísi varð fanginn í laxlíki undir Fárangursfossi. — Viðv. upphafi kvæðisins, sbr. upphaf 1. og 2. er. í kvæðinu „Fagnaðarósk“ eftir Jón Þorláksson, í ljóðabók hans, II., 444.

*Bls. 27.* — MÖÐRUVALLA-STEINHÚS. — Ehr. í K. G. 31 b I, 20. kv. — Húsið var í smíðum sumarið 1828, er Jónas var heima, og varð fullgert næsta ár. — Amtmannsstofan hafði brunnið nóttina milli 6. og 7. Febr. 1826; við það á Jónas í 1. og 2. er. — Rannveig á Steinsstöðum, móðir Jónasar, var þann vetur ráðskona á Möðruvöllum, og var Anna, dóttir hennar, þar með henni. Missti Rannveig töluvert af eigum sínum við brunann. — Steinhúsið (og jafnframt allur staðurinn) var kennt við Friðrik konung 6. og nefnt Friðrikgáfa (sbr. m. a. Lovsaml. f. Isl., IX., 408, og „Dægradvöl“, bls. 41). Það brann 1874, nóttina milli 20. og 21. Marz. — Í 1. og 3. er. á Jónas við Grím Jónsson (Johnsen), sem var amtmaður á þeim árum, er gamla húsið brann og steinhúsið var reist. — Í. 2. er., 6. l., er í 1.—3. útg. „mænir“ f. „mælir“. — Í 4. er. er „frá“ aftast í 5. l. í ehr.

*Bls. 28—29.* — NÓTT OG MORGUNN. — Ehr. í K. G. 31 b I, 21. kv. og í J. S. (handrs. Jóns Sigurðssonar) 129, fol. Hið síðar-nefnda ehr. er laust blað, eitt af mörgum í J. S. 129, fol., og hefir verið bætt við hin blöðin eftir daga Jóns; er skrifað á það: „Frá Páli Melsteð til Landsbókasafnsins 23. Apríl 1890“.

Blaðið er hálft arkarblað („Pro Patria"), grænleitt, brotið saman svo, að myndast smáörk með 4 blaðsíðum (st. 16,9 × 10,1 cm). Hún hefir verið brotin saman, og hefir efri hluti öftustu síðu sölnað af reyk. Neðst á þeirri síðu hefir verið eyða á eftir kvæðinu, og þar er þessi athugasemd eftir Pál, sett í sviga: „Sbr. Ljóðmæli og önnur rit Jónasar, Kh. 1883, bls. 1 og athugasemdir, bls. 388. — En blað þetta fann eg í rusli á Bessastöðum vorið 1829. Mórauði bletturinn er reykjarlitur frá því er hjá mér brann á Brekku 1844. — Rv. 23. Apr. 1890. P. M.". En aths. á bls. 388 í 2. útg. er svona: „*Nótt og morgunn.* Það kvæði kvað Jónas í skóla, og fann Páll Melsteð það og geymdi. Þegar þeir bjuggu saman á Garði, sýndi hann Jónasi kvæðið, og tók hann við því og sagði, svona væri það ekki gott, en gjöra mætti úr því tvö kvæði. Aldrei varð samt úr því, og fékk Páll það aftur".

Í hvorugu ehr. er fyrirsögn fyrir kvæðinu. Brynjólfur og Konráð hafa sett hana, svo sem hún er, í 1. útg. Kvæðið er eins, að heita má, í báðum ehr. Í 1. er. er 8. l. svo í þeim báðum: „Ingólfs gleymda stóð á kempu-haug", en strik er dregið ofan-við „kempu-" í K. G. 31 b I, og hefir Jónas ætlað að breyta því orði. Þeir Brynjólfur og Konráð hafa línuna eins og hún er sett hér, — með tilliti til orða þeirra í formálanum: „Við vissum, að höfundurinn var búinn að breyta þeim þannig", — einstöku orðatiltækjum. — Í 2. er. er 5. l. sett hér eins og hún er í K. G. 31 b I, en í J. S. 129, fol., er hún svona: „Hvarf þá ljós, en hrikti í dægra grindum". — Í 4. er., 7. l., er „förumk" í báðum ehr., sömuleiðis „Greipur", en staðurinn hét raunar Greipar, og hefði verið réttara að prenta nafnið svo í útg., ef rímið hefði leyft.

Kvæðið er ort undir sama bragarhætti og „Sumarkveðja" eftir Sveinbj. Egilsson, sem prentað hafði verið í Klausturpóstinum 1822 (bls. 72—74);*) má hafa sama lag við, en einnig önnur alkunn lög. — Það er vafalaust ort síðari hluta vetrar eða snemma um vorið 1829. — Taka nú við kvæði, sem Jónas hefir ort eftir að hann var útskrifaður úr Bessastaðaskóla.

*Bls. 29—31.* VIÐ BURTFÖR HOPPE. — Ehr. í K. G. 31 b I, 26. kv. Uppskrift í J. S. 129, fol., gerð fyrir 1. útg., en þó sleppt úr henni. Prentað í Eimreiðinni, 18. árg. (1912) á 99. bls. og síðan í 3. útg., bls. 20—24. — Peter Fjeldsted Hoppe var hér stiftamtmaður 5 ár, skipaður 22. Júlí 1824 og kom í Ágústmánuði s. á. Hann var skipaður amtmaður í Vaðla-amti í Danmörku 8. Nóv. 1828, en fór ekki héðan fyr en í Ág. n. á. Hann var af alkunnri danskri aðalsætt í föðurkyn; faðir hans var kammer-

*) Sbr. Rit Svb. Eg., II., 23—25.

herra Johan Christopher H. (1772—1835), mjög merkur sjóliðsforingi (Kommandör og Kontreadmiral), sonur konferenzráðs Peder H., hæstaréttardómara; en móðir P. Hoppe stiftamtmanns, kona Hoppe kammerherra, var Johanne Magdalene Fjeldsted frá Niðarósi, dóttir Þorkels Fjeldsteds, stiftamtmanns í Þrándheimi, Jónssonar, prests að Kvíabekk, Sigurðssonar. Peder Hoppe stiftamtmaður var (eldri) bróðir kammerherra Þorkels (Thorkils) Abrahams H., sem varð hér stiftamtmaður 1841—47. — Kvæðið er ort undir nafni skólans á Bessastöðum. Stiftamtmaður hafði nú aðsetur í Reykjavík, en hefir borið hag skólans fyrir brjósti og að sjálfsögðu komið oft að Bessastöðum.*)

Í Eimr. og 3. útg. eru ýmsar villur, bæði í sjálfu kvæðinu og athugasemdunum við það. — Endirinn á 5. l. í 4. er er ógreinilegur í ehr., en ætla má, að svo muni Jónas hafa viljað hafa hann sem hér er sett. — Fyrsta orð í 4. l. í 9. er. er í ehr. greinilega „það“ (ekki „hvað“).

*Bls. 31—32.* — *LA BELLE.* — Ehr. í K. G. 31 b I, 27. kv. Þar er fyrirsögnin svo, á frönsku. „La belle“ merkir *hin fagra*, eða „meyjan væna“. Í 1.—3. útg. hefir 1. l. verið höfð að fyrirsögn, dálítið breytt.

Sennilega hefir Jónas átt við ástmey sína, Þóru Gunnarsdóttur í Laufási, er hann orti þessa vísu og næsta kvæði hér á eftir. Vísan mun gerð haustið 1829. — Dönsk þýðing er til af henni, gerð af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 31).

*Bls. 32—33.* — SÖKNUÐUR. — Ehr. í K. G. 31 b I, 29 kv. Jónas mun hafa skrifað það þar veturinn 1829—30, líklega um áramótin og þá nýort. Enga fyrirsögn hefir það í ehr. En mörgum árum síðar, 12. Apríl 1843, lét hann lesa það á fundi í Fjölnisfélagi og sagði, að það væri „breytt kvæði“. Var það tekið með öllum atkvæðum til útgáfu í Fjölni, VI. árg., sem þá var verið að prenta; er það þar á 18.—19. bls., og að sönnu „breytt“ frá því, sem það er í ehr. En Jónas mun ekki hafa átt við það, eða ekki það eitt, heldur, að hann hafi stælt kvæði W. v. Goethe, „Nähe des Geliebten („Ich denke dein“). Getur það þó ekki talizt meira en að mjög litlu leyti (1. r.); sbr. frumkvæðið og þýðing Matthíasar Jochumssonar í Ljóðmælum III., bls. 203. — Hér hefir ekki annað þótt við eiga en að setja kvæðið eins og höfundurinn gekk frá því í Fjölni. Helztu breytingarnar eru þessar:

---

*) Sbr. Sunnanpóstinn, II., 92: „Hann er minnisstæður maður hér fyrir þá föðurlegu umhyggju, sem hann bar fyrir skólalærisveinunum á Bessastöðum, að sjá þeim fyrir góðri aðhlynningu og hjúkrun, þá sjúkir voru“.

1. er., 2. l., „er hin“ f. „þá in“; 3. l. „í heiði“ f. „á himni“; 4. l. „er“ f. „þá“; 3. er., 2. l., „vill“ f. „keppir“; 3.–6. l. er þannig í ehr.:

Guðs á góðri jörðu: blíðum augum stjörnur,
brosi þínu blómstur, lilja ljósri hönd.

Því næst er erindi, sem sleppt hefir verið úr:

„Skær eru in háu unir auga
himinljós, ímynd þinni,
fögur foldar blóm; saknar sjálfrar þó“.

Fyrri hluti 4. er. er svona í ehr.:

„Hví vildu okkar
örlög þung
skeiði skifta látið?“

Því næst er er. í ehr. (6. er. þar), sem byrjar svo:

„Frá þér fagra,
frá þér saklausa,
hve ég skilja skal?“

En síðari hluti þess er. er að mestu eins og síðari hluti 6. er. í kvæðinu, svo sem það er prentað hér; 4. l. þó þannig: „Einn vil eg ganga“.

Því næst kemur það er., sem er hér hið 5., en í 3. l. er „af sjónum svífi“ f. „úr minni líði“, eins og hér er, og 5.–6. l. er svona:

„er þig ganga tíðir
sorgarauga sjá“.

Síðasta er. er eins, nema í 6. l. er „eina“ fyrir „hve um“.

Breytingarnar eru flestar til bóta, en þó er kvæðið eins og öllu heitara svo sem það var í öndverðu.

Jónas hefir vissulega haft ástmey sína, Þóru, í hug og hjarta, þegar hann orti þetta kvæði. — Það er gefið í skyn í 3. útg., í athgr. á bls. 130—31,*) að hann hafi gert það um Christiane Knudsen, sem getið var hér að framan, á bls. 324. Það er þó víst fjarstæða ein. Hún var fædd 9. Okt. 1814, og var því ekki eldri en liðlega 15 ára gömul veturinn 1829—30, er hann virðist hafa gert kvæðið. Svo harmþrungið og örvæntingarfullt ástarkvæði hafði Jónas ekki neina ástæðu til að yrkja til hennar þá. Hún virðist heldur aldrei hafa fengið verulega ást á Jónasi, en það skín út úr kvæðinu, 4. er. einkum, að höfundurinn

*) Sbr. Iðunni 1928, bls. 284.

þekkir gagnást hennar, sem hann yrkir til, og að nokkur tími er um liðinn síðan þau urðu fyrir þeirri raun, að sjá fram á það, að leiðir þeirra gátu ekki legið saman.

Bragarhátturinn er ljóðaháttur, eins og á mörgum (10) kvæðum hér á undan; er til gamalt, íslenzkt þjóðlag, eða jafnvel tvö, við þetta kvæði, sbr. Ísl. þjóðlög, bls. 578, 644 og 791—92; e. fr. bls. 592—93.

Kvæðið hefir verið útlagt á dönsku, bæði af Carl Rosenberg (sbr. Valt. Guðm., Isl. Kultur, 129) og Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 87 (3. er.) og Udv. isl. Digte, 157—59), og á þýzku af J. C. Poestion (Isl. Dichter d. Neuzeit, 364—65, Eislandblüten, 48—49).

*Bls. 33—35.* — VIÐ DAUÐA FRÚ GUÐRÚNAR STEPHENSEN. — Ehr. í K. G. 31 b I, 32. kv. Frumprentað í Grafminningum og erfiljóðum, Viðeyjar-klaustri 1842, bls. 132—33. Frú Guðrún Stephensen dó 12. Júlí 1832. Hefir Jónas eflaust ort kvæðið mjög skömmu síðar, og áður en hann fór af landi burt, 23. n. m. Í ehr. er það með fyrirsögninni „Við dauða frú konferenceráðinnu G. Stephensen", en í frumútg. er ekki nein sérstök fyrirsögn fyrir þessu kvæði.

Hér er kvæðið prentað helzt eftir frumútg. — Í 1. er., 6. l., „þeirra, er", í ehr. og frumútg. „þeirra"; í 4. er., 2. l., „beði", í ehr. og frumútg. „beð"; í 5. er., 1. l., „harmþrunginn", í ehr. „harmbeygður"; 4. l. er í ehr. „frú framliðna"; í 7. er., 6. l., „brotnar", ehr., „brotna". — Sbr. 4.—5. l. í 2. er. við 1.—2. l. í 3. er. í kvæðinu „Undir annars nafni" á bls. 22.

*Bls. 35—36.* — RITAÐ Í MINNINGABÓK N. K. — Ehr. í K. G. 31 b I, 34. kv. Er þar dönsk fyrirsögn: „Skrevet i N. KS. Stambog. Í 1.—3. útg. er sett fyrirsögnin „Minningarblað til N. K.", en hér er sett þýðing á dönsku yfirskriftinni. Í 1.—3. útg. hefir 7. l. í 1. er. verið sleppt. Hún er tekin hér eftir ehr., en þó sett „standa" fyrir „stá", sem þar er. Verður þannig fyrri hluti erindisins með fornyrðislagi, og sömul. 2. er., en síðari hluti 1. er. með ljóðahætti, og hefir þeim, er sáu um 1. útg., þótt fara illa á því.

N. K., sem Jónas orti þetta til, mun hafa verið Nicolai Knudtzon, verzlunarmaður í Hafnarfirði; hann hét Jes öðru nafni, mun hafa verið sonur Peters Christians Knudtzons, stórkaupmanns í Höfn, og (fyrri) konu hans, Marie; þau giftust 1810 og var Nicolai nú tvítugur að aldri; hann mun hafa verið heitinn eftir öfum sínum, Nicolai Heinrick Knudtzon og Jes Thomsen (í Nordborg á Als). Hann var hjá Th. Thomsen, kaupmanni í Hafnarfirði, er mun hafa verið móðurbróðir hans; Th.

Thomsen var bróðir frú Marie Knudtzon. Jónas hefir kynnzt Nic. Knudtzon; þeir gengu í Klúbbfélagið saman 11. Okt. 1830, Knudtzon sem utanbæjarfélagi; — innanbæjarfélagi varð hann 5. Jan. 1833, en 4. Okt. næsta ár var hann sagður úr, því að þá var hann farinn utan aftur.

*Bls. 37.* — ORT ERLENDIS (OG HEIMA) 1832—1839. — Jónas fór frá Reykjavík áleiðis til Danmerkur 23. Ágúst 1832 og þaðan aftur áleiðis til Akureyrar 24. Maí 1839, en á þessum árum, sem hann átti heima í Höfn, fór hann snöggva ferð heim sumarið 1837 og orti þá heima kvæðin „Móðurást“ og „Gunnarshólmi“, sem eru á bls. 49—53. — Fyrsta kvæðið er ort á útleið; hin 10 í Höfn, að líkindum.

*Bls. 39—40.* — Í SPÁNSKA SJÓNUM. — Ehr. í K. G. 31 b III, sem er „Dagbók fyrir Jónas Hallgrímsson, byrjuð þann 23ja Ág(ús)t 1832“. Það er lítil skrifbók (st. 16 × 10 cm), með 22 blöðum, en öll eru þau auð, nema 13 bls. fremst, fyrir aftan titilblaðið. Þetta er dagbókarbrot frá ferð Jónasar til Hafnar; nær til 4. Sept., sjá II. b., bls. 215—19. Kvæðið er sett inn eftir 31. Ág. og virðist vera ort þann dag. Það er án fyrirsagnar, en innan sviga aftan-við „Skáldið“ standa þau orð (að því er lesið hefir verið), sem hafa verið höfð að fyrirsögn. — Undanfarna daga var á austlægur vindur og barst skipið nokkuð úr leið, að því er virðist all-langt norð-vestur-fyrir Orkneyjar, en þó að sjálfsögðu alls ekki suður í Spanska-sjó, „Den spanske Sø“, sem danskir sjómenn nefndu Biscaya-flóann venjulega. — Lárus Sigurðsson lýsti fyrir Jónasi í bréfi sínu til hans 26.(—30.) Sept. 1830 ferð sinni heiman til Danmerkur, og kemst hann m. a. svo að orði: „Á mánudaginn [þ. e. 16. Ág.] sást lítið, nema Austurjökull; það er hetjulegt fjall. Á þriðjudagskvöldið gjörði logn, en þar á eftir austanvind, sem varaði nokkra stund og hrökti okkur vestur-eftir, svo við sáum aldrei Færeyjar. Stormurinn var mikill stundum og öldurnar í spanska sjónum stórvaxnar. Þann 19. sigldum við kl. 12 fram hjá Fairhill“ o. s. frv. Sennilega hefir Lárus heyrt skipverja nefna hafið fyrir norðan Skotland „Den spanske Sø“, og Jónas sömuleiðis, hafi hann ekki nefnt það svo eftir bréfi Lárusar. — J. C. Poestion lagði þetta kvæði út á þýzku (Eislandblüten, 55—56); kvað hann sjómenn nefna hafið milli Íslands og Færeyja „spánska sjóinn, en ekki kemur það heim við þetta. — Olaf Hansen þýddi 2., 4. og 6. er. á dönsku (Isl. Renæssance, 44).

*Bls. 40.* — ÍSLAND. — Frumprentað í Fjölni, I., 21—22, árið 1835, og mun ort ekki löngu áður. Í aths. í 2. útg., bls. 390, er þetta um kvæðið: „Konráð Gíslason dreymdi, að maður kæmi

til hans, mikill og föngulegur, og ávarpaði hann með kvæði. Þegar hann vaknaði, mundi hann úr því þetta erindi:

Landið var fagurt og frítt,
og fannhvítir jöklanna tindar,
himininn heiður og blár,
hafið var skínandi bjart.

Sagði hann Jónasi drauminn, og orti hann þá kvæðið við þessar línur". — Í bréfi, sem Konráð skrifaði Jónasi 16. Marz 1844, drepur hann á þetta sama, segir að Jónas hafi borið upp á sig, að hann hafi sagt þetta, og svo hafi hann ort utan um þetta, „mér til skammar og sjálfum þér til sæmdar", segir hann í gamni og alvöru. Sé þetta rétt, var bragarhátturinn, sem er gamall og alkunnur, helzt í latínukveðskap (disticha, tvíyrðingar), þegar ákveðinn fyrirfram af draummanninum, en annars virðist ekki ólíklegt, að samnefnt kvæði eftir Adam Oehlenschläger (Island! hellige Ø!" o. s. frv.) hafi valdið nokkru um í þessu efni. Lagið er gamalt tvísöngslag, sem er sungið um land allt (sbr. Ísl. þjóðlög, 522, 775—76, og e. fr. 171—72). — Kvæðið hefir verið lagt út á dönsku af Olaf Hansen (í Ny-isl. Lyrik, 41—42, Isl. Renæssance, 52—54, og í Udv. isl. Digte, 28—29) og á þýzku af Al. Baumgartner (Island, 117—18, í 2. útg. 133—34) og J. C. Poestion (í Isl. Dichter d. Neuzeit, 343—44, og í Eislandblüten, 35—37), og e. fr. á ensku, af Guðm. J. Gíslasyni (R. Beck, Icel. Lyrics, 49—51).

*Bls. 42—44.* — VÍSUR ÍSLENDINGA. — Frumpr. á litla örk (st. 20 × 12,5 cm), sérstakt, til að nota í samkvæminu. Titill á 1. bls., 2 er. á 2., 3 á 3. og 1 á 4. Ofan-við 1. er. stendur: „Lagið er eins og Finis Poloniæ".*) — 1. er., 2. l., „er", frpr. „þá", og í 4. er., 7. l., „ykkar", frpr. „yðar"; er þetta hvort-tveggja lagað í 1. útg. Þar eru einnig settar fornu orðmyndirnar „þenna" (í 2. er., 2. l., og 6. er., 2. l.) og „— döggvar" (í 5. er., 2. l.), sem haldið hefir verið í 2. og 3. útg.

Í 2. útg., bls. 390, er þessi aths.: „Þetta kvæði, sem nú er sungið nálega í hverju íslenzku samkvæmi, var fyrst sungið í veizlu, sem gjörð var 27. Júní 1835 fyrir Halldóri Einarssyni, sýslumanni, og tveim öðrum íslendingum, sem þá fóru heim".

Hjartakers-húsin, Hjortekarshusene, þar sem þessi veizla var haldin, eru veitingastaður skammt fyrir utan (norðan) Kaupmannahöfn. — Halldór Einarsson var sonur Einars bónda Þórólfssonar í Kalmanstungu, f. 25. Des. 1797, útskrifaður úr Bessa-

*) Mun vera sama lag og ætíð er haft, eftir C. E. F. Weyse.

staðaskóla 1818, cand. juris 1827. Er hér var komið, hafði hann verið ritari við skjalasafn konungs 5 ár og nýlega (11. Apríl) fengið Borgarfjarðarsýslu. Áður en hann fór heim, héldu íslenzkir stúdentar í Höfn honum þetta kveðjusamsæti, svo sem siður var til. — Halldór bjó í Höfn í Melasveit og þar dó hann 23. Nóvember 1846.

*Bls. 44.* — UM HANA SYSTUR MÍNA. — Frumpr. í Fjölni, IX., 21, í „Grasaferðinni" (sjá bls. 278 hér fyrir aftan). Sbr. aths. við næsta kvæði á eftir. — Í 2. útg. er þessi aths. um þetta kvæði, bls. 390: „Sumir segja, að Jónas hafi ort það kvæði í æsku, en engin sönnun er fyrir því". — Jónas átti tvær systur, Rannveigu og Önnu; hafi hann gert þessar vísur um aðra-hvora þeirra, er líklegra, að hann hafi gert þær um Önnu, og þá helzt heima á Steinsstöðum sumarið 1828, en vísusnar bera engin merki þess, og bragarhátturinn, sem er spánskur (redondilla), mælir heldur á móti því, og jafnframt verður það mjög ólíklegt, að hann hafi kveðið þetta smákvæði í æsku. — Til er þýzk útlegging af því, gerð af J. C. Poestion (Isl. Dichter der Neuzeit, 377) og önnur dönsk, eftir Olaf Hansen (Til Fjælds efter Mos, Kh. 1927, bls. 30.). — Lag er ekki kunnugt.

*Bls. 45.* — HEIÐLÓAR-KVÆÐI. — Frumpr. í Fjölni, II., II., 28 og aftur, í „Grasaferðinni", í IX., 21—22. Þar sem II. árg. af Fjölni kom út 1836 og þetta kvæði er þar, eru líkur til, að „Grasaferðin" og hin kvæðin í henni (sbr. bls. 275—79) séu ekki yngri. — Kvæðið hefir verið lagt út á þýzku af J. C. Poestion (Eislandblüten, 45), á dönsku af Margr. Løbner Jørgensen (Til Fjælds efter Mos, Kh. 1927, bls. 30) og á ensku af W. Kirkconnel (Icel. Verse, 134).

*Bls. 45—48.* — SAKNAÐAR-LJÓÐ. — Frumpr. í Fjölni, III., 3—4 (1837). — Allur síðari hluti kvæðisins er um frænda Jónasar, Skafta Tímóteus Stefánsson, sem drukknaði í Holmenskanal í Höfn 9. Apríl 1836. Er auðséð af því (sbr. einnig 4. er. og aths. í 2. útg., bls. 391), að kvæðið er ort skömmu síðar.

Í 1.—3. er. minnist Jónas föður síns og fráfalls hans. Frá því er skýrt í ævisögu Jónasar, V. b., bls. VIII og XXIII—XXIV. Í 5. er. á Jónas við Lárus Sigurðsson frá Geitareyjum. Hann dó sama daginn og Jónas fór af landi burt, 23. Ág. 1832. Jónas gekk heim til hans, að kveðja hann, áður en hann fór um borð um morguninn, en Lárus andaðist um hádegi. Var hann þá 24 ára að aldri. Hann var talinn mikill gáfumaður og vel hagmæltur; orti jafnvel einnig á latínu og ensku. Þeir Jónas voru skólabræður og miklir vinir; Lárus nokkru eldri og útskrifaður 2 árum fyr en Jónas. Hann stundaði guðfræði við háskólann, en fékk

brjóstveiki og varð að hætta námi. Sbr. einnig bréf Jónasar til Tómasar Sæmundssonar 1. Marz með aths. (II. b., bls. 8) og Endurminningar Páls Melsteds, bls. 50—51. — Fimm bréf, sem Lárus skrifaði Jónasi frá Höfn, eru nú í K. G. 31 a. — Í 6. er. minnist Jónas á Baldvin Einarsson og hið sviplega fráfall hans. Þeir Jónas höfðu kynnzt í Bessastaðaskóla, en Jónas hefir saknað hans ekki að eins sem vinar, heldur jafnframt sem frelsishetju, eins og hann kemst að orði. — Bruninn átti sér stað í Desember 1832, en Baldvin lifði til 9. Febr. næsta ár.*) — Í 7. er. getur Jónas um dauða Torfa stúdents Eggertssonar (Eggertz); hann andaðist í Kh. í Janúar 1836. Hafði áður verið veikur lengi, mun hafa haft brjóstveiki.**) Hann var útskrifaður af Gunnl. Oddssyni dómkirkjupresti 1830 og var talinn vel gáfaður. Lagði stund á lögfræði við háskólann. Hann var bróðir séra Friðriks Eggerz í Akureyjum. — Þar næst kemur Jónas að Skafta, frænda sínum; þeir voru bræður, séra Stefán Þorsteinsson á Völlum, faðir Skafta, og séra Hallgrímur, faðir Jónasar.***) Skafti var talinn afbragð annara ungra manna að gáfum. Finnur prófessor Magnússon telur hann „hinn mest gáfaða og einn hinn bezt sinnaða íslending í Höfn", þar sem hann skýrir, mjög greinilega, frá afdrifum hans, í bréfi til Bjarna amtmanns Þorsteinssonar, dags. 14. Maí 1836. Séra Tómas Sæmundsson kemst svo að orði um hann í Fjölni, III., II., 30: „Enn er það mannslátið ótalið, er sárast var allra, en það var lát Skafta Tímóteuss Stefánssonar. Þar um luku allir upp einum munni, að hann væri afbragð annara manna í flestu, og hefir Ísland ekki nýlega misst betra eður efnilegra son í blóma aldurs síns". — Við síðasta er. á bls. 47 er samanberandi það, sem Páll Melsted segir í Endurminningum sínum, bls. 37: „Þeir Jónas og Skafti áttu oft tal saman, bæði á Bessastöðum og í Kaupmannahöfn svo eg heyrði, og var það oftast skemmtilegt; þeir voru vinir, og þó í kappræðu færi, var það ætíð í góðu; þeir töluðu um alla hluti og lögðu sína dóma á það allt". — Skafti var útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1832.****)

*Bls. 49—50.* — MÓÐURÁST. — Frumpr. í Fjölni, III., I., 30—32, og síðan í 1. og 2. útg. með fyrirsögninni „Grikkur", sem hafði verið sett, af eðlilegum ástæðum, yfir greinina á undan kvæðinu í Fjölni. Í 3. útg. er fyrirsögnin hin sama og hér er

*) Sbr. Ann. nítj. aldar, II., 30 og 37—38.
**) Sbr. Skírni, X., 78, 1836, og Sunnanf., I., 13.
***) Sjá um ætt þeirra V. b., bls. VI—XII, og e. fr. Sýlum.-æfir, I., 253—65.
****) Sbr. e. fr. ævisögu Jónasar, V. b., bls. LXXII.

höfð. Á undan þessari grein sinni fyrir framan kvæðið í Fjölni hafa þeir Brynjólfur og Konráð sett kafla úr bréfi, sem Jónas hefir sent öðrum hvorum þeirra með kvæðinu frá Íslandi, þegar hann var þar sumarið 1837. Bréfið er týnt, en þessi kafli er svona: „Fyrst að ég á annað borð er farinn að minnast á kvæðin í Sunnanpósti, þá er bezt ég segi þér sögukorn af mér og einu þeirra. Ég orti það upp aftur hérna um daginn. Það heitir „Móðurást“, og tilefnið er, eins og þú manst, að förukona í Noregi varð úti í kafaldsbyl, en börn hennar tvö, sem hún hafði með sér, fundust lifandi, því konan hafði sveipað þau í klæðum sínum og bjargað þeim svo með dauða sjálfrar sín. Það er fljótséð, að þessi viðburður er fullgott yrkisefni, ef skáld ætti með að fara, og það hefir sá fundið, sem orti kvæðið í Sunnanpóstinum, þó báglega tækist að yrkja. Hann hefir ekki varað sig á, að það myndi verða viðbjóðslegt og styggja fegurðartilfinning allra þeirra, sem þess háttar tilfinning er nokkur í, þegar hann er að lýsa konunni, hvað hún sé skinhoruð og húsgangsleg, og hvernig hún situr og tínir af sér ræflana, spjör fyrir spjör, svo hún er orðin alls-nakin eftir fyrir auga lesandans — auk annara smámuna, t. a. m.: „fóta kann ei fram róa árum“, o. s. frv. Ég er ekki skáld, eins og þú veizt, og sendi þér ekki kvæðið mitt í því skyni, að þér muni þykja nokkuð til þess koma, heldur svo þú sjáir, hvað ég vildi hinn maðurinn hefði forðast að segja; því ég hefi borið mig að sneiða hjá öllu, sem mér féll verst við í skáldskapnum hans“. — „Hinn maðurinn“, höfundur kvæðisins í Sunnanpóstinum (I., 127—28), var Árni stiftprófastur Helgason í Görðum. Hann segir, að þessi atburður hafi orðið árið 1820. „Þar um var þetta kveðið“, segir hann, og svo kemur kvæðið. En í hrs. Landsbókas., 2009, 4to, er grein eftir Björn Gunnlaugsson um kvæðið í Fjölni og bréfkaflann á undan því þar, og segir Björn, að kvæðið í Sunnanpóstinum sé úr norska tímaritinu Hermóði, „að mestu orðrétt útlagt — — — svo hnýfilyrði þau, sem ætluð eru Sunnanpósts-útgefaranum lenda hjá norska skáldinu Schwach“.*) — Hér er með öðrum orðum um þýðing að ræða í Sunnanpóstinum, en kvæði Jónasar má kalla frumlegt, þótt um sama yrkisefni sé, og hefði því ekki verið rétt að setja það meðal þýddu kvæðanna hans. — Conrad Nicolai Schwach (f. 1793, d. 1860) var um sína daga vel kunnur rithöfundur og skáld; hann var annars málaflutningsmaður og loks „sorenskrifari“. Hann birti allmörg kvæði í vikuritinu „Hermoder“. Þetta kvæði hans,

*) Efnið í grein eða greinum Björns í Lbs. 2009, 4to, skal ekki rakið frekar hér; önnur er þungyrt ádeila, en hin skop.

sem hér er um að ræða, lét hann einnig prenta í „Samlede Digte“ eftir sig; þau komu út þetta sama ár, 1837, 1.—2. b.; 3. b. kom löngu síðar. Kvæðið er á bls. 283—84 í 1. b. og er með fyrirsögninni „Betlersken paa Hittersøen“; það er 9 er., 4 l.

Kvæði Jónasar var lagt út á dönsku af Olaf Hansen (Nyisl. Lyrik, 46—48) og á þýzku af J. C. Poestion (Eislandblüten, 54—55).

Í öllum fyrri útgáfum, nema 3., er hverju er. skift í tvö, en síðasta lína hvers helmings bendir til, að þeir myndi eitt er.*) — Í frumpr. og 1.—3. útg. er í endi 3. l. í 1. er. „og ótt“, en það kann að vera sprottið af prentvillu í frumpr.; mun hafa átt að vera sem hér er og bezt fer á samkvæmt hinum ljóðlínunum.

*Bls. 50—53.* — GUNNARSHÓLMI. — Frumpr. í Fjölni, IV., I., 31—34. Er þar smágrein sú fyrir framan kvæðið, sem sett er hér. Jónas mun hafa ort kvæðið heima á Íslandi sumarið 1837; hann dvaldi á Breiðabólstað í Fljótshlíð, hjá séra Tómasi prófasti Sæmundssyni, síðast í Júní og viku framan-af Júlí. Mun hann þá hafa komið á Gunnarshólma.**) En það hefir verið haft eftir Hallgrími Tómassyni, systursyni Jónasar,***) að hann hafi verið með Jónasi, þegar hann orti kvæðið. „Þeir frændur riðu til Bjarna amtmanns á Möðruvöllu.****) Þá heyrði Hallgrímur, að þeir, skáldin, voru að tala um Gunnar á Hlíðarenda og önnur yrkisefni úr Njálu, og þótti honum sem Bjarni skoraði á Jónas að kveða um Gunnar, en teldist sjálfur miður um það fær. Síðan riðu þeir frændur inn á Akureyri. Um morguninn varð Jónas eftir, og bað hann Hallgrím bera bréf til baka og fá amtmanni. Hann gjörði svo. En er amtmaður lauk upp bréfinu, stóð þar kvæðið. Bjarni las það, og með sýnilegri tilfinningu, og að því búnu mælti hann þessi alkunnu orð (segir Hallgrímur): „Nú er mér einsætt að hætta við að yrkja“. Útgefandi Lýðs, séra Matthías Jochumsson, sem hefir ritað þetta eftir Hallgrími, bætir við: „Þar var þá við staddur séra Páll Jónsson (d. 1889), og sannaði hann oss munnlega þessa sögu“. — Bjarni var uppalinn á Hlíðarenda og hefir ort mörg kvæði um Fljótshlíðina; má geta nærri, hversu sterk áhrif þetta kvæði hefir haft á hann.

---

*) Bragarhátturinn er hinn sami og á kvæðinu „Meyjar-grátur“ á bls. 211—12, og má hafa sömu lög við, þótt þau séu að vísu við helming hvers er., svo sem hér er sett.

**) Sbr. Bréf Tóm. Sæm., bls. 214—15.

***) Sjá Lýð, I., bls. 23; sbr. einnig Lesbók Morgunbl. 18. Okt. 1925, bls. 8, og e. fr. Mbl., XII., bl. 296, bls. 2.

****) Það hefir verið að áliðnu sumri (í September) 1837, og Hallgrímur þá 15 ára. Jónas fór utan 24. Sept.

Bragarhátturinn er ítalskur, „terzínur“,*) en jafnframt farið eftir íslenzkum rímreglum. Síðast eru tvö er. með öðrum bragarhætti, hvort með 8 ljóðlínum, svo-kallaðar „ottövur“, eins konar „stönzur“, og er hin fyrri tengd við síðustu „terzínuna“ með ríminu.

Í 6. l. stendur „fagurtæra“ í frumútg. og í 14. l. „heiðavötnin“, í 32. l. „laufi“ og 35. l. „hæstum“; verður að telja líklegt, að þessum orðum hafi verið breytt af Jónasi sjálfum eftir að kvæðið var prentað í Fjölni, og að þeim Brynjólfi og Konráði hafi verið kunnugt um það, er þeir gáfu kvæðið út í 1. útg.

Kvæðið hefir verið útlagt á dönsku af Carl Rosenberg (sbr. Valt. Guðm., Islands Kultur, 131—33) og af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 71—74, Udv. isl. Digte, 40—44), á þýzku af J. C. Poestion (Isl. Dichter d. Neuzeit, 356—59, og Eislandblüten, 41—44) og á ensku af Run. Fjeldsted (Rich. Beck, Icel. Lyrics, 51—57). — Til er lag við kvæðið eftir Helga Helgason tónskáld (útg. 1914).

*Bls. 53—54.* — JÓNAS TÓMASSON. — Frumpr. í Skírni, XIII., 103, 1839. Jónas Tómasson var sonur Rannveigar, systur Jónasar, og fyrri manns hennar, Tómasar Ásmundssonar. Þau bjuggu á Steinsstöðum og þar sá Jónas þennan nafna sinn og systurson sumarið 1837. Jónas litli „var fæddur 16. d Des.-m. 1832 og andaðist 7. d. Maím. 1838“, eins og stendur fyrir ofan kvæðið í Skírni. Sbr. e. fr. Dvöl, 5. ár, titilblaðið að aftan.

*Bls. 54—57.* — KVEÐJA ÍSLENDINGA TIL ALBERTS THORVALDSENS. — Frumpr. í „Alberts Thorvaldsens æfisaga“ eftir Magnús Hákonarson, K.-höfn 1841, sett aftan-við, bls. 63—64. Thorvaldsen kom til Hafnar 17. Sept. 1838, og segir Magnús í ævisögunni (bls. 53 nm.), að Jónas hafi ort kvæðið um þær mundir; sbr. einnig 1.—2. er. í „Þökk Íslendinga til Alberts Thorvaldsens“, bls. 66—69 hér fyrir aftan. Í frumpr. er í 2. er., 2. l., „fólkbetringa“ og í 11. er., 4. l., er „munnhvítra“. Orðið „mundhvítra“ er sett hér eftir 3. útg.; sbr. „hvít er hönd á snótu“ í „La belle“, bls. 31.**) — 8. er., 5.—8. l., lýtur að því, að Thorvaldsen var ættaður úr Skagafirði; Gottskálkur, faðir hans, var sonur séra Þorvalds Gottskálkssonar á Miklabæ í Blönduhlíð, — sem nefnd er í 6. l.

---

*) Þ. e. þriggja lína erindi; aðalkvæðið er 11 + 11 slík er.; 33 línur í hvorum hluta þess, en þeir og öll er. eru tengd saman með ríminu.

**) Ef til vill hefir „munnhvítur“ átt að vera sama orð og „mundhvítur“, en ritað í samræmi við „munnlaug“, f. „mundlaug“.

Þetta kvæði hefir verið þýtt á þýzku af J. C. Poestion (Eislandblüten, 50—53).

*Bls. 57—59.* — TIL HERRA PÁLS GAIMARD. — Ehr. var í eigu mag. Boga Th. Melsteds, en hann ánafnaði það kgl. bókas. í Höfn. Frumpr., til afnota í samsætinu, á sérstakt blað, smáörk (st. 25 × 17,3 cm); er titillinn á 1. bls., kvæðið á 3. og 4. Skrautprentað, „þrykkt í Berlínga prentverki". — Fyrir neðan kvæðið í ehr., sem er á smáörk (st. 23,5 × 14 cm), hefir Páll Melsted sagnfræðingur ritað: „Jónas Hallgrímsson sjálfur skrifaði 11ta Jan. 1839, þetta blað. — P. M." Sbr. e. fr. ævisögu Jónasar, V. b., bls. LXXXVII—VIII, og „Dægradvöl", bls. 51—52.

2. er., 5. l., svo í 1.—3. útg., sbr. 1. útg., formálann, bls. IV; í ehr. hefir höfundurinn fyrst skrifað „feitar", en strikað yfir það og sett „kátar" fyrir ofan, og það orð er í frumpr. — fyrir „á beit". — 3. er., 4. l.; í ehr. og frumpr. stendur „fríst jórnarþingi". — 4. er., 3. l., í ehr. „grannt", en í frumpr. „glöggt". — 6. er., 4. l., „óþreyttu meður", og í 5. l. er í ehr. og frumpr. „beztur" (f. mestur). — Sömul. er í ehr. og frumpr. „við", en ekki „vér" í 3. er., 3. l., og í 4. er., 3. l., og er hér farið eftir því í 4. er., en í 1.(—3.) útg. er á báðum þessum stöðum „vér" (sbr. 6. er., 1. l.). — Með tilliti til lagsins (sem er alkunnugt), og raunar að öðru leyti einnig, fer betur á að hafa 1. l. í 4. er. svo sem hún er í ehr. og frumpr., og hér, en ekki eins og hún er í 1.—3. útg. — 3. l. í 1. er. er eins og 5.—6. l. í 7. er. í næsta kvæði á undan, og 4. l. helzti lík 7.–8. l. í sama er., – sennil. óvart.

Um Paul Gaimard og ferðir hans hingað 1835 og 1836 sjá Landfræðissögu Íslands, III., 242—51, og „Dægradvöl", bls. 47—51. — Gaimard hafði verið á ferð norður til Lapplands og Spitzbergen, þegar hann kom til Hafnar og Íslendingar þar héldu honum þetta samsæti, 16. Jan. 1839. – Sbr. e. fr. IV. b., bls. 95–96.

*Bls. 59.* — ÍSLANDS-MINNI. — Ehr. á lausu blaði (st. 24 × 14 cm) í hrs. J. S. 401, 4to. Frumpr., nákvæmlega eftir þessu sama ehr., á sérstöku blaði (st. 25,3 × 15,6 cm). Í því er sams konar pappír og á því er að öllu leyti eins prentverk og er á frumpr. af næsta kvæði á eftir. Munu því bæði kvæðin vera frá sama samsætinu, en þetta ekki „sungið í sömu veizlu og næsta kvæði hér á undan", eins og segir í 1. útg., bls. 176 nm. — Kvæðið er ort undir alkunnu, norsku lagi og venjulega sungið með því, en til er einnig lag við það, eftir Helga Helgason tónskáld, prentað í „Heimskringlu", XVII, nr. 13, og syngja má það undir enn fleiri, alkunnum lögum. Það hefir verið lagt út á dönsku og ensku (sjá Heimskringlu), og e. fr. á þýzku af J. C.

Poestion (Eislandblüten, 59) og Margr. Lehmann-Filhés (sbr. Valt. Guðm., Island, 174).

*Bls. 59—61.* — KVEÐJA ÍSLENDINGA TIL SÉRA ÞORGEIRS GUÐMUNDSSONAR. — Frumpr., til afnota í veizlunni, er séra Þorgeiri var haldin þennan dag, 26. Apríl 1839. — Hann var þá nýorðinn prestur til Glólundar og Grashaga (Gloslunde og Græshave) á Lálandi, en hafði verið í Kh. frá því hann sigldi, 1818. Séra Þorgeir var fæddur 27. Des. 1794 og dó 28. Jan. 1871. Sjá að öðru leyti um hann t. d. í Guðfræðingatali Hannesar Þorsteinssonar, bls. 290–93, og Íslendingar í Danm., bls. 19. Kvæðið var frumprentað á litla örk, eins að blaðstærð, pappír og prenti, og næsta kvæði hér á undan. Fremst er titilsíða, með blárri skrautumgjörð, á 2. bls. 3 er., 3. 4 og 4. 2. — 1. er., 3. l., í frumpr. „og sefur þar", breytt í 1. útg., í samræmi við tilsvarandi ljóðlínur í öllum hinum er., og jafnframt lagið við kvæðið, sem er talið vera íslenzkt og sett í Ísl. þjóðlög, bls. 635. — Annað lag, sænskt, eftir B. H. Crusell (við kvæði í Friðþjófssögu Es. Tegnérs), er stundum haft og á ágætlega við.*) — Orðið „kjól" í 1. l. 2. er. er í frumpr. og öllum útg. „kjöll", en sú orðmynd á raunar engan rétt á sér og mun orðin til fyrir misskilin rithátt. Orðið „varst" í 2. l. 9. er. er í frumpr. „vart", sem er fornt.

*Bls. 63.* — ORT HEIMA 1839—1842. — Jónas kom heim (til Akureyrar) 18. Júní 1839 og fór aftur utan (frá Eskifirði) 27. Okt. 1842. Eftir því, sem næst hefir orðið komizt, hefir hann á þessu tímabili, er hann var á Íslandi, ort öll þau kvæði, sem hér eru sett í þennan flokk, bls. 65—113, en þó er það ekki fullvíst um kvæðin „Ásta", „Óhræsið" og „Grátittlingurinn", né erindið „til Finns Magnússonar" (bls. 106—11 og 113). — Kvæðið „Sólseturs-ljóð" (bls. 69—74) hefði víst fremur átt að vera í annari deild, teljast til þýðinga, — vera þá næst á undan „kvæði eftir Joseph Addison" (bls. 215). — Ekki er heldur alveg víst, að röð kvæðanna sé rétt hér, eftir aldri þeirra.

*Bls. 65.* — VÍTI. — Frumútg. í Fjölni, VIII., 53 (1845); lesið á fundi í Fjölnis-félagi 10.(?) Apríl 1845. Jónas skoðaði Kröflu og umhverfið 19. Júlí 1839 og næstu dagana. Sbr. dagbók hans, III. b., bls. 92—4 og 271. — Um Víti sjá bréf hans til Finns Magnússonar 22. Júlí 1839 (II. b., bls. 25), ritgerð hans um brennisteinsnámana, IV. b., bls. 19, og eldrit hans (hið danska), IV. b., bls. 131 (m. aths.); e. fr. Lýs. Ísl., II., 182—83.

*Bls. 65—66.* — FREMRI NÁMAR. — Frumútg. í Fjölni,

---

*) 2. l. í 3. er. bendir til, að kvæðið sé einmitt ort undir því lagi.

VIII., 54. Lesið á fundi í Fjölnis-fél. 10.(?) Apríl 1845. — 1.—2. l. Jónas lýsir landslaginu á leiðinni upp að þessum námum í Ódáðahrauni mjög fallega í ritgerð sinni um brennisteinsnámana, sjá IV. b., bls. 21 o. frv. — 5. l. Jónas getur þess í skýrslu um rannsóknarferðir sínar hér á landi, sjá III. b., bls. 271, að hann hafi fengið umráð yfir 22 feta löngum jarðnafri, þegar hann var að starfa að námurannsóknunum, og að hann hafi notað hann samfleytt í 4 daga í Reykjahlíðar-námum og Fremri-námum. — 6.—8. l. Fremri-námar þóttu að vísu ágætir og fóru margir þangað eftir brennisteini, þótt langt væri, um 12 mílur, og ekki að sama skapi betur borgað, — það var þá 16 skild. lýsip., en 10 skild. fyrir lpd. af brennisteini úr Þeistareykjanámum og Hlíðarnámum; Jónas á við, að vegarlengdin, samfara illri veðuráttu, sem hann segir vera þar efra, hindri verulega mikil not eftirleiðis af þessum námum.*) — „Úlfur karl“ er Jens Wulff kaupmaður; verzlunarfélagið Ørum & Wulff hafði námana á leigu, en allir voru þeir konungseign, nema Þeistareykjanámar, sem voru eign Múla-kirkju.**)

*Bls. 66–69.* — ÞÖKK ÍSLENDINGA TIL ALBERTS THORVALDSENS. — Frumpr. í Alb. Thorv. æfis., Kh. 1841, bls. 65—66, eftir hr., sem Jónas hafði sent forseta Bókmfél., Finni Magnússyni, með bréfi frá Akureyri 3. Okt. 1839. Nú mun það hr. glatað, en bréfið er prentað hér í II. b., bls. 30—31. Virðist kvæðið hafa verið nýort, er hann sendi það.***) — Finnur segir í svari sínu, 1. Maí 1840 (í K. G. 31 a): „Kvæðið til Thorvaldsens kynni máske að passa við hans *Æfisögu*, sem út á að koma í vetur“. Á Finnur þar við bæði kvæðin, „Kveðja“ (bls. 54—57) og „Þökk“, því að Jónas hafði sent honum þau saman og talað um þau sem eitt kvæði. Eru því líkur til að fyrirsagnirnar í frumútg. hafi verið í ehr. Jónasar, eða því hr., er hann sendi Finni, og því er þeim haldið hér.

Jónas hafði enn ekki komið til Reykjavíkur og séð skírnarfontinn þar, er hann orti kvæðið, en hann þekkti hann vel, hafði skoðað hann í Höfn og ritað um hann grein í Fjölni (IV., 28—31); er hún hér í II. b., bls. 263—66. — Thorvaldsen sendi skírnarfontinn sunnan frá Rómaborg til Kh. 1833, en það dróst að senda hann frá Höfn, unz Thorvaldsen kom þangað og kom því

---

*) Sbr. einnig það sem dr. Jón Hjaltalín segir um þessa náma í Nýj. félagsr., XII., 49.

**) Sbr. e. fr. Lýs. Ísl., II., 245.

***) Skírnarfonturinn var vígður 7. sd. e. trin. (14. Júlí) 1839. Ann. 19. aldar, II., 129, og „Ræða við vígslu skírnarfontsins í Reykjavíkur dómkirkju“, o. s. frv., Rv. 1876, bls. 2.

til leiðar, að fonturinn var sendur hingað. Sbr. Æfis. Alb. Thorv. 1841, bls. 15, nm. Við þetta á Jónas í upphafserindum kvæðisins.

Kvæðið er sett hér eins og í 1. útg.; í 2. er., 2. l., „sjöt", f. „sjót" í frumútg.; í 9. er., 2. l., „heilög", f. „helg", og í 11. er., 1. l., „Reist", f. „risti". Rithætti frumútg. hefir ekki heldur verið haldið alveg óbreyttum á nokkrum öðrum orðum.

*Bls. 69—74.* — SÓLSETURS-LJÓÐ. — Af þessu kvæði er hvorki til ehr. né nein útg. eldri en 1. útg. ljóðmæla Jónasar, og mun hr. það, sem þá hefir verið farið eftir, vera týnt nú. Í 1. útg. er bent til Attila eftir G. P. R. James, og stafar sú tilvísun sennilega frá höfundinum. — George Payne Rainsford James var frægur, enskur skáldsagnahöfundur, f. 1801, d. 1860. Attila (1.—2. hl.) kom út í danskri þýðingu, eftir Fredr. Schaldemose, í Kh. 1841 (einnig með titlinum Historisk-romantiske Fortællinger, 16.—17. Bind). — Kvæðið er á bls. 12—14 í 1. hl. og heitir þar „Hymne til den dalende Sol". Jónas hefir sjálfsagt farið eftir þeirri útleggingu. — Í rauninni er kvæðið lausleg þýðing eða stæling. Danska þýðingin er 3 er. (eins og enska frumkvæðið), hvert með 13 löngum ljóðlínum. Svara fyrstu er. 6 hér til hins fyrsta, en síðustu erindin 6 til hins síðasta. — David Östlund lagði þetta kvæði eða þýðing Jónasar aftur út á dönsku (Digte, 1902; eftir tilvísun drs. Halldórs Hermannssonar, prófessors).

Jónas hefir verið nýbúinn að yrkja eða þýða þetta kvæði 10. Febr. 1842; þá sendir hann Páli Melsted yngra það með bréfi (sbr. II. b., bls. 123—24), og nefnir það þar „þann dalmatiska", en 2. n. m. gat P. M. þess í bréfi til Jóns Sigurðssonar (sbr. Bréf P. M., bls. 26), að hann hafi séð eftir Jónas „Sólsetursljóð (dalmatiskan lofsöng úr fornöld)". — Hefði líklega verið réttara að setja þetta kvæði meðal þýðinga. Það er að svo stöddu óvíst, hvort ummæli Páls Melsteds hafa við nokkuð að styðjast, að þetta sé dalmatiskur lofsöngur „úr fornöld"; líklegra virðist, að G. P. R. James hafi sjálfur frumort kvæðið á ensku svo sem það er í bók hans, Attila.

*Bls. 74—79.* — MAGNÚSAR-KVIÐA. — Ehr. í hrs. Lbs. 202, fol. (nr. 13); heil örk; 4. bls. auð. Frumútg. í bókinni Grafminningar og erfiljóð o. s. frv., Viðey 1842, bls. 68—71. Fyrst hefir Jónas skrifað þessa fyrirsögn í ehr.: „Erfiljóð dr. Magnúsar Ó. Stephensens conferenceráðs. — Flokkur". Síðan hefir hann dregið yfir það með bleki, allt nema orðið „Flokkur", og skrifað „Magnúsar-kviða" fyrir ofan. Frumútg. er eins og ehr., nema hvað dálitlar villur hafa slæðst inn í 10. er., 1. l., og 14. er., 1. l., en þær eru ekki verri en svo, að þeim hefir verið haldið í 1.—3. útg. („aðsókn" f. „að sókn" og „hann" f. „að"). — Í

5. er., 4. l., er „-spellis“ í ehr. og frumútg., en „-spella“ í 1.—3. útg.; í 8. l. er „eiturblend“ í 1.—3. útg., en hér er fylgt ehr. og frumútg., nema að því leyti, að hér eru sett 2 orð fyrir 1 („eitriblend“, „eitriblend“). Í 7. er., 5. l., er „þar“ í ehr. og frumútg., en „þar er“ í 1.—3. útg. Í 8. er., 1. l., er „þröm“ í ehr. og frumútg., en „þremi“ í 1.—3. útg. Í 9. er., 7. l., er „sem að“ í ehr. og frumútg., „sem“ í 1.—3. útg. Í 12. er., 2. l., er í 1.—3. útg. „lognmegins“. Í 13. er., 4. l., stendur „er“ í 1.—3. útg. f. „nær“, sem er í ehr. og frumútg. Í 14. er., 6. l., er „fjöri“ í ehr. og frumútg., „fjörvi“ í 1.—3. útg. Í 15. og 18. er., 5. l., stendur „þar“ í ehr. og frumútg. f. „þar, er“, en í 1.—3. útg. „hvar“; í 8. l. er „hin“ sleppt í 1.—3. útg. Í 16. er., 2. l., „þás“, „þá“ í ehr. og frumútg., en „er“ í 1.—3. útg. Í 20. er., 8. l., ehr. og frumútg. „vígðu“, 1.—3. útg. „vígði“. — Í 3. útg. er „ofan“ breytt í „ofar“ í 1., 7., 15. og 20. er., 4. l.; „ofan“ er s. s. „fyr(ir) ofan“, sbr. „fyr ofan sæ“ í Ólafs drápu sænska eftir Óttar svarta.

Í 2. útg., bls. 393, er sagt, að Magnúsar-kviða sé ort „fyrir þá Viðeyinga“, og að Jónas hafi að sögn fengið 50 dali fyrir. Jónas hefir skrifað 7.—8. l. í 3. er. framan-á 1. bl. í vasakveri sínu frá 1840. Það er mjög sennilegt, að hann hafi ort eða ætlað að yrkja kvæðið þá um haustið. Af áfangaskrá hans í kverinu má sjá, að hann hefir farið út í Viðey 8. Okt., en óvíst er, hve lengi hann hefir dvalið þar. Verið getur, að Ólafur sekreteri Stephensen hafi þá beðið Jónas yrkja erfikvæði eftir föður sinn, því hann ætlaði senn að fara að gefa út öll erfiljóðin, sem ort höfðu verið, þegar Magnús féll frá, 17. Marz 1833. Sýnilegt er, að ehr. af Magnúsar-kviðu er ekki frá 1833—34, heldur einmitt frá síðari árum Jónasar, enda segir Páll Melsted yngri í bréfi til Jóns Sigurðssonar 1. Ág. 1842, að Jónas hafi þá „nýort drápu um Magnús konferentsráð, fallega að gagni. — Gísli Thorarensen ætlar að taka afskrift af henni og fara með hana“, o. s. frv. Sbr. Bréf P. M., bls. 30—31. — En svo menn geti séð, hvers virði bragarlaunin voru, má vísa til minnisbókar Jónasar, Bmf. 8, 8vo, sem hér er prentuð í III. b., bls. 260—66.

*Bls. 79—81.* — ALÞING HIÐ NÝJA. — Tvö ehr.; annað er á sérstakri smáörk (st. 20 × 16,6 cm) í J. S. 401, 4to, skrifað í 2 dálkum á 1.—2. bls. og 1 á 3.; en að öðru leyti er örkin auð; hitt er í sendibréfi til Konráðs Gíslasonar, skrifuðu á Stað á Ölduhrygg, 2. Ág. 1841 (sjá II. b., bls. 79—84). Þessi ehr. eru nærri samhljóða, nema 2 síðustu línurnar. Jónas hefir ort kvæðið veturinn áður, fyrir 6. Marz.*) Fyrir árin, sem hann var heima,

*) Sbr. bréf til Konráðs Gíslasonar þann dag, II. b., bls. 68—69.

1840—42, kom Fjölnir ekki út, eins og kunnugt er,*) og var kvæðið hvergi prentað fyr en Fjölnir hóf göngu sína á ný, með VI. árg., 1843; þar er það á bls. 7—10. Sbr. Fundabók Fjölnisfél., Eimr. 32. ár, bls. 271 og 273, og e. fr. bls. 276 og 361. Í þessari frumútg. í Fjölni er kvæðið dálítið breytt frá því, sem það er í ehr. Milli 2. og 3. er. er í þeim er., sem hljóðar svo:

Göfgan konung sæmir gildur þegn,
vitran, vel kunnandi.
Frjálsan son getur faðir alsnotur;
þý er þræla kyns.

E. fr. er í ehr. eitt er. á eftir því, sem í Fjölni og hér er 5. er.; er það því 7. er í þeim og er svona:

Ást mætir ást,
svo fær einn um laðað
hundrað — ótal huga.
Margur dropi
verður móða fögur
og brunar að flæði fram.

Þetta erindi hefir Jónas notað í „Kveðju“ til Uppsala-fundarins 1843, er hann orti fám mánuðum eftir að þetta kvæði var prentað; er það breytt þar, í 2. og 3. l., sjá bls. 119. — Aðrar breytingar eru þessar helztar: 5. er., 1. l., ehr. „bíir“, f. „bý“; 3. l. „hver að hýsi“, f. „hvert að húsi“; 6. er., 3. l., í J. S. 401, 4to, er (líkl. óvart, sbr. 9. er., 5. l.) „steini“, f. „stóli“; 8. er., 4. l., „vita að“, f. „munu“; 9. er., 2. l., ehr. „göfgur“, f. „ríkur“; 10. er„ 7.—8. l. eru í bréfinu eins og í Fjölni og hér, en í J. S. 401, 4to, eru þær svona:

gramur hinn glöggsæi
góðráðan þegn.

Tilefni kvæðisins var úrskurður eða bréf Kristjáns konungs áttuna til kansellíisins, dags. 20. Maí 1840,**) þar sem hann bauð því að láta embættismannanefndina í Reykjavík ráðgast um, hvort ekki myndi vel til fallið, að sérstakt ráðgjafarþing yrði stofnsett á Íslandi, þing, þar sem við hlið nokkurra helztu embættismanna landsins, er konungur tilnefndi, gætu átt sæti hæfilega margir menn, er til þess yrðu kjörnir af íbúum landsins, en einkum myndi nefndin þá jafnframt þurfa að ráðgast um, hvort það þing ætti ekki helzt að nefnast alþing og vera háð á Þingvelli svo sem alþing fyrrum, og vera að öðru leyti svo líkt

*) IV. og V. árg., sem komu út meðan Jónas var heima, voru fyrir árin 1838 og 1839.

**) Sbr. Lovsaml. f. Island, XI., 614—28; útlegging í N. félagsr., I., 87—88.

háttað sem unnt yrði. Sbr. e. fr. Tíð. frá nefndarf. 1841, bls. 9—10, Skírni 1841, bls. 82—83, og nú ævis. J. Sig., II., 108 o. s. frv.

Dönsk þýðing af þessu kvæði, nær öllu, er til, eftir Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 90—91).

*Bls. 82—83.* — HULDULJÓÐ. — Ehr. í K. G. 31 b V, sem er lítil skrifbók (st. 17,3 × 11 cm.), og er kvæðið á 16½ bls. fremst. — Síðar (8. Jan. 1844) hefir Jónas snúið bókinni við og byrjað að skrifa í hana hinu megin, að aftanverðu, ritgerðir, kvæði o. fl. Í bréfi til Konráðs Gíslasonar, dags. 6. Marz 1841 (II. b., bls. 68—69), skrifar hann: „Eg er nú — — — að yrkja „Hulduljóð“.“ Hann virðist þó ekki hafa lokið við kvæðið fyr en nokkrum árum síðar;*) niðurlagið og vísur smalans, sem standa aftast, virðast jafnvel vera frá 1845, en af því að meginhluti kvæðisins mun vera frá því snemma á árinu 1841, er það sett hér í röð.**) — Handritið er frumrit, og mun Jónas aldrei hafa hreinskrifað kvæðið. Í 1. útg. (og síðan í 2. og 3., auðvitað) hefir það verið kallað „brot“ og prentað eftir uppskrift, sem þá hefir verið gjörð af þessu frumriti. Jónas hefir sjálfur skrifað orðið „niðurlag“ ofan-við er. „Sólfagra mey! Nú seilist yfir tinda“, o. s. frv., og þau 3 er. Hann hefir skrifað síðast erindi smalans. Þeim hefir verið skotið framfyrir niðurlags-erindin, og mun það rétt, enda hefir Jónas ekki sett orðið „niðurlag“ áður en hann skrifaði þau, heldur bætt því inn síðar, líklega eftir að hann hafði ort erindi smalans og ásett sér að skjóta þeim inn-í, eins og gjört hefir verið. Þeir Brynjólfur og Konráð, sem gáfu kvæðið út í fyrsta sinn, kunna að hafa vitað um, að Jónas vildi hafa þetta svona. — Það verður ekki séð á kvæðinu né handritinu, að hér sé um „brot“ að ræða; kvæðið virðist ekki hafa átt að vera lengra. Fyrir neðan síðasta er. (í vísum smalans) hefir Jónas sett sams konar merki og hann setti oft fyrir neðan kvæði sín, lykkjudrátt með tveim skástrikum yfir.***)

Á handritinu má sjá, að erindin fyrir framan vísur Eggerts hafa í fyrstu verið 15, skrifuð og tölusett í þeirri röð, sem þau eru í hér; síðan hefir komið sú 1., 3. og 4. af vísum Eggerts. Neðst á sömu bls. og 4. vísan er, hefir Jónas skrifað með blýanti uppkast að því er., sem hann hefir skotið inn, svo sem 8. er. Síðustu 2 línurnar af því eru á næstu bls. efst og þar næst 4

*) Sbr. bréf þeirra Brynjólfs og Konráðs til Jónasar 11. og 23. Marz 1844.

**) Sbr. einnig Bréf Páls Melsteds, bls. 13.

***) Þetta er gamalt og algengt merki; það kann að vera orðið til úr F, skammstöfun fyrir F i n i s, endir.

línur með blýanti af því er., sem verður 19. er. („Brosir við honum bærinn heillagóði“ o. s. frv.), síðan innskots-er. (8. er.) aftur, skrifað með bleki, og nú sett talan *8* hjá; á eftir því koma svo 2 síðustu línurnar af 19. er., neðst á bls. Á næstu bls. er blýantsuppkast af 20. er. og 2. Eggerts-vísan, skrifuð fyrst með blýanti, og síðan farið ofan-í stafina með bleki; hún er merkt inn á sinn stað, en ekki eru þær vísur tölusettar. Í næstu opnu koma 17. og 18. er. (sem fyrst hafa verið tölusett sem 16. og 17. er.), og 19. og 20. er., hreinskrifuð, þau 4, sem eru á eftir vísum Eggerts. — Svo koma niðurlags-erindin 3, ótölusett, og loks smala-vísurnar, sömuleiðis ótölusettar.

Sem vænta má í þessu frumriti, hefir Jónas gert ýmsar breytingar; sumar hefir hann hætt við og strikað út, og skal þeirra ekki getið, en drepið skal á sumar hinna. 2. er., 5. l., „óbrotinn“, sett f. „óbreyttur“; 6. l., „úr“, f. „í“. — 3. er., 3. l., „mey, djúpt“, f. „meyja“. — 5. er., 3. l., „fornu“, f. „fögru“ („beztu“). — 6. er., 1. l., „Huldu“, f. „hennar“. — 7. er., 1. l., „eg sé — nú leit minn“, f. „nú sér minn skelfdur“. — 8. er., 5.—6. l. hafa fyrst verið svo, þar sem er. er skrifað upp með bleki:

„hann veit það bezt, og vill það eitt, að sjái
veröldin guð og sig í hverju strái“.*)

— 9. er., 2. l. hefir fyrst verið svo: „ástjarðar þinnar heill og von og ljós“, og í 3. l. „blessaða stund!“ — 10. er., 1. l., „er“, f. „mun“. — 11. er., 3. l., „mey! því“, f. „meyja“, og í 6. l., „stoð“, f. „ljós“. — 12. er., 4. l. hefir fyrst verið svo: „Hann kyssir sína blíðu fósturjörð“. — 15. er., 2. l., „mér“, f. „því“; 5. l. hefir fyrst verið svo: „Sérðu nú, hvernig seint fær góður njóta“; í 6. l. „er“, f. „sem“. — 1. Egg.-v., 5. l., „þér“, f. „þið“. — 3. Egg.-v., 7. l., „hægur er dúr á“, f. „svalur er dropi“. — 4. Egg.-v., 5. l., „aldrei“, f. „ekki“. — 17. er., 2. l., „mér og“, f. „mínar“; 6. l., „fjallareitinn“, f. „vatnahjallann“. — 20. er., 2. l., „vitri“, f. „mikli“. — 21. er., 1. l., „seilist“, f. „svífur“. — 23. er., 4. l., „smíði“, f. „skrauti“.

Í 1.—3. útg. hefir kvæðið verið prentað eins, að heita má, og höf. hefir skilið við það. — Í 7. er., 2. l., er þó sett „þanns“ f. „þann“.

---

*) Í 3. útg., bls. XII, segir, að það eigi óefað að lesa „hvel“ og ekki „hval“ í 3. l. Í frumritinu (með blýanti) og í uppskriftinni (með bleki) er greinilega „hval“, enda er ekkert athugavert við það. — Skáldið bendir með þessum fáu orðum á hinar ýmsu stórfenglegu mótsetningar í ríki náttúrunnar. — Fjallaljósið er blómið, er svo heitir; einnig nefnt ljósberi, ilmjurt og ununarjurt (viscaria alpina).

Nokkuð af þessu kvæði var lagt út á dönsku af Olaf Hansen (í Ny-isl. Lyrik, 43—46) og á þýzku af J. C. Poestion (í Isl. Dichter d. Neuzeit, 346—50).

*Bls. 88—89.* — HEIMA. — Ehr. í K. G. 31 a I, á lausu blaði úr ferðabókinni (frá 1837 og 1841), sem nú er Bmf. 10 fol.; það er brotið saman langsum, og kvæðið skrifað á 1. bls., fyrirsagnarlaust. Kallað „brot“ í 1.—3. útg. Upphafið er stælt eftir Höfuðlausn Egils Skalla-Grímssonar. — 7.—8. l. í 1. er. hafa fyrst verið svo:

„aldri slít eg þar,
er eg alinn var“.

En síðar hefir Jónas dregið yfir þær línur og skrifað með blýanti þær, sem hér eru. — Hann hefir fyrst ætlað að enda 3. er. öðruvísi og skrifað sem 7. l.: „miklu meir en Danir“, en dregið yfir það aftur.

Systkin og móðir Jónasar voru þau, sem nefnd eru í aths. á bls. 321.

*Bls. 89—91.* — EFTIR TÓMAS SÆMUNDSSON. — Ehr. í K. G. 31 a, í bréfi frá Jónasi til Konráðs, skrifuðu á stað á Ölduhrygg 2. Ág. 1841 (II. b., bls. 79—84).*) — Kvæðið var ekki prentað fyr en í 1. útg.; þar er það á bls. 229—32. Í þeirri útg. eru fáein orð öðruvís en í ehr. í bréfinu og hafa útgefendur þó varla haft annað hr. fyrir sér; í 1. er., 5. l., er „ella“, f. „annars“, í 2. er., 2. l., „lifandi“, f. „lifanda“, og í 3. er., 3. l., „fólginn“, f. „falinn“.

Í 2. útg. er þessi aths. við kvæðið á bls. 393—94: „*Eftir Tómas Sæmundsson.* Þegar Jónas frétti lát hans, var hann staddur í húsi Jónassens, er síðar varð háyfirdómari, og sagði þá þegar „dáinn, horfinn“. Þess vegna eru þau orð með úrnámsmerkjum. Sumir segja, að hann hafi ort allt kvæðið þegar í stað, en það er ekki trúlegt“.

Séra Tómas andaðist 17. Maí 1841. „Laugardagskvöldið fyrir hvítasunnu **) var mér sagt látið hans“, skrifar Jónas í bréfinu til Konráðs. Hann ritaði æviágrip Tómasar og birti í Fjölni, VI., 1 og frv., 1843; prentað hér í II. b., bls. 273—77. —

---

*) E. fr. eru til 2 gamlar uppskriftir; á dr. theol. Jón Helgason biskup, dóttursonur séra Tómasar, aðra þeirra, en hin er í J. S. 129, fol., hvor um sig á sérstakri smáörk; hin fyr-nefnda er án fyrirsagnar, en fyrir ofan hina stendur: „Þegar ég frétti lát séra Tómasar“. Hún hefir ekki tilheyrt J. S. 129, fol., frá fyrstu skrifað er á hana efst: „Frá Halld. Jónssyni 12./11. '89“.

**) Þ. e. 29. Maí.

Sbr. að öðru leyti t. d. Guðfræðingatal Hannesar Þorsteinssonar, bls. 279—82, og þau rit, sem þar er getið um.

Bragarhátturinn á kvæðinu er spánskur, „redondilla", settar saman tvær í hvert er., án þess að ríma saman. — Sönglag er ekki kunnugt um.

*Bls. 92.* — VIÐBÓT. — Ehr. fyrrum í eigu mag. Boga Th. Melsteds, nú í kgl. bókasafninu í Höfn, sent Bjarna amtm. Thorarensen sem sendibréf, að líkindum meðan stóð á nefndarfundinum 1841. Það er á smáörk (st. 20 × 15,2 cm.); eru vísur Bjarna á 1. bls. — Þær hefir Jónas sett á eftir æviminningu séra Tómasar í Fjölni, VI. árg., bls. 6, og fyrir ofan: „Svo kvað Bjarni amtmaður", en bætt þessari aths. við: „Hann fór á nefndarfund í Reykjavík, og mun þetta vera síðast ljóðmæla hans.*) Á 2. bls. eru þessar vísur Jónasar, og hefir hann sett við hliðina á síðari helming fyrri vísunnar athgr., sem er sett hér neðanmáls. — Vísur Jónasar voru prentaðar í Andvara, II. árg., 1875. — 3. bls. er auð; á 4. er utanáskriftin.

Um nefndarfundina sjá „Tíðindi frá nefndarfundum íslenzkra embættismanna í Reykjavík árin 1839 og 1841. — — — K.-höfn 1842". — Um það, hvar alþingi skyldi haldið, sjá einkum síðari deild, bls. 20—35. — Nefndarmenn voru 10, en þeir Bjarni amtmaður og Jón sýslumaður Jónsson voru tveir einir fylgjandi því, að þingið skyldi haldið á Þingvelli.

*Bls. 93—95.* — FJALLIÐ SKJALDBREIÐUR. — Ehr. í J. S. 129, fol., á lausu blaði (st. 33,2 × 20,7 cm.); er það sýnilega rifið upp úr ferðabók Jónasar frá sumarferðinni 1841, Bmf. 10, fol. Í 8. og 9. er. hefir hann gert dálitlar breytingar í hr. — Orðið „reiðar-slóðir" í 4. l. í 2. er. er ritað svo og haft þannig í öllum útgáfum, en líklega ætti þó að lesa og prenta „reyðar-slóðir".

Skömmu áður en Jónas dó, lét hann prenta þetta kvæði í Fjölni, VIII., 50—53; var það áður lesið á fundi í Fjölnisfélagi 10.(?) Apríl 1845. (Sjá Eimr. 33. ár, bls. 187).

Jónas hefir í ehr. sett innan sviga fyrir neðan yfirskriftina fyrst „ferðakvæði frá 1841", en síðan breytt því í „ferðavísa frá sumrinu 1841"; í útg. í Fjölni hefir þetta verið haft eins og hér er sett.

Jónas lýsir greinilega í ferðabók sinni, þeirri sömu, sem handritsblaðið er úr, þessari ferð, sem hann á við í 2.—3. og síðasta er. Hann fór frá Þingvöllum um morguninn, miðvikudaginn 14. Júlí, eins og leið lá (um Skógarkot og Hrauntún)

*) Hann dó 25. Ág. s. á.

upp á Hofmannaflöt; þaðan upp á Biskupsflöt, Eyfirðingaveg, um Goðaskarð, norður með Gagnfelli. Þaðan reið hann yfir að Sandgíg og fór að skoða hann. Fylgdarmennirnir, Gunnar Hallgrímsson skólapiltur og Páll Eyjólfsson í Skógarkoti, áttu að vera á eftir með lestina (4 kofforta-hesta). En þegar Jónas var búinn að athuga Sandgíg, fann hann hvergi lestina; hún hafði villzt frá honum. Hann hafði ætlað sér að fara umhverfis Skjaldbreið þennan dag, og í Efri-Brunna, veginn, sem þangað liggur af Eyfirðingavegi, fram-með Skjaldbreið að norðanverðu. Þótt hann missti af lestinni, hélt hann leiðar sinnar, — aleinn. Þennan dag hefir kvæðið sennilega orðið til. — Eftir að Jónas hafði lokið athugunum sínum um daginn, komst hann í ákveðinn áfangastað, en fann þar ekki lestina. Hann var mjög ferðlúinn, lagðist niður í döggvotu grasinu og sofnaði. — Næsta morgun fann hann lestina, góðan spöl frá.*) — Sennilega hefir hún farið upp-eftir að vestanverðu við Skjaldbreið. — Jónas fór svo upp á Kaldadal og ofan að Húsafelli um kvöldið; var þar 2 næstu daga um kyrrt og mun þá hafa skrifað þar bæði ferðaskýrsluna og kvæðið. — Hannes Hafstein lýsir þessu atviki einkar-fallega í ævisögu Jónasar, framan-við 2. útg., bls. XXXI—XXXIII. — Segir hann, að kvæðið hafi fallið í stuðla í Efri-Brunnum um nóttina, en hvorki er það líklegt né kemur vel heim við orð Jónasar í dagbók hans og kvæðinu sjálfu. Af því má helzt ráða, að hann hafi byrjað það, er skein „á tinda morgunsól“, og lokið við það, er hann trað einn „með hundi og hesti hraun — og týnd er lestin öll“. — Hann nefnir hest sinn í 1. l. 3. er.; segir Páll Eyjólfsson, sem var fenginn Jónasi til fylgdar þennan dag, að Baldur hafi verið ljósskjóttur,**) sérlega fallegur og góður hestur, sem móðir Jónasar hafði gefið honum (sbr. Dvöl, 6. ár, bls. 8). Jónas gat um hund sinn í bréfi til Konráðs síðar, sjá II. b., bls. 90—91 (m. aths.).

Kvæðið hefir verið lagt út á dönsku af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 97—100, Udv. isl. Digte, 115—181, og á þýzku af J. C. Poestion (Isl. Dichter d. Neuzeit, 351—53, Eislandblüten, 38—40).

Kvæðið má syngja með mörgum lögum, en er venjulega sungið með lagi eftir J. H. Stunz.

*Bls. 96.* — ALDARHÁTTUR. — Frumútg. í Fjölni, VIII., 54. Lesið á fundi í Fjölnisfél. 10.(?) Apríl 1845. Vísan er vafa-

*) Sbr. ferðabók Jónasar frá þessari ferð, III. b., bls. 147—52, og bréf til Jap. Steenstrups, II. b., bls. 77—79.

**) Mun þó vera sá, er Jónas nefndi sjálfur ljósgráan, sjá III. b., bls. 261.

laust frá ferð Jónasar um Snæfellsnes 1841; hann fór frá Ólafsvík inn að Krossnesi 11. dag Ágústmánaðar það ár og hefir þá riðið fyrir neðan Fróðá, enda ber næsta kvæði vott um, að hann reið þangað heim. — Í fyrri hluta vísunnar á Jónas við frásögnina í Eyrbyggja-sögu (22. og 29. kap.) um Björn og Þuríði á Fróðá, systur Snorra goða.

*Bls. 96—97.* — Á GÖMLU LEIÐI. — Ehr. í J. S. 129, fol., komið „frá Páli Melsteð til Landsbókasafnsins 23./7. 1890"; hefir hann skrifað á blaðið (sem er 15,8 × 10 cm.), neðan-við kvæðið: „Þetta ritaði Jónas Hallgrímsson sjálfur og gaf mér. — P. Melsteð. — Þá var hann í Rvík., en eg á Brekku". — Frumútg. í Skírni, 16. árg., 1842, bls. 133.

Í Ísl. þjóðlögum, bls. 559, er lag við þetta kvæði, talið vera úr Vatnsdal. Bragarháttur „redondilla".

Jón Kjærnested (Kjernesteð) var sonur Þorláks dannebrogsmanns Hallgrímssonar á Skriðu í Hörgárdal, en Þorlákur var eitt af hinum mörgu börnum Hallgríms smiðs Jónssonar, bróðir séra Gunnars í Laufási, Jóns málara og þeirra systkina. Jón Kjærnested tók upp þetta nafn eftir Friðfinni, föðurbróður sínum, sem kenndi sig við fæðingarstað sinn, Kjarna í Eyjafirði; þar bjó Hallgrímur, afi Jóns, um hríð, og þar dó Jón, langafi hans. Jón Kjærnested var mikill hagleiksmaður, eins og þeir ættmenn fleiri, en kunnastur varð hann fyrir sundkennslu sína. Jón var um hríð erlendis og nam akuryrkju og garðrækt, og sund. Hann hélt uppi námskeiðum í sundi víða norðanlands, og í laugunum við Reykjavík vorið 1824.*) Hann skrifaði „um áburðarauka" í Klausturpóstinn 1820, og leiðarvísir til jarðyrkju kom út eftir hann 1824 í Viðey. Hann hélt Möðruvallaklaustur 1825—28, en flutti eftir það vestur undir Jökul; bjó á Munaðarhóli 1828—35, en dó næsta sumar, 25. Júní 1836, í Ólafsvíkurbæ, 38 ára að aldri (f. 23. Sept. 1797). Jónas hefir komið að leiði hans í Fróðár-kirkjugarði 11. dag Ágústmánaðar 1841.

*Bls. 97—98.* — BJARNI THORARENSEN. — Tvö ehr.,**) frumritið sjálft, skrifað með blýanti í ferðakver Jónasar frá sumarferðinni 1841 (bl. 11—13), sem verið hefir í vörzlu þeirra feðga, Jap. og Joh. Steenstrups, prófessora, og annað ehr., sem var í eigu mag. Boga Th. Melsteds og nú kgl. bókasafnsins í

*) Sbr. Árb. Esp., XII., bls. 132 (sbr. og bls. 156), Ann. 19. aldar, I., 328 og 343, og Sundreglur próf. Nachtegalls (Kh. 1836, bls. VII og 13), sjá II. b., bls. 227 og 229; e. fr. Klausturp. 1823—24 og Þrótt, 4. ár, 57—58.

**) Eða 3, sbr. Nýtt Kirkjubl., 10. árg., bls. 86.

Höfn; e. fr. er eitt er. (3.) í bréfi frá Jónasi til Jap. Steenstrups, sjá II. b., bls. 116—17. — Frumútg. í VI. árg. Fjölnis, 20.—21. bls.,*) og er kvæðið sett hér eftir henni, nema að því leyti, að í 4. er., 3. og 5. l., er f. „þá“ sett „er“, eins og stendur í 1.—3. útg.

Bjarni amtmaður dó heima á Möðruvöllum 25. Ágúst.**) Jónas var þá á leið norður. Í bréfi, sem hann skrifaði Jap. Steenstrup 5. Nóv. um haustið (sjá II. b., bls. 114—19) og getið var hér á undan, segir hann, að hann hafi 28. Ág. mætt á Reykjabraut sendimanni, sem flutti honum fregnina um lát Bjarna, og sama dag hafi hann ort á hestsbaki kvæði („en Vise“), sem sé ekki með þeim lökustu o. s. frv., og síðan setur hann í bréfið eitt er. (3.) úr kvæðinu. Eftir áfangaskránni í vasakverinu hefir hann komið 27. Ág. að Steinnesi og 28. að Hnausum, næsta bæ; hafi hann verið á ferð á Reykjabraut þann dag, þá hefir hann farið til rannsókna eitthvað á þær slóðir og síðan að Hnausum aftur um kvöldið. Þann dag eða hinn næsta hefir hann dregið upp mynd af Reykjanibbu í vasakver sitt, á bl. 11 (sjá III. b., bls. 202), en hins vegar á sama blaði byrjar kvæðið. — Næsta dag, 29. Ág., fór hann að Reykjum, sennilega um Reykjabraut, og eftir það hélt hann rakleiðis áfram, til þess að geta verið við jarðarförina.***) — Það er því ekki alls kostar rétt, sem segir í ævisögu hans framan-við 2. útg., bls. XXXIII, og enn í greinilegri frásögn í N. Kbl., 10. árg., bls. 86, að hann hafi frétt lát Bjarna, þegar hann kom að Glaumbæ (1. Sept.) og ort kvæðið þar, á leið þaðan yfir að Flugumýri eða heima á Flugumýri.****) Hann kann að hafa skrifað það í vasakver

*) Í 2. útg., bls. 395 (og í 3. útg., bls. 144), er sagt, að þetta kvæði hafi verið prentað sérstakt og að Jónas hafi skrifað vísuna „Skáldið mitt var skjótt í leik“ o. s. frv. (sem hér er á bls. 168) á eitt blaðið (þ. e. eintakið). Þetta mun ekki rétt, heldur farið skakkt með aths., sem er nm. á bls. 123 í 1. útg. og er svona: „Á eitt skrifað exemplar af þessum erfiljóðum hafði Jónas sett þessa stöku“, og síðan kemur hún.

**) Svo stendur í prestsþjónustubókinni (ekki 24.). Hann dó nóttina milli 24. og 25. Sbr. Ann. 19. aldar, II., 140.

***) Sjá áfangaskrána frá þessari ferð, III. b., bls. 206—208.

****) Í sögunni í N. Kbl. segir, að Jónas hafi verið „nokkra daga um kyrt á Flugumýri hjá Ara vini sínum, og þar orti hann minningarljóðin um Bjarna“. Þetta er missögn; Jónas fór frá Glaumbæ að Kotum, þ. e. Ytri-Kotum (Þorbrandsstöðum), 2. Sept. og næsta dag að Steinsstöðum, en 4. Sept. var hann við jarðarförina á Möðruvöllum, og fór inn að Dunhaga á eftir. Ekki var hann heldur lengi um kyrt á Flugumýri, þegar hann fór suður aftur; kom þangað 16. Sept. og fór næsta dag að Mælifelli; sjá e. fr. áfangaskrána, III. b., bls. 208.

sitt í Glaumbæ og þá lofað þeim séra Halldóri Jónssyni (síðar að Hofi) og Ara lækni Arasen á Flugumýri að sjá það eða heyra manna fyrstum. — Þá er hún ekki sannari að þessu leyti sagan, sem er í Ísafold, XVIII., 294 (og síðan í Ann. 19. aldar, II. b., bls. 149—50), talin höfð eftir fylgdarmanni Jónasar, Gunnari Hallgrímssyni. Segir þar, að þeir Jónas hafi að áliðnu þessu sumri verið staddir á Mývatnsöræfum;*) „lágu þeir í tjaldi sínu, eins og þeirra var siður á ferðum þessum. Þá var það einn morgun, að Jónas vaknar venju fyr, því að Gunnar kvað hann að öllum jafnaði hafa verið morgunsvæfan. Vakti hann nú Gunnar og biður hann sækja hesta sína hið bráðasta; „dreymdi mig svo í nótt", sagði Jónas, „að eg veit það víst, að Bjarni amtmaður er dáinn". Gunnar sótti hestana, svo sem hinn beiddi, og söðlaði þá; gengur að því búnu inn í tjaldið. Þá er Jónas að öllu ferðbúinn. Hann kvað það hafa verið venju Jónasar, þá er hann hafði ort nýtt kvæði, að kveða sér það, og hefði boðið sér að hlusta á með þessum orðum: „Viltu heyra mér dálítið!" Svo var og í þetta sinn. Hafði þá Jónas ort hin snilldarlegu erfiljóð sín um Bjarna, meðan Gunnar sótti hestana og söðlaði þá. Síðan tóku þeir sig upp og riðu svo sem leið lá norður til Eyjafjarðar. Og svo var Jónas berdreyminn að þessu sinni, að Bjarni amtmaður hafði andazt hina sömu nótt, er Jónas dreymdi drauminn".

Frásögn sú, sem er í Lýð, II., 23, höfð eftir Hallgrími Tómassyni, systursyni Jónasar, er ekki heldur rétt, — að Jónas hafi frétt lát Bjarna, er hann var kominn norður í Öxnadal, og því þá fyrst ort kvæðið; hitt getur verið rétt, er þar segir, að hann hafi beðið Hallgrím að skrifa það þar upp.

Í frásögninni í N. Kbl., 10. árg., bls. 86, er m. a. sagt, að Jónas hafi marg-ritað kvæðið, verið að breyta og bæta. Þótt ekki sé takandi mikið tillit til þessa, er vert að athuga, hverjar breytingar hann hefir gert á kvæðinu frá því er hann hripaði það fyrst í vasakverið. Þá er þess fyrst að geta, að hann hefir skrifað sem fyrirsögn að eins: „Amtmaður Bjarni". Þar næst hefir hann sett þessa vísu, eins og nokkurs konar formáls-erindi:

| | |
|---|---|
| Hézt þú að mæla | Guð hefir skipt |
| eftir mig liðinn, | og til góðra funda |
| er eg til himna | hetju sína heimt |
| hafnar þreytti. | úr harki veraldar. |

Þetta er. er skrifað óljóst, og er vafi á um sum orð, hvort rétt

*) Þeir komu ekki þangað það sumar; fóru ekki lengra norður (austur) en í Eyjafjörðinn. — Það var 2 árum áður, að Jónas var á Mývatnsöræfum eða þeim slóðum.

sé lesin. Fyrir „sína“ hefir hann fyrst sett „vora“, en dregið síðan yfir það orð. Þessu er. hefir Jónas síðan sleppt algjörlega, og marg-strikað yfir það í vasakverinu, en notað síðustu línurnar af því í 4. er. (5.—6. l.).

Í 1. er. hefir hann enga breyting gjört, nema þá eina, að hann hefir í 5 l. skrifað fyrst „tárþögull“, en síðan dregið yfir „tár“ og skrifað „grát“. — Í 2. er. hefir hann fyrst haft 5. og 6. l. þannig:

„Áður sátu ýtar glaðir
og orðum vel skiptu“.

Síðan hefir hann breytt orðunum og bætt „með“ inn-í.*)

Þá er 3. er., — sama og hér, og sýnir það, að getgáta sú, sem sett var fram í Tím. Bmf., 12. árg., bls. 55, um að það væri ort síðar en hin erindin, er ekki rétt. — Hann hefir fyrst haft upphafið (1.—2. l.) svona:

„Hlægir mig eitt, það, að engin
því ugla þarf fagna“.

En hann hefir breytt þessu í frumritinu, á líkan hátt og hinu. — Í 6. l. hefir hann einnig breytt „bjargi“ í „bergi“. — Í 4. er. hefir hann gert smábreyting á 3. og 4. l., látið orðin „sá“ og „oss“ skiptast á um stað.**) 5. l. hefir hann fyrst byrjað að öllu leyti öðruvís, en dregið vandlega yfir þá byrjun aftur og skrifað línuna eins og hún er í Fjölni og hér, að öðru leyti en því, að orðin „hetja“ og „heimtir“ hafa verið látin skiptast á um stað, fyrir ríms sakir. — Í 5. er., 8. l., hefir Jónas fyrst skrifað „Farðu“, en breytt því, sömuleiðis rímsins vegna, í „Far nú“. — Þetta er nú allt og sumt, og er bæði fátt og smátt.

Jónas hefir séð fyrir, hvernig þingstaðarmálið myndi fara, og því verið svo bituryrtur í 3. er. En þeir létu þetta bytna illa á honum, höfðingjarnir syðra; sjá bréfið til Jap. Steenstrups 5. Nóv. s. á. (II. b., bls. 117).

Bragarhátturinn er hinn alkunni forni hexameter-háttur, — sem Jónas skreytir oft með hendingum að íslenzkum sið; endurminningin um kvæði Bjarna „Kysstu mig aftur“, sem Jónas hafði birt í Fjölni, III., I., 32, hefir sennilega átt þátt í, að hann orti þetta kvæði um Bjarna undir þessum bragarhætti. — Gamalt, íslenzkt þjóðlag við kvæðið er í Ísl. þjóðl., bls. 566.

---

*) Í 3. l. er í hr. B. Th. M. „ástvinur“ f. „ástmögur“, og í 4. l. er í frumr. „blómi“ f. „blóminn“.

**) Í ehr., sem B. Th. M. átti, er þetta eins og það hefir verið upphaflega í frumr.

Til er dönsk þýðing af kvæðinu, eftir Olaf Hansen (Udv. isl. Digte, 72—73, sbr. Isl. Renæssance, 122), og þýzk, eftir J. C. Poestion (Isl. Dichter der Neuzeit, 345—46).

*Bls. 98—100.* — SÉRA STEFÁN PÁLSSON. — Ehr. (sem mun hafa verið í eigu Hallgríms prófasts Jónssonar á Hólmum) er til í Þjóðminjasafninu, skrifað í 3 dálka á samanbrotna kvartörk. Frumútg. í Fjölni, VI., 24—25. — Séra Stefán var sonur Páls sýslumanns Guðmundssonar, sýslumanns í Krossavík, Péturssonar, bróðir séra Siggeirs á Skeggjastöðum, Páls stúdents og Sigríðar, konu séra Þorsteins Helgasonar. Hann var fæddur 15. Júlí 1812, útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1836, sigldi samsumars, var í Höfn við nám 2 næstu vetur, og hafa þeir Jónas kynnzt þá. Stefán vígðist 19. Júlí 1840 aðstoðarprestur Guttorms prófasts Þorsteinssonar á Hofi í Vopnafirði, sem hafði alið hann upp og kostað hann til náms; átti séra Stefán Björgu, dóttur hans. Dó 4. Júlí 1841.

Fyrri hluti 1. er. er með tilvitnunarmerkjum í frumútg. og er óvíst hvers vegna; ef til vill eru þau orð höfð eftir Stefáni sjálfum eða öðrum. Í ehr. eru engin tilvitnunarmerki. Stefán fór úr foreldrahúsum fárra mánaða gamall, og var að eins þrevetur, er faðir hans dó.

*Bls. 100—102.* — VIÐ JARÐARFÖR JÓNS SIGHVATSSONAR. — Frumútg. í Skírni, 16. árg., 1842, bls. 131—32, og í Æfi- og Útfarar-Minning Dannibrogsmanns Jóns Sighvatssonar. Viðeyjar-kl. 1842, bls. 97—99. Í 1. útg., og síðan 2. og 3., er í næst-síðasta er., 2. l., sett „manns (h)ins“, f. „mannsins“, og í síðasta er., 6. l., „sorta“, f. „sortanum“.

Jón Sighvatsson var bóndi í Höskuldarkoti í Ytri-Njarðvík. Svb. Egilsson setti grafskrift eftir hann; er hún í æviminningu Jóns, bls. 84, og í Skírni, prentuð framan-við kvæðið. Sveinbjörn kallar Jón þar merkisöldung og öðling bænda; telur hann fæddan 6. Marz 1759, hafa kvænzt 5. Ág. 1792, orðið dannebrogsmann 1833 og dáið 28. Nóv. 1841. — Sbr. að öðru leyti æviminninguna.

*Bls. 102—104.* — SÉRA ÞORSTEINN HELGASON. — Ehr. í J. S. 129, fol. En á því stendur efst: „Frá Halld. Jónssyni 12./11. '89“. — Er átt við H. J. bankagjaldkera. — Ehr. er lítil örk (st. 21,2 × 17 cm.); á 4. bls. eru að eins 2 síðustu línurnar af síðasta er. Frumútg. í Fjölni, VI., 22—3. Jónas gat um kvæðið á fundi í Fjölnisfél. 4. Marz 1843, og las það upp á næsta fundi, 11. s. m., en hann kann að hafa verið búinn að yrkja það löngu fyr, ef til vill skömmu eftir lát séra Þorsteins. Þó er það ekki víst. Hann kom að Reykholti, þar sem séra Þorsteinn var

jarðaður, 13. Júlí 1840, og dvaldi þar næsta dag, og síðan kom hann þar aftur 20. Júlí 1841, á leið vestur og norður, og á suðurleið, um haustið, fór hann loks enn yfir Reykholtsdalinn 21. Sept. Þá hefir hann skrifað í vasakver sitt, efst á 15. bl.: „Minning séra Þ. Helgasonar". Það gæti bent til, að hann hafi ætlað að skrifa þar kvæði með því nafni. — Páll Melsted yngri skrifaði Jóni Sigurðssyni 2. Marz 1842, að hann hefði þá séð (þetta) kvæði Jónasar eftir séra Þorstein; sbr. Bréf P. M., bls. 26.

Séra Þorsteinn var fæddur 12. Febr. 1806, sonur Helga Sigurðssonar, fyrv. konrektors í Skálholti, útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1823, áður en Jónas gekk inn; hann stundaði síðan guðfræði við háskólann, en hætti námi, varð styrkþegi við stofnun Árna Magnússonar og fékkst nokkur ár við norræn fræði í Höfn. Árið 1830 (3. Ág.) kom hann heim og mun hafa dvalið hér næsta vetur, og Jónas þá kynnzt honum. En veturinn 1831—32 mun hann hafa verið aftur í Kh.*) Næsta ár, 1833, mun hann hafa komið aftur til Rv. snemma um vorið, og þeir Jónas þá enn verið þar nokkra mánuði samtímis, unz Þorsteinn var vígður prestur að Reykholti, var honum veitt það 15. Marz. Var hann þar prestur að eins 6 ár. Hann drukknaði í Reykjadalsá nóttina milli 7. og 8. Marz 1839.

Síðustu orðin í 3. er., „þessu trúið", eru svo í Fjölni, en í ehr. er „þetta skeður". Breytinguna mun höf. hafa gert sjálfur.

Á 4. bls. ehr. hefir Jónas skrifað þessa vísu:

Hver veit, nema komi svo — að kotkarl hafi kyrtla tvo,
kviðlings ævihraki, — en kraki á hurðarbaki?

Bragarhátturinn er hrynjandi, og notaði Jónas hann að eins þrisvar sinnum, svo kunnugt sé (sjá bls. 129—30 og 138—39).

*Bls. 104—105.* — GUÐMUNDUR KAUPMAÐUR GUÐMUNDSSON. — Ehr. í K. G. 31 a I, smáörk (st. 20,5 × 17 cm.); frumútg. í Skírni, 17. árg., 1843, bls. (11)—(12), og er hún, svo að segja, eins og ehr. Aths., sem hér er sett fyrir neðan fyrirsögnina, er ekki í ehr. né frumútg.; í ehr. stendur fullum stöfum „Pétur Guðmundsson", en í Skírni standa einungis upphafsstafirnir, P. G.

Í ehr. hefir Jónas gert ýmsar breytingar; í 2. er., 1. l., hefir hann fyrst skrifað „æginn", 3. l. „né" fyrir framan „systur", 4. l. „minn" á eftir „bróður", 5. l. „hvarfla" f. „sjá", 6. l. „hvarma —" f. „sjón —", 7. l. „útum öldur að leita", breytt fyrst í „útá öldur og leita" og loks í „öldur á og leita", — og hefir

*) Sbr. Bréf Tóm. Sæm., Rvík. 1907, bls. 79.

þá rímið orðið út-undan, en þess konar og enn aðrir rímgallar eru víðar í kvæðinu. — Í 3. er., 7. l., fyrst skrifað „þokan“. — Í 4. er., 3. l., fyrst svo: „ástin ein, sem mesta“, svo bætt inn „að“ á eftir „sem“, en strikað út aftur; síðan breytt orðaröðinni og sett „bezta“ f. „mesta“; 4. l., sett fyrst „þig“ á eftir „ól“; 8. l. er svo í ehr.: „hennar svo í faðm renni“, en þeirri línu hefir Jónas sennilega breytt sjálfur, þegar kvæðið var prentað í Skírni.

Guðmundur var kaupmaður á Búðum, bjó í Bentsbæ með móður sinni, Steinunni Sveinsdóttur, sem þá var ekkja. Hann fórst 1841 á útsiglingu með skipi frá Búðum; ætlaði til Hafnar, að ganga að eiga danska stúlku. Hann var þá 34 ára gamall og talinn mannvænlegur maður (sjá Ann. 19. aldar, II., 153). Pétur, bróðir hans, var þá verzlunarstjóri á Búðum, en síðar var hann á Ísafirði. — Þriðji bróðirinn var Sveinn, aðstoðarmaður hjá bróður sínum, síðar kaupmaður á Búðum, tengdafaðir drs. Bjarna Sæmundssonar.*) — Guðrún, systir þeirra bræðra, átti þá einnig heima í Bentsbæ.

Línurnar, sem eru með tilvísunarmerkjum, í 1., 2. og 4. er., eru teknar úr vísum í Víglundarsögu (2. og 11. vísu), en með nokkrum breytingum.

*Bls. 106.* — ÁSTA. — Frumútg. í Fjölni, VI., 15. Lesið fyrst á fundi í Fjölnisfél. 4. Marz 1843. — Í frumútg. er 5. l. í 3. er. með tilvísunarmerkjum. — Fyrstu línurnar í því er. eru teknar nær því óbreyttar úr kvæðinu „Kysstu mig aftur“ eftir Bjarna Thorarensen, frumpr. í Fjölni III., I., 32.

Kvæðið hefir verið útlagt á þýzku af J. C. Poestion (Eislandblüten, 58—59). — Lag er við það (eftir Holger Wiehe) í Eimreiðinni, 6. ár, bls. 199—200.

*Bls. 106—108.* — ÓHRÆSIÐ. — Frumútg. í Fjölni, VIII., 22—23. Lesið fyrst á fundi í Fjölnisfél. 26. Okt. 1844. — Í 2. útg., bls. 396, er sagt, að þetta sé „sönn saga að austan“. Er það líkara til að vera rétt **) en það, sem frændur Jónasar eiga að hafa sagt, eftir því sem Hallgrímur Tómasson frá Steinsstöðum, systursonur Jónasar, kvað hafa látið í ljósi, að kvæðið væri stílað upp á þá, sem hefðu reitt efnin af Guðrúnu frá Hvassafelli, móðursystur Jónasar, svo að hún varð félaus í elli sinni. Sbr. Lýð, II., 23.

Olaf Hansen þýddi þetta kvæði á dönsku (Isl. Renæssance, 113—15, Udv. isl. Digte, 99—101).

---

*) Á dr. Bjarni góða, málaða mynd af Guðm. Guðmundssyni.
**) Sbr. e. fr. kvæðið „Líkur sínum“, bls. 146, 2. er., 5.—6. l.

*Bls. 108—111.* — GRÁTITTLINGURINN. — Frumútg. í Fjölni, VI., 11—13. Lesið á fundi í Fjölnisfél. 11. Febr. 1843.

„Ungur var eg“ o. s. frv. Ef til vill má fara nærri um, hve gamall hann var; þegar faðir hans dó, og dánarbúið var skrásett, haustið 1816, var framvísað tvævetrum hrúti og þrevetru trippi, dökkgráu. — Ætli þetta hafi ekki verið „óvitringarnir ungu“, og yrkisefnið sé bernskuminning frá því að skáldið var á áttunda árinu?

Grátittlingur er sami fuglinn, sem venjulega er nefndur þúfutittlingur, sbr. V. b., bls. 44 og 63.

Bragarhátturinn er eins konar afbrigði eða tilbreyting af dróttkvæðum hætti; eru sjö samstöfur í hverju vísuorði og vísuhelmingarnir aðgreindir þannig, að hver myndar er. Mun hátturinn nýr og mætti kenna hann við Jónas.

*Bls. 111—112.* — ANDVÖKUSÁLMUR. — Frumútg. í Fjölni, VI., 16—17. Getið á fundi í Fjölnisfélagi 4. Marz 1843. Kvæðið er ort undir hinu gamla sálmalagi „Guðs vors nú gæzku prísum“ og því hefir það verið nefnt sálmur.

*Bls. 112—113.* — Á SUMARDAGSMORGUNINN FYRSTA. — Frumútg. í Fjölni, VI., 14. Lesið á fundi í Fjölnisfél. 14. Marz 1843. — Í 3. er., 2. l., er „dal“ í frumútg., en „dali“ í 1.—3. útg. — 3. er., 5.—8. l.; Jónas hafði í hyggju að fara rannsóknarferð þetta sumar suður og austur um land. Hann fékk ósk sína uppfyllta.

*Bls. 113.* — TIL FINNS MAGNÚSSONAR. — Ehr. á skjólblaðinu framan-við eintak af „Stjörnufræði eftir Dr. G. F. Ursin“, sem Jónas hefir gefið Finni prófessor Magnússyni, en nú er í Landsbókasafninu. Yfirskriftin er þar svo, og á bæði við bókina og vísuna: „Til herra Finns Magnusen“. Jónas hafði búið til útlegginguna, og var hún prentuð í Viðey 1842. — Vísan mun fyrst hafa verið prentuð í Sunnanfara, I., bls. 3, og síðan í 3. útg., en síðasta orð í 2. l. rangt á báðum stöðum, „fyr(r)“ f. „bezt“. — Afskrift er til í hrs. J. S., 401, 4to, á litlum miða, með hendi Jóns Sigurðssonar, vitanlega laukrétt.

Vísan kann að vera ort í Höfn, en ekki í Reykjavík.

*Bls. 115.* — ORT ERLENDIS EFTIR 1842. — Þau kvæði, sem hér eru talin til þess flokks, munu vera frá síðustu árum Jónasar, ort eftir síðustu burtför hans frá Íslandi, haustið 1842. Öll eru þau sennilega ort í Höfn, nema þau 7, sem eru á bls. 128—133, og líklega síðara er. af kvæðinu á bls. 134 (til G. Th.), er munu ort í Sórey. Ekki verður fullyrt, að röð kvæðanna, svo sem hún er hér, sé algjörlega rétt eftir aldri þeirra.

*Bls. 117—118.* — ANNAÐ KVÆÐI UM ALÞING. — Frum-

pr. í Fjölni, VI., 9—10, neðanmáls, svo sem athugasemd við kvæðið „Alþing hið nýja“ (sjá bls. 79—81), fyrirsagnarlaust. Lesið fyrst á fundi í Fjölnisfélagi 12. Apríl 1843, og er skýrt þannig frá því í fundabókinni (sjá Eimr., 32. ár, bls. 361): „Forseti las upp tvö kvæði, er hann hafði tekið utan fundar, af því þörfin var svo bráð; annað var nokkurs konar nóta við alþingiskvæðið; kvaðst Jónas, eins og nú væri komið, ekki geta látið fyrra kvæðið fara frá sér viðbótarlaust“; o. s. frv. Kvæðið er sett hér eins og það er í Fjölni, nema að því leyti, að sett er „þennan“ f. „þenna“ í 2. er. 5. l., og orðinu „að“ á eftir „sem“ í næst-síðustu l. er sleppt, eins og í 3. útg.

Kvæðið er orðið til vegna tilskipunar konungs um alþing 8. Marz, rúmum mánuði áður en fundur þessi var í Fjölnisfél. Tilskipunin er í Lovsaml. f. Isl., XII., 469—525. Í 2. gr. var þar ákveði um, að á alþingi skyldu eiga sæti 20 þjóðkjörnir þingmenn, 1 fyrir hvert lögsagnarumdæmi, og allt að 6 konungkjörnir, og í 40. gr. var ákveðið, að alþingi skyldi fyrst um sinn haldið í Reykjavík. Vakti tilskipunin megna gremju, ekki sízt hjá Fjölnismönnum, eins og kvæðið ber með sér og e. fr. grein Brynjólfs Pétursonar í Fjölni, VII., 110 o. frv.*) — 2. er., 2. l., „fjórtán manns“ o. s. frv.; Jónas virðist eiga við, að svo geti farið, að einir 14 menn, er væru í meiri hluta á alþingi (14 á móti 12), gætu ráðið niðurlögum þjóðarviljans; 5. l., „þeir sem að hittu á þennan veg“ o. s. frv.; embættismannanefndin í Reykjavík, er ráðgaðist um alþingismálið samkvæmt fyrirmælum konungs, sbr. bls. 345, varð öll ásátt um, „að það mundi nóg“, að þjóðkjörnir þingmenn yrðu 20 og konungkjörnir 6 (sbr. Tíð. fr. nefndarf. 1841, bls. 13). Var þetta álit nefndarinnar mörgum mikil vonbrigði, einkum þjóðræknum íslendingum í Höfn, er allir vildu hafa meira en helmingi fleiri (42) þjóðkjörna þingmenn“.**) — 6. l., „sigldir“ voru nefndarmenn allir (sbr. Tíð. fr. nefndarf. 1839, bls. 13—14).

*Bls. 118—120.* — KVEÐJA TIL UPPSALAFUNDARINS 1843. — Frumpr. í skýrslunni um fundinn, „Beretning om Studentertoget til Uppsala i Juni Maaned 1843. Kbh. 1844“. Tekið eftir henni í 1. útg., sem farið er eftir hér. — Í 1. er. er átt við Völuspá; 1.—2. l. er úr henni. — Uppsalir standa við Fýrisá (2. er.). — 3. er. var í fyrstu í kvæðinu um „Alþing hið nýja“, að nokkru leyti, sjá aths. við það kvæði hér að framan, bls. 341. Óðinshæð (8. er.) er einn hinna fornu konungahauga, sem eru

*) Sbr. e. fr. ævis. J. Sig., II., 164—83 (einkum).
**) Sbr. e. fr. ævis. J. Sig., II., 143—63.

skammt frá Gömlu-Uppsölum, haugur Egils konungs Tunnadólgs, sjá Skírni 1921, bls. 46—47. — Uppsalafundurinn var fyrsti almenni stórfundurinn, sem norrænir stúdentar héldu, til að efla bræðraþel með Norðurlanda-þjóðunum.

*Bls. 120—121.* — ÚTI Í VESTMANNEYJUM. — Ehr. í K. G. 31 a, aftan-við nokkrar af vísunum, sem eru hér í næsta kvæðaflokki á eftir („Annes og eyjar"), — í grápappírskveri, sem vísan eftir Maren Havsteen er á aftast (sjá bls. 129 og 364); Jónas hefir ekki tölusett þetta kvæði með kvæðunum í þeim flokki, sem eru í heftinu, enda á það ekki heima í honum. Fyrirsögn er engin í ehr. — Í 1. og 6. er., 4. l., hefir Jónas fyrst skrifað „Sæmundar", en síðar leiðrétt það. Sigmundarsteinn er stór steinn í svo-nefndri Sigmundarurð, sem er neðan-við Kervíkurfjall, sunnarlega á Heimaey og að austanverðu. Sjá um hann í IV. b., bls. 284. — Í 1. er., 6. l., hefir Jónas einnig fyrst skrifað „háum", en strikað yfir það og sett „votum" fyrir ofan. — Í 7. er., 4. l., hefir Jónas strikað yfir „Maður" og bætt aftan-við l. í staðinn orðinu „Babel", og enn „Abel", en strikað aftur yfir síðara nafnið. Í 1.—3. útg. hefir l. verið höfð svo sem hún var í fyrstu, og nú er hún bezt svo. — Abel mun vera Johan Nicolai Abel, sýslumaður í Vestmanneyjum 1821—52; Jónas segir, að hann hafi verið „en dygtig Jæger" (sbr. V. b., bls. 74).

*Bls. 122—128.* — ANNES OG EYJAR. — Ehr. eru til af öllum kvæðunum í þessum flokki; 1.—10. eru í grápappírsheftinu í K. G. 31 a, og hefir Jónas tölusett þau þar sjálfur, fyrst með bleki, þegar hann skrifaði þau í kverið, en síðan hefir hann breytt töluröðinni dálítið með blýanti; 1.—4. hefir hann einnig hreinskrifað síðar á hvíta smáörk (st. 22,8 × 18 cm.), sams konar og kvæðaheftið, sem er í Bmf. 13 fol., sbr. aths. við „Ferðalok" (bls. 322) og víðar, og mun þessi örk hafa tilheyrt því hefti í fyrstu. 8. kvæðið er einnig í gamla ljóðakverinu, K. G. 31 b I, skrifað á aftasta blað. Af 11. eru 2 blýants-frumrit í grápappírsheftinu í K. G. 31 a, og er hvorugt eins og kvæðið er sett í 1. (og 2.—3.) útg., enda hefir Jónas strikað yfir þau bæði, og ekki tölusett kvæðið þar með hinum kvæðunum í heftinu. Hann hefir skrifað það á ný, og 12. kvæðið hjá, á laust grápappírsblað, sem er einnig í K. G. 31 a; það er jafnstórt örkunum í grápappírsheftinu og hefir líklega tilheyrt því í fyrstu, en svo hefir það verið brotið í smáörk á hinn veginn (20,6 × 8,4 cm.); á 1.—2. bls. hefir Jónas skrifað með blýanti háðklausu á dönsku um ráðning bandrúna, 3. bls. er auð, en á 4. eru þessi 2 smákvæði, fyrirsagnarlaus, skrifuð langsum. Á hreinskrifuðu

örkinni hvítu, í K. G. 31 a, þar sem 1.—4. kvæði eru í réttri röð, er fyrirsögnin „Annes og eyjar“. Hún á vel við þau kvæði, en að sönnu ekki við 7.—12. kvæði, og hefir þó verið sett hér. — Í 1. (—3.) útg. er yfirskriftin „Á sjó og landi“; er hún ekki höfð hér, því að hún á ekki alls kostar vel við heldur. — Neðan-við fyrirsögnina „Annes og eyjar“ hefir Jónas skrifað með blýanti: „Með motto: „Hann er farinn að laga sig eftir Heine“.“ Því eru þau orð sett hér einnig. — Hefir einhver sagt þetta um Jónas, hann heyrt það, vitað, að nokkuð var hæft í því og sett það hér að gamni, því að helzt gat það átt við um þennan kvæðaflokk. — Kvæðin eru öll, 12, jafnlöng, hvert 3 er., og sami bragarháttur á öllum, sá er Heine notaði mikið, sbr. VII. kvæði (á bls. 22) í kvæðaflokknum „Smákvæði eftir Heine“ hér.

1. ÓLAFSVÍKURENNI. — Jónas hefir farið fyrir Ólafsvíkurenni 8. Ág. 1841. Farið er undir hamrinum (2.—3. er.). — Eggert, — sbr. „Hulduljóð“ (bls. 82—88). Hann fórst á Breiðafirði 30. Maí 1768. — 1. er., 1. l., í frumr. „fram í“, í afskr. (á örkinni) „fram um“; í 2. er., 2. l., „brosir“ í frumr., en breytt þar í „blikar“.

2. HORNBJARG. — Jónas kom aldrei á þær slóðir, sem hann nefnir í þessu kvæði, en að vísu nokkuð í grennd við þær sumarið 1840, 27. Ág., að Látrum (við Látravík vestari). — Aths. neðanmáls eru eftir Jónas; hin fyrri er skrifuð með blýanti á afskriftina, hin síðari er í frumr. Um Jón lærða Guðmundsson sjá Landfræðiss. Ísl., II., bls. 73—93, og Safn til sögu Ísl., V., nr. 3. Þetta um hvíta örninn er í þeim kafla í riti Jóns „um Íslands aðskiljanlegu náttúrur“, sem er um selakyn við Ísland. Jón segir þar svo (sbr. „Annotationsbog“ Jónasar 20. Jan. 1841, III. b., bls. 125—35, m. aths.): „Hafísnum fylgja og hvítir birnir, hvítir fálkar og refar, hvítflekkóttir hrafnar, og ein alhvít örn hreiðraði sig í fuglabjargi á Hornströndum“. — Síðari aths. (neðanmáls á bls. 123) er einkunnarorðin, sem letruð eru á framhlið háskólans í Kaupmannahöfn og merkja: „Hann lítur á hið himneska ljós“, eða „horfir í himinljómann“, og því hefir Jónas sett þau orð innan tilvitnunarmerkja í frumr. — Í 2. er., 1. l., hefir Jónas fyrst skrifað „þá“ í frumr., en strikað yfir og sett „er“ fyrir ofan; svo myndi hann þá hafa viljað breyta víðar í eldri kvæðum sínum.

Olaf Hansen lagði 1.—2. er. út á dönsku (Isl. Renæssance, bls. 120).

3. DRANGEY. — Þegar Jónas reið suður aftur 1841, fór hann upp á Mælifellsdal, 18. Sept., skoðaði þá Mælifellshnúk og

dró upp mynd af honum (sjá III. b., bls. 204). — 3. er., sbr. Grettissögu, sérstaklega upphaf 74. kap. og endi 80.

2. er. var þýtt á dönsku af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, bls. 120).

4. KOLBEINSEY. — Hvanndalabræður svo-nefndir, þeir Bjarni, Jón og Einar Tómassynir, fóru út í Kolbeinsey fyrir Guðbrand biskup Þorlákssson sumarið 1616. Komust þeir þar í lífsháska um stund, því að þeir misstu frá sér skip sitt, en þeir náðu því aftur og komust heim heilu og höldnu. Ekki mun getið neinnar systur þeirra í sambandi við ferð þeirra, og ekki beruðu þeir beinin á Kolbeinsey.*) — 3. er., sbr. vísu Styrbjarnar, er fór með Hrólfi rauðsenzka að leita Gunnbjarnarskerja, Landnb., útg. 1925, bls. 86. Þeir Hrólfur og Styrbjörn vógu tvo af félögum sínum þar nyrðra, er þeir höfðu vetursetu, en ekki voru þeir menn bræður; bræður tveir, er voru með í förinni, „svörðu eiða til lífs sér". Mun því ekki átt við þessa frásögn, þó stældar séu 3. og 4. l. í vísu Styrbjarnar í fyrri helming 3. er., enda segir ekki í Landnb., að þeir Hrólfur hafi hafzt við á Kolbeinsey.

Gömul munnmæli eru um það í Grímsey, að þeir Grímur, sem hún er kennd við, og Kolbeinn, sem sú ey ber nafn af (sbr. Svarfdælasögu, 21. kap.), hafi verið bræður,**) en engin saga mun segja neitt því líkt um þá og það, sem er í vísunum. Í 1. og 3. er. er eflaust átt við sömu bræðurna. — Getur verið, að skáldið hafi vikið dálítið við sögunni um Hvanndalabræður eða hér sé átt við aðra.***

Utan-með 1.—2. er. hefir Jónas skrifað langsum á hreinskrifuðu örkina þessa gömlu vísu:

Margur sundur molar stinn — getur undir glaðri kinn
mein svo lund ei kvartar; — grátið stundum hjarta.

Í 1.—3. útg. er sett „hlessa" í 2. er., 3. l., f. „hissa", sem er í báðum ehr.

5. MÁNEY. — Hér felst annað undir en orðað er.

Í 2. er., 3. l., hefir Jónas skrifað fyrst „fjöru", en strikað yfir það og sett „grjótið" fyrir ofan. — Í 3. er., 3. l., er orðið „bringubrotinn" undirstrikað í ehr.

---

*) Sjá t. d. Esp. Árb., V., 35, Ísl. þjóðs., II., 125—27, Landfrs., Ísl., I., 215—17, Lýs. Ísl., I., 131—32, og Blöndu (Sögurit XVII.), I., 149—62.

**) Sjá söknarlýsing Grímseyjar í hrs. Bmf., nr. 21 fol. (í Landsbókas.).

***) Sbr. þó Eimreiðina, 39. ár, bls. 298—99; en ekki er sú vísa, sem þar er sett, líkleg til að vera gömul, heldur nýort og nokkuð í líkingu við þessar vísur Jónasar.

Olaf Hansen lagði út á dönsku 1.—2. er. (Isl. Renæssance, 120—21).

6. SKRÚÐURINN. — Jónas hefir skrifað lýsing á Skrúðnum í ritgerð sína „Eyjar og sker", sem hann ætlaði í Íslandslýsinguna, sjá IV. b., bls. 262—64. Segir hann þar, að í helli miklum í eynni eigi „að búa bjargbúi einn, sem kallaður er Skrúðs-bóndi", og að margar sögur gangi enn af honum.*) Margt fé er látið ganga í eynni, en hann tekur „alla hornótta hrúta í hagatoll, sem settir eru í Skrúð, og var það lengi siður Vattarness-bænda,**) að gefa honum einn hrút á ári, því satt er það, þeir hverfa fremur öðru fé úr Skrúðnum, — því hornin munu stjaka þeim frá berginu, svo þeir hrapa í sjóinn, þegar þeir tildra sér á hillurnar". E. fr. segir hann, að séra Ólafur Indriðason, prestur á Kolfreyjustað, hafi 1838 fundið „litla uppsprettulind norðanmegin hellisins, skammt frá sjávarmáli, með væmið vatn og saltkennt, svo sem því svarar, að helmingi eður fjórðungi lóðs væri blandað í 1 pott af hreinu vatni".***) Þetta mun nú nægja til að skýra vísurnar rétt og sjá, hvað Jónas á við, en bæta má því við, eftir bréfi frá Br. Brynjólfssyni á Eskifirði, að „það var algeng sögn og trú í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði fram um 1860, að væri hrútur látinn með ám í Skrúðinn að hausti, yrðu ærnar málbærar að vorinu. Skrúðs-bóndinn sá um það". — Sami maður (Br. Br.) hefir einnig gefið þessa lýsing á „pæklinum": „Það var líka gömul trú og sögn í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, að vatnið í Skrúðs-hellinum væri sá bezti svaladrykkur, sem maður gæti fengið, en væri eldaður matur í því, þá þyrfti ekki að láta salt í, því að maturinn yrði mátulega saltur úr því vatni". — Mun þarna blandað málum. Jónas segir í Skrúðslýsingu sinni: „Inn-við stafn í hellinum er lítil stöðuvatnstjörn, með tæru vatni, ísköldu og bragðlausu". Kemur þetta heim við það, að það sé sá bezti svaladrykkur, sem menn geta fengið; en vatnið, sem var mátulega salt til að sjóða mat í, mun vera úr lindinni, er séra Ólafur fann, þ. e. „pækillinn". — En á síðari hluta 3. er. gefur Br. Br. þessa skýring: „Það er Gísli læknir Hjálmarsson og Ólafur prestur Indriðason, sem Jónas á

*) Sbr. Þjóðsögur Jóns Árnasonar, I., 196—97, Þjóðsögur Jóns Þorkelssonar, bls. 150—51, Sagnakver Björns Bjarnasonar, II., 33—37, Þjóðsögur Sigfúsar Sigfússonar, IV., 241—46, og Nönnu (Jóns Ólafssonar), I., 16—20. — Fyrir minni Skrúðs-bónda. Kvæði eftir séra Ólaf Indriðason.

**) Skrúðurinn liggur undir Vattarnes.

***) Lýsing Jónasar á Skrúðnum er öll dregin út úr Skrúðslýsingu séra Ólafs Indriðasonar, sem er í lýsingu Kolfreyjustaðarsóknar eftir hann (í hrs. Bmf., nr. 18, fol.).

við; þeir höfðu báðir sagt Jónasi þetta o. fl. um Skrúðinn og þjóðtrúna, en þeir voru báðir manna kátastir og smáhæðnir, þegar þeir vildu hafa það við, og hentu þeir gaman að þjóðtrúnni við Jónas. — Þetta sagði mér móðir mín, Siggerður Jónsdóttir frá Dölum í Fáskrúðsfirði, en hún heyrði föður sinn og séra Ólaf eiga tal um þetta".

Þetta síðasta mun vera rétt. Í aths. framan-við kvæðið í 3. útg. er einnig sagt, að Jónas eigi hér við þá Gísla lækni og séra Ólaf á Kolfreyjustað.*) En hitt mun ekki rétt, sem þar stendur, að séra Ólafur hafi farið með Jónasi út í Skrúðinn, og að Jónas hafi þá séð þar „pækil þenna **) og hrút einn ferlega mikinn" (3. útg., bls. 222—23, sbr. Fjallkon., XI., 33). Jónas fór aldrei út í Skrúðinn. Í ferðabók sinni frá 1842, þegar hann fór um Austfjörðu, nefnir hann ekki Skrúðinn á nafn. Hann kom ekki heldur að Kolfreyjustað, en þeir séra Ólafur og hann hafa sennilega hittzt einhvers staðar í þessari ferð. Jónas fór Reynidalsheiði frá Gilsá í Norðurdal að Dölum í Fáskrúðsfirði 12. Ág.; þaðan fór hann næsta dag Stuðlaheiði að Stuðlum í Reyðarfirði, og svo næsta dag þar á eftir, sunnud. 14. Ág., frá Stuðlum um Hólma og Eskifjörð út að Helgustöðum, o. s. frv. (sjá dagb., III. b., bls. 236—37). — Gísli Hjálmarsson bjó á móti föður sínum á Hallormsstað þetta sumar. Jónas kom þangað 29. Ág. og var þar nótt. En Gísli mun þá hafa verið farinn til Hafnar nokkru áður; hann sigldi þetta sumar aftur til þess að halda áfram námi við háskólann. En næsta vetur voru þeir, Jónas og Gísli, saman í Höfn,***) og þá hefir eflaust margt borizt í tal frá ferðinni um átthaga Gísla. — Frá þessum vetri munu vera vísurnar um Skrúðinn, og að líkindum allur þessi vísnaflokkur, „Annes og eyjar", og sennilega hefir Jónas skrifað kaflann um „Eyjar og sker" (sjá IV. b., bls. 260—302) um sama leyti.

7. SUÐURSVEIT. — Jónas fór um Suðursveit í Hornafirði 28.—29. Júlí 1842. — Það er jafnvel svo að sjá sem vísurnar séu gerðar þar, eða svo á það að líta út. — 1. er., 4. l., lýtur líklega að sögunni um hornfirðinginn, sem kom í kaupstaðinn og þótti þá allt lítilmótlegt heima, jafnvel einnig tunglið, það var eitthvað stærra í kaupstaðnum „en helvítskur Hornafjarðar-mánninn". — 3. er., 1. l., hefir fyrst verið svo: „Og burstin á bænum

*) Sama fullyrðir einnig Sigfús Magnússon (Toppenish, Washington) í bréfi til Bókmfél., dags. 2. Júlí 1929. — Hann fæddist 1845.

**) Sem sagt er í þessari sömu skýringargrein, að sé uppþornaður sjór í klettaskálum.

***) Sbr. Æfiminning Gísla Hjálmarssonar, Kh. 1880, bls. 13—14.

sjálfum", en Jónas hefir breytt henni í ehr.; 4. l., aths. nm. hefir Jónas skrifað sjálfur hjá vísunni. — Mun nú erfitt að gefa rétta skýring á þessu, og ekki var neinn Sigfús í Suðursveit um þetta leyti. — Á einum bæ á Rangárvöllum (Keldum) hafa sauðarleggir verið settir saman í garðvegg um langa hríð; er þarna nú orðinn álitlegur stafli, og er hann hluti af veggnum. Það kvað hafa átt sér stað víða í Skaftafellssýslu, að stafla þannig sauðarleggjum. Bæjardyraburstin, sem Jónas á við, kann að hafa verið hlaðin á sama hátt, úr eintómum sauðarleggjum, eða þeim staflað í burst upp yfir bæjardyrnar.

8. RÉTTARVATN. — Arnarvatnshæðir eru sunnan-við Arnarvatn, á Arnarvatnsheiði, og liggur Norðlingavegur um þær. Jónas mun hafa farið þar um á skólaárum sínum. Þegar hann fór norður sumarið 1828, hefir hann farið þar um, sbr. „Ferðalok" og aths. á bls. 323. Þegar hann fór norður seint í Ágústmánuði 1837, fór hann þar um (sbr. III. b., bls. 59 og 287). Þegar hann reið að norðan sumarið 1841 og fór upp á Mælifellsdal, 18. Sept. (sbr. aths. við 3. kvæði, Drangey, bls. 357), fór hann hér um í síðasta sinn; 19. Sept. hélt hann að Sauðafelli og næsta dag um Stóra-sand að Réttarvatni. — Í vasakveri hans frá ferðinni er mynd, sem hann hefir þá dregið upp, af Jökulkróknum og Eiríksjökli (sjá III. b., bls. 203). Eiríksjökull er um 10 km. fyrir sunnan vatnið.*) — Í 1. er., 2. l., hefir Jónas strikað út „fáki" í K. G. 31 a og skrifað með blýanti „klári" yfir, en það hefir ekki verið farið eftir því í 1.—3. útg. né hér. — 2. er. Með orðinu „norður-ásnum" á Jónas við Svörtu-hæð, er nefnist svo (eða fyrir norðan Svart(a)-hæð og fyrir sunnan stundum Svartarhæð); Hvannamór er sunnan-undir henni, og lækurinn.

9. HESTKLETTUR. — Jónas á hér við kláfferjuna við Hestaklett (svo heitir hann nú) hjá Flatatungu í Skagafirði. „Jón í Tungu" mun vera Jón Sveinsson, sem þar var vinnumaður fram til 1840, eða þar um bil. Jónas mun hafa farið hér um á ferðum sínum norður og norðan, þegar hann fór Sand, ef til vill í síðustu ferðinni (sjá aths. við næstu vísur á undan), þá fór hann frá Flugumýri 17. Sept. að Mælifelli. — Þessi „ás" hinumegin (þ. e. að vestanverðu) við árgljúfrin („þessa geil") hefir verið úr tré. Nú er þar hlaðinn stór steinstöpull, og hefir sennilega verið þá jafnframt.

---

*) Sjá um Arnarvatnshæðir og Arnarvatnsheiði ritgerð Kristleifs Þorsteinssonar í Andv., LVIII., 65—80, og enn fremur Árbók hins íslenzka Fornleifafélags 1933—1936, bls. 49—56 og 125—131, og Þorv. Thoroddsen, Ferðabók, IV., 93—94.

Jónas hefir gert breytingar í ehr. Í 1. er., 4. l., hefir hann fyrst skrifað „byrgt fyrir“, f. „brú yfir“. Í 2. er., 4. l., „við“ („í“), f. „um“. Í 3. er. hefir 1.—2. l. fyrst verið svona:

„En Jón minn í Tungu telur
þær „taki solítið feil“.“

Síðan þannig:

„En Jón minn, tetrið, í Tungu
tróð upp í þessa geil, —“.

Loks hefir Jónas breytt þessu (með blýanti).

10. ARNARFELLSJÖKULL. — Jónas á við ferð J. C. Schythe 1840. Skýrsla um hana kom út næsta ár, í H. Krøyers Naturhist. Tidsskr., III., bls. 331—94, „En Fjældrejse i Island i Sommeren 1840“. Jónas getur um hana í bréfi til Jap. Steenstrups, dags. 4. Okt. 1841, sjá II. b., bls. 102—3. Þeir Schythe og fylgdarmenn hans riðu 1. Júlí upp undir Arnarfellsjökul; „um kvöldið kl. 11 settust þeir að undir Arnarfelli, og dvöldu þar næsta dag“, o. s. frv., sjá Landfrs. Ísl., IV., 55.*) — Jónasi hefir ekki fundizt mikið til um frásögnina af Arnarfellsjökli. — Þorv. Thoroddsen segir einnig, að ferð þessi hafi haft „lítinn sem engan vísindalegan árangur“. Hrepptu þeir Schythe mikið illviðri og komust í hann full-krappan áður en þeir náðu mannabyggðum.

Í 1. er., 4. l., hefir Jónas fyrst skrifað „framandi“ og síðan „Danir“ yfir. Í 3. er., 3. l., hefir hann fyrst skrifað „þér ættuð“, en breytt því síðan í „þeir ættu“.

11. SOGIÐ. — Jónas, og Jap. Steenstrup með honum, var um kyrt á Úlfljótsvatni mánud. 6. Júlí 1840 og daginn eftir fór hann niður-með Soginu, og austur að Hjálmholti um kvöldið.**) Þá mun hann hafa orðið fyrir mýinu. — Þórður, sem Jónas nefnir, er bóndinn á Úlfljótsvatni; hann var Gíslason.***) — Jónas fór yfir Sogið aftur 26. Sept. s. á., en þá var orðið of áliðið til þess, að mýmökk bæri fyrir sólina. — Mý kemur ekki upp fyrir Jónsmessu og ekki eftir 20. Ág.

Í ehr. hefir Jónas gert nokkrar breytingar. Í 1. er., 1. l., hefir fyrst staðið „Sogið sá“, f. „Við sogið sat“. Í 2. er., 1. l., „kom“, f. „reis“, og í 2. l. „sveipar“, f. „sveipaði“. Í 3. er., 1. l., „er“ f. „var“, og í 3. l. „sortnar“ f. „sortnaði“. — Blýantsfrumritin í grápappírsheftinu eru dálítið frábrugðin, og ekki eins bæði. Hið fyrra hefir eftir ýmsar breytingar orðið svona:

---

*) Sbr. Ann. 10. aldar, II., 145—47.

**) Sbr. áfangaskrá í vasakveri Jónasar frá 1840, III. b., bls. 121.

***) Afi Magnúsar Jónssonar, prófessors í lögfræði.

„Sogið sá eg í veðri,
sækaldri norðanátt;
harðlega hristust þá allar
hurðir á hverri gátt.

En sólin kom hin sæla,
sveiflaði kuldanum burt,
og upp komu allar skepnur
með yndi og fegurð og kurt.

Þar var of margt af mýi,
margt dýrið fyrir ber.
Þórði sýnist það sanngjarnt
og sópar framan úr sér".

Í síðara frumr. hefir 1. er. orðið eins, en í 2. er. hefir 2. l. orðið svona: „sveiflaði kulda frá"; og hin 4. svona, að því er helzt virðist: „yndis-lifandi þá". Í 3. er. er 2. l. svona: „mökk fyrir sólu ber". Að öðru leyti hefir síðara frumritið orðið eins og hið fyrra.

12. TÓMASARHAGI. — „Vorið 1835 ætlaði Tómas Sæmundsson með konu sinni suður Sprengisand, en villtist af leið austur undir Tungnafellsjökul; þar fann hann grashaga þann, sem síðar er kallaður Tómasarhagi", segir Þorv. Thoroddsen í Landfrs. Ísl., IV., 52. Og í Skýrslum og reikningum Bókm.fél. 1843, bls. XXIII (sbr. Landfrs., III., 315—16), segir Björn Gunnlaugsson svo frá Tómasarhaga: „Mitt undir þeirri síðu Tungnafellsjökuls, er snýr að Arnarfellsjökli, stendur fell nokkuð hnöttótt, hæzt af öllum hnúkum þar, og þétt við jökulinn, með þröngu skarði á milli. Undir fellinu þeim megin, sem snýr frá jöklinum, eru sléttir melar, og á þeim miðjum er grasflötur, fram-undir kýrvöll að stærð, sem er Tómasarhagi".

Jónas fór aldrei Sprengisand og kom aldrei í Tómasarhaga. „Tungnajökli" stendur í ehr., fyrir „Tungnafellsjökli". — Í 1. er., 4. l., hefir Jónas fyrst skrifað „blessunar", en strikað yfir það og sett „fróunar" fyrir ofan. Í 2. er., 1. l., hefir hann sömuleiðis skrifað fyrst „eitt sinn", en strikað það út og sett „áður" fyrir ofan; í 4. l. virðist hann fremur hafa breytt „á" í „í" en „í" í „á".

*Bls. 128.* — EINBÚINN. — Ehr. í K. G. 31 b I, frumrit, á sama blaðinu og „Réttarvatn", sem er 8. kvæðið í flokknum „Annes og eyjar" hér á undan. Í 1. er. hefir 6. l. verið svona fyrst: „á öldum, á fjöllum, í gjótum", en er breytt í ehr. Í 2. er., 2. l., hefir Jónas breytt „hef orðið" í „er orðinn", og í 3. l. „það" í „þar". Í 5. l. „og á" í ehr.; „ég" skotið inn rímsins vegna í 3. útg., og er því haldið hér.

*Bls. 128—129.* — MÓÐURMISSIR. — Ehr. í K. G. 31 a, á litlum miða (st. 8 × 14 cm).*) Er. er þar fyrirsagnarlaust, en

*) Fyrst hefir Jónas skrifað á hann með blýanti nokkrar aths.

undir því stendur „P. J. Havstein“.*) Prentað fyrst í 1. útg. með þeirri fyrirsögn, sem hér er, en án nokkurra aths., og ekki er þess getið heldur í 2.—3. útg., að það sé ort undir nafni Péturs Havsteins. Sbr. að öðru leyti næsta kvæði. — Einkennilegt er, að vanta skuli fyrri stuðulinn í 5. l. og hinn síðari í 7.

*Bls. 129.* — EFTIR MAREN HAVSTEEN. — Tvö ehr. í K. G. 31 a, bæði skrifuð með blýanti, og eru þau uppköst að grafskrift eftir frú Havsteen. Annað er aftast í grápappírskveri (st. 16,8 × 10,3 cm), sem nokkrar af vísunum úr kvæðaflokknum „Annes og eyjar“ eru á, en hitt er á 2. bls. í smáörk (st. 18,2 × 11,5 cm), sem er auð að öðru leyti. Þar er grafskriftin nokkru fyllri og er svona:

H. h.**)
góð kona og guðhrædd:
Maren Havsteen, fædd Birch,
borin í þenna heim í Friðriksborg á
Sjálandi .. d. Febr.-m. 1776
giftist Jacobi kaupmanni Havsteen
d. ..... mán. 1796
og ól honum 8 börn, er öll komust
til þroska;
andaðist ekkja á Hofsósi 3. d. ....***) mán. 1843.

---

„Eg mun uppljúka gröfum þeirra“, segir drottinn.

Síðan kemur er. Á eftir því stendur þetta í hinu ehr. (kverinu):

Börn hennar misstu ástríka móður,
vinir og vandamenn unað sinn
og margur fátækur aðstoð sína.

Frú Maren Havsteen (eða Marin Havstein) var móðir Péturs Havsteins (Peter Havsteens), síðar amtmanns, sem Jónas hefir ort fyrir næsta kvæði hér á undan. Sbr. að öðru leyti aths. við það. — Jónas hefir að líkindum gert grafskriftina alla, með þessu er., fyrir Pétur Havstein.

---

eða leiðréttingar, líklega við Íslands-uppdráttinn, sem Bókm.-fél. var að láta prenta.

*) Þ. e. Jørgen Peter Havstein (eða Havsteen), síðar amtmaður, faðir Hannesar ráðherra Hafsteins. — Um hann og ætt hans sjá mánaðarblaðið Heimdall, Kh. 1884, bls. 129—32 og 146—50.

**) Í hinu ehr. stendur „Hér hvílir“.

***) Hún dó 3. dag Ágúst-mánaðar.

Er. er eins, að heita má, í báðum ehr.; að eins fyrstu orðin eru öðruvísi í kverinu: „Svo sem“, f. „Sem þá“. — Það er ort undir hinu gamla sálmalagi „Til þín, heilagi herra guð“ (eða „Hver sem að reisir hæga byggð“).

*Bls. 129—30.* — TIL MÓÐUR MINNAR. — Ehr. í K. G. 31 a, frumrit, skrifað í flýti, og 2. er. óljóst, á síðari hluta sendibréfs frá Þórði Jónassyni (Jonassen) yfirdómara, líklega frá haustinu 1843; er getið í bréfinu fráfalls ýmsra, sem þá voru nýlega dánir. Jónas skrifaði Þórði 26. Sept. það ár (II. b., bls. 151—53); minnist hann þar ekki á þetta bréf; hefir sennilega fengið það síðar um haustið. Kvæðið er fyrirsagnarlaust, en Jónas virðist hafa ort það til móður sinnar. Ekkert bendir til, að það hafi verið eða átt að vera lengra. Fyrra er. er nokkurn veginn skýrt og mun rétt lesið; það er í 1.—2. útg.; en 2., 4. og 8. l. í 2. er. eru óskýrar, og er vafasamt, hvort rétt séu lesnar (sbr. 3. útg.); einkum er það svo um 1. orð 2. l., 4. í 4. og 3. í 3. Síðustu línurnar 3 í 2. er. hafa í fyrstu verið öðruvísi, en Jónas hefir strikað yfir þær og skrifað aðrar ofan-við. Hinar upphaflegu eru mjög ógreinilegar. — Bragarhátturinn er hrynnenda og bæði er. heil.

*Bls. 130—131.* — DALVÍSA. — Tvö ehr. eru til; annað á lausu blaði, smáörk (st. 12,5 × 9,5 cm), J. S. 129, fol.; það hefir Jónas sent frá Sórey, þar sem kvæðið er ort, til Fjölnismanna í Höfn; það var lesið á fundi þeirra 20. Jan. 1844 og gefið út í Fjölni það ár, VII. árg., bls. 27—28; hitt er í skrifbókinni, sem „Hulduljóð“ eru í (K. G. 31 b V), og er þar sett við það dagsetningin $^{15}/_{1}$*); þar er kvæðið hreinskrifað, en við fyrirsögnina yfir kvæðinu á smáörkinni, sem send var Fjölnismönnum, hefir Jónas sett í sviga: „Se Noten!“, og hún er neðst á 3. bls., neðan-undir síðasta er.: „Nóta! — Það er bezt að hreinskrifa þetta fyr en maður les það sér til uppbyggingar“. E. fr. hefir Jónas skrifað þetta hjá aths.: „Eg ætla að biðja ykkur**) að láta búa til fallegt lag, ekki of dýrt, við vísuna mína“.***)

---

*) Brynjólfur Pétursson hafði skrifað Jónasi 13. Jan. m. a.: „Þú verður, blessaður, að gefa okkur kvæði, ef þú átt nokkurt til“, — nefnil. í Fjölni. Jónas hefir fengið þessa áskorun næsta dag eða sama daginn og hann ritaði þetta kvæði í minnisbók sína.

**) „atl' að biðj ukkur“, skrifar hann í spaugi.

***) Brynjólfur Pétursson svaraði þessu svo, í bréfi, dags. 12. Febr.: „Ég skrifaði upp Dalvísuna þína eins og þú baðst mig. Ekki hefi ég látið búa til lag við hana, því það er ekki hægt að leggja hana út, af því hún er nokkuð „ejendommelig og original“. Ég las hana upp á fundi (þ. e.: Fjölnismanna) og fundarmenn sögðu hún væri falleg og skrítin, og báðu mig að biðja þig að gefa Fjölni

Jónas kallaði kvæðið „Dalvísu“ í báðum ehr., og sama fyrirsögn er í Fjölni. Sömuleiðis nefndi hann næsta kvæði „Sláttuvísu“ og enn síðar eitt „Vorvísu“ (sjá bls. 143.*) Þessum fyrirsögnum hefir verið breytt í 1.(—3.) útg.; hafa ekki þótt koma heim við gamla og góða, íslenzka málvenju, er um kvæði með mörgum er. eða vísum var að ræða.

Jónas hefir gjört nokkrar breytingar í frumr. í J. S. 129, fol. Í 3. er. hefir hann fyrst haft 5. l. svona: „allri skepnu ertu kær“, og byrjun 6. l.: „uni eg bezt“ (og svo: „ann eg þér“). Í 4. er., 6. l., „oss“, f. „dal“. Í 5. er., 1. og 7. l. „sveitagull“, f. „sveitin bezt“, 3. l.: „svo sem mörg er sauðarull“, 4. „prýðigull“, f. „prýðin bezt“; 5. l.: „svo er grund þín gæðum full“. — Í K. G. 31 b V er kvæðið hreinskrifað með öllum leiðréttingum og er eins, nema að því leyti, að „yður“ er sett þar í 3. er., 5. l., f. „ykkur“ („ukkur“). — Í Fjölni er sett „ykkur“, sem réttara er, en í 1. er., 5. l., er þar sett „yður“ (sem er einnig réttara þar), f. „ykkur“ („ukkur“) hjá Jónasi. — Í Fjölni er einnig sett „er“ í 4. er., 6. l., f. „þá“; og í 3. l. í 5. er. er „þú“, f. „þá“, sem er í ehr., en „þú“ er prentvilla, sem er leiðrétt framan-við; í 1.—3. útg. og hér er sett „er“ f. „þá“, eins og víðar, er eins hefir staðið á.

Bragarhátturinn er sami og á kvæðinu „Eg vil kyssa“ (bls. 229—30), sem er nokkrum vikum yngra, en Jónas hefir sennilega þekkt frumkvæði Chamissos, er hann orti „Dalvísu“.

Í Ísl. þjóðl. eru 2 lög við þetta kvæði, á bls. 606—7 og 617—18. Þau hefir Jónas sjálfsagt ekki kunnað. Árni Thorsteinsson tónskáld hefir einnig búið til fallegt lag við þetta kvæði, og hefir það náð mikilli útbreiðslu, en ekki er það með þeim léttleik, sem er á kvæðinu.

Kvæðið hefir verið lagt út á dönsku af Carl Rosenberg (sbr. Valt. Guðm., Isl. Kultur, 133—34) og af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 106—7, Udv. isl. Digte, 106—8), og á þýzku af J. C. Poestion (Isl. Dichter d. Neuzeit, 353—54, Eislandblüten 57—58).

*Bls. 131—132.* — SLÁTTUVÍSA. — Tvö ehr. eru til; annað í J. S. 129, fol., smáblað (st. 13,2 × 7,5 cm), sent Fjölnis-mönnum; hitt ehr. er skrifað rétt á eftir „Dalvísu“ í K. G. 31 b V, sama dag, að því er virðist (15. Jan.). Lesið fyrst á fundi í Fjölnisfélagi 2. Marz 1844; frumpr. í Fjölni þ. á., VII., 28—29. Þar og í báðum ehr. er kvæðið kallað „Sláttuvísa“, en í 1.—3.

---

hana. Þú gerir það! Nicht wahr? Þú verður blessaður að senda okkur eitthvað meira. ...“.

*) Sbr. e. fr. fyrirsagnirnar fyrir kvæðunum „Skrælingjagrátur“ og Kaupfararskál (bls. 176—78).

útg. „Sláttuvísur“; sbr. aths. við „Dalvísu“, næsta kvæði hér á undan.

Fyrir neðan þessi kvæði hefir Jónas skrifað í K. G. 31 b V: „Það er annars ógjörningur að eiga sér ekki lög til að kveða þess konar vísur undir; svona komast þær aldrei inn hjá alþýðu“.

*Bls. 132—133.* — ALSNJÓA. — Tvö ehr., í J. S. 129, fol. og í K. G. 31 b V; hið fyrra sent Fjölnismönnum, en hið síðara hreinskrifað í skrifbókina 25. Febr. 1844, eða næst á eftir öðru kvæði, sem hefir verið skrifað þar þann dag. Sbr. aths. við 2 næstu kvæði hér á undan. Í J. S. 129, fol., er það síðast af 3 kvæðum á smáörk (st. 22,3 × 13,5 cm). Í 1.—3. útg. og hér er kvæðið prentað eins og það er í K. G. 31 b V; í J. S. 129, fol., hefir Jónas strikað yfir „út“ í 1. er., 3. l., og í 2. er., 1. l., hefir hann haft „er“ fyrir framan „snjór“.

*Bls. 133.* — ÉG BIÐ AÐ HEILSA. — Ehr. í K. G. 31 b IV, sem er skrifbók eins og K. G. 31 b V; er þetta eina kvæðið í henni og sett inn á milli greina um hvalakyn við Grænland. — Aftan-í henni er Selaflokkurinn, sbr. V. b., bls. 17—20, en að mestu er hún auð og óskrifuð. Jónas sendi kvæðið frá Sórey til Fjölnismanna um mánaðamótin Marz—Apríl 1844, og eftir því hr. hafa þeir látið prenta það í Fjölni þ. á., VII, 105—6. — Jónas minnist á þetta í bréfi til Páls Melsteds yngra 5. Júlí s. á. (sbr. II. b., bls. 188, m. aths.). — Á bréfi frá Brynjólfi Péturssyni til Jónasar, dags. 10. Apríl, má sjá, að í því hr. hefir staðið „þau“ f. „og“ í 1. er., 3. l., og „Söngvarinn“ f. „Vorboðinn“ í 3. er., 1. l. Brynjólfur skrifar nefnilega, að þeim Konráði líki ekki þessi orð; en annars segir hann: „Mesta gull er hún, kveðjan þín, góði minn“. Nú má sjá, að Jónas hefir fyrst skrifað „og“ í 1. er., 3. l., í K. G. 31 b IV, en sett síðar „þau“ fyrir ofan, og þó aldrei strikað yfir „og“. — Í K. G. 31 b IV er kvæðið að þessu leyti frábrugðið því, sem það er í Fjölni og hér: 1. er., 3. l., „út“, f. „heim“. Í 2. er., 2. l., „haf“, f. „hæð“, og „land“ f. „sund“, og í 3. l. „leiði“, f. „kyssið“. Í 3. er., 1. l., „Söngvarinn“ f. „Vorboðinn“, 3. l. „lágan (fyrst „grænan“) dal“, f. „sumardal“, 5. l. „grænan“, f. „rauðan“.

Kvæðið er með „sonettu“-hætti, sem er ítalskur að uppruna. Eru 2 er. með 4 l. („kvartettur“) og 2 með 3 („terzettur“), og svo hefir kvæðið verið prentað í öllum útg., en í K. G. 31 b IV hefir Jónas skrifað síðari erindin saman, svo sem eitt óskipt er., enda mynda þau óslítandi heild. — Hann hefir látið línurnar ríma saman í fyrri er. fyrir sig og í hinum síðari fyrir sig á svipaðan hátt og algengast var, en þó ekki fyllilega eins, enda var oft brugðið út frá því.

Kvæðið hefir verið þýtt á dönsku (tvisvar) af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 108, Ny-isl. Lyrik, 51, og Udv. isl. Digte, 159) og á þýzku af J. C. Poestion (Isl. Dichter d. Neuzeit, 361—62, Eislandblüten, 49—50) og Margr. Lehmann-Filhés (sbr. Valt. Guðm., Island, 176—77); tvær enskar þýðingar eru einnig til, eftir Jakobínu Johnson (í Rich. Beck, Icel. Lyrics, 57—59) og W. Kirkconnell (Icel. verse, 133—34).

*Bls. 134.* — TIL GÍSLA THÓRARENSENS. — Síðara er. er til í ehr. í K. G. 31 a, skrifað á sendibréf frá Gísla, dags. 5. Apríl 1844, þar sem hann sendir Jónasi ljóðabréf eða kvæði, er hann hafði ort til móður sinnar skömmu áður en hún dó; biður hann Jónas segja sér, hvernig honum líki kvæðið, og breyta því fyrir sig þar sem honum sýnist betur mætti fara, því hann ætli að láta prenta það í Fjölni; og svo segir Gísli e. fr.: „Gjörðu nú bón mína, vinur, gjörðu eitt eða tvö erindi aftan-við hjá mér eða í nótu, eftir því, sem þér líkar bezt, undir sjálfs þín nafni; þú þekktir hana, þegar þú þekktir amtmanninn,*) og hafðir líka séð hana, — eða gjörðu það til mín; eg þekki hjartað í þér og veit, hvaða tilfinningar þú átt innan í því; hún hafði svo oft blessað þig fyrir kvæðið eftir amtmanninn, meðan hún lifði, en nú blessa þau þig bæði saman uppí himnaríki, ef þér ferst nú aftur eins vel". Jónas hefir þegar gert lítils háttar tilraunir til að laga kvæði Gísla, en aldrei sent honum þær, og var kvæðið prentað í Fjölni, VII., 106—8, eins og Gísli hafði ort það. Eftir lestur bréfsins hefir Jónas einnig reynt að verða við bón Gísla, að gjöra eitt eða tvö erindi til hans, og hann hefir skrifað á bréfið frá honum það erindið, sem hér er síðast. Sennilega hefir hann þó ekki sent Gísla það áður en kvæði hans kom út í Fjölni. En Gísli hefir þó síðar meir fengið það, sem hann bað um og hér er prentað, og munu þeir Brynjólfur og Konráð hafa haft það frá honum í 1. útg. — Sbr. e. fr. aths. við gamanvísurnar „Hugnun" (bls. 181—82) og bréf þeirra Gísla og Jónasar til Konráðs næsta sumar, 13. Ág., II. b., bls. 188—92.

Móðir Gísla hét Guðrún; hún var dóttir Vigfúsar sýslumanns Þórarinssonar og fyrri kona séra Sigurðar Thorarensens í Hraungerði, frænda síns, Gíslasonar prófasts Þórarinssonar. Synir þeirra, auk Gísla, voru þeir Vigfús sýslumaður í Strandasýslu og séra Stefán á Kálfatjörn. — Frú Guðrún dó 6. Febr. 1844. — Gísli var einn af Fjölnismönnum og góður kunningi Jónasar. Hann var fæddur 1818, útskrifaður frá Bessastaðaskóla 1840. Hann varð prestur, vígðist til Sólheima-þinga 1848. Dó á

*) Þ. e. Bjarna Thorarensen, bróður hennar.

jóladag 1874; var þá nýlega orðinn prestur í Stokkseyrar-prestakalli. Hann þótti vel hagmæltur; ljóðmæli hans voru gefin út í Rv. 1885, og er ævisaga hans framan-við. Sbr. e. fr. Sunnanfara, XI., 27—29.

Fyrsta vísubrotið er tekið úr kvæði Gísla til móður hans, síðari hluti 3. er.

*Bls. 134—135.* — HVÍ SKYLDI ÉG EI VAKNA VIÐ. — Ehr., frumrit, á sama smáblaði og 1. er. af „Líkur sínum“ (sbr. aths. á bls. 372), í K. G. 31 a. Þessi miði og sá, sem brot úr „Formannsvísum“ eru á, heyra saman, hafa verið rifnir hvor frá öðrum og eru hlutar af stærra blaði. Kvæðið er yfirskriftarlaust í ehr., en ekki verður séð, að það hafi verið lengra. Það virðist ort til einhvers ættingja skáldsins (sbr. 1. er., 7. l.). Það og annað á þessum blöðum er sennilega frá síðari hluta ársins 1844.

Í ehr. eru nokkrar breytingar: Í 1. er., 1. l., hefir fyrst staðið „skyldi eg ekki“, f. „skyldi ég ei“. Í 6. l. „nema minnst til“ skrifað fyrst, en síðan sett, og þó í sviga, fyrir ofan „sleppt að m.“. — Í 2. er., 1. l., hefir fyrst staðið „það er“, en því breytt í „þá“; í 3. l. fyrst „þú“, svo „hún“, og fyrir „hvarf“ hefir í fyrstu verið skrifað „hneig“, og það sett fyrir annað, sem verið hefir áður á eftir orðinu „þú“ og nú er ógreinilegt vegna yfirstrikunar. — Í orðið „skrýða“ í 6. l. vantar r. — Bragarháttur hinn sami og á er. „Eftir Maren Havsteen“ á bls. 129.

*Bls. 135—139.* — FORMANNSVÍSUR. — Frumpr. í Fjölni, VIII., 34—38. Lesnar áður á fundi í Fjölnisfélagi 18. Jan. 1845. Á smámiða í K. G. 31 a er frumrit af inngangser. úr II., síðari helmingi 3. er. og öllu 4. er. úr III. Inngangser. er skrifað með blýanti, en gerðar síðar breytingar á 3 stöðum í því með bleki; í 1. l. hefir fyrst staðið „Gufa mín“ og síðan „Móðir“, fyrir „Mardöll“; í 2. l. er þar „mar“-, f. „myrk“-; í 3. l. fyrst „sendu mér á“, síðan eins og hér er; í 4. l. er þar „sjó“-, f. „sæ“-, og í 6. l. „-þurfa“, f. „-sælan“. — Í 4. er. af III. hefir í 1. l. staðið fyrst „það nægir“ og síðan „í náðum“, og loks „í næði“; í 4. l. er í frumr. „Þökk sé“, f. „Þökkum“, og í 8. l. „þungum“, f. „fermdum“.

I. er dróttkvætt, II. undir gömlu sálmalagi (sbr. „Kross á negldur meðal manna“), III. hrynhent.

Þessi kvæði hafa verið þýdd á dönsku af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 108—12, Udv. isl. Digte, 145—49).

*Bls. 139—140.* — ÉG ÆTLAÐI MÉR AÐ YRKJA —. — Þetta kvæði er á lausu blaði í J. S. 129, fol., meðal nokkurra annara kvæða eftir Jónas, sem þeir Brynjólfur og Konráð hafa

látið skrifa upp, en ekki látið prenta í 1. útg. Ehr. er nú ekki til, og þessi uppskrift virðist vera mjög óvönduð, einkum á 3. og 4. er.; sennilega hefir hún verið gerð eftir óljósu frumriti, og er sýnilega röng, einkum 4. er., 1.—3. l.*) — Í 3. er., 4. l., sem ekki er eðlilega kveðin, er „-grúa“, f. „-gráa“; í 4. er., 1. l., er „mig“ sett aftast í l.; hefir líklega verið merkt óljóst inn í hana í frumr.; í 2. l. er „á“ sett fyrir ofan yfirstrikað „með“; á eftir „að“ í fyrra skiftið hefir verið hlaupið yfir, sennilega þau orð, sem hér hafa verið sett: „fara að“. Í uppskriftinni er 3. l. svo: „Þú skulir muna mig aftur“. Vantar þá annan stuðulinn, orð, sem hefir byrjað á þ. Hér er gerð tilraun til að bæta úr þessum göllum á uppskriftinni. — Hin er. 4 eru sett hér eins og þau eru í henni. Hefir hér ekki verið gengið framhjá þessu kvæði, af því að því hefir af kunnugum mönnum verið skipað í flokk með kvæðum, sem áreiðanlega eru eftir Jónas. Engum getum skal leitt hér að því, hversu á kvæðinu kann að standa.

„Eg“ á að vera „ég“ alls staðar í þessu kvæði.

*Bls. 140—141.* — Ó, ÞÚ JÖRÐ —. — Ehr. á lausu blaði (st. 22 × 13,3 cm) í K. G. 31 a, hripað upp með blýanti, orðið mjög velkt, máð og óskýrt. Fyrirsögn engin. Fyrra er. prentað mest-allt í 1.—2. útg., og enn í 3. útg. ásamt mest-öllu 2. er. Hér eru sett bæði er., eftir því, sem næst verður komizt. — Í síðustu l. í báðum er. hefir Jónas skrifað fyrst „svei því, ef“, en strikað yfir þau orð aftur og skrifað fyrir ofan „sárt er, að“. Í. 2. er., 4. l., virðist hafa verið skrifað fyrst „máttgjafi“, en síðan strikað yfir „mátt-“ og skrifað „magn-“.

Kvæðið virðist vera heilt svo sem það er. — Hins vegar á þessu blaði er „Ein velmeint bænaráminning til G. M.“, þ. e. Gísla Magnússonar, skólakennara, sjá bls. 183—84. Hún mun hafa verið færð í letur, þegar Gísli fór heim frá Höfn 1844. Sennilega er þetta smákvæði litlu yngra.

*Bls. 141.* — STÖKUR. — Af þessu kvæði eru til 2 ehr. Hið fyrra er í K. G. 31 a; það er fyrirsagnarlaust og er skrifað með blýanti á grápappírsblað ( l. 21,3, br. 12,7—15,5 cm) og virðist vera frumrit; hið síðara er í ljóðaheftinu í Bmf. 13, fol., og er hér farið eftir því. Í frumr. er í 1. er., 3. l., „kring“ f. „í kring“; í 3. er., 1. l., „gleði“, f. „glaum“, í 3. l. „Um ógæfu mína“, f. „Í öngum mínum“, og í 4. l. „orti“, f. „yrki“. — Fremst í þessu ljóðahefti er „Ferðalok“; er lítill vafi á því, að Jónas hefir ort bæði kvæðin til hinnar sömu (sbr. aths. við „Ferðalok“, bls. 322).

---

*) Það er einnig grunsamlegt, að 2. og 4. l. enda á tvíkvæðu orði í þessu eina er.

Jónas hefir ort þessar vísur undir gamla kvæðalaginu sínu, Eyfirðinga-lagi, sbr. Ísl. þjóðl., bls. 876. — 1., 3. og 4. er. eru útlögð á dönsku, af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 113 og 116).

*Bls. 142.* — SÓLHVÖRF. — Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol. Á milli síðasta kvæðis hér á undan og þessa er „Skipkoma, 1830". — Sólarkenningin í 7. l. er úr grísk-rómversku goðafræðinni.

*Bls. 142.* — JÓLAVÍSA. — Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol., næst á eftir vísunni „Sólhvörf". — Í 4. l. hefir Jónas fyrst skrifað „dæmin", en sett strik yfir og skrifað „rökin" fyrir ofan, — með blýanti. — Þetta er. er ekki alls kostar ljóst. Sbr. Eimr., 8. ár, bls. 120—21.

Lagið er gamalt íslenzkt þjóðlag, „Keisari nokkur, mætur mann", sjá Ísl. þjóðlög, Kh. 1906—09, bls. 499 (fyrra lagið, a.).

*Bls. 142—143.* — Á NÝJÁRSDAG. — Ehr. í K. G. 31 a, á litlu blaði (st. 22,1 × 7,6 cm); fyrirsagnarlaust, en er óefað frá nýjársdag eða byrjun ársins 1845. Þetta merkilega kvæði er bersýnilega heilt; það er fullgerð „sonetta", sbr. kvæðið „Ég bið að heilsa" (bls. 133). Hefir þó verið kallað brot í 1.—3. útg. — Orðið „til" í 3. er., 2. l., er ekki í ehr.; kann að hafa skorizt af, því að blaðið hefir verið helmingi breiðara, er kvæðið hefir verið skrifað á það.

*Bls. 143.* — AÐ VAÐI LIGGUR LEIÐIN —. — Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol., næst á undan „Vorvísu", sem hér er einnig næst á eftir. Uppskrift er í J. S. 129, fol., meðal uppskrifta (Ben. Gröndals) af öðrum kvæðum, sem sleppt var úr 1. útg. Þessi vísa hefir ekki verið prentuð fyr. — Í 1. l. hefir Jónas fyrst skrifað „Á vaðið", en síðan breytt því. Milli vísuhelminganna hefir Jónas sett lítið strik, eins og hann vildi jafnvel skipta vísunni í tvö er., sams konar og er í kvæðinu „Grátittlingurinn" (bls. 108—11), enda er bragarhátturinn sami.

*Bls. 143—146.* — VORVÍSA. — Tvö ehr.; hið fyrra í K. G. 31 a, skrifað með blýanti, nema 2 fyrstu er.; það er á 2 sundurlausum smáörkum (st. 17 × 10,3 og 14,3 × 9,4 cm); hið síðara er í kvæðasafninu í Bmf. 13, fol. Vafalaust frá vorinu 1845. — „A la Jón Þorláksson". Sbr. gamankvæði séra Jóns til Bjarna Thorarensens (Ljóðabók J. Þ., II., 496—97):

„Tinda fjalla eg sé alla undir snjá;
til sín kallar Þorri þá". O. s. frv.

Séra Jón kvað oftar undir þessum bragarhætti, t. a. m. þýðing af kvæði Horatíusar „Til Appollóns" (Od. I, 31) og „Afturhvarfið", sjá Ljóðabók J Þ. I., 236 og 339. — Lagið er „Krúsar

lögur kveikir bögur", gamalt íslenzkt lag, sjá Ísl. þjóðlög, bls. 542. — Jónas hefir í báðum ehr. skipt hverju er. í 8 ljóðlínur og er því haldið hér; eins mætti þó skipta því í 9; en réttast myndi að skipta því í 6, eftir hljóðstöfunum. — Í Ljóðabók J. Þ. eru hafðar 4 l. í hverju er., eftir endarími, og þannig er einnig skipt í kvæðinu „Meðan lúinn blundar múgur" í leikritinu „Útilegumennirnir". — Nafninu „Vorvísa" er haldið hér, sbr. aths. við kvæðin „Dalvísa" og „Sláttuvísa" á bls. 365–67. — Annað örlítið kvæði hér á eftir (á bls. 223) heitir „Vorvísur".

Jónas hefir gjört nokkrar breytingar í ehr. Í frumr. hefir hann fyrst skrifað „græðir" í 5. l., en „leysir" fyrir ofan (með blýanti), og það orð er í ehr. í Bmf. 13, fol. — Í 2. er., 7. l., er „blóm" í frumr., f. „lauf".*) Í 4. er., 1. l., er „Fegnir" í frumr., en í uppskriftinni hefir Jónas fyrst skrifað „Fríðir", en strikað það út og skrifað „Prúðir" fyrir ofan. Í 5. er., 5. l., „eður" í frumr. Í 9. er., 4. l., „farið" í frumr., en „vikið" í uppskr. — Í 1.—3. útg. er ranglega prentað „á" f. „hjá" í 7. er., 8. l., og „sætt" f. „sælt" í 8. er., 5. l.

*Bls. 146.* — LÍKUR SÍNUM. — Jónas hefir fyrst haft þetta kvæði aðeins 1 er., 1. er., og eru til 2 ehr. af því; annað, sem mun eldra, á miða í K. G. 31 a (st. 13,5 × 11 cm.); þar hefir hann fyrst skrifað „hló" í 3. l., strikað yfir það og skrifað „kvað" fyrir ofan; og í 5. l. stendur þar „fara", en ekki „stökkva"; — hitt ehr. er afskrift af þessu eldra (sem hann þá hefir strikað yfir), og er hún í kvæðaheftinu, sem er í Bmf. 13, fol., skrifuð næst á eftir „Ferðalok" (sjá aths. um það kvæði á bls. 322). Í þeirri uppskrift hefir hann gert nýjar breytingar, strikað undir „bið" í 3. l. og sett „saup" fyrir ofan, skrifað „stökkva" fyrir ofan „fara" í 5. l. og gert nýja 6. l., þá sem hér er; í eldra ehr. er hún svona: „afa minna æviskeið". Standa þessar breytingar í sambandi hver við aðra. — En svo hefir hann gert 2. er., strikað yfir uppskriftina af 1. er. og gert nýja uppskrift af báðum er. í þetta sama kvæðahefti í Bmf. 13, fol., næst á eftir þýðingunni af „Arngerðarljóðum", sem mun vera frá því um vorið 1845. Í 5. l. í 1. er. hefir hann enn skrifað fyrst „fara", en strikað yfir það aftur og sett „stökkva" fyrir ofan. — Fyrra er. er varla yngra en frá haustinu 1844 og hið síðara ekki eldra en frá vorinu 1845.

Það er víst ekki af hendingu einni, að Jónas hefir kveðið þessar vísur undir sama lagi og „Kross á negldur meðal manna",

*) Efstu línurnar 6 á bls. 144 hafa ruglazt í prentinu hér; 1. og 5. hafa skiptzt á, og sömuleiðis 4. og 6.

þýðing séra Jóns Þorlákssonar (á danska sálminum „Naglet til et Kors paa Jorden"), sbr. Ljóðabók hans, Kh. 1843, II., 38.

Afar Jónasar voru þeir séra Þorsteinn í Stærra-Árskógi, Hallgrímsson, prófasts, Eldjárnssonar, og Jónas bóndi Tómasson á Hvassafelli. Í æviminningu Jónasar Hallgrímssonar í Fjölni, IX., 1, segir höf. (Konráð Gíslason), að Jónas bóndi í Hvassafelli hafi verið skáld; lítið mun þó hafa verið um skáldskap hans, en séra Þorsteinn var talinn „liðugt skáld"; en um hvorugan þeirra hefir verið sagt, að hann hafi verið gefinn fyrir vínnautn. En Jónas á hér, ef til vill, ekki við þessa tvo afa sína bókstaflega. — Hallgrímur prófastur Eldjárnsson þótti einnig ágætt skáld. — Og sonarsyni hans og nafna hefir verið gefið að sök (og þó sennilega að ástæðulausu), að hann hafi verið drykkfeldur. — Sbr. e. fr. ævisögu Jónasar hér í V. b., bls. VII—XI.

2. er., 5.—6. l.: Sbr. „Óhræsið", bls. 106—8.

Nokkrar ljóðlínur af þessum vísum voru þýddar á dönsku af Olaf Hansen (Isl. Renæssance, 113).

*Bls. 146—147.* — HELVÍTI. — Ehr. á öftustu síðu í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol., skrifað langsum. Í 1. er., 4. l., hefir Jónas skrifað fyrst „lyga", strikað yfir það og skrifað „voða" fyrir ofan, strikað það út einnig og skrifað „brennu" ofan-í. — Í 2. er., 6. l., hefir hann fyrst skrifað „síkvikar", en strikað yfir það og skrifað „Satan" fyrir ofan, — gleymt „og"; í 1. l. er einnig misritað „fjandfjöld", f. „fjandafjöld". — „Brennur og frís", sbr. t. a. m. Sólarljóð, 18. er. („millum frosts ok funa"); þetta var algeng kenning um helvíti á miðöldunum, sbr. Harmsól, 39. er., Lilju, 73. er., o. fl.

*Bls. 147—149.* — LEIÐARLJÓÐ. — Ehr. í K. G. 31 a, skrifað á grápappírsblað, úr ferðabókinni Bmf. 10, fol., samanbrotið. Frumpr. í Kh., sennilega til afnota í samsæti, sem íslendingar í Höfn héldu Jóni 29. Apr. 1845 við burtför hans heim til alþingis í Reykjavík. Prentað á smáörk (st. 19,6 × 12,6 cm.) í prentsmiðju S. L. Möllers. Virðist prentað eftir ehr. í K. G. 31 a. — Í 3. er., 8. l., er „hám" (f. „háum") í ehr., frumútg. og 1.—3. útg. — Rímgallarnir (í 4. er., 3. l., 5. er., 7. l., og 7. er., 8. l.) benda til, að orðið hafi að hraða kvæðinu í prentsmiðjuna.

Þetta kvæði mun vera hið síðasta, sem Jónas hefir ort. Eins og kunnugt er, fótbrotnaði hann þrem vikum síðar, 21. Maí, og dó af því slysi 26. s. m., sbr. ævisögu hans hér í V. b.

*Bls. 151—184.* — GAMANVÍSUR. — Mörg af þessum ljóðmælum eru þannig, að betur virtist fara á því að aðgreina þau í sérstaka deild frá hinum alvarlegu, frumsömdu ljóðmælum á

íslenzku, sem eru í fyrstu deildinni (bls. 3—149). Sumar af þessum gamanvísum eru kveðnar til ákveðinna manna og engum öðrum ætlað að þekkja þær, og sennilega eru mjög fáar þeirra ætlaðar til að birtast eða útbreiðast á nokkurn hátt. Verður að taka tillit til þess, er dæmt er um þær, en hins vegar þótti réttara að birta þær hér, og það því fremur, að þær hafa flestar verið birtar áður. Þær eru settar hér eftir aldri, að svo miklu leyti sem unnt var, en óvíst er um sumar þeirra, hve nær þær hafi orðið til.

*Bls. 153.* — FYRSTU VÍSURNAR. — 1. Eftir hr. Jóns Borgfirðings, og hefir hann skrifað þessa aths. fyrir ofan vísuna: „Hallgrímur Tómasson, — gamall, og mundi Jónas Hallgrímsson, — sonur Rannveigar á Steinsstöðum, systur skáldsins, segir, að Jónas hafi [gjört] þessa vísu á 6. ári, og muni hún [vera] sú fyrsta". — Þetta hr., sem er á lausu smáblaði, er komið frá dr. Finni prof. Jónssyni. — Vísan var prentuð í 2. útg., eftir öðru hr. Jóns Borgfirðings, og er hún þar sögð kveðin af Jónasi, er hann „var á 7. ári (líkl. heldur 7 ára?). Hann var að klæða sig. Móðir hans heyrði hann mæla" fram vísuna. Hún „sagði vísuna Rannveigu dóttur sinni, systur Jónasar, en hún aftur Hallgrími syni sínum, Tómassyni, er dó á Akureyri 1899". — Orðið „hvíta" í 4. l. mun eiga að bera fram „kvíta", eins og títt er á Norðurlandi. — 2. Eftir hr. í sendibréfi Stefáns Árnasonar á Einarsstöðum í Kræklingahlíð (dags. 21. Júní 1925). Segir Stefán um vísuna: „Eina vísu hefi ég heyrt, sem hann á að hafa kveðið, þegar hann var mjög ungur, eitthvað á 5. eða 6. ári, og þótti honum vera seint farið í fjósið að mjólka kýrnar". Vísan hefir verið prentuð áður í Sunnanf., V., 19, en að sumu leyti öðruvísi, og í Morgunbl. frá 18. Des. 1924. — Í 1. l. er „Farðu" í hr. St. Á., en í Mbl. er „Mál er". Í Sf. er 1. l. svo: „Í fjósið er svo furðu langt".

Í kvæðasafni Árna H. Hannessonar, sem nú er í hrs. Lbs., er fremst í IV. b. (Lbs. 1405, 8vo) þessi vísa, kölluð þar „fyrsta vísa Jónasar Hallgrímssonar":

Út á skóginn og heim aftur eg réð flakka.
Leit eg undir breiðum bakka
bjarndýr vera að fæða krakka.

Ókunnugt er að svo komnu um aðrar heimildir fyrir því, að vísan sé eftir Jónas og sömuleiðis um tildrögin til þess, að hún hefir verið búin til.

*Bls. 153.* — DALABÓNDINN Í ÓÞURKNUM. — Ehr. í K. G. 31 b I, 2. kv. Vísan mun vera ort heima á Steinsstöðum

sumarið 1826, sem var mjög rigningasamt, svo að hey skemmdust víða. Átt mun við einhvern ákveðinn bónda, en óvíst mun, hver hann hefir verið.

*Bls. 154—155.* — SKÓLAGLETTUR. — Eftir hr. séra Jóns Brynjólfssonar í Kálfholti; sent Páli Melsted sagnfræðingi með bréfi, dags. 10. Ág. 1882.

UM BENEDIKT SCHEVING. — Hann útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1827. Varð prestur í Danmörku. Sjá um hann í Guðfræðingatali Hannesar Þorsteinssonar, Rv. 1907—10, og riti drs. Jóns Helgasonar biskups, Íslendingar í Danm., bls. 21. Séra B. Sch. er getið í Fjölni, I., 96.

CURA TIL MAGNÚSAR FRATERS. — „Cura" (lat.), Ástundunarsemin (við skólalærdóminn). Magnús frater (bróðir) er Magnús Eiríksson (frá Skinnalóni); hann útskrifaðist úr Bessastaðaskóla um leið og Jónas. Hann varð síðar alkunnur maður fyrir rit sín um trúmálaefni. Sjá um hann í Guðfræðingatali Hannesar Þorsteinssonar, bls. 121. E. fr. II. b., bls. 10—11 m. aths. og bls. 181—82 m. aths.

TIL BÚA JÓNSSONAR. — Búi var frá Hnúki í Dalasýslu; hann útskrifaðist með þeim Jónasi og Magnúsi; var prestur að Prests-Bakka og prófastur í Strandasýslu. Hann var hagmæltur, orti m. a. kvæði um Krist, sendi Jónasi það (1842) og þótti honum það afbragðsgott (sbr. Bréf Páls Melsteds, bls. 26). — „Valgerður" mun vera Valgerður Brynjólfsdóttir, ein af vinnukonunum á Bessastöðum tvö síðustu skólaár þeirra Jónasar og Búa. — Í hr. er „þrumar" í 7. l. og „geysi" í 8. l.; sennilega ritvillur, en raunar er það ekki víst.

HJÖRLEIFS REIÐI. — „Einu sinni bar þeim á milli, Jónasi og Hjörleifi Guttormssyni; þá kastaði hann (þ. e. Jónas) fram þessari stöku", skrifar Jón Brynjólfsson um fyrri vísuna; en um hina segir hann, að hún hafi orðið til um sama leyti. — Hjörleifur var sonur Guttorms prófasts Þorsteinssonar á Hofi. Hann útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1832, þrem árum síðar en Jónas. Hann varð prestur að Skinnastað og síðar að Völlum. — Í 4. l. stendur í hr. „Öxneyingar"; getur það varla verið rétt. — Sennilega er 3. l. einnig færð úr lagi.

*Bls. 155.* — UM STÚLKU, SEM REIÐ MEÐ SKUGGHATT. — Eftir hr. séra Jóns Brynjólfssonar í Kálfholti. — Skugg(a)hattar voru eins konar reiðhattar, með afarmiklu skyggni, er tíðkuðust á fyrri hluta 19. aldar.

*Bls. 155.* — SNÍKJUDALLURINN. — Ehr. í K. G. 31 b I, 9. kv., og er yfirskriftin á dönsku: „*Snyltegæsten*". — Sýnilega

ort í Bessastaðaskóla, líklega vorið 1828. — „Cura“ (kúra), sbr. aths. við vísuna „til Magnúsar fraters“, bls. 375.

*Bls. 156.* — STAKA. — Ehr. í K. G. 31 b I, 22. kv. Líklega kveðin í skóla vorið 1829, óvíst um hvern, ef til vill Magnús Eiríksson. „Robbur“ er James Robb, kaupmaður í Reykjavík; var frá Liverpool; sjá um hann í „Rvík 14 vetra“ (Safn V., 2) eftir dr. Jón Helgason, biskup, Rv., 1916.

*Bls. 156.* — LÆKNIRINN. — Ehr. á lítinn grápappírsmiða (st. 10,3 × 8,3) í K. G. 31 a. Líklega frá 1829, er ófriðurinn var milli Rússa og Tyrkja, sbr. 2. er. Fyrirsögn er engin. — Fyrir ofan kvæðið er þessi borga-vísa á miðanum, og þó strik á milli:

Oxford, Basel, Erfurt, Salamanka,
Cöln, Padua, Prag, Wien,
Paris, Leipzig, Tübingen.

Fyrir „Basel“ hefir fyrst verið skrifað „Leipzig“, fyrir „Cöln“ „Basel“ og fyrir „Leipzig“ „Base(l)“. — Í aths. fyrir framan kvæðið í 2. útg. stendur: „Læknirinn, sem við er átt, var Jón Thorsteinsson landlæknir, er tíðræddara varð stundum við sjúklinga sína um almenn tíðindi, er honum voru hugðnæm, heldur en um sjúkdóma þeirra“. — Ekki var um neinn „Emanuel“ að ræða í Portúgal um þær mundir, en hér mun vera átt við Don Miguel.

*Bls. 156—157.* — MARSVÍNAREKSTURINN. — Ehr. í K. G. 31 b I, 24. kv. — Mun ort í Júlí 1829. Skýringargrein Jónasar, sem hann hefir sett fyrir neðan yfirskriftina, sýnir, hvað um var að vera í raun réttri, og að þær upplýsingar eru að nokkru leyti rangar, sem hafðar eru eftir Páli sagnfræðingi Melsted í 2. og 3. útg. viðvíkjandi þessari vísu. En það af þeim, sem kann að vera eitthvað rétt í, er á þessa leið:

„Eitthvert sumar, sem J. var hjá Úlstrúp, var það einn sunnudagsmorgun, að Magnús konferenzráð í Viðey sá í kíki sínum marsvína-vöðu vestur á sjó og sendi hingað fram eftir (til Rvíkur) að láta menn vita, hvað á ferðum sé. Menn fara hér á flot fjölda bátum, hafa grjót og, mig minnir, á sumum hunda, komast vestur fyrir fiskana og reka þá í hóp og ætla inn skipa-leið milli Akureyjar og Engeyjar; en bændur fram á Nesi réðu því, að menn fóru fyrir vöðuna og ætluðu að reka hana upp á Eiðsgranda. ... Þar var á einum bátnum Úlstrúp, Jónas og ég og tveir, sem réru“.

*Bls. 157.* — SKIPKOMA. — Ehr. í Bmf. 13, fol. — Um Lárus sjá aths. á bls. 331. — Sbr. e. fr. Bréf T. Sæm., bls. 82.

*Bls. 157—158.* — ÓSKARÁÐ. — Ehr. í Bmf. 13, fol. Mun

vera frá fyrri árum Jónasar í Rv. — Í ehr. eru þessi orð undirstrikuð: Í 1. er. „svarta skóna“, „þá“, í 2. er. ”„bombasessu“-kjólinn“, og í 3. er. 3. l. (nema orðið „fyrst“) og 4. l. Í 2. er., 1. l., hefir Jónas skrifað fyrst „skipast ei við“, en strikað yfir 1. og 3. orðið og skrifað „mýkist“ og „á“ fyrir ofan. Á sama hátt er breytt „hjálpa“ í 3. er., 5. l., í „heppnast“. — Ekki í 1.—3. útg. — „Bombasessu“-kjóll, þ. e. kjóll úr „bombazet“ (sbr. „bombasin“ og „bommesi“), sem er eins konar vefnaður.

*Bls. 158—160.* — TIL BRYNJÓLFS PÉTURSSONAR. — Ehr. í Lbs. 1065, 4to, frumritið, sem er sendibréf, ljóðabréf frá Jónasi til Brynjólfs; því stendur utan-á: „B. Peturs[s]on / 150“, og undir síðustu vísunni „Reg“. (þ. e. Regensen), „7. Nov. 1835“, og að því er virðist „Adieu“, og svo nafnið, „J. Hallgrims[s]on“. Talan 150 mun merkja tölumerkið (númerið) á bústað Brynjólfs og á Jónas við hana í 2. er. Fyrirsögn er engin, en raunar nefnir Jónas braginn í síðustu l. 10. er.: *„Rímur af Geógnósi“*. — En Geognosi er jarðefnafræði. Jónas var farinn að leggja stund á hana. — Að öðru leyti er 10. er. torskilið, ef til vill rímað rugl.*) En rímur nefnir hann þetta af því að það er skopstæling af rímum. — „Sauríar“, 6. er., 1. l., Saurier á þýzku og dönsku, nefndir á latínu *Saurii* eða *dinosauria*, trölleðlur, sem steingjörvingar hafa fundizt af í fornum jarðlögum. — Í 8. er., 3. l., hefir Jónas fyrst skrifað „óstöðug“, en strikað yfir það og skrifað „ómáttug“ fyrir aftan.

*Bls. 160.* — KVEIFAR. — Ehr. í Bmf. 13, fol., skrifað með blýanti á næst-öftustu síðu kvæðaheftisins þar, fyrirsagnarlaust. — Mun vera frá fyrri Hafnar-árunum, helzt vetrinum 1836—37, þá voru allmikil frost í Danmörku.

*Bls. 160.* — NIÐURLAGSORÐ ÚR BRÉFI. — Hr. séra Jónas Brynjólfssonar í Kálfholti, með bréfi hans til Páls Melsteds, sbr. aths. við „Skólaglettur“, bls. 375. „Niðurlagsorð úr bréfi til mín frá Kaupmannahöfn“, skrifar séra Jón, og á eftir vísunni setur hann þetta, eftir bréfi Jónasar: „Sjáðu þig við harmagrútnum“. — Sbr. prentvilluna alkunnu, „Harmagrútur Jeremiæ“ í biblíunni, sem prentuð var í Hafn 1813 („Grútarbiblíunni“).

*Bls. 160—161.* — VERZLUNARÓLAGIÐ. — Prentað í aths. við kvæðið Batteriski syndarinn í 2. útg., bls. 389, og sögð þar vera ort „við það tækifæri, að franski vísindamaðurinn Xavier

*) Benda má á, að til eru rímur, ortar af Bjarna Jónssyni skálda og séra Hallgrími Péturssyni, sem heita „Rímur af Flóres og Leó“.

(frb. Savíe) Marmier var á Íslandi". Hann var hér 1836, sjá Landfrs. Ísl., III., 244—47.

*Bls. 161.* — AFMÆLISVÍSUR TIL BR. P. — Prentaðar í 2. útg. og hér eftir Sunnanfara, IV., 60—61, en þar eftir hr. frá Páli Melsted (frá 2. Ág. 1894). Segir Páll þar, að þeir Konráð og Jónas hafi ort vísurnar 1837 eða 1838 (15. Apríl), að þær hafi verið margar, en hann hafi aldrei heyrt, nema þessar 3, sem hann lærði. Sbr. e. fr. „Endurminningar" Páls, bls. 37—38, og „Dægradvöl", bls. 161—62. Hefðu því ef til vill fremur átt heima í „brotum" (hér fyrir aftan, — eða helzt hvergi hér, þar eð þær eru eftir þessu ekki eftir Jónas einan. — 1. er., 1. l.; þeir Jónas lásu lög fyrstu árin í Höfn og eru enn 1838 skrifaðir „stud. jur." t. a. m. í félagatali Bókmenntafélagsins. Þó er fremur ólíklegt, að þeir segi það sjálfir enn í slíku kvæði 1837 eða 1838, að þeir lesi lög; væri líklegra, að kvæðið væri frá 1835, ef Páll hefði ekki sagt það yngra. — 1. er., 4. l. Uglan er tákn bókfræðanna. — 3. er., 2. l., „freilich", þýzkt orð, merkir „raunar". — Viðlagið er gamalt, úr Einsetumannskvæði og vikivakakvæði. Eggert Ólafsson notaði það við Lysthúskvæði, sjá kvæði hans, Kh. 1832, bls. 219—20,*) og þaðan hafa þeir Jónas og Konráð haft það. — 2. og 3. er. eru sennilega um einhverja atburði á bernskuárum Brynjólfs, sem hann hefir sagt Jónasi frá.

*Bls. 162—164.* — BORÐSÁLMUR. — Frumprentað í Kh. 1839 til afnota í samsætinu, sem haldið var 26. Apríl þ. á., þegar landar í Höfn kvöddu séra Þorgeir Guðmundsson, sbr. aths. á bls. 337. Kvæðið er á smáörk (st. 20 × 12,4 cm) í grænni kápu. — Í 7. er., 1. l., er átt við embættismannanefndina, sem skipuð var 22. Ág. 1838 og átti nú senn að koma saman í Reykjavík.

*Bls. 164.* — SÉRA BESSI. — Ehr. í Kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol., næst á eftir kvæðinu „Óskaráð". — Í 6. l. er fyrir ofan orðið „dag" sett „tíð(?)", og hefir það verið tekið upp í 1.—3. útg. — Ókunnugt mun, hvern átt er við.

*Bls. 165.* — BÓSI. — Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol. — Í 1. er., 3. l., er fyrst skrifað „annars", en strikað yfir það og „ella" sett fyrir ofan (síðar).

*Bls. 165.* — SUNNAN-PÓSTURINN. — Eftir Sunnanfara, XI., 43. — Sunnanpósturinn kom út 1835, 1836 og síðast 1838. Sjá um hann Islandica, XI., 49—52. — „að sægja" (þ. e. „að segja") var orðatiltæki Jóns lektors Jónssonar. — 2. er., 1. l., er tekið nær óbreytt úr kvæði, sem kom út í Sunnanpóstinum 1835, bls. 127—28, eftir Árna prófast Helgason; það er kvæðið, sem

*) Sbr. Ísl. gátur, skemmtanir, þulur og þjóðkvæði, III., 343.

Jónas orti upp aftur, „Móðurást“, sjá bls. 49—50 og 332. En 4. l. er „úr erfiljóðum einum, er Þórður Sveinbjörnsson hefir kveðið“ (Sf., XI., 43, nm.). Þeir séra Árni og Þórður gáfu út Sunnanpóstinn.

*Bls. 165—166.* — HALLGRÍMUR VESLINGUR. — Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol. — Óvíst um hvern kvæðið er. — 1. er., sbr. Jóh. 18., 10.

*Bls. 166.* — FINGURBJÖRGIN. — Ehr. (á hálfu blaðinu) í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol.; á því eru einnig 2 næstu vísur og brotin úr kvæði Feuerbachs, sem hér eru á bls. 231. — Allt skrifað með blýanti, en skýrt enn.

*Bls. 166—167.* — BÁGINDI. — Tvö ehr. til, annað er skrifað með blýanti á sama blað og næsta vísa hér á undan; hitt er á sama smáblaði í K. G. 31 a, sem brotin úr Formannsvísum og vísan „Dyrri litli!“ eru á; er þessi vísa skrifuð þar með bleki og fyrirsögnin sett þar. Í fyrra ehr. er í 2. l. „er þér heimilt“ f. „efa máttu“, og í 5. l. „illa“ f. „arga“; í fyrstu hefir einnig staðið „illa“ í síðara ehr., verið strikað yfir það og skrifað „arga“ fyrir ofan. Ókunnugt er, hvaðan fyrri hlutinn er og hvað Jónas á við.

*Bls. 167.* — SPARNAÐUR. — Ehr. í Bmf. 13, fol., hripað upp með blýanti á eftir vísunum, sem hér eru næstar á undan; eru þær í kvæðaheftinu, sem „Ferðalok“ er í og getið er hér á bls. 322.

*Bls. 167.* — VALDI. — Ehr. í K. G. 31 a, á lausu blaði (st. 22,2 × 8,8 cm). — Á milli vísuhelminganna er dálítið stærra bil en milli línanna. — „Valdi hét hundur Jónasar. Jónas reiddi hann fyrir aftan sig yfir vatnsfall, er hann kvað vísuna“, segir í aths. á bls. 144 í 3. útg., sbr. nmgr. á bls. 201 í 1. útg. — Þetta er þó grunsamleg aths. — Óvíst er, hve nær Jónas hefir gert vísuna, en á síðasta ferðalaginu hans, 1842, var Þorvaldur Böðvarsson fylgdarmaður hans (annar). Var hann þá í Bessastaðaskóla að læra til prestskapar.

*Bls. 168.* — MÁLSVÖRN. — Ehr. í K. G. 31 a, á sama blaði og næsta vísa á undan. Tilefnið ókunnugt og við hvern er átt.

*Bls. 168.* — UM MOSFELLINGA. — Prentað fyrst í Óðni, I., 88. Fylgir vísunni þar þessi aths.: „Mosfellingar þóttu engir búhöldar um það leyti, sem Jónas dvaldi hér í Reykjavík á æskuárum sínum. Er svo sagt, að þeir reiddu heyið á sumrin ofan í Reykjavík og seldu þar fyrir kramvöru og brennivín. — — — Jónas var á ferð uppi í Mosfellssveit, þegar hann orti vísuna, og var þá einn bóndinn að búa sig á stað í heysöluför til Reykjavíkur“. — Vísan er í 3. útg., bls. 147. Segir útgefandinn þar, að

hann hafi ritað vísuna upp 1898 eftir Páli Melsted, og hafi hann þá sagt „vísuna orta á fullorðinsárum Jónasar, er hann ferðaðist hér um“. Mun það réttara, og vísan þá frá 1840 eða 1841. — Aðrir segja (eftir Páli Melsted), að vísan sé ort á Kjalarnesi, um bónda þar.

*Bls. 168.* — SKÁLDIÐ MITT. — Ehr., frumrit, í vasabók Jónasar frá 1841. Sett hér eftir 1.(—3.) útg.; segir nm. á bls. 123 , 1. útg., að Jónas hafi sett þessa stöku á eitt skrifað eintak af erfiljóðum sínum eftir Bjarna Thorarensen. Sbr. aths. á bls. 348, nm. Í frumr. er í 2. l. „brælu“ og er svo haft hér (ekki „pælu“, sem er í 1.—2. útg.). Í frumr. er 3. l. ógreinileg; hefir verið dálítið frábrugðin því, sem er í 1.—3. útg. og hér. Mun Jónas hafa breytt henni, er hann skrifaði vísuna upp. Í 4. l. er „bjarta“ f. „veldis“ í frumr. — Vísan er skrifuð í vasakverið aftar og síðar en erfiljóðin. Fyrri hluti hennar lýtur að því, að Bjarni varð bráðkvaddur, andaðist af slagi.

*Bls. 168—170.* — RÍMNA-STÆLINGAR. —

*1. Meyjar-hjarta.* — Ehr. í K. G. 31 a, á litlu blaði (st. 22 × 7,7 cm).*) Í 2. er., 2. l., hefir fyrst staðið „á“, en verið strikað út og „um“ sett fyrir ofan. — Í 3. er., 3. l., hefir staðið „öngvan“ og „ber“, en breytt „öngum“ („aungvum“) og „slær“; og 4. l. hefir fyrst verið svona: „alla hugga kýs það sér“, en breytt síðar í ehr. 4. l. af 5. er. hefir verið rifin af óvart; hún hefir byrjað á Þ, og sjást leifar af því; 3. samstafa hefir rímað á móti „gef-“ og síðasta á móti „á“. Eftir því má gizka á, að 4. l. hafi verið þannig: *Það á stefið mitt að fá.*

*2. Hárið.* — Ehr. á sama blaði og „Meyjar-hjarta“, hinu megin. — Í 1. er., 3. l., sýnist hafa staðið fyrst í hr. „hafnajafni“, en því síðan breytt. Aths. eru settar neðanmáls á blaðið. — Um Eirík í Vogshúsum sjá Ísl. þjóðsögur, I., 554—8). Hann var Magnússon; var prestur að Selvogs-þingum 1677—1716. — Skopið er stílað upp á Sigurð Breiðfjörð, höfund Tístrans-rímnanna.**)

*Bls. 170.* — RÍMNAERINDI. — Sett hér eftir 1.(—3.) útg.; ekkert handrit til nú. Er skopstæling eins og næstu vísur hér á undan.

*Bls. 170.* — NÝHENDA. — Tekin eftir 1.(—3.) útg.; ekkert hr. til. — Í 2. útg. er þessi aths.: „Sigurður Breiðfjörð fann

*) Fyrirsögnin „Rímna-stælingar“ er ekki í ehr.; tekin úr 3. útg.

**) Sbr. Rímur af Valdimar og Sveini eftir Sig. Brf.; þær komu út 1842. Í aths. á Jónas við 1. er. mansöngs 8. rímu, en sá mansöngur er aðallega ónot til Fjölnis.

upp þann hátt og þóttist af („Nýhendu má nefna þó | nokkuð þokkalega braginn“). Jónas kvað þetta við hann til að stríða honum og sýna, að einungis þyrfti að bæta tveim atkvæðum við jöfnu vísuorðin í ferskeytlu. Þegar Sigurður kom út frá þessu tali, mætti Páll Melsteð honum í dyrunum, og var S. þá að tauta fyrir munni sér: „Mikill skrattans maður er þessi Jónas“. Sigurður átti heima á Eiði við Reykjavík síðari hluta árs 1841 og „flutti þaðan á næsta ári inn til bæjarins“.*) Mætti helzt ætla, að þetta hafi átt sér stað um það leyti.

*Bls. 170—172.* — ÞORKELL ÞUNNI. Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol. Frumútg. í Fjölni, VIII., 24—26 (1845). — Lesið áður á fundi í Fjölnisfélagi 17. Jan. s. á. — Í 5. er., 2. l., skrifað fyrst „vösunum“, en það strikað út og „nefinu“ skrifað fyrir ofan. — Í 6. er., 4. l., sömuleiðis fyrst „hörmunga“ f. „gjörninga“; í 7. er., 2. l., „hár“ f. „hý“. Í 13. er., 3. l. „fæturnar“.

Í 3. útg. er sagt: „Þetta kvæði er ort um Pétur Gudjohnsen, en þeir Jónas og hann voru fjandmenn“. Engin líkindi eru til, að þetta sé rétt, og mun nú óvíst, hvað Jónas hefir haft fyrir sér. — Viðv. nafninu „Þorkell þunni“ sbr. ljóðabók Jóns Þorlákssonar, II., 588. — „skrimslinu góða“, sbr. Kvöldvökurnar, 1794, 2. p., bls. 155 og áfram.

*Bls. 172—173.* — TÍKAR-MANGI. — Prentuð hér eftir 2. og 3. útg. — Hefir verið skrifað með blýanti utan-á kvæðaheftið í Bmf. 13, fol., líklega ekki alls fyrir löngu; í stað orðanna „þeir fáráðar“ í 4. l. stendur þar „sér til ráða“, sem er að sumu leyti betra. — Tíkar-Mangi var Magnús Pálsson, f. 1779, d. 1846, sonur Páls prófasts Magnússonar á Valþjófsstað og bróðir Guttorms prófasts Pálssonar í Vallanesi. Sjá um hann í Blöndu, IV., 1—46. — Vísan kann að vera ort 25.—28. Ág. 1842; 25. þess mánaðar fór Jónas alla leið frá Helgustöðum að Vallanesi, til Guttorms prófasts. Dvaldi hann og fylgdarmenn hans þar þá næstu 3 daga; sbr. dagbókina frá ferðinni, III. b., bls. 247—49. Líklegra er þó, að vísan sé frá því, er Jónas kom aftur að Vallanesi, 9. Okt., sbr. III. b., bls. 257. Þann dag kom hann einungis frá Brekku, og voru þá fylgdarmenn hans farnir suður. Magnús var í Vallanesi, hjá bróður sínum. Sagt er, að orðtök Magnúsar sé í vísunni. — Í 2. útg., þar sem vísan var prentuð fyrst, segir, að Jón Guðmundsson, sem þá var bóndi í Kirkjubæ á Síðu, síðar ritstjóri, hafi verið með Jónasi, er hann gerði vísuna. —

*) S. Brfj. Úrvalsrit, Kh. 1849, bls. XXVI—XXVII. — Vísa Sigurðar, með lagi, er í Ísl. þjóðl., bls. 895. — Vísa Jónasar er ekki alveg með sama nýhenduhætti og vísa Sigurðar, sem er 3. er. í 13. rímu af Tístrani og Indíönu.

Svo segir í 2. útg., bls. 394, að vísa þessi hafi verið sungin mikið hér á landi, og enn fremur, að vísan „Litla Dóra“ sé undir sama lagi. Lagið kunna menn enn, og mun það vera útlent; kannast sumir, ef til vill, bezt við það eftir lagboðanum „Ned til Rinen“. Orðin „Tíkar-Mangi“ (eða „Litla Dóra“) verður að tvítaka aftur á undan síðasta ljóðlínupari, og það er einnig tvítekið.

*Bls. 173.* — LITLA DÓRA. — Prentað fyrst í 2. útg., í aths. á bls. 394. Segir þar, „að vísan sé eignuð Jónasi á Austurlandi og að hann eigi að hafa kveðið hana, „er hann fór frá Hofi út í Vopnafjarðarkaupstað (1842)“. — En hann kom aldrei að Hofi og fór aldrei út í Vopnafjarðar-kaupstað. Hann kann eigi að síður að hafa kveðið vísuna, og jafnvel á Austurlandi, líklega þá á leið í Eskifjarðar-kaupstað 10. Okt. Sbr. III. b., bls. 258. Viðv. því og laginu við vísuna sjá aths. við næstu vísu á undan.

*Bls. 173—174.* — VEÐURVÍSUR. — Ehr. af 1.—6. vísu er í kvæðasafninu í Bmf. 13, fol., í sömu röð. 2. vísa er e. fr. í K. G. 31 a, á sama blaði og „Valdi“ og „Málsvörn“, skrifuð milli þeirra. — Þar er í 1. l. „er nú“ f. „enn er“. — 7. vísa er í bréfi til Konráðs Gíslasonar, sjá II. b., bls. 89, en 8. vísa er sett hér eftir 1.(—3.) útg. — Í 2. (og 3.) útg. er þessi aths., á bls. 395: „Veðurvísur eru kveðnar við ýms tækifæri, flestar á ferðaárum Jónasar; „Sumarhret“ t. d. er kveðið á Þóroddstöðum (sic), hjá séra Jóni Kristjánssyni. Prestur kom inn til Jónasar um morgun, og vakti hann með þeirri frétt, að hret væri komið. „Kveð ég á millum vita“ lýtur að því, að Jónas var í svefnrofunum“. — Séra Jón var aðstoðarprestur séra Eiríks Þorleifssonar á Þóroddsstað 1836—43. Jónas kann að hafa komið þangað 1839, þegar hann kom aftur frá ferðinni til brennisteinsnámanna.

Í 6. vísu, 4. l., hefir Jónas fyrst sett „a . . . . . , en strikað yfir það og skrifað „rækallans“ fyrir ofan (með blýanti). — Í 7. vísu, 3. l., stendur „seinn“ í ehr., og í fyrri útg. er því orði haldið, en í 3. útg. er sett svo sem hér, og með þeirri aths., að hitt sé stuðla-villa. Það er og svo, en raunar á betur við að kalla skuggavald (þ. e. þrumuguðinn) „hvergi seinan“ en „hvergi hreinan“.

Í Ísl. þjóðl., bls. 888, er 5. vísa sett undir lag, sem talið er algengt í Þingeyjarsýslu.

*Bls. 175.* — ROBB OG GRÍMUR. — Ehr. í K. G. 31 a, á lausu blaði (st. 20 × 16 cm), skrifað með blýanti og ógreinilegt. Það er., sem hér er 3. er., er skrifað utan-með, langsum, og ekki merkt inn. Nokkrar ómerkar breytingar eru í ehr., en sums staðar er mjög óljóst, hvað fyst hefir staðið og verður hér ekki gerð

grein fyrir breytingunum. Ókunnugt er um tilefni kvæðisins. Robb mun vera James Robb, enskur kaupmaður í Reykjavík, sbr. aths. á bls. 376. Grímur kann að vera Grímur Thomsen.

„Bosje, tsarja chrani“ (7. er., 2. l.) eru upphafsorðin á rússneska þjóðsöngnum gamla, sem ortur var 1834 af þjóðskáldinu Sjukovsky (f. 1783, d. 1852); þau þýða: Guð, blessa Zarinn.*) — En „Rule, Britannia“ (7. er., 3. l.) er nafn á enskum þjóðsöng eftir James Thomson (f. 1700, d. 1748); þessi orð eru í rauninni upphaf viðlagsins í kvæðinu og merkja: Drottna, Britannia.

*Bls. 176—177.* — SKRÆLINGJA-GRÁTUR. — Þrjú ehr.; eitt í skrifbókinni K. G. 31 b V; virðist skrifað þar 8. Febr. 1844, sama dag og „Illur lækur“, sem er skrifað þann dag og er næst fyrir framan þetta kvæði; annað er í K. G. 31 a, á smáörk (st. 21,6 × 13,3 cm), og þriðja á lausu smáblaði í J. S. 129, fol. (st. 20,3 × 13 cm). 1.—2. er. er e. fr. sem „motto“ á ljóðabréfi til Gísla Thorarensen, skrifuðu í Sórey í byrjun Marzmánaðar 1844. Fyrirsögnin er í öllum ehr. eins og hér er sett, nema að því leyti, að í K. G. 31 b V er Bárðarsyni. Í 1.(—3.) útg. er sett orðið „kviðlingur“ f. „vísa“ (og því „sorglegur“ og „samansettur“). Sbr. aths. við kvæðisheitið „Dalvísa“ á bls. 366. „Ívar Bárð(ar)son“; svo hét maður einn, sem lengi var ráðsmaður við biskupsstólinn í Görðum á Grænlandi um miðbik 14. aldar. Hann gerði merkilega Grænlands-lýsing síðar og sagði m. a. frá afdrifum Vestri-byggðar, að hún væri eydd af Skrælingjum.

Prentsmiðjan í Viðey skyldi (og var) flutt þaðan til Reykjavíkur þetta ár, 1844.

Búið var að ákveða að halda alþingi í Reykjavík, en engir þingmenn voru til á landinu, nema „tómir dauðir menn“, og „ekkert þinghús“ var til, — ekki fremur í Reykjavík en á Þingvelli, þar sem Jónas vildi láta halda alþingið.

Í 6. er., 3. l., „er svo“; þannig í uppskriftinni í J. S. 129, fol., en „verður“ í K. G. 31 b V og 31 a, sem eru dálítið eldri uppskriftir.

*Bls. 177—178.* — KAUPFARAR-SKÁL. — Tvö ehr. eru til í K. G. 31 a; annað er blýants-frumrit á grápappírsblaði, eða lítilli örk, sem fleira er skrifað á (st. 20,7 × 12,2 cm); hitt er hreinritað uppskrift á lausu blaði (st. 20,8 × 16,6 cm), sennilega ætluð til að prenta kvæðið eftir til afnota við kveðjusamsæti, er Brynjólfi skyldi haldið áður en hann færi heim. Honum hafði

*) Eftir upplýsingu frá Stefáni fulltrúa Stefánssyni í Kaupmannahöfn.

verið veitt Skaftafellssýsla 9. Apríl 1844, og skrifaði hann Jónasi það til Sóreyjar daginn eftir, en 21. s. m. skrifaði hann honum aftur og sagði, að konungur hefði nokkrum dögum síðar sett sig fulltrúa í rentukammerinu, svo að ekki yrði af heimferð.*) Kvæðið er því ort um miðjan Apríl 1844. — Fyrirsögnin er höfð hér eins og hún er í hreinritaða ehr.; í frumr. er fyrir ofan 1. er. fyrirsögnin: „Fyri skál Brynjólfs sýslumanns Péturssonar". Neðar á blaðið eru sett nöfnin: „Vesturför, eður Kaupfarar-skál"; síðara nafnið undirstrikað. Fyrir ofan 1. er. í hreinr. ehr. hefir Jónas skrifað „Tón:", ætlað að setja lagboðann. — En við þetta (og síðasta) kvæði eru til alþekkt lög. — Í 1. útg. er kvæðið kallað „Ein spány og gamansöm bindindiskviða"; stafar orðabreytingin eflaust frá útgeföndunum, sem vildu ekki hafa nafnið „—vísa". Sömu fyrirsögn er haldið í 2.—3. útg.**) — Brynjólfur o. fl. Fjölnismenn stofnuðu bindindisfélag í Höfn 9. Sept. 1843. Brynjólfur var nú formaður og Jónas var genginn í félagið. Nú átti að fara að prenta í Fjölni skýrslu um þessa bindindishreyfing. Sjá Fjölni 7. árg., 1844, bls. 32—70, og Fundab. Fjölnisfél., Eimr., 33. ár, bls. 87—89; e. fr. bréf Jónasar, II. b., bls. 176 og 182, Bindindisfræði eftir séra Magnús Jónsson í Laufási, Akureyri 1884, bls. 181—88 o. s. frv., og Eimr., 21. ár, bls. 158.

Í 1. er., 3. l., er „tilsýndar" í frumr., f. „mannsauga". Orðin „ekkert af neinu" í 4. l. eru undirstrikuð í báðum ehr.; sbr. 2. l. í 3. er., orðin „sem til var"; þau eru einnig undirstrikuð. Í 5. er., 3. l., er í frumr. „pyttlunum" f. „vestkútnum" og í 4. l. „þess höfðingja" f. „svo höfðingjans".

*Bls. 178.* — ÓLUND 2 OG ÓLUND 3 OG 15 ERU NÚ. — Ehr. í K. G. 31 a, frumr. á lausu blaði (st. 21,3 × 13,5 cm). — Uppskr. í J. S. 129, fol., meðal annara kvæða, sem sleppt hefir verið að taka í 1. útg. — Í frumr. hefir J. fyrst haft 3. l. í 1. er. svona: „skreytir faldi sköruglig", en breytt því; í 4. l. hefir hann fyrst skrifað „hitta", en breytt því sömuleiðis (í „kyssa").

Kvæðið er eins konar skopstæling eftir kvæði Gríms Þorgrímssonar (Thomsens), „Ólund", sem var prentað í Fjölni 1844,

*) Brynjólfur var skipaður fulltrúi ári síðar (25. Apríl 1845). Hélt hann því embætti, unz hann var skipaður forstöðumaður hinnar ísl. stjórnardeildar, 10. Nóv. 1848, er hún var stofnsett.

**) Í aths. í 2. útg., bls. 393, er það haft eftir Páli Melsted, að kvæðið „sje orkt til Brynjúlfs Benediktssonar (sic) í Flatey, þegar Jónas kom síðast þangað", en aðrir álíti, „að það sé til Brynjúlfs Péturssonar". Handritin taka hér af allan vafa; en þetta ber vott um, að útgef. 2. útg. hafi ekki athugað vel ljóðahandrit Jónasar, þau er Konráð Gíslason átti og þeir vissu af (sbr. bls. IV í formálanum). — En í Flatey kom Jónas aldrei.

VII., 104–105. – Cuvier er hinn alkunni náttúrufræðingur, George Cuvier (1769—1831). Í Fjölni, II. árg., II. fl., bls. 3—14, er dálítil grein um hann og lítil ritgjörð eftir hann, útlögð af Jónasi, „af eðlisháttum fiskanna“, brot úr stóru verki, sjá V. b., bls. 81—93.

*Bls. 179.* — GAMANVÍSUR TIL BR. P. — Ehr. á lausu blaði í K. G. 31 a (st. ca. 16 × 13,3 cm). Fyrirsögn er fyrir hvorri vísunni um sig, en aftan á blaðinu er, svo sem utanáskrift á sendibréfi: Til S. T. — Herra Brynj. Péturssonar, Grænl. — Privat. — Í 1. er., 2. l., hefir fyrst staðið „hreina“, en verið strikað yfir það og sett „glatt og“ fyrir ofan.

Það er ekki fyllilega ljóst, hvað Jónas hefir átt við í þessum vísum, einkum hinni fyrri, en rétt mun til getið af dr. Páli E. Ólasyni, að „alsherjargoðinn“ hafi verið Bardenfleth kammerherra, og að átt sé við umsögn hans nokkura á 20 örkum (skrifuðum), sennilega um alþingismálin; þau heyrðu undir Br. P. til undirbúnings sem fulltrúa í rentukammerinu. Geta má þess einnig, að Br. P. skrifaði grein um alþingi í Fjölni, VII., 110—136 (sbr. Fundabók Fjölnisfél., 15. og 17. fund, 1844 (27. Apr. og 9. Maí), sjá Eimr., 33. ár, bls. 182—83. — Carl Emil Bardenfleth (f. 9. Maí 1807, d. 3. Sept. 1857) varð hér amtmaður 1837 og síðar stiftamtmaður. Fór héðan 1841 og varð stiftamtmaður á Fjóni, en var þó hér aftur sem konungsfulltrúi á fyrstu tveim þingunum (1845 og 1847). Var merkur stjórnmálamaður og ráðherra.

„berum“, svo í ehr., s. s. „börum“ (þ. e. hjólbörum).

*Bls. 179—181.* — TIL GÍSLA. — Ehr. á lausu blaði (st. 21 × 13 cm) í K. G. 31 a. — Líklega frumritað uppkast og aldrei skrifað upp né sent Gísla, — Thorarensen. Kvæðið virðist vera sett saman í Sórey eða nokkru eftir að Jónas var kominn þaðan aftur; það er bágt að vita, við hvað er átt, og sumt mun vera út í loftið, — Absurd-Komik, sem þeir nefndu það. — En ljóst er, að þessar gamanvísur eru skopstæling af kveðskap rímara og leirskálda.

*Bls. 181—182.* — HUGNUN. — Tvö ehr. eru til í K. G. 31 a; annað er skrifað á laust blað, sem er raunar sendibréf eða skeyti frá Brynjólfi til Jónasar, ódagsett, en vafalaust frá sumrinu 1844; hitt er í sendibréfi frá þeim Gísla Thorarensen og Jónasi, sjá II. b., bls. 190; má vísa til ummæla Jónasar í bréfinu til skýringar á kvæðinu; sbr. einnig aths. við bréfið, og e. fr. kvæðið til Gísla hér fyrir framan, bls. 134, með aths. á bls. 368 *). Það

*) Með því kvæði, en ekki þessu, svaraði Jónas Gísla, er hann sendi Jónasi ljóðbréfið til móður sinnar. Sjá Sunnanf., XI., 28.

er óvíst, hvort ehr. er skrifað fyr, en þau eru ekki alveg samhljóða. Í 1. útg., og síðan í 2. og 3., hefir verið tekið tillit til beggja. 1. er. er eins og í bréfinu; í hinu ehr. er 4. l. svo: „hvað bóndi góður býr og slær“, og er „hvað“ skrifað sem breyting fyrir „hve“. — 2. er. er eins í báðum ehr., en á lausa blaðinu hefir fyrst verið skrifað í 1. l. „Þúfuna“, og því breytt í „Þúfu, sem“, eins og það er í bréfinu. Þetta bendir til, að bréfið sé skrifað síðar. — 3. er. er eins og á lausa blaðinu; í fyrstu hefir það verið eins í báðum ehr. og byrjað svo: „Hvar er nú“ o. s. frv., en á lausa blaðinu er „Hvar“ strikað út og „Þar“ sett fyrir ofan. Þetta bendir aftur á móti á, að bréfið sé skrifað fyr, að minnsta kosti fyr en þessi breyting var gjörð á lausa blaðinu. — 4. er. er einnig sett eins og það er á því blaði; í bréfinu stendur í 4. l. „þú veizt“ f. „veiztu“. — 5. er. er sömuleiðis tekið eftir lausa blaðinu; í bréfinu er 3. l. svo: „maðkur á bekki situr innar“. — Kvæðið hefir þannig í 1.(—3.) útg. verið sett eftir ehr. á lausa blaðinu, allt nema 4. l. af 1. er., hún er sett eftir ehr. í bréfinu. Svo er gjört hér einnig, og þó með nokkrum efa um, hvort ekki hefði átt að fara alveg, eða því sem næst, eftir ehr. í bréfinu.

Þetta er að vísu gamankvæði, eins konar skopstæling, og er því sett hér í flokk. En það er blandað beiskju yfir tilfinningarleysi og ónærgætni örlaganna og mannanna, og kuldabrosið stirðnar í duldum hörmum og sárri meðaumkvun. Það nær þó vitanlega engri átt að ætla, að þetta kvæði sé ort sem „hugnun“ í raun og veru til Gísla Thorarensen í hörmum hans, er hann missti móður sína. — Sjá að öðru leyti ævisögu Jónasar, V. b., bls. CLXIV—CLXV.

*Bls. 182—183.* — GAMANVÍSUR TIL H. KR. FR. — Prentaðar fyrst í Sunnanfara, IV., 58, og eru settar hér eftir því. Á sama blaðinu í K. G. 31 a, sem brot úr Formannsvísum eru á (sbr. aths. á bls. 369) er þessi vísa:

Dyrri litli, dreptu „sig“
í dag eða helzt í gær;
enginn kveður eftir þig,
ef þú ferð að lifa mig
og ég er nái nær.

Er 1. er. sýnilega gert upp úr þessari vísu.*) — Halldór var einn af Fjölnismönnum; hann var einna yngstur og lifði hina (d.

*) Fyrir „sig“ í 1. l. hefir fyrst verið skrifað „þig“, en strikað yfir það og sett „sig“.

23. Marz 1902), sbr. Eimr. 32. ár, bls. 86—87. Hann virðist þó hafa verið að nefna við Jónas að yrkja eftir sig. — Í 1. er. er jafnframt skopazt að því, að kunna ekki að þéra. — Þriðja er. munu þeir skilja bezt, sem þekktu Halldór og háttu hans. Þess má geta, að hann tók í nefið. — Í 8. l. er átt við smell, sem líkist því, þegar mellu (merlu) er skotið í lás (mellulás), sbr. einnig 6.—7. l. — 2. er. er beint framhald af 1., — sagðar ástæður. — Í 3.—4. er. hugsar Jónas sér Halldór kominn „á skjáinn“ (sbr. 4. l. í 3. er.).

*Bls. 183—184.* — EIN VELMEINT BÆNARÁMINNING TIL G. M. — Ehr. í K. G. 31 a, á sama blaði og „Ó, þú jörð, sem er“ (sjá bls. 370). Fyrirsögnin hefir fyrst verið „Áminning“, og ofan-við skrifað: „Með lag: Nú bið eg, guð, þú náðir mig“, en síðan hefir verið strikað yfir þetta hvort-tveggja og skrifað (með blýanti) langsum, með-fram erindunum, það sem hér er fyrirsögn. Lagboðarnir eru sýnilega valdir að nokkru leyti með tilliti til orðalags þeirra sjálfra og ekki einungis sálmalagsins. En svo stendur annars á þeim, að séra Árni Helgason hafði birt í Sunnanpóstinum, 1. árg., bls. 75—76, vísu, sem hann hafði lagt út á íslenzku og byrjaði svo: „Vid urdar stendur uppi brunn“, og sett fyrir ofan lagboðann „Nu bid eg Gud þú nádir mig“. — Jónas hefir með lagboðunum jafnframt viljað minna á séra Árna og kveðskap hans, og annað því um líkt og skylt heima.

— Þessar breytingar aðrar hefir Jónas gert e. fr. (flestar með blýanti): 1. er., 4. l., „tófubelgur“ breytt í „tófuvömb er“; í 1. l., „reiki“ breytt í „ringli“; í 8. l., „stefnir“ breytt í „snýr“, og því svo aftur í „horfir“; 2. er., 1. l. hefir fyrst verið svo: Gefðu þá illri bræði bið“ (sbr. 1.—3. útg.), en verið breytt svo sem hún er hér, og þá sett „byltu-“ f. „blundar-“ fyrst; í 2. l. hefir fyrst staðið „hröktu“ fyrir „skirptu“; 5. l. hefir fyrst verið svo: „lifandi þar sem leiðast er“, en breytt (með bleki) í „leitandi þess, hvar loginn er“, og því síðan breytt (með blýanti) í það, sem hér er. — Fyrir neðan kvæðið hefir Jónas skrifað: „Ærbødigst — Schnabelwofsky“. — Mun það hvort-tveggja hafa staðið undir kvæðinu eins og hann sendi G. M. það.*) — En G. M. í fyrirsögninni merkir án efa: Gísla Magnússonar (eins og talið er ekki ólíklegt í 3. útg.). Gísli var formaður í Fjölnisfélagi um eins árs bil líklega, til 25. Sept. 1843, og hafa þeir, Jónas og hann, verið góðir kunningjar og hitzt þráfaldlega frá því

*) Og sennilega hafa átt að standa undir því, hefði það þá verið prentað sérstakt. — E. fr. hefir Jónas(?) skrifað með blýanti neðan-undir kvæðinu, fyrir framan „Ærbødigst“, „Það verður“.

Jónas kom til Hafnar 1842 og þangað til hann fór út í Sórey, sumarið 1843. Eftir að hann kom þaðan aftur, hafa þeir hitzt oft í Höfn, sumarið 1844, unz Gísli fór heim, en það mun hafa verið í Ágúst-mánuði,*) og Jónas þá gert kvæðið skömmu áður.

Ef Jónas á í þessu kvæði við eitthvað sérstakt öðru fremur hér heima, þá á hann sennilega við Bessastaði, staðinn þar eða skólann.**) — Síðustu árin hafði verið allmikil óánægja með skólann, og var nú sama sem afráðið að leggja hann niður, enda hafði stjórnin farið að undirbúa um vorið bygging fyrir nýjan skóla í Reykjavík. Jónas mun hafa búizt við því, að Gísli yrði kennari, ef til vildi bráðlega, við Bessastaða-skóla, „og seinna, þegar sólin skín", við nýja skólann í Reykjavík, og hann langaði til að fá þá „boð" um, að hann ætti að komast þar að einnig. — Gísli var kennari við Bessastaða-skóla 1845—46, en þá einungis í stað drs. Sveinbjarnar Egilssonar, því að hann var þá erlendis; ****) en síðar varð Gísli kennari við Reykjavíkurskóla, frá 1850 til dauðadags, 24. Ág. 1878. — Sjá um hann í Sunnanfara, XI., 75—77.

*Bls. 185.* — BROT. — Í þessa deild hafa hér verið sett nokkur erindi úr 3 kvæðum, sem að öðru leyti eru nú glötuð, og öðrum 3 kvæðum, sem ekki hefir verið ort meira af, að því er virðist.

*Bls. 187.* — IÐRUNARVÍSUR. — Eftir hr. séra Jóns Brynjólfssonar í Kálfholti, með bréfi hans 10. Ág. 1882 til Páls Melsteds. Segir séra Jón svo m. a.: „Það, sem þú minnist á í bréfi þínu, Iðrunarvísur til Gísla Ísl. Einarssen, heyrði ég aldrei, nema fyrsta erindi. — — — Meira heyrði ég ekki; það fór dult".

Sbr. e. fr. aths. á bls. 320 við kvæðið „Ad amicum".

Með tilliti til þess, að þeir Páll og séra Jón tala um „Iðrunarvísur" (í fleirtölu), er þessi vísa sett meðal brota, þótt hún beri það ekki með sér, að hún sé brot. Hún er sennilega frá því um sama leyti og bréf Jónasar til Tómasar Sæmundssonar, II. b., bls. (5—)9, dags. 1. Marz 1829. — Vissulega hefir kvæðið verið til heilt, hvort heldur það hefir verið lengra eða ekki.

*Bls. 187—188.* — ÓLÁN! — Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol., við hliðina á „Líkur sínum", í aftara dálki; framhald hefir

---

*) Hann var á fundi í Fjölnisfélagi 27. Júlí.

**) Kennararnir voru 3 við skólann og lektor gamli að auki, en Jónas telur hann má ske ekki með. — Jafnframt kunna að vera einhverjar endurminningar í þessu („þrímennt" o. s. frv.) frá ferðalagi Jónasar og Steenstrups vestur í Aðalvík, sbr. II. b., bls. 60 (m. aths.), og Ferðabók Þorv. Thoroddsens, II., 141—42, og síðan í Eimr., 20. ár, bls. 65 og 140. — Sjá e. fr. V. b., bls. CIV.

***) Sbr. t. a. m. skólaskýrsluna, bls. 45—46, og Dægradvöl, bls. 123(—24).

verið á næsta blaði, en það vantar; hefir kvæðið efalaust verið heilt. — Þetta ehr. mun vera skrifað vorið 1845, en kvæðið virðist ort áður, sennilega í Reykjavík. Tilefnið óþekkt, og eins það, hvað átt er við í 2. er., 4. l. — Í 1. er., 2. l., „— fjandi“ breytt í „— skratti“ í ehr.

*Bls. 188—189.* — GRENIÐ. — Ehr. á stöku blaði (st. 21,2 × 18,3 cm.) í K. G. 31 a; það er hálf örk, og hefir verið rifinn frá því hinn helmingurinn, en framhald kvæðisins hefir eflaust verið á honum, og kvæðið heilt. Ehr. er skýrt og reglulega skrifað, kann að vera hreinritað uppskrift, en þó er það með dálitlum breytingum. Í 1. er., 2. l., hefir fyrst verið skrifað „úti“, en strikað yfir það og sett „er úti“ fyrir aftan; í 3. l. hefir fyrst verið skrifað „skjótfær skotmaður“, en síðan dregið yfir fyrra orðið og bætt við „spyr:“. Í 4. er., 6. l., hefir fyrst staðið „í húsi“, en strikað yfir það og síðan sett „ungri“. Í 5. er., 5.—6. l., virðist „holur“ hafa verið tekið framan-af 6. l., þar sem það hefir verið skrifað fyrst, og sett aftast í 5. l., en 6. l. síðan höfð svo sem hún er. Í 6. er., 1.—2. l., hefir verið gerð sams konar breyting; „heita“ tekið úr upphafi 2. l. og sett aftast í 1. l. Í 3. l. er „þá“ í ehr., fremst í l., f. „er“. — Ehr. virðist vera frá síðustu árum Jónasar.

*Bls. 189—190.* — AUGUN ÞÍN. — Ehr. aftan-á sendibréfi frá Þórði Jónassyni (Jonassen), sjá aths. á bls. 365; er því frá síðari hluta ársins 1843 eða yngra. Það er skrifað með blýanti og mjög óljóst. Eyða er fyrir 4.—7. l. af 1. er. — J. C. Poestion lagli sívara, heila, erindið út á þýzku (Eislandblüten, bls. 41), og áður hafði Carl Rosenberg lagt það út á dönsku (sbr. Valt. Guðm., Isl. Kultur, bls. 130).

*Bls. 190.* — ÚR KVÆÐI UM VÍKINGAFERÐIR. — Ehr. á stöku smáblaði (st. 13,3 × 11,2 cm.) í Bmf. 13, fol. Sennilegt er af ehr., að nokkuð framan-af kvæðinu hefir verið skrifað á annað blað; en eyða er á þessu blaði fyrir framhaldinu. — Í 3. er., 5. l., hefir staðið „Og“ fremst, en verið strikað yfir það.

*Bls. 191.* — Í ÖXNADAL. — Ehr. á lausu blaði (st. 21,3 × 13,6 cm.) í K. G. 31 a, frumrit, skrifað með blýanti, ógreinilegt. Fyrirsögn engin. Þetta mun hafa átt að vera upphaf að kvæði um Öxnadalinn, eða Hraun, fæðingarstað Jónasar, og er það þó ólíklegra; — ef til vill um einhvern atburð í lífi Jónasar. — Virðist vera frá síðustu árum hans.

*Bls. 193.* — ÞÝÐINGAR. — Í þessa deild, bls. 195—235, hafa verið sett flest-öll þau kvæði, sem Jónas hefir þýtt eða stælt eftir útlendum ljóðmælum. Kvæðið „Skraddaraþankar um kaupmanninn“, bls. 10—11, sem Jónas kvað vera „breytt kvæði“,

hefði líklega einnig mátt vera í þessari deild, en þar á móti ekki kvæðið „Söknuður“, bls. 32—33, þótt Jónas segði einnig um það, að það væri „breytt kvæði“. — Kvæðið „Móðurást“, bls. 49—50, ekki heldur, þótt útlend kvæði liggi til grundvallar að sumu leyti fyrir þessum tveim kvæðum. — Hins vegar hefði kvæðið „Sólseturs-ljóð“, bls. 69—74, átt tvímælalaust að vera í þessari deild. Sjá aths. um þessi kvæði hér fyrir framan. — Reynt hefir verið að raða kvæðunum í þessari deild eftir aldri, án þess þó, að dreifa þýðingum af kvæðum eftir sama höfund; eru tvö kvæði eftir Horatius því sett saman, bls. 197—199, sömuleiðis þrjú kvæði eftir Schiller, bls. 203—215, og þrettán smákvæði eftir Heine, bls. 218—228. — Sjá að öðru leyti aths. við hvort kvæðið fyrir sig.

*Bls. 195—196.* — UPPHAFIÐ AF CARRIC-THURA.*) — Ehr. Í K. G. 31 b I, 4. kv. — Er fyrirsögnin á dönsku í ehr.: „Begyndelsen af Ossians Carric-thura. — (En Variation.)“ — Jónas hefir haft fyrir sér hina dönsku þýðing Blichers. Í bréfi til Tómasar Sæmundssonar, rituðu í Febrúar 1828, sbr. II. b., bls. 3, telur hann Ossían, þ. e. þessa þýðing Blichers, meðal þess, sem honum er þá helzt til ánægju í Bessastaða-skóla. Af bréfi Tómasar 1. Okt. s. á. til Jónasar (sbr. Bréf Tóm. Sæm., bls. 40) má ráða, að Rudolf Keyser hafi gefið Jónasi Ossían. Í æviminningu Jónasar í Fjölni, IX. árg., bls. 2, segir Konráð Gíslason, að það megi fullyrða, að Jónas hafi kunnað utanbókar kvæði Ossíans í þýðingu Blichers. — Þessi þýðing Jónasar er sennilega frá vetrinum 1826—1827.

Hinn skozki rithöfundur James Macpherson (1736—95) gaf út á unga aldri (1760—63) söfn af ljóðum í óbundnu máli, á ensku, og kvað þau vera þýðingar á forn-geliskum kvæðaflokkum eftir Ossian, keltneskt skáld, sem lifað hefði á 3. öld. Efuðu sumir menn strax, að þetta væri satt; lagði Macpherson þá fram all-mörg kvæði á gelisku, og nokkru áður en hann dó, ánafnaði hann mikið fé (1000 pd. sterl.) til útgáfu þeirra, ef honum sjálfum entist ekki aldur til að gefa þau út. Álitu nú sumir, að hann hefði gert þessi kvæði einnig, en haft þó einhver gömul brot að styðjast við, þó varla eldri en frá því um 1100. Víst er um það, að lýst er í þessum kvæðum mjög fornum lifnaðarháttum, sem þau munu á einhvern hátt eiga rót sína að rekja til. Hitt er einnig víst, að bæði á Írlandi og Skotlandi eru til forn kvæði, frá því á 12. öld, er geta um þá feðga, Osckar, Ossian og Fingal, og Macpherson hefir eflaust ritað upp mjög forn kvæði á Skot-

*) „Darriethura“ í 1.—3. útg. stafar af mislestri.

landi. Þar á móti er samsetning þeirra í stórar heildir hans verk og gerð frekar en tilefni var til.

Carric-thura er 3. (í sumum útg. 4.) kvæðið í ljóðum Ossians; það er all-langt og hefir Jónas að eins tekið upphafið fyrir, eins og hann tekur fram. Hjá Macpherson er upphafið, fyrsta málsgreinin þannig: Hast thou left thy blue course in heaven, goldenhaired son of the sky! The west has opened its gates; the bed of thy repose is there. The waves come to behold thy beauty. They lift their trembling heads. They see thee lovely in thy sleep; they shrink away with fear. Rest in thy shadowy cave, O sun! let thy return be in joy. — En í þýðingu Blichers, sem Jónas hafði fyrir sér, er það svona: Har du forladt dit blaa Løb i det Høje, Himlens guldlokkede Søn? Vesten har aabned sine Porte, dit Hvilested er der. Bølgerne komme at beskue din Skønhed: de løfte deres bævende Hoveder, de se dig yndig i din Slummer, men rulle skælvende bort med Forbavselse. Hvil, o Sol, i din skyggefulde Hule, og lad din Genkomst være i Fryd!

Carric-thura, sem kvæðið er kennt við, var ein af Orkneyjum.

Grímur Thomsen gerði einnig þýðing í bundnu máli af upphafinu á Carric-thura og nefndi kvæði sitt Sólarlag (og síðar Sólarljóð), sjá Ljóðmæli hans, Rv., 1934, I., bls. 204—205.

*Bls. 196—197.* — PHYSICA NECESSITAS. — Ehr. í K. G. 31 b I, 7. kv. — Líklega frá haustinu 1827. — Vísan er útlegging af þessari grísku setningu, sem Jónas tilfærir neðanmáls, úr ævisögu Caj. Jul. Cæsars eftir Plutarkos. — Höf. leggur hinum örþreyttu hermönnum Cæsars þessi orð (meðal annara) í munn, þegar Cæsar fór á móti Pompejusi um hávetur, rétt í ársbyrjun 48 f. Kr. — Þeir voru þá á leiðinni til Brundisium og Cæsar var farinn á undan. En er þeir komu þangað, var Cæsar farinn yfirum til Dyrrhachium (Durazzo í Albaníu); iðruðust þá hermennirnir orða sinna og dugleysis, og ásökuðu liðsforingja sína fyrir, að þeir hefðu ekki rekið meira á eftir.

Þar sem hér er um útlegging að ræða, verður ekki neitt byggt með vissu á þessu um trúarskoðun Jónasar; sbr. Eimr., 8. ár, bls. 118. Sama máli gegnir um kvæðið Nihilismi á bls. 231 hér fyrir aftan.

4. l. „þeim er", ehr. „sjá at". — 7. l. „þeim er", ehr. „þærs".

Í 1.—3. útg. er kvæðið nefnt „Náttúrulögmálið".

*Bls. 197–199.* – KVÆÐI EFTIR HORATIUS. – I. CUR ME QUERELIS ETC. — Ehr. í K. G. 31 b I, 13. kv. Fyrirsögn eins og hér, og þar fyrir ofan: „Horatii 2. bókar 17. kvæði". — Líklega frá vetrinum 1827—28.

Þetta er þýðing af fyrstu 3½ er. (14 línum), en kvæðið allt er 8 er. Úr þessu kvæði er tilvitnunin, sem er neðanmáls á bls. 21, sbr. aths. á bls. 321. Jónas sleppir henni úr þýðingunni.

Í 1. er., 4. l., „um“, ehr. „of“; 3. er., 6. l., „má eg“, ehr. „mák“; 5. er., 1. l., „sú“, ehr. „sá“; 4. l. „eldgálkn“, ehr. „eldgálpn“.

II. QUIS MULTA GRACILIS. — Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol. Frumpr. í Fjölni, VIII., 26—27 (1845); lesið áður á fundi í Fjölnisfélagi 17. Jan. s. á. — Kvæðið er sett hér eftir frumútg., enda hefir það í ehr. fyrir nokkrar breytingar orðið svo sem það er í henni; verður hér ekki gerð grein fyrir þeim. — Kvæðið er 5. kvæði í 1. bók kvæða Horatiusar. Óvíst, hve nær þýðingin er gjörð, en víst ekki fyr en árið 1832.

Jónas mun að gefnum tilefnum hafa kjörið þessi tvö kvæði Horatiusar öðrum fremur til þýðingar. Hin innilega vinátta hans til Gísla Ísleifssonar hefir að líkindum verið ofarlega í hug honum, þegar hann gjörði fyrri þýðinguna, líklega vorið 1828, en vonbrigði, sem honum mun hafa fundizt hann verða fyrir í sambandi við stúlku í Reykjavík (Christiane Knudsen), kynnu að hafa valdið nokkru um, að hann þýddi síðara kvæðið.

Í síðustu er. er átt við þann sið, að hengja upp í hofin heitspjöld — og jafnvel föt, sem menn höfðu verið í —, er þeir höfðu komizt lífs af úr sjávarháska eftir að hafa unnið heit. — Sviðaður siður helzt enn í kaþólskum löndum, eins og víða má sjá í kapellum og bænahúsum þar. Sbr. að nokkru leyti áheitin á Strandar-kirkju hér.

Qvintus Horatius Flaccus var fornrómverskt skáld og rithöfundur, f. 65 f. Kr. og d. 8 f. Kr., fám vikum eftir að Mæcenas dó, og voru þeir vinir til dauðadags.

*Bls. 200—201.* — LOFSÖNGUR. — Ehr. í K. G. 31 b I, 19. kv., líklega frá sumrinu 1828, gert heima á Steinsstöðum. — Claus Frimann var norskur prófastur og skáld, f. 1746, d. 1829. Í ehr. er sleppt fornafninu, en lagboði er settur: „Lagið er: Bý eg sveitasóknum í, etc.“ stendur fyrir neðan nafn höf. Sama lag og er við „Flýttu fjalla yfir brún“, sjá bls. 21—22 og aths. á bls. 321. — Í 2. er., 2., 5. og 7. l., er í ehr. „hvareð“ f. „þar er“, og í 4. l. „aldanna“.

*Bls. 201—203.**) — Í KIRKJUGARÐINUM. — Frumpr. í Fjölni, IX., 16—18 (1847) í „Grasaferð“, sjá bls. 275 hér fyrir aftan;**) þótti einnig rétt að taka með ljóðmælunum þau kvæði,

*) Bls. 203 hefir verið sett á undan bls. 202.

**) Þar kemur einnig fram dómur Jónasar sjálfs á þessari þýðing hans, og raunar fleirum.

sem eru í þeirri sögu. „Aladdin, eller Den forunderlige Lampe, Dramatisk Eventyr af A. Oehl.“ kom fyrst út 1805.*) Efnið er úr „1001 nótt“. Þetta kvæði heitir „Kirkegaarden“. Aladdin syngur það á leiði móður sinnar; lætur sem hann vaggi henni. — Ad. Oehl. var skáldkonungur Dana á fyrri hluta 19. aldar, en var þýzkur í báðar ættir, f. 1779, d. 1850. Hann unni mjög fornbókmenntum vorum og sótti til þeirra efnið í sum af verkum sínum.

*Bls. 203—215.* — KVÆÐI EFTIR SCHILLER.

Þessi 3 kvæði voru frumpr. í Fjölni, VI., 26—37 (1843). Ehr. er til af 1. kvæðinu, 1. og 2. er. (= 1. er. frumkvæðisins) í Bmf. 13, fol., á stöku blaði (st. 21 × 12,7 cm), og af 3. kvæðinu, 5 síðustu er., á öðru stöku blaði (st. 21 × 17 cm) s. st. 2. kvæði var prentað aftur í „Grasaferð“ í Fjölni, IX., 19—20, dálítið frábrugðið. — Áður en kvæðin voru prentuð í Fjölni 1843, las Jónas þau á fundi í Fjölnisfélagi, 4. Febr. s. á., sjá fundabókina, Eimr. 32. ár, bls. 269—70. Um 1. kv. sagði Jónas þá, „að farið væri nærri í útleggingunni, því er Schiller hefði ort“. Er það orð og að sönnu. En bragarhátturinn er allur annar á kvæði Jónasar en frumkvæðinu, svara 2 er. í þýðingunni til hvers 1 í frumkvæðinu, nema í eitt skipti: Næst-síðasta, 14., er. í frumkvæðinu svarar til þriggja, 27.—29. er., í þýðingunni. — Á næsta fundi í félaginu var rætt enn um þessi kvæði (sjá Eimr., 32. ár, bls. 271—72); sagði Jónas þá, að erindi yrði skotið inn í Dagrúnar-harm; „það er til“, sagði hann, „og hefir það orðið eftir af vangá, þeiar kvæðið var skrifað upp“. Þetta er. mun hafa verið það, sem sjá má, að vantar í kvæðið í öllum útg.; það svarar til síðara helmings 2. er. í frumkvæðinu. Hefir gleymzt að setja það inn í frumútg. En „það er til“; dr. Sig. Nordal, prófessor, hefir fundið það í bréfi frá Sveini Skúlasyni til Konráðs Gíslasonar, dags. 5. Maí 1888, og er það prentað hér (4. er.) eftir uppskrift drs. Nordals. Sveinn kveðst hafa séð ehr. Jónasar af kvæðinu hjá Stepháni Thordersen. — Í því hafði staðið „Ylfagur, ástfagur“ í 1. l. 16. er.; hefir Jónas breytt þar, þegar kvæðið var prentað. — Erindaröðin hefir ruglazt dálítið í frumpr., og verið síðan röng í 1.—3. útg.; það er., sem hér er 2. er., hefir verið 3. er.

Á ehr. af 1. og 2. kv., sem séra Sveinn Ögmundsson í Kálfholti átti og nú mun glatað, stóð að sögn, að þau væru útlögð 10. Marz 1841. Dagrúnar-harmur hefir þó vissulega verið orðinn til nokkru fyr, því að 2. s. m. segir Páll Melsted yngri í bréfi

*) Í II. b. af „Poetiske Skrifter“; kallað þar „Et Lystspil“, en í 2. útg. (1820) „Dram. Eventyr“.

til Jóns Sigurðssonar (Bréf P. M., bls. 26), að hann hafi þá séð það kvæði. Líklega er 3. kv. frá sama tíma eða því sem næst. Það er sett næst á eftir 1. kv. í útg. af frumkvæðunum, í 1. flokk („Gedichte der ersten Periode"), en 2. kv. er úr 3. flokki; hér eru þau sett í sömu röð og í Fjölni, en raunar las Jónas þau ekki upp í þeirri röð, heldur það fyr, sem hér er síðast. Um það kvæði, „Alheims-víðáttan", sagði hann þá, að það væri lengra en frumkvæðið og mætti ekki kalla það útlegging. Þó má kalla frumkvæðinu fylgt allvel. Bragarhátturinn er vitanlega allur annar, en hver 2 er. í þýðingunni svara til eins í frumkvæðinu, nema aftast, þar svara 3 síðustu er. til síðasta er. (5.) í frumkvæðinu. — Um 2. kvæðið, „Meyjargrát", sagði Jónas, að það væri „beinlínis útlagt eftir Schiller, en bragarhættinum sagði hann, að breytt væri nokkuð „ad modum" Bjarna amtmanns". Thorarensens.*) Raunar er bragarhátturinn hinn sami, en í frumkvæðinu er ein eða tvær áherzlulausar samstöfur í upphafi hverrar ljóðlínu, svo sem er í 5. l. í 2. og 4. er. í þýðingunni; sbr. kvæðið „Móðurást", bls. 49—50, sem er með sama bragarhætti.**) — Þess vegna á lag Schuberts við frumkvæðið ekki eins vel við þýðinguna og lag Weyse, sem er þá einnig haft við hana hér ætíð.

Johann Christoph Friedrich Schiller er einn af ágætustu rithöfundum Þjóðverja að fornu og nýju; f. 1759, d. 1805.

I. DAGRÚNAR-HARMUR. — Í frumútg. stendur nafn höf. fyrir aftan þýzka nafnið á kvæðinu, innan sviganna. Í ehr. eru orðin „er það nú" í 2. er., 6. l., undirstrikuð og „allt er þér" skrifað aftan-við línuna; en 7. og 8. l. er þar svo: „býsn bann-eitruð — barnalegs hjarta". — Í frumútg. er í 7. er., 5. l., „þeim er" f. „er". — 8. er., 7. l., „Dagrúnar"; í frumkvæðinu heitir hún „Luise", — og „Friðþjófur" heitir þar „Joseph". — Í frumútg. er í 12. er., 1. l., „þá" f. „er". Þar er sömuleiðis í 13. er. „ber" f. „bar" í 6. l., og í 24. er., 2. l., „stjörnum" f. „stjörnu", en hér er sett eins og í 1.(—3.) útg. — Getur verið, að Jónas hafi sjálfur gjört lagfæringarnar eftir að kvæðið var prentað í Fjölni.

II. MEYJAR-GRÁTUR. — Í frumútg. eru upphafsorð kvæð-

*) Jónas á sýnilega við kvæði Bjarna eftir Þórarinn Öfjörð, sem byrjar líkt:

„Drynur und fjallsrótum, dimm eru ský,
döpur er sunna, en náfölum í" — o. s. frv.

**) Hefði verið eins rétt að gera hér eitt er. úr tveim svo sem þar er, en frumkvæðið er í 4 er. eins og hér, og eftir því hafa sönglögin við það einnig verið gjörð.

isins sett innan sviga fyrir neðan nafnið á því, og því er það hér, en ekki þýzka nafnið á kvæðinu: „Des Mädchens Klage“. — „Frumkvæðið er eftir Schiller“ stendur einnig innan sviganna, fremst, en því er sleppt hér. Við orðið „Heilaga!“ í 2. er., 3. l., er aths. nm.: „María, guðsmóðir“. — Sbr. kvæðið svo sem það er í „Grasaferð“, bls. 276—277; sú þýðing mun vera eldri, og hefir Jónas breytt henni til bóta. — Kvæðið hefir verið þýtt á dönsku, svo sem það er í „Grasaferð“, af Margr. Løbner Jørgensen (Til Fjælds efter Mos, Kh. 1927, bls. 28).

III. ALHEIMS-VÍÐÁTTAN. — Orðin, sem eru innan sviga fyrir neðan nafnið, eru sett þar í frumútg. — Þýzka nafnið á kvæðinu er „Die Grösse der Welt“. — Í ehr. er 1.—2. l. í 7. er. svo: „Fer þá farandi — flughraða úr geimi“; og 4. l.: „mælandi svo“; 7. l.: „hermdu mér heldur“. Í 8. l. hefir fyrst verið skrifað „halda“, en strikað yfir það síðan og sett „leita“ fyrir ofan (með blýanti). — 8. er., 6. l., í ehr.: „merkis steini“. — 9. er., „þú“ sett aftast í 3. l. í ehr. — 10. er., 3. l., í ehr. „ónýtis-leið“; en 5.—6. l. hafa fyrst verið svo í ehr.: „hef eg mér á baki — himin-strauma“, en síðan hefir því verið breytt, sett „belja“ f. „hef eg“ í 5. l. og 6. l. höfð svo: „blástraumar himins“. — Í 11. er. er 2. l. svo í ehr.: „hættu að sveima“, og er „að“ skotið inn í; í 4. l. hefir fyrst staðið „í geimi“ f. „niður“, breytt með blýanti, og síðari hluti er. hripaður allur með blýanti; — þetta er uppkast. — Í 6. l. hefir fyrst staðið „— afl“, en strikað er yfir það og skrifað „magn“ fyrir aftan.

*Bls. 215—16.* — KVÆÐI EFTIR JOSEPH ADDISON. — Frumpr. aftan-við formála Jónasar fyrir þýðing hans af Stjörnufræði eftir G. F. Ursin, Viðeyjar-klaustri 1842. Kvæðið hefir ekkert heiti þar, enda hefir frumkvæðið ekki annað nafn en „An ode“. Jónas hefir haldið bragarhætti frumkvæðisins, — einungis næst-síðasta ljóðlínuparið er frábrugðið, og hann hefir þýtt allt kvæðið. — Joseph Addison var ágætur enskur rithöfundur og skáld; hann komst til mikilla mannvirðinga í föðurlandi sínu, bæði lífs og liðinn; f. 1672, d. 1719.

Í frumútg. er í 2. er., 1. l., „þá“ f. „er“ og í 4. l. „þöglri“ f. „þögulli“.

*Bls. 216—218.* — ÚR LEIKRITINU CARL DEN FEMTES DØD. — Ehr. í K. G. 31 a, á hálfri og heilli smáörk (st. 13,3 × 10,6 cm.), í 5 litlum dálkum; framhald hefir ekki orðið, en eitthvað kann að vanta framan-af. Mun vera frá því Jónas var í Sórey (1843—44), þar sem hann kynntist höf., sbr. bréf til Páls Melsteds, dags. 5. Júlí 1844, II. b., bls. 186—187. Í ehr. eru ýms-

ar breytingar, sem hér verður ekki gerð grein fyrir; það er sýnilega frumrit (uppkast).

Johannes Carsten Hauch var einn af beztu skáldum og rithöfundum Dana á 19. öld; f. 1790 í Noregi, og var móðir hans norsk, en faðir hans var af austurríkskri aðalsætt; d. í Rómaborg 1872. — Leikritið „Carl den Femtes Død" kom út 1831. — Þetta er upphaf lokaþáttarins. Filippus er Filippus 2. Spánarkonungur. Carranza er erkibiskup af Toledo. Þeir hafa hjálpazt að því, að loka keisarann, Karl 5., föður konungs, inni í leynifangelsi í klaustrinu, — og er nú órói í þeim út af því. Hafði keisari gengið í klaustur, en þóttist vanhaldinn og vildi ná völdum aftur. Hafði hann notið aðstoðar tryggra vina sinna, m. a. þeirra Gonzalesar og Alonzos, sem vilja nú bjarga honum úr fangelsinu. Biskup hafði ekki ætlazt til, að keisari yrði fangelsaður og gefur Filippusi sök á því, iðrast hlutdeildar sinnar og vísar þeim Alonzo og Gonzales á aðalinnganginn að dýflissunum, en þær voru neðanjarðar. Það tekst að bjarga Karli og bera hann upp í keisarahöllina, en þetta fékk allt svo mikið á hann, gamlan manninn, að hann sálaðist í höndunum á þeim eftir örskamma stund.

*Bls. 218—228.* — SMÁKVÆÐI EFTIR HEINE. — Svo nefnir Jónas sjálfur flokk af þessum kvæðum, sem ehr. hans er til af í K. G. 31 a, en það eru þau 6, sem hér eru 8., 6., 10., 1., 9. og 11.*) Við þessa fyrirsögn hefir hann sett: „Neue Gedichte. — Hamb., 1844". Þau eru einnig öll úr því safni, og sömuleiðis hin öll, nema 13., sem er úr „Buch der Lieder".**) Neðst á öftustu bls. í þessu ehr. hefir hann skrifað: „Til Fjölnis". Hann hefir sennilega ætlað þau í Fjölni 1846, en hann lifði ekki undirbúning þess árgangs. — Enda varð ekki af útgáfu Fjölnis það ár, ekki fyr en 1847, og þá gáfu þeir Brynjólfur Pétursson og Konráð Gíslason út 1. útg. og í henni þessi kvæði öll. — En í Fjölni 1843, VI. árg., hafði Jónas birt þau 4, sem hér eru 3., 4., 5. og 13. Þau mun hann hafa verið búinn að þýða í byrjun Marz 1842, því að 2. þ. m. segir Páll Melsted yngri í bréfi til Jóns Sigurðssonar, að hann hafi séð meðal kvæða Jónasar „nokkur smákvæði eftir Heine". Sbr. Bréf P. M., bls. 26. — Auk þessara 10 er eitt, 7., í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol., og tvö, 2. og 12. (brotið), á stökum blöðum í K. G. 31 a.

Heinrich Heine var einn af þekktustu rithöfundum Þýzkalands á fyrri hluta 19. aldar; f. 1798, af Gyðinga-ættum; d.

*) Frumrit af 1. (síðara er.) og 9. eru einnig í K. G. 31 b I.
**) 12. kvæði virðist ekki heldur vera úr N. Ged.

1856, í Parísarborg, þar sem hann hafði dvalið síðustu 25 ár ævi sinnar. — Mörg af smákvæðum hans hafa verið þýdd á íslenzku, síðan Jónas reið á vaðið, og hafa þau flest verið gefin út í safninu „Ljóð eftir Heine“, Rv. 1919. Þar í formálanum og í Fjölni, I. árg., 1835, er sagt nokkuð frá honum.

Kvæðunum er raðað hér eftir „Neue Gedichte“. Það, sem er gert eftir kvæði í „Buch der Lieder“, er sett síðast. Frumkvæðin eru flest-öll nafnlaus, en Jónas hefir gefið sumum af þýðingum sínum nafn. Frumkvæðin eru einnig flest-öll með sama bragarhætti, þeim, sem er á 7. kv. hér, og nokkurn veginn á 5. og 8.

I. — Þýðingin nafnlaus.*) Frumkv. er 6. kv. í flokknum „Neuer Frühling“. Í K. G. 31 b I hefir Jónas skrifað frumrit þessa kvæðis með blýanti aftast, og öfugt við æskukvæðin, sem eru fremst í bókinni. En örk hefir verið tekin úr bókinni, og eru ekki eftir nema 5 síðustu línurnar af 2. er. Þar er „glóa“ f. „gróa“ í 4. l. 2. er. — Þetta er 4. kv. í flokknum í K. G. 31 a. Hann er skrifaður á 2 smáarkir, 1.—4. kv. á hvíta örk (st. 18,3 × 11,4 cm.), 5.—6. á gráa (st. 18,3 × 12 cm.).

II. — Kvæðið er nafnlaust; frumkv. er 18. kv. í „Neuer Frühling“. Ehr. í K. G. 31 a er á smáblaði (st. 15,7 × 12,6 cm.); frumrit; 1. er., 1. l., hefir fyrst verið svo: „Titrar þá mitt hjarta“. Í 3. l. hefir fyrst staðið orðið „mínum“ aftast, en strikað yfir það og sett „munni“ fyrir aftan.

III. ÁLFAREIÐIN. — Frumkvæðið er 32. kv. í „Neuer Frühling“. — Í frumútg. í Fjölni, VI., 38, er í 2. er., 4. l., „austur“ f. „suður“. — Lagið kann hvert mannsbarn á Íslandi. — Carl Rosenberg lagði þessa þýðing Jónasar út á dönsku (sbr. Valt. Guðm., Isl. Kultur, bls. 134).

IV. NÆTURKYRÐ. — Frumkv. er 37. kv. í „Neuer Frühling“. — Í frumútg. í Fjölni, VI., 40, er í 2. er., 3. l., „blöð“ f. „lauf“, og í 3. er., 1. l., „það“ f. „það er“.

V. STRANDSETAN. — Frumkvæðið er í flokknum „Verschiedene“, 3. af „Seraphine“-kvæðunum.

VI. MÁRINN FORVITNI. — Frumkv. er 6. í „Seraphine“-kvæðunum í flokknum „Verschiedene“. Þýðingin er 2. kv. í flokknum í K. G. 31 a; í 2. er. hefir þar fyrst staðið „sér“ f. „spyr“ og „dimma“ f. „ljósa“.

VII. — Nafnlaust sem frumkvæðið; það er meðal „Verschiedene“, 11. af „Seraphine“-kvæðunum. Ehr. í Bmf. 13, fol.,

*) Stgr. Thorsteinsson hefir einnig þýtt kvæðið og nefnt það Vorljóð.

er skrifað með blýanti á næst-öftustu bls. í kvæðaheftinu. — Í 1. er., 3. l., hefir fyrst verið skrifað „seig í ægi“ f. „var að setjast“.

VIII. — Nafnlaust í ehr. Frumkv. er meðal „Verschiedene“, 5. í „Katharina“-kvæðunum. Ehr. er 1. kv. í flokknum í K. G. 31 a; í 2. er., 2. l., hefir fyrst staðið „fjöld“ f. „her“.

IX. VORVÍSUR. — Frumkv. er 9. af „Katharina“-kvæðunum í „Verschiedene“, 1. og 3. er. Ehr. er 5. kv. í flokknum í K. G. 31 a og frumr. neðan-við línurnar úr I. Þar hefir fyrst staðið í 2. er., 2. l., „kær er“ f. „kvikur“; í 3. l. er þar „fýsir“, en í K. G. 31 a hefir fyrst staðið „langar“. — Í frumkv. eru 5 er. Jónas hefir talið þetta meðal þýðinga, en að mjög miklu leyti er það frumlegt. — Bragarhátturinn er algengt rímnalag, og lagið auðvitað einnig; það var kallað Eyfirðinga-lag, og hefir Jónas líklega lært það í æsku. Páll Melsted sagnfræðingur lærði það af honum og kenndi það við hann, kallaði það „kvæðalag Jónasar Hallgrímssonar“; eftir Páli er það sett í Ísl. þjóðlög, bls. 876. — Jónas orti skammdegisvísurnar sínar, „Stökur“, bls. 141, með þessu kvæðalagi sínu.

X. — Nafnlaust. Frumkvæðið er í „Romanzen“, 20. kv., og heitir „Fortuna“; er með sama bragarhætti. Þýðingin er 3. kv. í flokknum í K. G. 31 a.

XI. — Nafnlaust, er 6. kv. í flokknum í K. G. 31 a; fyrir neðan tölumerkið, VI., stendur það innan sviga, sem hér er sett fyrir neðan tölumerkið, XI. Frumkvæðið er 12. kv. í flokknum „Zeitgedichte“ og heitir „Lebensfahrt“.*) Bragarhátturinn á því er hinn sami og á síðasta kvæði. — Í 1.—3. útg. (og í „Ljóð“) stendur í 2. er., 2. l., „á“ (!) f. „í“; sprottið af mislestri á ehr.

XII. STRIT. — Ehr. á sömu smáörk og gamankvæðið „Kaupfararskál“, bls. 177—178. Fyrir neðan kvæðið hefir Jónas skrifað „Strit (brot úr kvæði eftir Heine)“. Hefir svo verið litið á sem þetta hafi átt að vera fyrirsögn (í útgáfu). Heitið á við, en ekki hefir tekizt að benda á frumkvæðið meðal ljóða eftir Heine.

Í 3. er., 1.—4. l., er átt við hinar alkunnu grísku fornsagnir um Sisyfus, sem verður að líða þá hegning í undirheimum að velta æ og æ sama steininum upp sömu brekkuna, og dætur Danausar, sem alltaf verða að ausa vatni í götótt ker. — Í ehr. (og 1.—3. útg.) stendur Dana-u (og Daná-u), en hún (móðir Persevs) átti engar dætur, svo sögur fari af.

XIII. SÆUNN HAFKONA. — Frumútg. í Fjölni, VI., 41—

*) Heine orti það í Parísarborg 4. Maí 1843, sjá H. C. Andersen, Mit Livs Eventyr, Kh. 1926, I., 244—45.

43. Jónas las það áður á fundi í Fjölnisfélagi (4. Marz 1843, sjá Eimr., 32. ár, bls. 277), og er það nefnt „Hafmeyjan“ í fundabókinni. Segir þar, að kvæðið sé „útlagt eftir minni og svo að segja frumkveðið, þó hugmyndin sé eftir Heine“. Í Fjölni er þess ekki heldur látið getið, að það sé eftir Heine. Frumkvæðið er 14. kv. í flokknum „Die Heimkehr“ í „Buch der Lieder“. Það er 8 er.; byrjar og endar líkt, en samtalið milli skáldsins og hafkonunnar er ekki að eins lengra hjá Jónasi, heldur einnig miklu yndislegra og skáldlegra. Hin djúpa aðdáun og meðaumkvun skáldsins er ekki til í frumkvæðinu. — Þar vill skáldið losna við hafkonuna svo sem annan ömurlegan ófögnuð.

Í 7. er. er átt við hina forngrísku goðsögn um Afrodítu ústargyðju, að hún hafi stigið á land úr brimlöðri við Kýprey.

*Bls. 228—229.* — ILLUR LÆKUR. — Ehr. eru til tvö; annað í skrifbókinni K. G. 31 b V, sem Hulduljóð, Dalvísa, Sláttuvísa o. fl. eru í; hitt er uppskrift, fremst á smáörk í J. S. 129, fol., þeirri, sem Alsnjóa er á aftast og Jónas hefir sent Brynjólfi með bréfi sínu frá Sórey, seinni hluta Febrúarmánaðar 1844, handa Fjölni þ. á. Í J. S. 129, fol., er e. fr. uppskrift Brynjólfs, sem hann las upp á fundi í Fjölnisfélagi 9. Marz. Frumútg. í Fjölni, VII., 29—30 (1844). — Í K. G. 31 b V hefir Jónas sett „8. Febr.“ við kvæðið; hefir hann sennilega þýtt það þann dag, 1844, í Sórey. Þar er fyrirsögnin eins og hér, en í uppskr. í J. S. 129, fol., er bætt við „eða Heimasetan“ og hefir það því verið sett í Fjölni og 1.—3. útg. Hér er þessum undirtitli sleppt, enda er vafasamt, hvort Jónas hafi ætlazt til, að báðar fyrirsagnirnar væru notaðar, samtengdar með „eða“.*) Aths., sem hér er neðan-við yfirskriftina, er tekin úr Fjölni, VIII., 84. Jónas hefir sett þar þessa smágrein, svo að enginn skyldi halda, að hann ætlaði að eigna sér, eða aðrir honum, annars verk: *„Illur lækur.* — Þess ber að geta, að smá-kvæðið „Illur lækur“ (sjá 7. ár Fjölnis á 29. bls.) er kveðið eftir þjóðkunnu spánsku kvæði. — J. H.“ — Litla stefið fyrir ofan 1. er. er í báðum ehr. — Í 1. og 2. er eru dálitlar breytingar í báðum ehr., en ekki verður farið út í þær hér allar, enda virðast þær sumar að eins leiðréttingar á því, sem hefir verið skrifað rangt í ógáti. Í K. G. 31 b V, 1. er., 6. l., hefir staðið fyrst „buldra við“ f. „bulla þar“, og í 2. er., 4. l., hefir þar staðið fyrst „fjallaljósin“ f. „fjóla gul og“. — Í aths. við þessa línu nm. í sama ehr. stendur: „Viola tricolor,

*) Jón Ólafsson hélt, að kvæðið héti „Heimasætan“ (Jónas Hallgrímsson. Rv. 1900, bls. 17), en það er tilhæfulaust. Þetta heiti á sérstaklega við 4. er., síðari hluta. — Hér er ekki um heina heimasætu að ræða.

brekkusóley, þrenningargras"; sama aths. er í ehr. í J. S. 129, fol., og í Fjölni, nema þar er sleppt „brekkusóley".

Í Ísl. þjóðl., bls. 643, er lag við þetta kvæði.

*Bls. 229—230.* — ÉG VIL KYSSA! — Tvö ehr., annað í skrifbókinni K. G. 31 b V, dags. 25. Febr. '44, hitt í J. S. 129, fol., á sömu örk og síðasta kv. („Illur lækur!"); þar er einnig afskrift Brynjólfs Péturssonar, lesin á fundi í Fjölnisfélagi 9. Marz, sbr. fundabókina (Eimr. 33. ár, bls. 87—88) og e. fr. bréf frá Brynjólfi til Jónasar, d. 11. Marz 1844 (í K. G. 31 a).*) Í ehr. í skrifbókinni er fyrirsögnin „Kyssa vil eg, ég vil kyssa", en í hinu og uppskrift Brynjólfs er hún eins og hér. Í Fjölni er kvæðið kallað „Kossa-vísa", og er óvíst, að Jónas hafi sett þá fyrirsögn. Í 1.(—3.) útg. var því aftur breytt í „Kossavísur", eins og nöfnunum „Dalvísa", „Sláttuvísa" o. fl. — Raunar á fyrsta fyrirsögnin (í K. G. 31 b V) bezt við andann í kvæðinu, enda er hún, orði til orðs, þýðing af fyrirsögninni á frummálinu: „Küssen will ich, ich will küssen"). — Jónas hefir haldið bragarhætti frumkvæðisins. — Í uppskrift sinni í J. S. 129, fol., hefir Jónas sett „ríkum" í 2. og 8. l. 3. er. f. „heitum", svo sem það er í K. G. 31 b V, og 6. l. hefir hann breytt einnig; hún er svo í K. G. 31 b V: „eg er greið og skjót í svörum"; hann hefir strikað yfir orðin „og skjót" og sett inn „betur" fyrir framan greið; en úti á spássíunni hefir hann e. fr. skrifað: „(eða: finn, og létt)".

Adelbert von Chamisso var f. 1781, af gamalli, frakkneskri aðalsætt. Hann varð einn meðal beztu skálda á Þýzkalandi á fyrri hluta 19. aldar og allmerkur náttúrufræðingur; dó 1838. — Hann gerði þetta kvæði 1829.

*Bls. 231.* — NIHILISMI. — Ehr. (frumrit) í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol., skrifað með blýanti aftast, líklega vorið 1845. Fyrirsögn og aths. eru utan-með á spássíunni. Þetta eru 3 smábrot (4 + 6 + 2 línur) úr 2. hluta kvæðaflokksins „Reimverse auf den Tod" (frá 1830). Í 3. er. eru ýms orð undirstrikuð, helzt í 1.—2. og 5.—6. l., og „nótt" í 7. l., — sem er breyting f. „hún". — 2. er., 7.—8. l., sbr. Völuspá, 18. er.

L. A. Feuerbach var þýzkur heimspekingur, ritaði einkum um trúmálefni og vildi sýna fram á, að trúin væri sprottin af þörfum og löngunum mannanna. Hann var fæddur 1804; dó 1872. — Hann gaf út rit sín í 10 bindum á árunum 1846—66 og eru „Gedanken ueber Tod und Unsterblichkeit" í 3. b.; „Reim-

*) Kafli úr því er á bls. 276 í 3. útg.

verse auf den Tod“ eru á bls. 91—108; línurnar, sem Jónas hefir lagt út, eru á bls. 93—94.

*Bls. 232—233.* — UPPHAFIÐ AF „ABELS DØD“. — Ehr. í K. G. 31 a á lausu smáblaði (st. 22 × 10,5 cm.), frumrit. Verið getur, að framhald hafi verið, en glatazt. Þetta svarar til 4 + 9 línanna fyrstu í frumkvæðinu. Það kom út fyrst 17. Des. 1844 (í tímariti J. L. Heibergs, „Urania“, Aarbog for 1845). Mun Jónas hafa gert þessa þýðing skömmu síðar. — Á ehr. er engin fyrirsögn eða yfirskrift. Breytingar eru nokkrar gerðar, en fremur óverulegar.

Frederik Paludan-Müller er einn af merkari rithöfundum Dana á síðustu öld; f. 1809 af gamalli, danskri embættismannaætt. — Hann var orðinn nokkuð kunnur, er þetta kvæði birtist; en hann náði engri verulegri viðurkenningu né frægð fyr en 4 árum síðar, er 2. og 3. hluti af höfuðverki hans, Adam Homo, kom út. Hann dó 1876.

*Bls. 233—235.* — ARNGERÐAR-LJÓÐ. — Tvö ehr. til; frumrit(?) í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol.; hitt í K. G. 31 a, á 2 grápappírsblöðum úr dagbókinni frá 1837 (og '41), Bmf. 10, fol., og eru þau brotin saman í 2 smáarkir. Það ehr. er hreinritað, og breytingar engar, nema í 5. er., 7. l., hefir staðið fyrst „háa fjallið“ f. „bláa bergið“, og í 8. l. „— fylgsni“ f. „— búr og“, en í hinu ehr. eru mjög margar breytingar; í 1. er., 5. l., hefir fyrst staðið „þýðir“ f. „greiðir“ og í 6. l. „á flugið“ f. „úr hreiðri“; í 2. er., 6. l., „hress“ f. „hlý“ og í 9. l. „— blóðið þess“ f. „— blóð úr því“; í 3. er., 2. l., „— fylda“ f. „— ramma“; í 5. l. stendur „orðið“ óbreytt, f. „verið“; í 7. l. „hví hef eg vaknað“ f. „vaknaði svo“, og í 8. l. „sem hjarta(ð) mitt í“ f. „hjarta mitt er“. Í 4. er., 2. l., stendur „megnið“ óbreytt; sömuleiðis í 3. l. „hnúkur“; í 8. l. hefir fyrst staðið „sit og er nú“ f. „sit nú orðin“. Í 5. er., 7. l., „há[a] fjallið“, og „— fylgsni“ í 8. l., eins og fyrst í K. G. 31 a. — Í 6. er., 1. l. „mín(?) fjötur“ f. „þeir fjötrar“, breytt, en í 2. l. er óbreytt „gleði —“ f. „sælu“. Í 9. l. hefir staðið fyrst „skærist eg gegnum“, en breytt í „skundaði eg um“. Í 7. er. hefir í 8. l. fyrst staðið „mínum ást(?)huga“ f. „manni kærum“ og „hann að “ f. „sælan“. Í 8. er., 1. l., hefir fyrst staðið „— loftið“ f. „lofthafið“, og í 4. l. „manna“ f. „mannkinda“; í 9. l. er skrifað fyrst „ekki“, eins og í hreinritið, en breytt í „sízt“.

Jónas hefir breytt dálítið bragarhættinum (aukið 1 samstöfu í hverja ljóðlínu) í 3 síðustu er., líklega óvart; hann hefir því í hreinritinu skipt kvæðinu í tvennt eða í tvö kvæði eftir þessu, eins og hér er gjört. Á frumkv. öllu er sami bragarháttur og á 1.—5. er. hér, og kvæðið óskipt. — Fyrirsögnin í hreinr.

ehr. er eins og hér, og hefir Jónas búið til það heiti á kvæðinu, gefið stúlkunni þetta gamla nafn með tilliti til fortilveru hennar. Frumkvæðið heitir „Sjælevandring". Það kom út í „Gæa 1845, s. 363", og hefir Jónas skrifað þessa tilvitnun við hliðina á fyrirsögn sinni. — P. L. Møller var útgef. þess tímarits; það kom út 1845—47. Hann var góður kunningi Gríms Thomsens og hefir því sennilega kynnzt fleiri löndum í Höfn.*) Hann var vel hagmæltur, en sérstaklega kunnur sem fagurfræðingur og ritdómari. Hann var f. 1814; dó í Rúðu 1865, aumur og einmana, eftir að hafa búið við bágustu kjör um 15 ár í Parísarborg.

*Bls. 237.* — Á DÖNSKU. — Til eru, svo kunnugt sé, nær 20 ljóðmæli á dönsku eftir Jónas og eru þau sett hér í sérstaka deild, bls. 239—259. Hið fyrsta er frá fyrsta sumrinu, sem hann var stúdent, hið síðasta frá síðasta vetrinum, sem hann lifði.

*Bls. 239.* — DEN 19. JUNI 1829. — Ehr. í ljóðakverinu K. G. 31 b I, 23. kv. Kvæðið er sennilega gert fyrir samsæti, sem Krieger stiftamtmanni hefir verið haldið, nýkomnum. — Hoppe stiftamtmaður var á förum, sbr. kvæðið, sem Jónas orti til hans, bls. 29—31, með aths. á bls. 325—26.

Í þessu o. fl. kvæðum sínum á dönsku notar Jónas stuðla og höfuðstafi eins og í alíslenzkum kveðskap.

Í 1. er., 4. l., er í ehr. „gennembløde".

Lorentz Angel Krieger var f. 1797 af danskri hershöfðingjaætt. Hann var skipaður amtmaður yfir suðuramtinu og settur stiftamtmaður 17. Jan. þetta ár; skipaður stiftamtmaður 1831. Fimm árum síðar varð hann stiftamtmaður í Álaborg og fór utan 1837, en veiktist þar brátt og dó næsta ár. Var ágætismaður. Um hann og afskipti hans af stjórnmálum vorum sjá Fjölni, I., 64—65, og IV., 47—48, Sunnanp., 3. árg., 117—19, Bréf Tóm. Sæm., bls. 184, og Ævis. J. Sig., II., 49—51 og 76—77.

*Bls. 239—241.* — VED EN FEST I REIKEVIG O. S. FRV. — Ehr. í K. G. 31 b I, 25. kv. — Þau Ferdinand prins og Caroline, dóttir Friðriks 6., voru gefin saman 1. Ág. 1829. Hefir þessi hátíð í Reykjavík sennilega verið haldin þann dag. — Sbr. Skírni 1830, bls. 59—64. — Frederik Ferdinand var f. 1792 og dó 1863; hann var sonur Friðriks erfðaprins, bróðir Kristjáns 8. og því erfðaprins frá 1848, en varð ekki barna auðið. Friðrik 6., tengdafaðir hans, og hann voru bræðrasynir. Hann var hershöfðingi. — Caroline dó 1881.

---

*) Sbr. Andvari, XXIII., 4—5. — Í 5. árg. af Gæa, sem kvæðið er í, er grein um Bjarna Thorarensen eftir Grím.

*Bls. 241—243.* — JULESANG FOR BØRN. — Ehr. í K. G. 31 b I, 28. kv.

*Bls. 243.* — IMPROMTU PAA BAL. — Ehr. í K. G. 31 b I, 30. kv.

*Bls. 243—245.* — SERENADE. — Ehr. í K. G. 31 b I, 31. kv. Fyrirsagnarlaust. Kvæðið er að líkindum ort til Christiane Knudsen, sbr. bls. 324, fyrri hluta árs 1831. — Jónas varð mjög snortinn af fegurð hennar og var tíður gestur á heimili hennar þetta ár og fyrri hluta næsta árs, en síðan fór hún til Vestmannaeyja og hann nokkru síðar til Hafnar.

*Bls. 245—246.* — DEN 26. MARTII 1831. — Er skrifað á smáörk í Lbs. 343, fol., I, sem er ýms kvæði, komin frá Bjarna amtmanni Þorsteinssyni. Lagboði er við: „Mel.: Vær du vor[t] Selskabs Skytsgud[inde] etc.“.

Regner Christopher Ulstrup var danskur, f. 1793. Var sýslumaður í Skaftafellssýslu 1821—24, settur landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík 1828 og skipaður í þau embætti 1832. Jónas var aðstoðarmaður hans frá því að hann útskrifaðist úr Bessastaða-skóla og þangað til hann sigldi. Ulstrup fór utan 1835 og andaðist erlendis næsta ár. Sbr. e. fr. Sýslumannaævir, IV., 197—98 og 667.

*Bls. 246—247.* — SOLHVERV. — Tvö ehr. til, í K. G. 31 b I, 33. kv., og á smáörk í J. S. 401, 4to. E. fr. er uppskrift í Lbs. 343, fol., I. — Á báðum smáörkunum, sem eru sennilega frá samkvæminu þennan afmælisdag, er settur lagboði: „Mel.: Dannevang med grønne Bred“.

Wilhelmine Krieger var systir Kriegers stiftamtmanns (sjá bls. 239 og 402); hann hélt mikinn dansleik á þessum afmælisdegi systur sinnar og var þar yfir hundrað manna, segir Jóhann Halldórsson í bréfi til Magnúsar Eiríkssonar 25. Febr. 1832, — Lbs. 303, fol.

*Bls. 248—249.* — TIL LILLE MARIE MAACK. — Prentað eftir afskrift á stöku blaði (hálförk) í Bmf. 13, fol. — Kvæðið er prentað áður í Óðni 1910, bls. 88, eftir annari afskrift. Þar er ártalið í fyrirsögninni 1841. — Þessi stúlka var fjögra ára (eða 5 1841); hét Marie Bothilda Jacobine og var dóttir Peters A. Maacks, verzlunarstjóra í Reykjavík, og konu hans, Þóru Einarsdóttur snikkara Hannessonar (sbr. bls. 251—252 og 404). Marie Maack varð falleg og myndarleg stúlka. Hún giftist Þorsteini Guðmundssyni, síðar kaupmanni á Akranesi. Sonur þeirra var séra Pétur A. Maack, prestur að Stað í Grunnavík, d. 1892. Frú Marie komst til hárrar elli, d. 1918. Hún geymdi ávallt frumrit Jónasar, en nú er það talið glatað.

1. er., 5. l., „som svulmende“ o. s. frv. í Óðni. — 4. er., 3. l., „og Sommerens“ o. s. frv. í Óðni.

*Bls. 249—250.* — DEN 28. JUNI 1840. — Frumpr. á smáörk, til afnota í samsæti, sem haldið hefir verið í Reykjavík þennan dag, krýningardag Kristjáns 8. og drottningar hans. Um þá athöfn sjá Skírni 1841, bls. 68—69. — Á eintak það, sem er í Landsbókasafninu, hefir Páll Melsted sagnfræðingur skrifað: „Eg veit eigi betur, en að þetta kvæði sé eftir Jónas Hallgrímsson, sem þá var hér í Reykjavík í húsi Einars Hákonarsonar hattasmiðs. Í því húsi íslenzkaði Jónas stjörnufræði Ursins. — Rvík 10. Maí 1867“. E. fr.: „Prentað í Viðey“. — Fyrir ofan 1. er. er: „Mel.: Kong Kristjan lægger ned sit Sværd“. — Um síðustu línu í hverju er. er endurtekningarmerki. — „Amalia“; drottningin hét Karoline Amalie. Krýningin fór fram á afmælisdegi hennar, sbr. niðurlag kvæðisins. Hún dó 9. Marz 1881, nær því hálfníræð.

*Bls. 250—251.* — KONGENS MINDE. — Frumpr. á smáörk, til afnota í samkvæmi, sem haldið var í „Klúbbfélaginu“ 28. Jan. 1841; eintak af því er til í Landsbókasafninu. *J. H.* er undir kv. — Friðrik 6. dó 3. Des. 1839, en konunghollir bæjarbúar, Klúbb-félagarnir, héldu þó uppteknum hætti, að koma saman og minnast hans á afmælisdegi hans. — Endurtekningarmerki eru um orðin „med Kærlighed“ í 5. l. hvers er.; lagið er „Þann signaða dag vér sjáum enn“.

Kvæðið var prentað í Óðni 1913, Júní-blaðinu, og eftir þeirri endurprentun í 3. útg. — Þar vantar mánaðar-nafnið, „Janúar“, en það er vitanlega í frumútg.

*Bls. 251—252.* — PETER ANDREAS MAACK. — Þetta er. er á prentaðri grafskrift, sem eintak er til af í Landsbókasafninu. Er. er nafnlaust, en Jónas eflaust höfundurinn; það hefir þann svip, að engum öðrum er trúandi til að hafa ort það í Reykjavík á þeim tíma, sem það er frá.

P. A. Maack var aldanskur maður, f. í Flensborg 1813; varð verzlunarstjóri í Reykjavík og dó þar 4. Des. 1841. — Sbr. bls. 248—49 og 403.

*Bls. 252—253.* — VED EFTERRETNINGEN OM MAG. S. DREJERS DØD. — Ehr. í Bmf. 13, fol., á lítilli grápappírsörk, hreinritað. Fyrir neðan kv. er dagsetningin: *Rk.* $^{16}/_{5}$ *42*, og *J. H.* — Salomon Thomas Nicolai Drejer var f. 1813, fékk meistaranafnbót 1840 og varð kennari við dýralæknaskólann í Höfn. Var framúrskarandi grasafræðingur. Dó 21. Apr. 1842. Jónas hafði kynnzt honum og þótt mikið til hans koma. — Hann nefnir hann í Þingvallar-bréfinu, sjá II. b., bls. 81. — Í 2. er., 3. l., á Jónas

við það, að Drejer stundaði nám sitt mest á eigin spýtur og sótti lítið fyrirlestra kennaranna. Í 8. l. er ritað í ógáti „Hvor“ f. „Hvo“. — Í 3. er., 1. l., hefir fyrst staðið „Men“ f. „Og“.

*Bls. 253—256.* — MATHIAS, MIN UNGE TALER. — Ehr. (frá fyrri hluta ársins 1844) á smáörk í Bmf. 13, fol. — Eins konar stæling af „Kalevala“; úr því eru nöfnin Väinamöinen, Loughi og Zampo, bragarhátturinn er hinn sami o. s. frv.*) — Tilefnið til þessa gamankvæðis er ókunnugt, og við hverja er átt. — Jónas mun hafa lesið þýðing af Kalevala,**) og lítur út fyrir að þeir, kunningjar hans, hafi kallað hann sjálfan Väinamöinen um þær mundir, sbr. bréf hans og Gísla Thorarensens til Konráðs Gíslasonar, II. b., bls. 189. —

„Valløs Jomfrukloster“ er bústaður fyrir stúlkur af tignum ættum; það er nálægt Hringstöðum á Sjálandi. — Kvæðið hefir, ef til vill, verið lengra; síðasta línan er neðst á öftustu bls. á örkinni og ekkert merki þess, að þar sé endirinn.

*Bls. 256.* — EFTER ASSEMBLÉEN. — Tvö ehr. eru til, hið fyrra í bréfi til Konráðs Gíslasonar, ódagsettu, en líklega skrifuðu 3. Marz 1844, sjá II. b., bls. 167—168; hið síðara í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol., hreinritað og með fyrirsögn. Hér er farið eftir síðara ehr.; fáein orð eru þar önnur en í hinu fyrra, sjá bréfið og það, sem þar stendur í sambandi við þetta kvæði.

*Bls. 257.* — GRAVSANG. — Ehr. á smáblaði, sem Jónas hefir sent Konráði Gíslasyni með bréfi frá Sórey, dags. 6. Marz 1844; hann getur þar um það í eftirmála: „Jeg sendi þér grafljóð yfir dönskum sýslumanni“. — Óvíst er, við hvern er átt í kvæðinu og hvort átt er við nokkurn sérstakan, danskan sýslumann hér á landi. — Nafnið Hitterfjæld minnir á Bæjarfell hjá Hitárdal, og í því er hellir, sem heitir Hundahellir. Jónas fór um þær slóðir 1841. Þá, og til 1847, var danskur sýslumaður í Mýra- og Hnappadals-sýslu, Morten Frederik Lund (d. 1852). Hann hafði aðsetur í Vogi á Mýrum. Ekki er kunnugt, að þeim Jónasi hafi borið neitt á milli. — „Oversat fra det islandske“. Það er líklega ekki svo að skilja, að kvæðið sé þýðing af íslenzku kvæði, heldur mun þetta sett í spaugi og að nokkru leyti með tilliti til yrkisefnisins, örnefnanna og orðsins „Vande“ í 2. er., 3. l., sem er íslenzka orðið vandi. — Danska orðið, sem svarar til, Vaande, hefir nokkuð aðra merking og aðra mynd en hér átti við.

---

*) Um Kalevala sjá Skírni 1920, bls. 27—40 og 90—108, ritgjörð eftir dr. Jón Helgason, biskup.

**) Þýðing M. A. Castréns á sænsku kom út 1841.

*Bls. 257—258.* — BLOMSTERKAMPEN I SORØ. Ehr. til, var í eigu drs. Joh. Steenstrups, prófessors, sonar Jap. Steenstrups; það er á sérstakri smáörk. Dr. Joh. Steenstrup hefir sett það í minningarrit föður síns, Mindeskrift for Japetus Steenstrup, II. (ritgj.), bls. 54—55,*) og þessar skýringar með: „Scenen er i Steenstrups Hjem, lysene staa i de gamle arvede Sølvlysestager med den lyreformede Fod, og i den lille Aftenkreds findes Hauch (eller maaske Ingemann) og Frøken Mathilde Reinhardt som Gæster. Steenstrup har forsvaret den Sætning, som han altid hævdede, at de „fyldte" Blomster ere en Uting, og at ingen Gartner formaaede ved sin Kunst at tage Kampen op med, hvad Vorherre frembragte". — Mathilde Reinhardt var dóttir Reinhardts prófessors, sem hafði verið kennari þeirra Jónasar og Steenstrups. — Kvæðið minnir töluvert á 56. kv. í „Lyrisches Intermesso" í „Buch der Lieder" eftir Heine.

Í 1. er., 1. l., er í ehr. „Aften-" f. „Aftens-", sem nú mun tíðast í þessu samsetta orði, og í 5. er., 1. l., er í ehr. „hel" f. „helt". — Breytingar hefir Jónas gjört nokkrar sjálfur í ehr.: Í 4. er., 1. l., „værdige" f. „kærlige" og í 2. l. „sig" f. „sin"; og í 8. er., 3. l., „den enkelte Rose" f. „de enkelte Roser" (svo sem það er prentað í minningarritinu); er sú breyting mikils verð í kvæðinu, eins og allir geta séð.

*Bls. 259.* — DÆMRINGEN ER VELGØRENDE. — Ehr., frumrit, af þessari bögu er í K. G. 31 a á sama blaði og „Ó, þú jörð" (bls. 140—141), skrifað með blýanti og mjög óskýrt. — Gamanvísa og jafnframt eins konar skopstæling af íslenzkri lausavísu með rímnalagi og rangri áherzlu („Øjnene").

*Bls. 259.* — FUGLEN OG MYGGEN. — Sett hér eftir hr. frá dr. Finni Jónssyni, prófessor. Er Sennilega skrifað eftir minni Konráðs Gíslasonar um það leyti, sem verið var að búa 2. útg. undir prentun. Í 1. er., 3. l., „usselig" f. „usle", og í 2. er., 2. l., „vos" f. „os".

*Bls. 259.* — TAK FOR „SNEDRONNINGEN". — Ehr. í kvæðaheftinu í Bmf. 13, fol. — Í 2. er., 4. l., hefir staðið fyrst „Min Nat er mørk og lang". — „Snedronningen" er eitt af æfintýrum H. C. Andersens, sem hann varð heimsfrægur fyrir. Hann lauk við það 8. Des. 1844. — Hans Christian Andersen var f. 1801 og dó 1875. Hann samdi mesta fjölda skáldrita, en flest er það talið lítils virði, nema æfintýrin. Jónas þýddi eða umsamdi á íslenzku eitt þeirra, „Kærestefolkene", „Leggur og skel", sem er prentað hér fyrir framan, bls. 307—311. — Í ritgjörð sinni um

*) Sbr. einnig Eimr., 20. ár, bls. 139.

Jónas, sem er framan-við 2. útg., segir höfundurinn (á bls. XX), að Jónas og nokkrir íslendingar með honum hafi verið „með þeim fyrstu, sem viðurkenndu H. C. Andersen sem skáld; annars var altítt að hæðast að honum framanaf. „Látið þið hann Andra minn vera", var Jónas vanur að segja. — Svo fór, að Danir kunnu að meta Andersen, sýndu honum vináttu og viðurkenning á ýmsan hátt, reistu honum t. a. m. minnismerki í lifanda lífi.

---

*Bls. 261.* — SMÁSÖGUR O. FL. — Aftan-við ljóðmæli Jónasar þótti bezt fara á að setja hér með þeim í bindi 14 smásögur (o. fl.) eftir hann, flestar frumsamdar, og flestar heillegar. — „Þingvallarbréfið" og frásögnin um Frakklands-ferð Englandsdrottningar, sem átt gátu heima með þessum smásögum, eru látin kyr í þeim umgerðum, sendibréfunum, sem Jónas sendi þau frá sér í, sjá II. b., bls. 80—83 og 164—167. — Þau 2 leikrit, sem Jónas getur um í bréfi til Jap. Steenstrups 1. Marz 1841, „Kongens Eje" og „Bogauktion", sjá II. b., bls. 66, hefðu einnig átt hér heima, en af þeim hefir ekki komið neitt í leitirnar. — Reynt hefir verið að setja smásögurnar í rétta aldursröð, en hinar útlögðu þó aftast.

*Bls. 263.* — SÝN. — Ehr. í K. G. 31 a, í litlu hefti (st. 8,5 × 5,3 cm), sem er sýnilega úr skóla-tímariti eða bekkjarblaði (2. bekkjar) úr Bessastaða-skóla; er á 1. bls. nafn tímaritsins, dagsetning og tölumerki: „*Iris* — No. 3. — 1826 — Föstudaginn þann 3ja Novmbr." — Fyrir neðan þann blaðhaus hefst svo þessi saga, án fyrirsagnar, og nær aftur á 5. bls. Undir henni stendur þar: lid .... = tvix. Vísuna hefir Jónas einnig skrifað í ljóðakverið sitt, K. G. 31 b I, og er hún 12. kv. þar. Er þar þessi fyrirsögn: „*Hebreska grammatík*[*in*] (NB: Ras.) — Ad lectorem". — E. fr. er uppskrift af vísunni í J. S. 129, fol., meðal kvæða, sem sleppt var úr 1. útg. — Þessi hebreska málfræði, sem sýnilega hefir átt litlum vinsældum að fagna í skólanum, heitir: *Kortfattet Hebraisk Sproglære af Dr. I. L. Rasmussen, Lærer i de østerlandske Sprog ved Kjøbenhavns Universitet. Kjøbenhavn, 1815.* Etc. — §. 3. er um *Schva*, sem er eins konar merki, og í §. 4. er rætt um *Silluk* og *Athnach*, sem eru eins konar greinarmerki.

— Svefnherbergi skólasveina voru uppi á lofti í skólahúsinu, en lestrarherbergi og kennslustofur (efri og neðri bekkur) voru niðri, hinar síðar-nefndu í suðurenda hússins.

*Bls. 264.* — LEMURIBUS SACRUM. — Ehr.(?) á 10.—14.

bls. í sama smáhefti og „Sýn“ hér á undan. — „Lemuribus sacrum“, þ. e.: helgað öndum framliðinna, eða því um líkt. — „Hann“ í 3. l. aftast, þ. e. „Geir“, sögupersónan, sem virðist eiga að vera höfundurinn sjálfur. Kynni Jónas að hafa gefið sögupersónunni þetta nafn. En þess er þó vert að geta, að einn af bekkjarbræðrum Jónasar var Geir Jónsson Bachmann. Hann útskrifaðist næsta vor, þ. e. 1827. — Varð prestur, síðast í Miklaholti; d. 1886.

Milli þessara tveggja smásagna í þessu hefti af „Iris“ er lítill sögukafli, sem naumast er eftir Jónas, enda skrifaður með frábrugðinni rithendi, bleki og penna. Hann heitir „Rekumaki“. — Aftast í heftinu, á eftir „Lemuribus sacrum“, er greinarkornið „Dýranna meðhöndlan“, sjá II. b., bls. 203. Virðist það vera eftir Jónas, skrifað með hans hendi, en þó ekki allt eins.

*Bls. 264—265.* — SKEMMUÞJÓFURINN. — Söguna hefir Jónas gert í skóla. — Gamanvísurnar, sem getið er í athgr., eru hér á bls. 154—155. — „Stjarnan“, þ. e. sjöstjarnan; kvöldvakan var miðuð við hana. — „Rekja af“, nefnil. vefjarslöngu af rakgrind. „Sgr.“, þ. e. signor, algengur titill áður, sbr. herra; var hafður um hreppstjóra, umboðsmenn („administratora“) og helztu bændur. — Sbr. e. fr. aths. við bréf Jónasar til Tómasar Sæmundssonar, II. b., bls. 3—5., viðv. nöfnunum á sögupersónunum. E. fr. Bréf Tómasar Sæmundssonar, bls. 48; þar er nafnið á þjófnum „Guðbrandur“.

Skyldi hún ekki vera búin til eftir þessari sögu, sagan um lögregluþjóninn, sem tók höndum mann fyrir óspektir á götunum og sagði síðan við hann: „Bíddu hérna, maður minn, meðan ég sæki handjárnin“ — ?

*Bls. 266.* — BROT ÚR GAMANLEIK. — Ehr. á smáörk (st. 13,5 × 9 cm) í Bmf. 13, fol. Það, sem verið hefir fyrir framan þetta, hefir týnzt, en neðri hluti 3. bls. er auður og öll 4. bls. — Er sennilega skrifað um 1831. — „Séra Bessi“; sbr. vísuna á bls. 164.

*Bls. 266—281.* — GRASAFERÐ. — Frumpr. í Fjölni, IX., 9—24 (1847). Ehr. af þessari sögu og fleira, sem þar er prentað, er nú týnt. — Útgef. hafa búið til nafnið; þeir geta þess nm., að Jónas hafi „ekki sjálfur gefið þessu broti neitt nafn, svo menn viti“. — Þeir hafa kallað þetta „brot“. Ekkert virðist þó vanta, nema ef til vill örlítið aftan-af. — Í 2. útg., bls. XIX, er sagt, að Jónas muni hafa ritað „Grasaferðina“ um 1836. Það er líklega byggt á því, að annað frumsamda kvæðið, sem er hér á bls. 278—279, kom út í Fjölni það ár, II., 28. Sbr. e. fr. aths. við það kvæði og kvæðið „Um hana systur mína“, bls. 331.

Um helluhnoðra (bls. 270, 10. l. o. s. frv.), „blessaðasta gras að drekka af“, sjá Urtagarðsbók Ólafs Ólafssonar, Kh. 1770, bls. 85 („hann leyser slimed fraa briostinu, linar briostervide, eyder gulu, drifur stein, og aa vid þvagstemmu“). Sbr. einnig Maturtabók Eggerts Ólafssonar, Kh. 1774, bls. 87.

Um Eiríks í Vogshúsum (bls. 274, 6. l.) sjá aths. á bls. 380. — Um Björn í Öxl sjá Þjóðsögur Jóns Árnasonar, II., 113—19; um Þorgeirs-bola s. st., I., 348—52; skotturnar s. st., I., 361—76, og Lalla, I., 403—4.

Um kvæðið á bls. 275 og höfund frumkvæðisins sjá bls. 201—203 og aths. á bls. 393. — Um kvæðið á bls. 276—277 sjá aths. á bls. 395. Jónas hefir síðar breytt þessari þýðingu sinni, sbr. kvæðið „Meyjargrát“ á bls. 211—212.

„Sléttu“ (bls. 279, 5. l. a. n.), þ. e. Melrakkasléttu.

Grasaferð hefir verið þýdd á dönsku af Margr. Løbner Jørgensen (Til Fjælds efter Mos, Kh. 1927) og á þýzku af J. C. Poestion (Isl. Dichter d. Neuzeit, bls. 367—79) og Carl Küchler (Moderne Rundschau, Wien, 1891, 5. h.).

*Bls. 281—290.* — SALTHÓLMSFERÐ. — Ehr. í K. G. 31 b VI., sem er smáhefti (st. 14,2 × 8,6 cm), með 10 blöðum í, skrifað með bleki, nema 4½ bls. aftast, sem eru með blýanti, en skýrar, nema aftasta bls., hún er mjög máð og óljós aflestrar. Fremsta bls. er einnig mjög gölluð.

Prentuð áður í Eimr., 3. ár, 1897, bls. 81—87, útg. af dr. Finni Jónssyni, prófessor; hefir hann sett þar nokkrar skýringar og aths. aftan-við, sem teknar verða upp hér flestar.

Þessi ferðasaga er gáskafull gamansaga, „eins og hver maður getur séð“. — Rit H. C. Andersens, „Fodrejse fra Holmens Canal til Østpynten af Amager i Aarene 1828 og 1829“, sem hann gaf út á nýjársdag 1829, kann að hafa átt nokkurn þátt í, að Jónas skrifaði þessa ferðasögu, þótt það sé raunar annars eðlis. — Jónas hefir gengið að gamni sínu til nokkurra smábæja og annara staða skammt fyrir norðan Höfn 26.—29. Júlí 1836 og farið alla leið norður í Gribskov („Gripskóg“), en Salthólmur er í annari átt; hann er úti í Eyrarsundi, skammt fyrir austan eyna Amakur.

Fyrirsögnin er í ehr., og ávarpið, eins og hér er sett með smáletri fyrir neðan „Salthólmsferð“, en það nafn hefir Jónas haft á þessu jafnframt; á bls. 19 í skrifbókinni K. G. 31 b V, en sú bls. er að öðru leyti auð, hefir hann skrifað efst orðin „Úr Salthólmsferð“; hefir hann ætlað að skrifa þar erindi úr þessari ferðasögu. Í Fjölni, IX., 6, er þetta einnig nefnt (af Konráði) því nafni („Salthólmsferð, sem er dagbókar-brot“) og

sömul. í 1. útg., bls. 200, í fyrirsögn fyrir 2 er. úr þessari ritsmíð („Úr Salthólmsferð, — dálítilli óprentaðri ferðasögu eftir Jónas", stendur nm.).

„Hveney" (bls. 281, 3. l. a. n.) er Hveðn; óvíst er, við hvaða ferð er átt. — „Lindberg" (bls. 282, 5. l.), þ. e. J. C. Lindberg, danskur guðfræðingur (d. 1857); var embættislaus um þessar mundir og mun þá hafa prédikað í einhverju samkomuhúsi utanvið borgina; fyllti flokk þeirra Grundtvigs-sinna. — „Hvur" (6. l.); svo skrifar Jónas oft, eftir framburði, enda gerði Sveinbjörn Egilsson það o. fl., og er þessari mynd haldið hér. — „Hvur em eg, að eg líki mér við" (í sömu l. og einnig neðst), orðatiltæki úr Biblíunni. — „Hindenburg" (12. l.), þ. e. G. D. Hindenburg, bóksali; hann gaf út þetta sama ár „Haandbog for Fodgængere" og er vitnað í þá bók hér og neðst á bls.; það ráð, sem þar er gefið, kvað vera á bls. 26 í bókinni. — „Táralækur" (bls. 283, 1. l.) er Taarbæk, smáþorp á ströndinni við Eyrarsund, litlu norðar en Klampenborg. — Jónas á hér við gististaðinn einkum, Taarbæk-Kro, sem er til enn. — „Bagge á Bellevue" (11. l.), óþekktur, en Bellevue er rétt hjá Klampenborg, gistihús, nær Höfn en Taarbæk er. — „Markús guðspjallamann" (bls. 283, l. 12—13); óvíst, hvað Jónas á við, ef til vill einhvern mann, sem honum þótti svipaður einhverri mynd af Markúsi guðspjallamanni. — „Strandmyllu" (17. l.), þ. e. Strandmølle, 2—3 km. fyrir norðan Taarbæk; pappírsmylla. Þar er nú lítið húsaþorp. — „Ólafur" (23. l.), sbr. „Láfa" í 4. l. vísunnar, þ. e. Ólafur Johnsen (Einarsson), sbr. bls. 285; — síðar prófastur. — Þórður Daníelsson (28. l.) var vélameistari í Strandmyllu. Hann var bróðir Þorsteins á Skipalóni. „Þórður var dugnaðarmaður og gjörvulegur ásýndum" (Páll Melsted). Ólafur Johnsen hefir sennilega verið hjá honum þetta sumar. — „Vedbekk" (bls. 284, 2. l.), þ. e. Vedbæk, nokkru norðar en Strandmylla, um 7 km. frá Taarbæk. — „Fuglehave-gaard" (6. l.), réttara Folehave(-gaard), nokkru norðar en Vedbæk (um 2½ km.). — „Hirschholm" (8. l.) kallast nú Hørsholm; smábær, um 3 km. frá sjó og um 5 km. norðar en Vedbæk. — „Gribbskógur" (1. er., 1. l.), Gribskov; stór skógur á Norður-Sjálandi, vestan-við Esrom-Sø, um 15—20 km. fyrir norðan Hørsholm. Erindið um hann er í 1.—(3.) útg., en dálítið öðruvísi (breytt af útgeföndunum?):

Gekk eg í Gripskógi, þá var dauflegt,
gola þaut í laufi, er dagskvöldi á
flaug örn yfir, þutu vargar
ormur skreið í mosa; und viðarrótum.

„örn flýgur yfir“, sbr. Völuspá, 59. er., 5. l. — „Friðriksborg“ (bls. 285, 1. l.), hin fagra konungshöll, er nokkru fyrir sunnan Gribskov; bærinn Hillerød er þar hjá. — „Ulriksen“ gestgjafi (5. l.) og „Bekker“ leikhússtjóri (6. l.) óþekktir danir í Friðriksborg (Hillerød); sömul. sjónleikurinn „Kotzebues Mord“, — sem hefir verið um hinn þýzka rithöfund Aug. Friedr. Ferd. v. Kotzebue, er var myrtur, eða réttara sagt veginn, á götu í Mannheim 23. Marz 1819. — „tigris aspera Gætulusve leo“ (18.—19. l.), grimmt tigrisdýr eða getúlskt ljón; tekið úr kvæði eftir Horatius, 23. kv. í I. bók. — „Ólafur“ — „Johnsen“ (20.—25. l.), sá sem getið er á bls. 283 (sbr. aths.). — „Múrmeistarinn (23. l.), óþekktur. — „Afmors“ (í 4. l. í er.), gamall rímnaskálda-ritháttur f. Amors. — „jómfrú Lichtenstein“ (bls. 286, 3. l.), stúlka hjá Ulriksen gestgjafa (= „falleg stelpa“, bls. 285, 9.—10. l.); óþekkt. — „Sólin upprunnin er“ o. s. frv., upphaf á gömlum sálmi, sem heitir „Morgunsöngur á föstudögum“; hann er í sálmabókinni frá 1751 á bls. 739—42; þýðing á dönskum morgunsálmi: „Nu rinder Solen op — af Østerlide, — forgylder Klippens Top — og Bjergets Side“; o. s. frv. Nokkur erindi af honum eru enn í dönsku sálmabókinni (nr. 58); hann er eftir Thomas Kingo. — „Baksverði“ (9. l.), þ. e. Bagsværd, sem er þorp eitt, nokkru fyrir sunnan Furesø, um 9 km. frá sjó, fyrir norðan Höfn. Mun vera um 30 km. gangur þangað frá Friðriksborg, þá leið, sem Jónas hefir farið, sbr. framh. — „Povelsen“ (6. l. að neðan), líklega sami maður og Paulsen skógarfógeti, sem nefndur er í 4. l. a. n.; ókunnugur, en hefir líklega verið umsjónarmaður yfir „Frederiksborg Dyrehave“ (4. l. a. n.); sá skógur og „Prestevangen“ eru skammt fyrir suðvestan Friðriksborg. — Lillerød og Lynge (3. l. a. n.) eru fyrir sunnan Friðriksborg (Hillerød); það mun vera um 7½ km. til Lillerød og þaðan um 5½ km. til Lynge, sem er vestar, inni í miðju landi. — „Madame Andersen“ er ókunn að öðru leyti. — „Slotsforvaltarann“ (bls. 287, 1.—2. l.), nefnil. í Friðriksborg. — „Christjana með óyndið“ og „Forstaad Lund“ ókunn (bls. 287, 2.—3. l.). — „Þorkelsskógur“ er Terkelskov, milli Lynge og Farum (4. l.). — „hvurt“ (7. l.), f. hvort, svo í ehr., eftir framburði; kemur víðar fyrir og er látið halda sér þar. — „Forchhammer“ (7. l.) er jarðfræðingurinn Johan Georg F., prófessor (f. 1794, d. 1865), kennari Jónasar. — „Farum-kró“ (8. l.), í þorpinu Farum, norðan-við Farum-Sø, fyrir vestan Furesø. — „Skógurinn prestsins“ (10. l.), nefnil. í Farum; þar er kirkja og prestssetur. — „Nørskógur“ (1. er., 1. l.), þ. e. Nørre-Skov, vestan-við Furesø. — „Hárskógur“ (2. er., 1. l.), er Hareskov, sunnan-við Furesø, skammt fyrir norð-vestan

Bagsværd. — Erindið er prentað áður í 1.(—3.) útg. — „Magnús Hákonarson“ (bls. 288, 5. l.), síðast prestur að Stað í Steingrímsfirði. — „Sörensen“ (8. l.), óþekktur. — „Schäffer“ (í 9. l. í er.), sama sem „fjárkona“ (í 1.—2. l.), sem er eins konar útlegging af nafninu; „madama Schäffer“ hefir haft veitingatjald í „Dyrehaven“, sbr. næstu bls. — Jónas hefir gist tjaldbúð hennar aftur síðar; í vasakveri hans frá 1840 er í spjaldhylkinu bréf til hennar, sem hún hefir þó aldrei fengið; það er svona:

Kære Madam Schäffer!

Jeg kender godt Deres Ærende og kan lige saa godt gøre Dem min Undskyldning skriftlig som mundtlig. Men De kender mig ikke endnu, ti ellers maatte De vide, jeg havde opsøgt Dem i Skoven af mig selv.

Mine Penge af Rentekammeret er endnu ikke komne og imidlertid har jeg ingenting selv. Et Besøg, som jeg ikke kan afvise og som paa den anden Side ikke tillader mig at modtage andre saalænge, gør mig umuligt at tale med Dem personlig. Men det skal ske snart, og som jeg haaber til alle Parters Tilfredshed.

Khvn. 7/7 43. Deres

*J. Hallgrímsson.*

Madama Schäffer fékk sitt; í skilagrein, sem Brynjólfur Pétursson gerði Jónasi í bréfi, dags. 13. Jan. næsta ár, segir hann: „Mad. Schäfer afhent í konvolúti 6 rd.“.

Staðirnir, sem nefndir eru neðst á bls. 288, eru fyrir norðan og norð-austan Bagsværd; Frederiksdal er norður-við Furesø, en Lyngby, Jægersborg og Ordrup eru í stefnu þaðan út að Eyrarsundi, dálítið suður á við. — „Nielsen“ (bls. 289, 8. l.) þekkist ekki frekar. — „Ari“ (9. l.), sem virðist hafa átt að gæta tjalds Nielsens, mun vera Ari Arason frá Flugumýri; hann „lá í tjaldi í Dyrehaven og hafði þar jafnvel einhverjar veitingar“ (Páll Melsted). — „í nótti var“ (8. l.), alþýðlegt orðatiltæki, fyrir „í nótt, að var“. — Kvæðið á bls. 289 er á öftustu bls. handritsins. Það hefir verið borið lengi í vasa og nuddast á það gat, og skriftin máðst öll. Hér virðist hafa verið þessi 3 erindi, en 6. l. af 2. er. hefir aldrei verið skrifuð á sínum stað og engin eyða er þar fyrir hana; hún hefir gleymzt, en hún virðist hafa verið skrifuð fyrir neðan síðasta er., að því, er helzt verður ráðið. Innan hornklofa eru sett eftir ágizkun þau orð, sem ekki verða lesin. — Fyrsta orðið sést óljóst, og tekst, ef til vill, síðar að lesa það rétt. Sömuleiðis 2 línur neðst á bls. — Þær 3 línur, sem eru á bls. 290 hér, eru skrifaðar langsum við

hliðina á erindunum, milli þeirra og kjalarins. — Á eftir orðinu „klukkan“ er lítil eyða í ehr.

*Bls. 290—296.* — HREIÐARS-HÓLL. — Frumpr. í Fjölni, IX., 28—31 (1847). Þetta eru 2 brot, upphaf sögunnar og mikill hluti sendibréfs, sem hefir átt að skjóta inn í hana. Ehr. er glatað, og verður nú ekki séð, hvort aths. nm. á bls. 290 er eftir höfundinn eða útgefendurna. — Bls. 291, 2. l.: „eftirtektarverðir“, frumpr. „eftirtektaverðir“. — L. 10 o. frv.: Stjórnarráðsbréfin um friðun fornminja hér á landi voru gefin út 19. Apr. 1817. — L. 27: „klaklaust“, frumpr. „klakklaust“, eins og oft er sagt. — Bls. 292, 14. l.: „vor“, frumpr. „vorar“. — 2. l. a. n.: „l. s. g.“, þ. e. „lof sé guði“; algeng skammstöfun í sendibréfum, og raunar þessi setning öll. — Bls. 293, 2.—3. l.: „ef kaupmaðurinn tekur hana af mér“, nefnil. til sendingar til Hafnar, — til Jónasar, sem bréfið á að vera skrifað. — 6.—7. l.: „betur rita krummaklær“; úr vísu séra Jóns Þorlákssonar á Bægisá um skrift fóstursonar hans, Jóns Sigurðssonar (Bægisár-kálfs), í Ljóðabók hans, síðari deild, bls. 400; 5. l. er þar svo: „betur skrifa krummaklær“. — Bls. 294, 4. l.: „settumst“, frumpr. „settustum“, eins og sagt er í daglegu tali. — Bls. 295, 3. l.: „horgreip“, svo frumpr.; „harðgreip“ heitir efsti hálsliðurinn, og mun hér átt við hann.

*Bls. 296—297.* — KLAUFLAXINN. — Frumpr. í Fjölni, IX., 35 (1847). — Í fornum sið var bannað hér á landi að eta kjöt á föstunni; mátti jafnvel ekki nefna það þá á nafn, heldur kalla það „klauflax“. Var þetta nefnt „að sitja í föstunni“, og hélzt langt fram yfir siðaskipti. Segja þeir Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson í ferðabók sinni (bls. 25), að í Kjósarsýslu sé ekki skammtað hangið kjöt frá því á sprengikvöld og til páska, né nefnt kjöt; að vísu sé þetta í gamni, og reyni sumir að fá aðra til að brjóta þessa reglu, svo að þeir missi af páskakjötinu, en það lá við, ef út af var brugðið. — Margir munu einnig hafa trúað því með sjálfum sér, að það væri synd að nefna kjöt á föstunni. Segir Jón Árnason það í þjóðsögum sínum, II., 574, að almæli sé, „að þeir, sem vildu „sitja í föstunni“, en varð þó á, að gá ekki að sér“, hafi grátið beisklega þá yfirsjón sína. Bendir hann á þessa sögu Jónasar í því sambandi og prentar hana upp. — Þessi siður hélzt enn við í tíð Jónasar og líklega fram um miðja síðustu öld sums staðar. Var þetta eins konar leikur, því að menn leituðust við að fá hver annan til að nefna kjöt, — og flot, sem ekki mátti nefna heldur; það var kallað afrás. — Sbr. e. fr. frásögn í almanaki Þjóðvinafélagsins 1929, bls. (96)—(97).

*Bls. 297—298.* — AÐ TYGGJA UPP Á DÖNSKU. — Frumpr. í Fjölni, IX., 36—37 (1847). — Um Hjörleif sterka, Árnason, sjá Þjóðsögur Jóns Árnasonar, II. b., bls. 152—58. Þar er sagt frá því, að Hjörleifur hafi eitt sinn borið stóra eikarkistu með 72 fjórðungum af járni í, og bent á það nm., að Jónas ýki ekki í þessari sögu. — Sbr. e. fr. Endurminn. Páls Melsteds, bls. 101, Ísl. sagnaþ., I., bls. 97—121, og Þjóðsögur Sigf. Sigfússonar, X. b., bls. 86 o. frv., einkum bls. 100. — Þessi saga var þýdd á norsku, líklega af Ólafi Felixsyni („Heimhug", 1898). — Eftir tilvísun drs. Halldórs Hermannssonar, prófessors.

*Bls. 298—302.* — STÚLKAN Í TURNINUM. — Frumpr. í Fjölni, IX., 48—51 (1847). — Þýzk útlegging af þessari smásögu er til, eftir J. C. Poestion (Isl. Dichter d. Neuzeit, bls. 379—82) og önnur dönsk, eftir J. R. Zerlang (Ill. Tidende, Juni 1897; eftir tilvísun dr. Halldórs Hermannssonar, prófessors).

*Bls. 302—305.* — FÍFILL OG HUNANGSFLUGA. — Frumpr. í Fjölni, IX., 25—27 (1847). — J. C. Poestion lagði þessa sögu út á þýzku (Isl. Dichter d. Neuzeit, bls. 382—84).

*Bls. 305—307.* — FUNDURINN. — Frumpr. í Fjölni, IX., 42—44 (1847). — Dr. theol. Joh. Peter Hebel var þýzkur rithöfundur og skáld, f. 1760, d. 1826. — Falún er mikill eirnámabær í Dölum í Svíaríki. — Um atburði þessa, námuhrunið í Falúnum, þegar maðurinn fórst þar, og endurfund líks hans, sem fornvina hans þekkti, lifir enn sögn þar í bænum. Er sagt, að maðurinn hafi heitið Mats, kallaður Fet-Mats, og verið Israelsson, en stúlkan verið dóttir Jónasar Pehrsonar, er var einn af þeim, sem áttu hluta í námunni (Falu gruva). — Sbr. Lesbók Morgunblaðsins, III., 48. tbl. — Eftir sögunni á maðurinn að hafa farizt 1759 og fundizt aftur 1809, en jarðskjálftinn í Lissabon varð 1. Nóv. 1755, og næsta ár hófst sjö ára stríðið. — Í námunni (námnum) hafa oft orðið hrun; eitt hið stórkostlegasta árið 1687, en óvíst er, hvaða ár það hrun varð, sem hér er um að ræða.

Lusíumessa (3.—4. l. í sögunni) er 13. Des. — Málmnemarnir eru kallaðir járnnemar, en í Falu-námu er ekki járnnám, heldur er þar unnið einkum gull og silfur, auk eirs. — Bls. 306, 3. l. a. n., „sín", frumpr. „sinnar".

*Bls. 307—311.* — LEGGUR OG SKEL. — Frumpr. í Fjölni, IX., 54—57 (1847). Þar er sett þessi aths. nm.: „Sb. Kjærestefolkene í Nye Eventyr af H. C. Andersen, Kjöbenhavn 1844". — Um hann sjá aths. á bls. 406. Álitið er, að hann hafi ritað það æfintýri síðla sumars árið áður. — Árið 1830 varð hann mjög ástfanginn af stúlku (sem hét Riborg Voigt), en hún giftist þá

öðrum. En 9. Júlí 1843 sá hann hana loks aftur af hendingu (ásamt manni hennar og börnum). — Getur verið, að Jónasi hafi fundizt sem eitthvað svipað hefði komið fyrir hann sjálfan, og að það hafi þá orðið til að ýta undir hann að þýða þetta æfintýri.

*Bls. 311—313.* — MARÍUBARNIÐ. — Frumpr. í Fjölni, IX., 45—47 (1847. Þar er þessi aths. nm.: „Sama sagan stendur lengri í Nýársgjöf hana börnum, frá Jóhanni Halldórssyni, 1841, á 44. bls.“. — Hún er úr „Hausmärchen“ þeirra bræðra Jakobs og Wilhelm Grimm, er lengri, en Jónas hefir ekki þýtt hana alla.

*MATTHÍAS ÞÓRÐARSON.*

# EFNISYFIRLIT.


Bls.

**Ort heima 1826—32.**

Batteriski syndarinn .. 5— 7
Ad matrem orbatam .. 7— 8
Til Keysers ..... 8
In aquilonem nocturnum ..... 9
Að bón Jóhanns Árnasonar ..... 9
Skraddara-þankar um kaupmanninn ..... 10— 11
Ad amicum ..... 11— 18
Kvölddrykkjan ..... 18— 20
Occidente sole ..... 20— 21
Sumardagsmorguninn fyrsta ..... 21— 22
Undir annars nafni ... 22— 23
Ferðalok ..... 23— 25
Galdraveiðin ..... 26
Möðruvalla-steinhús .. 27
Nótt og morgunn .... 28— 29
Við burtför stiftamtmanns Hoppe ..... 29— 31
La belle ..... 31— 32
Söknuður ..... 32— 33
Við dauða frú Guðrúnar Stephensen ... 33— 35
Ritað í minningabók N. K. ..... 35— 36

**Ort erlendis (og heima) 1832—39.**

Í spánska sjónum .... 39— 40
Ísland ..... 40— 42
Vísur Íslendinga ..... 42— 44
Um hana systur mína 44
Heiðlóar-kvæði ..... 45
Saknaðar-ljóð ..... 45— 48
Móðurást ..... 49— 50
Gunnarshólmi ..... 50— 53

Bls.

Jónas Tómasson ..... 53— 54
Kveðja Íslendinga til Alb. Thorv. ..... 54— 57
Til herra Páls Gaimard 57— 59
Íslands-minni ..... 59
Kveðja Íslendinga til séra Þorg. Guðm. .. 59— 61

**Ort heima 1839—42.**

Víti ..... 65
Fremri-námar ..... 65— 66
Þökk Íslendinga til Alb. Thorv. ..... 66— 69
Sólseturs-ljóð ..... 69— 74
Magnúsar-kviða ..... 74— 79
Alþing hið nýja. (1840) 79— 81
Hulduljóð ..... 82— 88
Heima ..... 88— 89
Eftir Tómas Sæmundsson ..... 89— 91
Viðbót ..... 92
Fjallið Skjaldbreiður . 93— 95
Aldarháttur ..... 96
Á gömlu leiði ..... 96— 97
Bjarni Thorarensen ... 97— 98
Séra Stefán Pálsson .. 98—100
Við jarðarför Jóns Sighvatssonar ..... 100—102
Séra Þorsteinn Helgason ..... 102—104
Guðm. kaupm. Guðmundsson ..... 104—105
Ásta ..... 106
Óhræsið ..... 106—108
Grátittlingurinn ..... 108—111
Andvökusálmur ..... 111—112
Á sumardagsmorguninn fyrsta ..... 112—113
Til Finns Magnússonar 113

Bls.

**Ort erlendis eftir 1842.**

Annað kvæði um alþing. (1843) ..... 117—118
Kveðja til Uppsala-fundarins 1843 ..... 118—120
Úti í Vestmanneyjum . 120—121
Annes og eyjar ..... 122—128
1. Ólafsvíkurenni .. 122
2. Hornbjarg ..... 122—123
3. Drangey ..... 123
4. Kolbeinsey ..... 123—124
5. Máney ..... 124
6. Skrúðurinn ..... 124—125
7. Suðursveit ..... 125
8. Réttarvatn ..... 125—126
9. Hestklettur ..... 126
10. Arnarfellsjökull . 126—127
11. Sogið ..... 127
12. Tómasarhagi .... 127—128
Einbúinn ..... 128
Móðurmissir ..... 128—129
Eftir Maren Havsteen . 129
Til móður minnar .... 129—130
Dalvísa ..... 130—131
Sláttuvísa ..... 131—132
Alsnjóa ..... 132—133
Ég bið að heilsa .... 133
Til Gísla Thorarensens 134
Hví skyldi ég ei vikna við ..... 134—135
Formannsvísur ..... 135—139
I. Framróður ..... 135—136
II. Seta ..... 137—138
III. Uppsigling ..... 138—139
Ég ætlaði mér að yrkja — ..... 139—140
Ó, þú jörð — ..... 140—141
Stökur ..... 141
Sólhvörf ..... 142
Jólavísa ..... 142
Á nýjársdag. (1845) .. 142—143
Að vaði liggur leiðin — 143
Vorvísa ..... 143—146
Líkur sínum ..... 146
Helvíti ..... 146—147
Leiðarljóð ..... 147—149

**Gamanvísur.**

Fyrstu vísurnar ..... 153
1. Ég á þessi föt .... 153
2. Mál er í fjósið .. 153

Bls.

Dalabóndinn í óþurknum ..... 153
Skólaglettur ..... 154—155
Um Benedikt Schevving ..... 154
Cura til Magnúsar fraters ..... 154
Til Búa Jónssonar .. 154
Hjörleifs reiði — .. 154—155
Um stúlku, sem reið með skugghatt .... 155
Sníkjudallurinn ..... 155
Staka ..... 156
Læknirinn ..... 156
Marsvínareksturinn ... 156—157
Skipkoma ..... 157
Óskaráð ..... 157—158
Til Brynjólfs Péturssonar ..... 158—160
Kveifar ..... 160
Niðurlagsorð úr bréfi 160
Verzlunarólagið ..... 160—161
Afmælisvísur til Brynj. Péturssonar ..... 161
Borðsálmur ..... 162—164
Séra Bessi ..... 164
Bósi ..... 165
Sunnan-pósturinn .... 165
Hallgrímur veslingur . 165—166
Fingurbjörgin ..... 166
Bágindi ..... 166—167
Sparnaður ..... 167
Valdi ..... 167
Málsvörn ..... 168
Um Mosfellinga ..... 168
Skáldið mitt — ..... 168
Rímna-stælingar ..... 168—170
1. Meyjar-hjarta .... 168—169
2. Hárið ..... 169—170
Rímnaerindi ..... 170
Nýhenda ..... 170
Þorkell þunni ..... 170—172
Tíkar-Mangi ..... 172—173
Litla Dóra ..... 173
Veðurvísur ..... 173—174
1. Hart vor ..... 173
2. Vornæðingur .... 173
3. Sunnanvindur .... 173—174
4. Sumarhret ..... 174
5. Molla ..... 174
6. Niðaþoka ..... 174
7. Rigning ..... 174
8. Útsynningur ..... 174

Bls.

Robb og Grímur ..... 175
Skrælingja-grátur .... 176—177
Kaupfararskál ... .... 177—178
Ólund 2 og Ólund 3 og 15 eru nú ..... 178
Gamanvísur til Brynj. Péturssonar ..... 179
I. Alsherjargoðinn . 179
II. Um það, hvernig alsherjargoðinn skrifar á móti þér á 20 örkum .... 179
Til Gísla ..... 179—181
Hugnun ..... 181—182
Gamanvísur til Halldórs Kr. Friðrikssonar .. 182—183
Ein velmeint bænaráminning ..... 183—184

**Brot.**

Iðrunarvísur ..... 187
Ólán! ..... 187—188
Grenið ..... 188—189
Augun þín ..... 189—190
Úr kvæði um víkingaferðir ..... 190
Í Öxnadal ..... 191

**Þýðingar.**

Upphafið af „Carricthura“ ..... 195—196
Physica necessitas .... 196—197
Kvæði eftir Horatius . 197—199
I. Cur me querelis etc. 197—198
Quis multa gracilis .. 198—199
Lofsöngur. Eftir Claus Frimann ..... 200—201
Í kirkjugarðinum. Úr „Aladdin“. Eftir Adam Oehlenschläger . 201—203
Kvæði eftir Schiller .. 203—215
I. Dagrúnar-harmur 203—211
II. Meyjar-grátur .. 211—212
III. Alheims-víðáttan 212—215
Kvæði eftir Joseph Addison ..... 215—216
Úr leikritinu „Carl den Femtes Død“. Eftir Carsten Hauch ..... 216—218

Bls.

Smákvæði eftir Heine . 218—228
I. Ómur alfagur .. 218—219
II. Berst mér þá hjarta — ..... 219
III. Álfareiðin ..... 219—220
IV. Næturkyrð ..... 220
V. Strandsetan ..... 221
VI. Márinn forvitni . 221
VII. Hispursmey ..... 222
VIII. Fegin í fangi mínu 222
IX. Vorvísur ..... 223
X. Lán, er vilt ei láta mér — .... 223
XI. Hlegið var og sungið — ..... 223—224
XII. Strit ..... 225
XIII. Sæunn hafkona . 225—228
Illur lækur! ..... 228—229
Ég vil kyssa! Eftir A. v. Chamisso ..... 229—230
Nihilismi. Eftir L. A. Feuerbach ..... 231
Upphafið af „Abels Død“. Eftir Fr. Paludan-Müller ..... 232—233
Arngerðar-ljóð. Eftir P. L. Møller ..... 233—235

**Á dönsku.**

Den 19. Juni 1829 .... 239
Ved en Fest i Reikevig 239—241
Julesang for Børn .... 241—243
Impromtu paa Bal .... 243
Serenade ..... 243—245
Den 16. Martii 1831 .. 245—246
Solhverv ..... 246—247
Til lille Marie Maack .. 248—249
Den 28. Juni 1840 .... 249—250
Kongens Minde ..... 250—251
Peter Andreas Maack . 251—252
Ved Efterretningen om Mag. S. Drejers Død 252
Mathias, min unga Taler — ..... 253—256
Efter Assemblèen .... 256
Gravsang ..... 257
Blomsterkampen i Sorø 257—258
Dæmringen er velgørende ..... 259
Tak for „Snedronningen“ ..... 259

| | Bls. |
|---|---|
| **Smásögur o. fl.** | |
| Sýn | 263 |
| Lemuribus sacrum | 264 |
| Skemmuþjófurinn | 264—265 |
| Brot úr gamanleik | 266 |
| Grasaferð | 266—281 |
| Salthólmsferð | 281—290 |
| Hreiðars-höll | 290—296 |
| Klauflaxinn | 296—297 |
| Að tyggja upp á dönsku | 297—298 |
| Stúlkan í turninum | 298—302 |
| Fífill og hunangsfluga | 302—305 |
| Fundurinn. Eftir J. P. Hebel | 305—307 |
| Leggur og skel. Eftir H. C. Andersen | 307—311 |
| Maríubarnið. (Úr þjóðversku). | 311—313 |

# UPPHÖF LJÓÐMÆLANNA.


| | Bls. |
|---|---|
| Að utan og sunnan og austan eg spyr | 177 |
| Að vaði liggur leiðin | 143 |
| Af Vejen, høviske Piger og Mænd | 257 |
| Aldrei sá eg mjórri mann | 179 |
| Allt hef ég af öfum mínum | 146 |
| Austast fyrir öllu landi | 124 |
| Á ég mér kvæða efni mörg | 166 |
| Ár var alda | 11 |
| Ástarstjörnu yfir Hraundranga | 23 |
| Ástkæra, ylhýra málið | 106 |
| Bar mig á brenndum auri | 65 |
| Báglega tókst með alþing enn | 176 |
| Benedikt Scheving skæður | 154 |
| Bessi á sér berhross | 164 |
| Bíum, bíum, barnið góða! | 201 |
| Blåa vegu | 33 |
| Bóndinn situr á bæjarstétt | 168 |
| Bósi! geltu, Bósi minn! | 165 |
| Bræður munu berjast | 118 |
| Bræðurnir sigldu báðir | 123 |
| Buxur, vesti, brók og skó | 153 |
| Búðaloka úti ein | 174 |
| Byr um gráð þig beri | 147 |
| Dagens Herre, stolt og skøn | 246 |
| „Dáinn, horfinn!“ — Harmafregn | 89 |
| Der sad en Fugl bag Skyens Ryg | 259 |
| Det var sig engang en gammel Mænd | 250 |
| Dóri, litli, dreptu yður | 182 |
| Drottinn gaf og hann drottinn tók | 117 |
| Du lille Flok i fjerne Nord | 249 |
| Dunar í trjálundi, dimm þjóta ský | 211 |
| Dýrðlegt er að sjá | 100 |
| Dæmringen er velgørende for Øjnene | 259 |
| Dönum verður hér allt að ís | 160 |
| Efnið fór, en andinn þraut | 160 |
| Efst á Arnarvatns-hæðum | 125 |
| Eg á bágt | 187 |
| Eg er kominn upp á það | 167 |
| Eg er sá geisli | 212 |
| Eg ætlaði mér að yrkja | 139 |
| Eilífur guð mig ali | 142 |
| Eilífur snjór í augu mín | 132 |
| Einatt hefi eg átt við skarn | 160 |
| Ein er upp til fjalla | 106 |
| Ein situr úti | 66 |
| Enginn grætur íslending | 141 |
| Ensom, halvset af Himlens Sol | 239 |
| Er hann að syngja enn sem fyr | 170 |
| Ég með göldrum get að sjá | 158 |
| Ég skal kenna þér að þjóna | 157 |
| Ég uni mér ekki úti í Máney | 124 |
| Ég veit það eitt, að enginn átti | 129 |
| Fagurljósa lokka safni | 169 |
| Fanna skautar faldi háum | 93 |
| Fegin í fangi mínu | 222 |
| Feikna þvaður fram hann bar | 168 |
| Fellur vel á velli | 131 |
| Festingin víða, hrein og há | 215 |
| Festlige, favre Dage | 241 |
| Fífilbrekka! gróin grund! | 130 |
| Flýttu fjalla yfir brún | 21 |
| Friðar biðjum Þorkeli þunna | 170 |
| Fundanna skært í ljós burt leið | 96 |
| Fýkur yfir hæðir og frostkaldan mel | 49 |
| Fædd er eg þar sem fjallatindur | 233 |

| | Bls. |
|---|---|
| Ganga gullfætt | 220 |
| Gelur nú gleði | 18 |
| Gleðji þig guðs-stjörnur | 113 |
| Hafaldan háa! | 135 |
| Halli vesli, heyrðu mér | 165 |
| Hans undir rætur | 92 |
| Heyri eg kirkju | 203 |
| Hér liggja sofin | 9 |
| Hér er ótækt heima að sníkja | 155 |
| Hér sé friður! Með heilsu þín | 156 |
| Hingað gekk hetjan unga | 96 |
| Hispursmey stóð við ströndu | 222 |
| Hjörleifs reiði ríður mér á slig | 154 |
| Hlegið var og sungið | 223 |
| Horfin er enn | 53 |
| Hóglega, hæglega | 69 |
| Hóla bítur hörku-bál | 173 |
| Hraparlegt ólán, að á hvíta-sunnu | 187 |
| Hundskinns-bjálfa-herðari | 179 |
| Husker du Vaaren i al dens Pragt | 248 |
| Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur? | 42 |
| Hvað mun það undra? | 26 |
| Hvarma skúrir harmurinn sári | 102 |
| Hver er hinn ungi? | 198 |
| Hver er þar? Einn, sem þig engu varðar! | 216 |
| Hvi saa mørk, o Himmel, hvorfor græde? | 239 |
| Hví grátið þér? | 7 |
| Hví með sárum þú? | 197 |
| Hví skyldi ég ei vikna við? | 134 |
| Hví svo þrúðgu þú? | 153 |
| Hvítur í lofti ljúfu | 221 |
| Hví und úfnum? | 22 |
| Hví viltu andsvala? | 39 |
| Hvort ertu hniginn? | 195 |
| Hæð veit eg standa | 5 |
| Hörðum höndum | 79 |
| Í höfum norður | 54 |
| Ísland! farsælda-frón | 40 |
| Íslendingurinn ætla ég sé | 160 |
| Ja, vidste min Moder, hvor mangefold | 256 |
| Jólum mínum uni ég enn | 142 |
| Komið er að dyrum | 188 |

| | Bls. |
|---|---|
| Kærðu þig ekki neitt um neitt | 189 |
| Lán, er vilt ei láta mér | 223 |
| Leiði minnar móður | 128 |
| Leiður er mér sjávar sorti | 104 |
| Litla Dóra, litla Dóra! | 173 |
| Líti ég um loftin blá | 200 |
| Ljúfi! gef mér lítinn koss | 229 |
| Man eg þig, mey | 32 |
| Mardöll á miði | 137 |
| Mathias, min unge Taler | 253 |
| Má-at inn megin-máttki guð | 196 |
| Mál er í fjósið! Finnst mér langt | 153 |
| Márinn, hann vita vildi hvað | 221 |
| Meðan Hestklettur heldur | 126 |
| Mér er glatt í geðinu mínu, góðkunningi | 158 |
| Mér finnst það vera fólsku-gys | 146 |
| Missum ei það mikla happ | 156 |
| Mín er meyjan væna | 31 |
| Móðir og faðir | 98 |
| Naar Gravens Lynglimt om vor Isse blinke | 251 |
| Naha, naha! | 176 |
| Nautgæfa fóðurgrasið grær | 181 |
| Nú andar suðrið sæla vind-um þýðum | 133 |
| Nú er sumar í Köldukinn | 174 |
| Nú er vetur úr bæ | 59 |
| Nú fór illa, móðir mín! | 228 |
| Ó, að þeir fjötrar aftur brystu! | 234 |
| Ó, mikli guð! | 231 |
| Ómur alfagur | 218 |
| Ó, þú jörð, sem er | 140 |
| Pósturinn er sáladur Sunn-an- | 165 |
| Reið ég yfir bárubreið | 65 |
| Reisum tré, svo renni að ósi | 138 |
| Ríðum við fram um flæði | 122 |
| Röðull brosti, rann að nætur-hvílu | 28 |
| Saa glæd dig ved din Himmelblomst, o Ven | 252 |
| Sáuð þið hana systur mína | 44 |
| Seg oss lengur sögu | 190 |
| Selur sefur á steini | 121 |
| Sem þá á vori sunna hlý | 129 |
| Sérattu Snæfells? | 35 |
| Sér ei skáldið skip á öldu? | 157 |

Bls.

Skáld er eg ei, en huldukonan kallar ..... 82
Skáldið mitt var skjótt í leik ..... 168
Skeifi skollafótur ..... 154
Skein yfir landið sól á sumarvegi ..... 50
Skjambi meður skolla-nef .. 156
Skjótt hefir sól brugðið sumri ..... 97
Skuggabaldur úti einn .... 174
Skønne Pige ..... 243
Smámey, fegursta bæjarblóm ..... 179
Smávinir fagrir, foldar skart 85
Snemma lóan litla í ..... 45
Sól rís sæl ..... 225
Stjóri sökk að sjávargrunnum ..... 137
Stóð ég úti í tunglsljósi .. 219
Suður fórumk um ver .... 88
Suður-sveit er þó betri .... 125
Sunnanvindur sólu frá .... 173
Svalt er enn á seltu ..... 135
Svarblá alda sogar mig ... 178
Svei þér, andvakan arga! .. 111
Svo rís um aldir árið hvert um sig ..... 142
Til dig, o elskelige! ..... 259
Tinda fjalla ..... 143
Tindrar úr Tungnafellsjökli 127
Tíbrá frá Tindastóli ..... 123
Tíkar-Mangi! Tíkar-Mangi! 172
Ungur var eg og ungir .... 108
Uppi undir Arnarfelli .... 126
Uppi stóð Kain ..... 232
Úti sat und hvítum ..... 74
Útrænan blíða ..... 138
Útsynningur yglir sig .... 174
Út um móinn enn er hér .. 173
Valdi! virztu nú halda .... 167

Bls.

Veðrið er hvorki vont né gott ..... 174
Veit eg úti í Vestmanneyjum ..... 120
Við, sem annars lesum lögin 161
Við skulum sól ..... 20
Við Sogið sat eg í vindi .. 127
Vi her Anledning ser til Glæde ..... 245
Vil du bytte Himlens Hal? 243
Vi sad om Aftensbordet .... 257
Vík hér að, vinur ..... 27
Vona eg dúna dreka lín .. 170
Vorið góða, grænt og hlýtt 223
Yfir dal, yfir sund ..... 128
Yndis bezta elskan mín .. 168
Yzt á Hornströndum heitir 122
Það er svo margt, ef að er gáð .. ..... 162
Það var hann Eggert Ólafsson ..... 87
Þar sem háir hólar ..... 191
Þá saztu úti undir húsagarði 134
Þá var eg ungur ..... 45
Þegar þú kemur þar í sveit 183
Þegi þú, vindur ..... 9
Þið þekkið fold með blíðri brá ..... 59
Þokan yfir vík og vogi .... 225
Þó landa hringur bylgjum blám ..... 8
Þú, sem daglega líða leið .. 10
Þú, sem fyrir skemmstu .. 92
Þú stóðst á tindi Heklu hám 57
Þökk sé þér, guð, fyrir þennan blund ..... 112
Þökk sé þér, vinur ..... 29
Æ, hvað níðir svanna sá .. 155
Öllum fyrir Ingólfur sér opinn geiminn ..... 175

Lbs-Hbs / Þjóðdeild
13 682 065